



---

NÁLÆGÐU  
ÞIG  
JEHÓVA

---



Jesaja 40:11 segir um Jehóva Guð:  
„Eins og hirðir mun hann halda hjörð  
sinni til haga, taka unglömbin í faðm  
sér og bera þau í fangi sínu.“ Langar þig  
til að eiga náin tengsl við himneskan  
föður þinn, líkt og lamb í fangi  
fjárhirðis? Hvernig geturðu eignast  
svona náíð samband við Jehóva?

---

NÁLÆGÐU  
ÞIG  
JEHÓVA

---

Myndaskrá: ■ Bls. 49: Með góðfúslegu leyfi Anglo-Australian Observatory.  
Ljósmynd: David Malin ■ Bls. 174: U.S. Fish & Wildlife Service, Wash-  
ington, D.C./Wyman Meinzer ■ Bls. 243: © J. Heidecker/VIREO

© 2002, 2014

WATCH TOWER BIBLE AND TRACT SOCIETY OF PENNSYLVANIA

*Draw Close to Jehovah*

© 2004, 2014

WACHTTURM BIBEL- UND TRAKTAT-GESELLSCHAFT

DER ZEUGEN JEHOVAS, E. V., SELTERS/TAUNUS

*Nálægðu þig Jehóva*

Útgefandi: Vottar Jehóva

Prentað í desember 2013

Þetta rit er ekki til sölu. Útgáfa þess er þáttur í alþjóðlegri biblíufræðslu  
sem kostuð er með frjálsum framlögum.

Vitnað er í íslensku biblíuna frá 1981 nema annað sé tekið fram.

*Draw Close to Jehovah*

Icelandic (cl-IC)

Made in Germany

Prentað í Þýskalandi

Druck und Verlag: Wachturm-Gesellschaft, Selters/Taunus

## **Kæri lesandi:**

Finnst þér þú vera náinn Guði? Margir telja útilokað að nálgast Guð. Sumir óttast að hann sé of fáskiptinn og öðrum finnst þeir ekki verðugir þess að nálgast hann. En Biblían hvetur okkur hlýlega: „Nálægið yður Guði, og þá mun hann nálgast yður.“ (Jakobsbréfið 4:8) Jehóva fullvissar tilbiðjendur sína um að hann sé nálægur þeim og segir: „Ég, [Jehóva], Guð þinn, held í hægri hönd þína og segi við þig: „Óttast þú eigi, ég hjálpa þér!“ – Jesaja 41:13.

Hvernig getum við eignast svona náíð samband við Guð? Vinátta byggist alltaf á því að þekkja hina persónuna, dá hana og meta að verðleikum. Þess vegna er mikilvægt að kynna sér vel það sem Biblían opinberar um eiginleika Guðs og starfshætti. Við styrkjum tengslin við Jehóva Guð ef við íhugum hvernig hann sýnir eiginleika sína, komum auga á hvernig þeir birtust fullkomlega í fari Jesú Krists og skiljum hvernig við getum ræktað þá með okkur. Við sjáum þá að Jehóva er réttmætur og fullkominn alheimsdrottinn. En hann er líka faðirinn sem við þörfnumst öll. Hann er máttugur, réttlátur, vitur og kærleiksríkur og yfirgefur aldrei trúföst börn sín.

Það er von okkar að þessi bók hjálpi þér að styrkja sambandið við Jehóva Guð, að tengjast honum böndum sem aldrei bresta til þess að þú fáið lifað og vegsamað hann að eilífu.

**Útgefendur**

# Efnisyfirlit

## Kafli

---

1	„Sjá, þessi er vor Guð“	7
2	Er virkilega hægt að „nálægja sig Guði“?	16
3	„Heilagur, heilagur, heilagur“ er Jehóva	26

## 1. HLUTI „Voldugur að afli“

---

4	Jehóva er „mikill að krafti“	37
5	Sköpunarmáttur — „hann sem skapað hefir himin og jörð“	47
6	Eyðingarmáttur — Jehóva er „stríðshetja“	57
7	Verndarmáttur — „Guð er oss hæli“	67
8	Endurnýjunarmáttur — Jehóva gerir „alla hluti nýja“	77
9	„Kristur, kraftur Guðs“	87
10	Notaðu mátt þinn eftir fyrirmynd Guðs	97

## 2. HLUTI Jehóva „hefir mætur á réttlæti“

---

11	„Allir vegir hans eru réttlæti“	108
12	„Er Guð óréttvís?“	118
13	„Lögmál Jehóva er lýtalaust“	128
14	Jehóva gefur „lausnargjald fyrir marga“	138
15	Jesús „kemur inn rétti á jörðu“	148
16	Gakktu með Guði og stundaðu réttlæti	158

## Kafli

---

### 3. HLUTI „Vitur í hjarta“

---

17	„Hvílíkt djúp speki Guðs!“	169
18	Viskan í „orði Guðs“	179
19	„Leynd speki Guðs“	189
20	„Vitur í hjarta“ en lítillátur	199
21	Jesús opinberar „vísdominn frá Guði“	209
22	Er „spekin að ofan“ að verki í lífi þínu?	219

### 4. HLUTI „Guð er kærleikur“

---

23	„Hann elskaði oss að fyrra bragði“	231
24	Ekkert getur gert okkur „viðskila við kærleika Guðs“	240
25	„Hjartans miskunn Guðs vors“	250
26	Guð sem er „fús til að fyrirgefa“	260
27	„Hversu mikil er gæska þín“	270
28	„Þú einn ert trúfastur“	280
29	„Að skilja kærleika Krists“	290
30	„Lifið í kærleika“	300
31	„Nálægðu þig Guði og þá mun hann nálgast þig“	310





## „Sjá, þessi er vor Guð“

GETURÐU ímyndað þér hvernig það væri að eiga samtál við Guð? Tilhugsunin vekur óttablandna lotningu — að alvaldur alheimsins skuli ávarpa þig! Þú hikar í fyrstu en síðan tekst þér að stynja upp svári. Hann hlustar, svarar og lætur þig jafnvel finna að þér sé óhætt að spyrja um hvað sem er. Um hvað myndirðu spyrja?

<sup>2</sup> Endur fyrir löngu stóð maður nokkur í þessum sporum. Hann hét Móse. Það kemur þér kannski á óvart hvað hann kaus að spyrja Guð um því að hann spurði ekki um sjálfan sig, framtíð sína eða bágingi manna. Nei, hann spurði um nafn Guðs. Það kann að virðast undarlegt af því að hann vissi hvað Guð hét. Það hlýtur því að hafa búið eitthvað meira undir spurningu hans. Reyndar hefði Móse ekki getað spurt þýðingarmeiri spurningar. Og svarið snertir okkur öll. Það getur verið þér mikilvæg hjálp til að nálægja þig Guði. Hvernig þá? Lítum á þetta merkilega samtál.

<sup>3</sup> Móse var áttæður þegar þetta gerðist. Í fjóra áratugi hafði hann verið útlægur úr Egyptalandi þar sem þjóð hans, Ísraelsmenn, var í þrælkun. Dag nokkurn, er hann var að gæta sauða tengdaföður síns, sá hann undarlegt fyrirbæri. Þyrnirunni stóð í björtu báli án þess að brenna upp. Hann logaði hreinlega og lýsti eins og viti í fjallshlíðinni. Móse gekk nær til að kanna málið. Honum hlýtur að hafa brugðið þegar rödd tók að tala til hans úr miðjum eldsloganum. Guð og Móse áttu þar síðan samtál fyrir milligöngu engils. Og þú veist sjálfsagt að þarna fékk Guð

1, 2. (a) Um hvað myndir þú vilja spyrja Guð? (b) Um hvað spurði Móse?

3, 4. Hvaða atburðir leiddu til samtals Móse við Guð og hvert var inntak orðaskiptanna?

hinum hikandi Móse það verkefni að kveðja þetta friðsæla líf og snúa aftur til Egyptalands til að frelsa Ísraelsmenn úr þrælkun. — 2. Mósebók 3:1-12.

<sup>4</sup> Móse hefði getað spurt Guð um hvað sem var. En taktu eftir hvað hann kaus að spyrja um: „Þegar ég kem til Ísraelsmanna og segi við þá: ‚Guð feðra yðar sendi mig til yðar,‘ og þeir segja við mig: ‚Hvert er nafn hans?‘ hverju skal ég þá svara þeim?“ — 2. Mósebók 3:13.

<sup>5</sup> Þessi spurning kennir okkur fyrst og fremst að Guð á sér nafn. Þetta eru einföld en mikilvæg sannindi. Mörgum þykir þetta engu að síður lítils vert. Eiginnafn Guðs er fellt niður í ótal biblíupýðingum og titlar eins og „Drottinn“ og „Guð“ settir í staðinn. Þetta er eitt það dapurlegasta og ámælisverðasta sem gert hefur verið í nafni trúarbragðanna. Hvað er yfirleitt það fyrsta sem við gerum þegar við hittum ókunnuga? Segjum við ekki til nafns og spyrjum hvað viðmælandinn heiti? Sama gildir ef við viljum kynnst Guði. Hann er ekki nafnlaus og fjarlæg vera sem menn fá hvorki þekkt né skilið. Þó að hann sé ósýnilegur er hann persóna og ber nafn, og nafnið er Jehóva.

<sup>6</sup> Með því að opinbera nafn sitt er Guð líka að bjóða okkur að kynnst sér. Það er hrífandi tilhugsun. Hann vill að við veljum besta kostinn í lífinu, þann að nálægjast sig. En hann hefur gert meira en að segja okkur hvað hann heitir. Hann hefur líka upplýst okkur um persónuna að baki nafninu.

## Merking nafnsins

<sup>7</sup> Jehóva valdi sér sjálfur nafn og nafnið er mjög merk-

---

5, 6. (a) Hvaða einföld en mikilvæg sannindi má læra af spurningu Móse? (b) Hvaða ámælisverða meðferð hefur nafn Guðs fengið? (c) Hvers vegna er það mikilvægt að Guð skuli hafa opinberað mönnum nafn sitt?

7. (a) Hvað er talið að eiginnafn Guðs merki? (b) Hvað langaði Móse í raun og veru að vita þegar hann spurði um nafn Guðs?

ingarríkt. Talið er að „Jehóva“ merki „hann lætur verða“. Hann á engan sinn líka í alheiminum því að hann lét allt verða til og hann lætur allt sem hann hefur fyrirhugað ná fram að ganga. Það eitt fyllir okkur lotningu. En hefur nafn Guðs breiðari merkingu? Móse langaði greinilega til að vita meira því að hann vissi að Jehóva er skaparinn og hann þekkti nafn hans. Nafn Guðs var ekki nýtilkomið. Fólk hafði notað nafnið öldum saman. Þegar Móse spurði um nafn Guðs var hann eiginlega að grennslast fyrir um *persónuna sem bar þetta nafn*. Hann var í rauninni að spyrja: Hvað get ég sagt þjóð þinni, Ísrael, um þig sem styrkir trú hennar á þig og sannfærir hana um að þú leysir hana úr þrælavistinni?

<sup>8</sup> Jehóva svaraði með því að opinbera mjög hrífandi þátt í fari sínu sem tengist merkingu nafns hans. Hann sagði við Móse: „Ég verð sá sem ég verð.“ (2. Mósebók 3:14, NW) Í mörgum biblíuþýðingum stendur: „Ég er sá, sem ég er.“ En vönduð þýðing sýnir að Guð var ekki eingöngu að staðfesta tilvist sína heldur að kenna Móse — og reyndar okkur öllum — að hann reynist verða, eða kjósi að verða, hvaðeina sem er nauðsynlegt til að uppfylla loforð sín. Versið er hnitmiðað orðað í þýðingu J. B. Rotherhams: „Ég verð hvað sem mér þóknast.“ Sérfræðingur í biblíulegri hebræsku útskýrir þennan setningarlið svo: „Óháð því hvaða aðstæður eða þörf skapast . . . ,verður‘ Guð lausnin á því.“

<sup>9</sup> Hvað þýddi þetta fyrir Ísraelsmenn? Það skipti engu máli hvaða hindranir yrðu á vegi þeirra eða hvaða erfiðleikum þeir lentu í því að Jehóva yrði alltaf hvaðeina sem á þyrfti að halda til að frelsa þá úr ánaudinni og leiða þá inn í fyrirheitna landið. Nafnið vakti traust á honum. Það getur gert það sama fyrir okkur. (Sálmur 9:11) Hvers vegna?

8, 9. (a) Hvernig svaraði Jehóva spurningu Móse og af hverju er ekki rétt að þýða það eins og oft hefur verið gert? (b) Hvað þýða orðin „Ég verð sá sem ég verð“?

<sup>10</sup> Lýsum þessu með dæmi: Foreldrar vita að þeir verða að vera fjölhæfir og sveigjanlegir við umönnun barnanna. Á einum og sama deginum getur foreldri þurft að hjúkra, matreiða, kenna, aga og úrskurða og er þá fátt eitt talið. Mörgum foreldrum hrýs næstum hugur við öllum þeim hlutverkum sem þeir þurfa að gegna. Þeir sjá hve skilyrðislaust ungvíðið trúir þeim og treystir. Börnin efast aldrei um að pabbi eða mamma geti læknað „meiddið“, útkljáð ágreining, gert við leikfang eða svarað endalausum spurningum. Sumum foreldrum finnst þeir ekki standa undir væntingum og þeim gremst stundum takmarkanir sínar. Þeim finnst þeir illa í stakk búnir að gegna mörgum þessara hlutverka.

<sup>11</sup> Jehóva er ástríkur faðir. En ólíkt mönnum er *ekkert* til sem hann getur ekki orðið, innan ramma fullkominna laga sinna, til að annast jarðnesk börn sín eins og best verður á kosið. Nafn hans, Jehóva, hvetur okkur því til að hugsa um hann sem besta föður sem völ er á. (Jakobsbréfið 1:17) Móse og aðrir trúfastir Ísraelsmenn komust fljótt að raun um að Jehóva er trúr nafni sínu. Með óttablandinni lotningu fylgdust þeir með því hvernig hann varð ósigrandi herforingi, herra náttúruaflanna og óviðjafnanlegur löggjafi, dómari og hönnuður. Hann gaf þeim fæðu og vatn og sá til þess að hvorki föt þeirra né skór slitnuðu.

<sup>12</sup> Þannig hefur Guð kunngert nafn sitt, hann hefur opinberað hrífandi þátt í fari sínu og hann hefur jafnvel sýnt í verki að það sem hann segir um sjálfan sig er satt. Það fer ekki á milli mála að hann vill að við þekkjum sig. Og hvað gerum við þá? Móse langaði til að þekkja Guð. Þessi ákafa löngun mótaði ævi hans og varð til þess að

10, 11. Hvernig er nafn Jehóva okkur hvatning að hugsa um hann sem fjölhæfasta og besta föður sem hugsast getur? Lýstu með dæmi.

12. Hvernig var afstaða faraós til Jehóva ólík afstöðu Móse?

hann bast himneskum föður sínum mjög sterkum böndum. (4. Mósebók 12:6-8; Hebreabréfið 11:27) Því miður höfðu fáir samtímamanna Móse þessa löngun. Þegar Móse nefndi Jehóva með nafni við faraó svaraði hinn hrokafulli einvaldur Egyptalands: „Hver er [Jehóva]?“\* (2. Mósebók 5:2) Faraó vildi ekki vita meira um Jehóva. Þóttafullur lét hann eins og Guð Ísraels væri ómerkilegur og kæmi sér ekki við. Þetta er mjög útbreitt viðhorf nú á tímum og það blindar fólk fyrir einum mikilvægustu sannindum sem til eru — þeim að Jehóva er alvaldur Drottinn.

### Alvaldur Drottinn Jehóva

<sup>13</sup> Jehóva er svo fjölhæfur að honum eru gefnir margir titlar í Biblíunni. Þeir keppa ekki við eiginnafn hans heldur fræða okkur meira um persónuna að baki nafninu. Hann er til dæmis nefndur „alvaldur Drottinn Jehóva“. Þessi háleiti titill kemur næstum þrjú hundruð sinnum fyrir í frumtexta Biblíunnar og segir okkur hver staða Jehóva er. Hann einn hefur rétt til að vera stjórnandi alheimsins. Ígrundum ástæðuna.

<sup>14</sup> Jehóva er skaparinn og er því einstakur. Opinberunarbókin 4:11 segir: „Verður ert þú, [Jehóva] vor og Guð, að fá dýrðina og heiðurinn og máttinn, því að þú hefur skapað alla hluti, og fyrir þinn vilja urðu þeir til og voru skapaðir.“ Þessi háleitu orð gætu ekki átt við nokkurn annan. Allt í alheiminum á tilveru sína Jehóva að þakka. Hann er tvímælalaust þess verður að fá þann heiður, mátt og dýrð sem fylgir því að vera alvaldur Drottinn og skapari allra hluta.

---

\*Í þessari bók er nafnið „Jehóva“ sett inn í texta Biblíunnar frá 1981 í stað orðanna „Drottinn“ og „Guð“ þar sem það á að standa samkvæmt frumtextanum.

---

13, 14. (a) Hvers vegna eru Jehóva gefnir margir titlar í Biblíunni? Nefndu nokkra þeirra. (Sjá rammagrein á blaðsíðu 14.) (b) Hvers vegna getur enginn annar en Jehóva kallast hinn ‚alvaldi Drottinn‘?

<sup>15</sup> ‚Konungur eilífðar‘ er annar titill sem er eingöngu notaður um Jehóva. (1. Tímóteusarbréf 1:17; Opinberunarbókin 15:3) Hvað felst í honum? Hinn takmarkaði mannhugur á erfitt með að skilja það en Jehóva er eilífur — bæði frá fortíð og til framtíðar. „Frá eilífð til eilífðar ert þú, ó Guð,“ segir Sálmur 90:2. Jehóva á sér sem sagt ekkert upphaf, hann hefur alltaf verið til. Hann er því réttilega nefndur „hinn aldraði“. Hann var til um eilífð áður en nokkur eða nokkuð annað í alheiminum varð til. (Daníel 7:9, 13, 22) Enginn getur með gildum rökum véfengt rétt hans til að vera alvaldur Drottinn.

<sup>16</sup> Engu að síður fara sumir að dæmi faraós og véfengja þennan rétt. Að hluta til má rekja það til þess að ófullkomnir menn leggja of mikið upp úr því sem þeir sjá með eigin augum. Við getum ekki séð alvaldan Drottinn. Hann er andi og er okkur ósýnilegur. (Jóhannes 4:24) Menn af holdi og blóði myndu ekki lifa það af að vera bókstaflega í návist Jehóva Guðs, enda sagði hann við Móse: „Þú getur eigi séð auglit mitt, því að enginn maður fær séð mig og lífi haldið.“ — 2. Mósebók 33:20; Jóhannes 1:18.

<sup>17</sup> Þetta ætti ekki að koma okkur á óvart. Móse fékk að sjá örlítið brot af dýrð Jehóva, að því er virðist fyrir milli göngu engils, með þeim afleiðingum að „geislar stóðu af andlitshörundi hans“ um stund á eftir. Ísraelsmenn þorðu jafnvel ekki að horfa beint framan í hann. (2. Mósebók 33: 21-23; 34:5-7, 29, 30) Enginn venjulegur maður gæti horft á alvaldan Drottin í allri hans dýrð. Þýðir þetta að hann sé einhvern veginn óraunverulegri en það sem við getum séð og snert? Nei, við viðurkennum umyrðalaust að margt sem við sjáum ekki sé raunverulegt — svo sem vindur,

15. Hvers vegna er Jehóva nefndur ‚konungur eilífðar‘?

16, 17. (a) Hvers vegna getum við ekki séð Jehóva og hvers vegna ætti það ekki að koma okkur á óvart? (b) Í hvaða skilningi er Jehóva raunverulegri en nokkuð sem við getum séð eða snert?

útvarpsbylgjur og hugsanir. Og Jehóva er óumbreytanlegur; hann er sá sami þótt ár og aldir líði, jafnvel milljarðar ára. Í þeim skilningi er hann miklu raunverulegri en nokkuð sem við getum snert eða séð, af því að efnisheimurinn er því marki brenndur að eldast og ganga úr sér. (Matteus 6:19) En eigum við þá að hugsa um Guð sem óhlutbundið, ópersónulegt afl eða óljósa frumorsök? Skoðum málið.

### Guð með persónuleika

<sup>18</sup> Þó að við getum ekki séð Guð bregður Biblían sums staðar upp hrífandi leiftursýn af því sem er á himni. Fyrsti kaflinn í Esekíel er dæmi um það. Esekíel fékk að sjá himneskt skipulag Jehóva í sýn þar sem það birtist honum sem geysistór himnavagn. Spámaðurinn gefur áhrifamikla lýsingu á hinum voldugu andaverum umhverfis Jehóva. (Esekíel 1:4-10) Þessar ‚verur‘ eru nátengdar Jehóva og útlit þeirra gefur okkur mikilvæga vitneskju um þann Guð sem þær þjóna. Allar hafa fjögur andlit — nautsandlit, ljónsandlit, arnarandlit og mannsandlit — sem eru greinilega til merkis um þá fjóra persónueiginleika Jehóva sem bera af. — Opinberunarbókin 4:6-8, 10.

<sup>19</sup> Í Biblíunni er nautið oft notað til tákns um afl eða mátt, enda er nautið óhemjukröftugt. Ljónið táknar iðulega réttlæti af því að réttlæti kallar á hugrekki sem ljónið er annálað fyrir. Örninn er kunnur fyrir afar skarpa sjón — hann sér jafnvel örsmáa hluti úr margra kílómetra fjarlægð. Arnarandlit er því góð táknmynd um visku Guðs og skarpskyggni. En hvað um mannsandlitið? Maðurinn er gerður eftir Guðs mynd og er ólíkur skepnunum að því

18. Hvaða sýn fékk Esekíel að sjá og til merkis um hvað eru hin fjögur andlit ‚veranna‘ í návist Jehóva?

19. Hvaða eiginleika táknar (a) nautsandlitið? (b) ljónsandlitið? (c) arnarandlitið? (d) mannsandlitið?

### Nokkrir titlar Jehóva

**Hinn alvaldi.** Máttur hans er takmarkalaus og ómótstæðilegur. — Opinberunarbókin 15:3.

**Faðir.** Hann er kveikja alls lífs, þar á meðal eilífa lífsins, og hann elskar þjóna sína eins og faðir börn sín. — Orðskviðirnir 27:11.

**Kennari.** Hann er alvitur kennari og hjá honum ættum við að leita fræðslu og leiðsagnar. — Jesaja 30:20; 48:17.

**Þjargið.** Hann er óbreytanlegur og öruggt hæli. — 5. Mósebók 32:4.

**Hirðir.** Hann leiðir þjóna sína og verndar þá eins og hirðir sauði og nærir þá andlega. — Sálmur 23:1.

leyti að hann getur endurspeglað þann eiginleika Guðs sem hæst ber, kærleikann. (1. Mósebók 1:26) Þessir þættir í persónuleika Jehóva — máttur, réttlæti, víska og kærleikur — eru dregnir svo oft fram í Ritningunni að það má segja að þeir séu höfuðeiginleikar hans.

<sup>20</sup> Þurfum við að gera okkur áhyggjur af því að Guð hafi breyst á þeim árpúsundum sem liðnar eru síðan honum var lýst í Biblíunni? Nei, persónuleiki Guðs breytist ekki. Hann segir okkur: „Ég, [Jehóva], hefi ekki breytt mér.“ (Malakí 3:6) Jehóva breytir sér ekki af handahófi heldur bregst hann við hverju því sem upp kemur eins og fyrirmyndarfaðir. Hann dregur skýrt fram þá þætti í persónuleika sínum sem eiga best við hverju sinni. Af þessum fjórum eiginleikum er það kærleikurinn sem hæst ber. Hann er augljós í öllu sem Guð gerir. Jehóva beitir mætti sínum, réttlæti og víska á kærleiksríkan hátt. Reyndar stendur svolítið sérstakt í Biblíunni um Guð og þennan eiginleika. Þar segir: „Guð er kærleikur.“ (1. Jóhannesarbréf 4:8) Þar segir ekki að Guð *búi yfir* kærleika eða að Guð sé *kærleiksríkur*

20. Þurfum við að hafa áhyggjur af því að persónuleiki Jehóva hafi ef til vill breyst? Á hverju byggirðu svárið?



heldur að hann sé kærleikur. Kærleikurinn er innsta eðli hans og liggur að baki öllu sem hann gerir.

### „Sjá, þessi er vor Guð“

<sup>21</sup> Hefurðu séð lítið barn benda vinunum á pabba sinn og segja með einlægri gleði og stolti: „Þetta er pabbi minn“? Tilbiðjendur Guðs hafa ríka ástæðu til að bera sömu tilfinningar til föður síns á himnum. Biblían boðar þann tíma þegar trúfast fólk segir: „Sjá, þessi er vor Guð.“ (Jesaja 25:8, 9) Því meiri innsýn sem þú færð í eiginleika Jehóva, þeim mun sterkari verður sú tilfinning þín að þú eigir besta föður sem hugsast getur.

<sup>22</sup> Þessi faðir er ekki kuldalegur, fáskiptinn eða fjarlægur, þó að sumir strangtrúarmenn og heimspekingar kenni eitthvað í þá áttina. Við löðumst tæplega að kuldalegum Guði, og Biblían dregur ekki upp slíka mynd af himneskum föður okkar. Þvert á móti kallar hún hann „hinn sæla Guð“. (1. Tímóteusarbréf 1:11, *Biblían 1912*) Hann býr yfir bæði sterkum og blíðum tilfinningum. Honum „sárnar það í hjarta sínu“ þegar skynsemigæddar sköpunarverur hans ganga gegn þeim leiðbeiningum sem hann hefur gefið þeim til góðs. (1. Mósebók 6:6; Sálmur 78:41) En við „gleðjum líka hjarta hans“ þegar við breytum viturlega í samræmi við orð hans. — Orðskviðirnir 27:11.

<sup>23</sup> Faðir okkar á himnum vill að við eigum náíð samband við sig. Orð hans hvetur okkur til að „þreifa okkur til hans og finna hann, enda sé hann ekki langt frá neinum okkar“. (Postulasagan 17:27) En hvernig geta líftilmótlegar mannvörur nálægt sig hinum aldvalda Drottni alheimsins?

---

21. Hvernig verður okkur innanbrjósts eftir því sem við kynnumst eiginleikum Jehóva betur?

22, 23. Hvernig mynd dregur Biblían upp af himneskum föður okkar og hvernig vitum við að hann vill að við eigum náíð samband við sig?

## Er virkilega hægt að ,nálægja sig Guði‘?

HVERNIG yrði þér innanbrjósts ef skapari himins og jarðar kallaði þig vin sinn? Mörgum þykir sennilega langsótt að það geti gerst. Hvernig í veröldinni ætti lítilmótlegur maður að geta öðlast vináttu Jehóva Guðs? Engu að síður fullvissar Biblían okkur um að við getum orðið nánir vinir Guðs.

<sup>2</sup> Ættfaðirinn Abraham átti náið samband við Jehóva sem kallaði hann ‚ástvin sinn‘. (Jesaja 41:8) Já, Jehóva leit á Abraham sem persónulegan vin. Abraham fékk að eiga svona náið samband við Guð vegna þess að hann „trúði Guði“. (Jakobsbréfið 2:23) Jehóva leitar líka færís núna til að tengjast þeim sem þjóna honum af kærleika. (5. Mósebók 10:15) Orð hans hvetur: „Nálægið yður Guði, og þá mun hann nálgast yður.“ (Jakobsbréfið 4:8) Þessi orð fela í sér bæði boð og fyrirheit.

<sup>3</sup> Jehóva býður okkur að tengjast sér. Hann er boðinn og búinn til að taka á móti okkur sem vinum sínum. Jafnframt lofar hann að koma til móts við okkur, nálgast okkur, ef við nálægjum okkur honum. Við getum því eignast dýrmætt trúnaðar- og vináttusamband við Jehóva.\* (Sálmur 25:14) Orðið ‚trúnaður‘ lýsir sérstöku sambandi trúnaðarvina.

---

\* Athygli vekur að hebreska orðið, sem þýtt er „trúnaður“ í Sálmur 25:14, er einnig notað í Amosi 3:7 þar sem sagt er að hinn alvaldi Jehóva Guð opinberi þjónum sínum „ráðsályktun“ sína, og segi þeim fyrir fram það sem hann hefur í hyggju að gera.

- 1, 2. (a) Hvað gæti mörgum fundist langsótt en um hvað fullvissar Biblían okkur? (b) Hvaða náið samband var Abraham veitt og hvers vegna?
3. Hvað býður Jehóva okkur og hvaða loforð fylgir því?

<sup>4</sup> Áttu náinn trúnaðarvin? Slíkur vinur lætur sér annt um þig og þú treystir honum af því að hann hefur alltaf reynst þér trúur. Þú gleðst enn meira yfir því að segja honum frá gleði þinni. Og hann léttir þér byrðar með því að hlusta samúðarfullur á sorgir þínar. Hann skilur þig þó að enginn annar virðist gera það. Þegar þú tengist Guði eignast þú líka einstakan vin sem metur þig mikils, lætur sér innilega annt um þig og skilur þig til fulls. (Sálmur 103:14; 1. Pétursbréf 5:7) Þú trúir honum fyrir leyndustu tilfinningum þínum af því að þú veist að hann er trúur þeim sem eru honum trúir. (Sálmur 18:26) En þú gætir ekki átt þetta verðmæta trúnaðarsamband við Guð hefði hann ekki boðið upp á það.

### Jehóva hefur opnað leiðina

<sup>5</sup> Við erum syndug svo að við gætum aldrei eignast náið samband við Guð hjálparlaust. (Sálmur 5:5) „En Guð auðsýnir kærleika sinn til vor, þar sem Kristur er fyrir oss dáiinn meðan vér enn vorum í syndum vorum,“ skrifaði Páll postuli. (Rómverjabréfið 5:8) Já, Jehóva sendi Jesú til að „gefa líf sitt til lausnargjalds fyrir marga“. (Matteus 20:28) Ef við trúum á lausnarfórn hans getum við átt náið samband við Guð. Guð „elskaði oss að fyrri bragði“ og lagði þar með grunninn að því að við gætum orðið vinir sínir. — 1. Jóhannesarbréf 4:19.

<sup>6</sup> Jehóva hefur gert annað: Hann hefur opinberað sig okkur. Náin vinátta byggist á því að þekkja hina persónuna og meta hana að verðleikum. Við gætum aldrei átt náið samband við Jehóva ef hann væri fjarlægur Guð og

4. Hvernig myndir þú lýsa nánnum vini og hvernig reynist Jehóva slíkur vinur þeirra sem nálægja sig honum?

5. Hvað gerði Jehóva til að við gætum átt náið samband við sig?

6, 7. (a) Hvernig vitum við að Jehóva er ekki hulinn og óþekktanlegur Guð? (b) Eftir hvaða leiðum hefur Jehóva opinberað sig?

óþekktanlegur. En Jehóva felur sig ekki heldur vill að við kynnumst sér. (Jesaja 45:19) Og það sem hann opinberar um sjálfan sig er öllum aðgengilegt, jafnvel þeim sem kunna að þykja lítilfjörlegir á mælikvarða heimsins. — Matteus 11:25.

<sup>7</sup> Hvernig hefur Jehóva opinberað sig? Hann birtir vissa þætti persónuleika síns í sköpunarverkinu — firnamátt sinn, djúpstæða visku og sterkan kærleika. (Rómverjabréfið 1:20) En Jehóva opinberar sig ekki aðeins í sköpunarverkinu heldur einnig í orði sínu, Biblíunni. Enginn miðlar þekkingu sem hann.

### Að sjá „yndisleik“ Jehóva

<sup>8</sup> Biblían er vitnisburður um kærleika Jehóva til okkar. Þar opinberar hann sig með hugtökum sem við getum skilið og það sannar ekki aðeins að hann elski okkur heldur einnig að hann vilji að við þekkjum sig og elskum. Með því að lesa þessa dýrmætu bók getum við séð „yndisleik [Jehóva]“ og kveikt með okkur löngun til að eiga náið samband við hann. (Sálmur 27:4) Lítum á nokkur dæmi um það hvernig Jehóva opinberar sig með hjartnæmum hætti í Biblíunni.

<sup>9</sup> Í Ritningunni er víða sagt beinum orðum hvaða eiginleika Guð hefur til að bera. Lítum á nokkur dæmi. „[Jehóva] hefir mætur á réttlæti.“ (Sálmur 37:28) Guð er „mikill að mætti“. (Jobsbók 37:23) „Hann er vitur í hjarta.“ (Jobsbók 9:4) Hann er „miskunnsamur og líkn-samur Guð, þolinmóður, gæskuríkur og harla trúfastur“. (2. Mósebók 34:6) „Þú, [Jehóva], ert góður og fús til að fyrirgefa.“ (Sálmur 86:5) Og, eins og nefnt var

8. Hvers vegna má segja að Biblían sé vitnisburður um kærleika Jehóva til okkar?

9. Nefndu nokkur dæmi úr Biblíunni þar sem eiginleikar Guðs eru nefndir beinum orðum.

***Biblían er hjálptil að nálægja sig Jehóva.***

Í síðasta kafla, er einn eiginleiki ríkjandi: „Guð er kærleikur.“ (1. Jóhannesarbréf 4:8) Laðast þú ekki að þessum óviðjafnanlega Guði þegar þú hugleiðir þessa aðlaðandi eiginleika hans?



<sup>10</sup> Auk þess að telja upp eiginleika sína í Biblíunni segir Jehóva frá ákveðnum dæmum þar sem þessir eiginleikar birtast í verki. Slíkar frásagnir draga upp ljóslifandi myndir sem skýra fyrir okkur hina ýmsu þætti í persónuleika hans. Og það dregur okkur síðan nær honum. Lítum á dæmi.

<sup>11</sup> Það er eitt að lesa að Guð sé „voldugur að afli“ en allt annað að lesa um það hvernig hann bjargaði Ísraelsmönnum gegnum Rauðahafið og hélt þeim uppi í eyðimörkinni í 40 ár. (Jesaja 40:26) Í huganum geturðu séð ólgandi hafið opnast. Þú sérð fyrir þér hvernig þjóðin – kannski 3.000.000 manna – ganga eftir þurrum sjávarbotninum með stíðnaðan sjóinn eins og gnæfandi vegg til beggja handa. (2. Mósebók 14:21; 15:8) Þú sérð merki um vernd Guðs og umhyggju í eyðimörkinni. Vatn sprettur fram af kletti. Matur, sem líkist hvítu fræi, birtist á jörðinni. (2. Mósebók 16:31; 4. Mósebók 20:11) Jehóva opinberar ekki aðeins að hann sé máttugur heldur einnig að hann noti máttinn í þágu þjóna sinna. Er ekki hughreystandi til að vita að bænir okkar skuli stíga upp

---

10, 11. (a) Frá hverju segir Jehóva í orði sínu til að við getum séð persónuleika hans í skýrara ljósi? (b) Nefndu dæmi úr Biblíunni sem sýnir fram á mátt Guðs í verki.

til máttugs Guðs sem er „oss hæli og styrkur, örugg hjálp í nauðum“? — Sálmur 46:2.

<sup>12</sup> Jehóva, sem er andi, hefur gert margt fleira til að auðvelda okkur að kynnast sér. Við mennirnir erum takmarkaðir við hinn sýnilega efnisheim og getum því ekki séð inn á andlega tilverusviðið. Ef Guð lýsti sjálfum sér með hugtökum úr andaheiminum væri það sambærilegt við að lýsa útlitseinkennum okkar, svo sem freknum og augnlit, fyrir manni sem fæddist blindur. Jehóva hjálpar okkur vinsamlega að „sjá“ sig með því að nota hugtök sem við skiljum. Stundum grípur hann til myndhvarfa og samlíkinga og líkir sér við hluti sem við þekkjum. Hann talar jafnvel um sig eins og hann hafi viss mannleg einkenni.\*

<sup>13</sup> Sjáðu hvernig Jehóva er lýst í Jesaja 40:11: „Eins og hirðir mun hann halda hjörð sinni til haga, taka unglömbin í faðm sér og bera þau í fangi sínu.“ Hér er Jehóva líkt við fjárhirði sem tekur unglömb í ‚faðm‘ sér. Þetta lýsir ágætlega að Jehóva getur verndað þjóna sína og stutt þá, jafnvel þá sem eru varnarlausastir. Við getum verið örugg í sterkum faðmi hans því að hann yfirgefur okkur aldrei ef við erum honum trú. (Rómverjabréfið 8:38, 39) Hirðirinn mikli ber lömbin „í fangi sínu“. Þar er átt við víðar fellingar í yfirhöfn þar sem fjárhirðir hélt stundum á nýfæddum lömbum. Þannig fullvissar Jehóva

---

\* Biblían talar til dæmis um auglit Guðs eða andlit, augu, eyru, nasir, munn, hendur og fætur. (Sálmur 18:16; 27:8; 44:4; Jesaja 60:13; Matteus 4:4; 1. Pétursbréf 3:12) Þetta er myndmál sem ber ekki frekar að taka bókstaflega en það að Jehóva skuli vera kallaður „bjargið“ eða „skjöldur“. — 5. Mósebók 32:4; Sálmur 84:12.

---

12. Hvernig hjálpar Jehóva okkur að „sjá“ sig?

13. Hvaða mynd er dregin upp í Jesaja 40:11 og hvaða áhrif hefur hún á þig?

okkur um alúð sína og væntumþykju. Það er ofur eðlilegt að langa til að eiga náíð samband við hann.

### „Sonurinn vill opinbera hann“


<sup>14</sup> Persónulegasta opinberun Jehóva á sjálfum sér kemur fram í ástkærum syni hans, Jesú. Enginn gat endurspegl-  
að hugsanir Guðs og tilfinningar betur eða lýst honum eins ljóslifandi og frumgetinn sonur hans gerði, því að hann var með föður sínum

áður en aðrar andaverur voru skapaðar og efnisheimurinn myndaður. (Kólossubrésið 1:15) Jesús gerþekkti Jehóva. Þess vegna gat hann sagt: „Enginn veit, hver sonurinn er, nema faðirinn, né hver faðirinn er, nema sonurinn og sá sem sonurinn vill opinbera hann.“ (Lúkas 10:22) Þegar Jesús var á jörðinni sem maður opinberaði hann föður sinn á tvo mikilvæga vegu.

<sup>15</sup> Annars vegar er *kennsla* Jesú góð hjálp til að kynnst

14. Hvers vegna má segja að persónulegasta opinberun Jehóva á sjálfum sér komi fram í Jesú?  
15, 16. Á hvaða tvo vegu opinberaði Jesús föður sinn?

***Jehóva hefur opinberað sig í sköpunarverkinu og rituðu orði sínu.***



föðurnum. Lýsingar hans á föður sínum snerta hjartað. Til að sýna fram á að Jehóva sé miskunnsamur Guð og taki við iðrandi syndurum líkti Jesús honum við góð-hjartaðan föður sem er svo djúpt snortinn þegar hann sér glataðan son snúa heim aftur að hann hleypur til móts við hann, fellur um háls honum og kyssir hann. (Lúkas 15:11-24) Sömuleiðis talaði Jesús um að Jehóva Guð „dragi“ réttsinnaða menn til sín af því að hann elskar þá hvern og einn. (Jóhannes 6:44) Lítil spörfugl fellur ekki til jarðar án þess að hann taki eftir því. „Verið því óhræddir,“ sagði Jesús, „þér eruð meira verðir en margir spörvar.“ (Matteus 10:29, 31) Við hljótum að laðast að Guði sem er svona umhyggjusamur.

<sup>16</sup> Hins vegar sýnir Jesús með *fordæmi* sínu hvernig Jehóva er. Svo fullkomlega endurspeglaði hann föður sinn að hann gat sagt: „Sá sem hefur séð mig, hefur séð föðurinn.“ (Jóhannes 14:9) Þegar við lesum um Jesú í guðspjöllunum — um tilfinningar hans og framkomu við aðra — sjáum við á vissan hátt lifandi mynd af föður hans. Jehóva hefði tæplega getað gefið okkur skýrari opinberun á eðli sínu. Hvers vegna?

<sup>17</sup> Tökum dæmi: Segjum að þú sért að reyna að útskýra hvað gæska sé. Þú gætir skilgreint það með orðum. En ef þú getur bent á raunverulegt dæmi um góðverk eins manns í þágu annars og sagt: „Þetta er dæmi um gæsku,“ þá fær orðið „gæska“ dýpri merkingu og verður skiljanlegra. Jehóva hefur gert eitthvað þessu líkt til að hjálpa okkur að skilja eðli sitt. Hann lýsir sér bæði með orðum og gefur lifandi dæmi í syni sínum. Við sjáum eiginleika Guðs birtast í verki hjá Jesú. Þegar guðspjallaritararnir lýsa Jesú er Jehóva í rauninni að segja: „Þannig er

17. Útskýrðu með dæmi hvernig Jehóva hefur hjálpað okkur að skilja eðli sitt.



ég.“ Hvernig er manningur Jesús lýst í hinni innblásnu frásögu?

<sup>18</sup> Hinir fjórir höfuðeiginleikar Guðs birtast fagurlega í Jesús. *Máttur* hans sýndi sig í því að hann hafði vald yfir sjúkdómum, hungri og jafnvel dauðanum. En ólíkt eigingjörnum mönnum, sem misbeita valdi sínu, notaði hann kraftaverkamáttinn aldrei í eigin þágu eða öðrum til skaða. (Matteus 4:2-4) Hann unni *réttlætinu*. Hann fylltist réttlátri reiði er hann sá óheiðarlega kaupmenn féfletta almúgann. (Matteus 21:12, 13) Hann fór ekki í manngreinarálit. Hann kom vel fram við fátæka og undirokaða og hjálpaði þeim að „finna hvíld“ sálum sínum. (Matteus 11:4, 5, 28-30) Kennsla hans bar vott um óviðjafnanlega *visku* enda var hann „meiri en Salómon“. (Matteus 12:42) En aldrei flíkaði hann visku sinni. Orð hans snertu hjörtu almúgafólks því að kennsla hans var skýr, einföld og raunsæ.

<sup>19</sup> Jesús var framúrskarandi dæmi um *kærleika*. Kærleikur hans birtist í mörgum myndum meðan hann þjónaði á jörð, meðal annars í samúð hans og hluttekningu. Hann fann til með bágstöddum. Hvað eftir annað lét hann til sín taka af því að hann kenndi í brjósti um fólk. (Matteus 14:14) Þó að hann læknaði sjúka og mettaði hungraða birtist umhyggja hans með enn sterkari hætti er hann fræddi fólk um ríki Guðs sem verður mannkyni til blessunar um alla eilífð. Hann hjálpaði fólki að taka við sannleikanum um ríkið og elska hann. (Markús 6:34; Lúkas 4:43) Síðast en ekki síst sýndi Jesús fórnfúsán *kærleika* með því að leggja líf sitt fúslega í sölurnar fyrir aðra. — Jóhannes 15:13.

18. Hvernig birtist máttur, réttlæti og viska í fari Jesús?

19, 20. (a) Hvernig var Jesús framúrskarandi dæmi um *kærleika*? (b) Hvað ættum við að hafa hugfast þegar við lesum um Jesús og hugleiðum dæmi hans?

### Til íhugunar

**Sálmur 15:1-5** Hvers væntir Jehóva af þeim sem vilja vera vinir hans?

**Sálmur 34:2-19** Hverjum er Jehóva nálægur og hvaða traust geta þeir borið til hans?

**Sálmur 145:18-21** Hvað getum við gert sem færir okkur nær Jehóva?

**2. Korintubrэф 6:14–7:1** Hvernig er nauðsynlegt að hegða sér til að varðveita náíð samband við Jehóva?

<sup>20</sup> Það er engin furða að fólk á öllum aldri og af alls konar uppruna skyldi laðast að þessum hlýlega og tilfinninganæma manni. (Markús 10:13-16) En þegar við lesum um Jesú og hugleiðum dæmi hans skulum við hafa hugfast að hann er skýr og greinileg spegilmynd föður síns. — Hebreabréfið 1:3.

### Gagnleg námsbók

<sup>21</sup> Ljóst er að Jehóva vill að við eigum náíð samband við sig, ella hefði hann ekki opinberað sig svona greinilega í orði sínu. En hann þvingar okkur ekki til að eiga samband við sig. Það er undir sjálfum okkur komið að leita hans „meðan hann er að finna“. (Jesaja 55:6) Að leita Jehóva felur í sér að kynnast eiginleikum hans og vegum eins og þeir eru opinberaðir í Biblíunni. Þessi námsbók, sem þú ert að lesa, er samin til að hjálpa þér við þetta.

<sup>22</sup> Þú sérð að bókin skiptist í fjóra meginhluta sem svara til höfuðeiginleika Jehóva — máttar, réttlætis, visku og kærleika. Hver hluti hefst á yfirliti yfir viðkomandi eigin-

21, 22. Hvað er fólgíð í því að leita Jehóva og hvað er að finna í þessu námsriti sem hjálpar okkur til þess?

leika. Í fyrstu köflum hvers hluta er fjallað um það hvernig Jehóva sýnir hina ýmsu þætti þessa eiginleika. Síðan kemur kafli um það hvernig eiginleikinn birtist í fari Jesú, og að lokum er kafli þar sem skoðað er hvernig við getum sýnt hann.

<sup>23</sup> Frá og með þessum kafla er að finna spurningaramma með yfirskriftinni „Til íhugunar“. Líttu til dæmis á rammann hér vinstra megin á opnunni. Spurningarnar og ritningarstaðirnir eru ekki hugsaðir sem upprifjun kaflans heldur til að hjálpa þér að hugleiða aðra mikilvæga þætti efnisins. Hvernig geturðu notað þér spurningarammann? Flettu upp öllum ritningarstöðunum og lestu versin vandlega. Hugleiddu síðan spurninguna sem fylgir ritningarvísuninni. Veltu svarinu fyrir þér. Þú gætir leitað fanga í öðrum námsritum. Spyrðu þig nokkurra viðbótarspurninga: Hvað segir þetta mér um Jehóva? Hvaða áhrif hefur það á líf mitt? Hvernig get ég notað það til að hjálpa öðrum?

<sup>24</sup> Slík hugleiðing getur styrkt samband okkar við Jehóva vegna þess að Biblían tengir hugleiðingu við hjartað. (Sálmur 19:15) Séum við þakklát fyrir það sem við lærum um Guð og veltum því fyrir okkur síast vitneskjan inn í hið óeiginlega hjarta þar sem hún orkar á hugann, hreyfir við tilfinningunum og knýr okkur síðan til verka. Kærleikur okkar til Jehóva styrkist þannig að okkur langar til að þóknast honum sem okkar kærasta vini. (1. Jóhannesarbréf 5:3) Til að eignast slíkt samband þurfum við að kynnast eiginleikum Jehóva og vegum. En fyrst skulum við ræða um einn þátt í eðli Guðs sem gerir það knýjandi fyrir okkur að nálægjast hann — heilagleika hans.

---

23, 24. (a) Til hvers er ramminn „Til íhugunar“? (b) Hvernig er íhugun hjálp til þess að nálægja sig Guði?

## „Heilagur, heilagur, heilagur“ er Jehóva

JESAJA er frá sér numinn af hrifningu og lotningu. Hann sér sýn frá Guði og sýnin er ótrúlega raunveruleg! Síðar skrifar Jesaja að hann hafi „séð Jehóva“ í gnæfandi há-sæti hans og segir að slóði skikkju hans hafi fyllt hið mikla musteri í Jerúsalem. — Jesaja 6:1, 2.

<sup>2</sup> Jesaja fyllist einnig lotningu við það sem hann heyrir — söng svo kraftmikinn að musterið nötrar allt niður í grunn. Söngurinn berst frá seröfum sem eru háttsett- ar andaverur. Í sterkum samhljómi syngja þeir einföld en tignarleg orð: „Heilagur, heilagur, heilagur er [Jehóva] alls- herjar, öll jörðin er full af hans dýrð.“ (Jesaja 6:3, 4) Með því að þrítaka orðið „heilagur“ er því gefin sérstök áhersla og það með réttu vegna þess að Jehóva er öllum öðrum heilagri. (Opinberunarbókin 4:8) Biblían leggur áherslu á heilagleika hans allt frá upphafi til enda. Hundruð versa setja nafn hans í samband við orðin „heilagur“ og „heilag- leiki“.

<sup>3</sup> Það er því ljóst að Jehóva leggur mikla áherslu á að við skiljum að hann er heilagur. En mörgum þykir það frá- hrindandi tilhugsun. Sumir leggja heilagleika að jöfnu við siðferðilega sjálfumgleði eða uppgerðarguðhræðslu sem er auðvitað ekki rétt. Þeim sem stríða við skerta sjálfsmynd kann að finnast heilagleiki Guðs letjandi frekar en aðlað- andi. Þeir óttast kannski að þeir geti aldrei reynst verðug- ir þess að eiga samband við þennan heilaga Guð. Marg-

1, 2. Hvaða sýn sá spámaðurinn Jesaja og hvað kennir hún okkur um Jehóva?

3. Hvernig virka ranghugmyndir um heilagleika Guðs fælandi á marga frekar en að laða þá að honum?

ir forðast því Guð vegna þess að hann er heilagur. Það er miður því að heilagleiki Guðs er í rauninni ærin ástæða til að tengjast honum. Hvers vegna? Áður en við svörum því skulum við ræða hvað sannur heilagleiki er.

### Hvað er heilagleiki?

<sup>4</sup> Að Guð skuli vera heilagur merkir ekki að hann sé sjálf-umglaður, drambsamur eða yfirlætislegur. Hann hefur andstyggð á öllu slíku. (Orðskviðirnir 16:5; Jakobsbréfið 4:6) Hvað merkir þá orðið „heilagur“? Í biblíulegri hebresku er það dregið af orði sem merkir „aðgreindur“. Í tengslum við tilbeiðslu er orðið „heilagur“ notað um það sem er aðgreint frá almennri notkun. Hugmyndin að vera hreinn og tær er líka sterkur þáttur í heilagleika. Hvað merkir orðið „heilagur“ þegar það er notað um Jehóva? Merkir það að hann sé „aðgreindur“ frá ófullkomnum mönnum, óskaplega fjarlægur okkur?

<sup>5</sup> Alls ekki. Jehóva er „Hinn heilagi í Ísrael“ en sagðist jafnframt búa „á meðal“ Ísraelsmanna þó að þeir væru syndgír. (Jesaja 12:6; Hósea 11:9) Heilagleikinn gerir hann því ekki fjarlæg. En hann er „aðgreindur“ á tvo mikilvæga vegu. Í fyrsta lagi er hann aðgreindur frá öllu sköpunarverkinu að því leyti að hann einn er hinn hæsti. Hreinleiki hans er alger og óendanlegur. (Sálmur 40:6; 83:19) Í öðru lagi er Jehóva algerlega aðgreindur frá syndsemi og það er hughreystandi til að vita. Af hverju?

<sup>6</sup> Við búum í heimi þar sem sannur heilagleiki er fágætur. Allt sem viðkemur mannlegu samfélagi, sem er frá hverft Guði, er mengað á einhvern hátt, spillt af synd og ófullkomleika. Við eigum öll í stríði við syndina innra

4, 5. (a) Hvað merkir heilagleiki og hvað ekki? (b) Á hvaða tvo mikilvæga vegu er Jehóva „aðgreindur“?

6. Af hverju er hughreystandi að vita að Jehóva skuli vera fullkomlega laus við synd?

með okkur. Og við eigum öll á hættu að syndin yfirbugi okkur ef við slökum á verðinum. (Rómverjabréfið 7:15-25; 1. Korintubréf 10:12) Jehóva er ekki í slíkri hættu. Hann er hafinn yfir syndsemi og það mun aldrei finnast snefill af synd hjá honum er setji á hann blett. Þetta staðfestir enn og aftur að Jehóva er hinn fullkomni faðir því að það þýðir að hann er algerlega áreiðanlegur. Jehóva verður aldrei spilltur, ósiðsamur eða hrottafenginn, ólíkt mörgum syndugum feðrum. Það er hreinlega óhugsandi af því að hann er heilagur. Jehóva hefur jafnvel stundum svarið eið við heilagleika sinn af því að ekkert er áreiðanlegra. (Amos 4:2) Er það ekki traustvekjandi?

<sup>7</sup> Það er í eðli Jehóva að vera heilagur. Hvað merkir það? Tökum dæmi: Lítum á orðin „maður“ og „ófullkominn“. Það er ekki hægt að lýsa hinu fyrra án þess að hið síðara komi upp í hugann. Við erum svo gagnsýrð ófullkomleika að hann smitar allt sem við gerum. Lítum svo á tvö orð mjög ólík hinum fyrri, orðin „Jehóva“ og „heilagur“. Jehóva er heilagur á allan hátt. Allt sem honum viðkemur er hreint, tært og heiðvirt. Við getum ekki kynnst Jehóva eins og hann er í raun og veru án þess að setja okkur inn í djúptæka merkingu orðsins „heilagur“.

### „Heilagleiki tilheyrir Jehóva“

<sup>8</sup> Þar sem Jehóva er ímynd heilagleikans má réttilega segja að hann sé uppspretta alls heilagleika. Hann lúrir ekki eiginjarn á þessum dýrmæta eiginleika heldur gefur hann öðrum og er ósínkur á hann. Þegar hann talaði við Móse fyrir milligöngu engils við þyrnirunnann brennandi varð jörðin umhverfis jafnvel heilög af nálægð hans! — 2. Mósebók 3:5.

7. Hvers vegna er hægt að segja að það sé í eðli Jehóva að vera heilagur?

8, 9. Hvað sýnir að Jehóva hjálpar ófullkomnum mönnum að verða heilagir í afstæðum skilningi?

<sup>9</sup> Geta ófullkomnir menn orðið heilagir með hjálp Jehóva? Já, að vissu marki. Guð gaf þjóð sinni, Ísrael, kost á að verða „heilagur lýður“. (2. Mósebók 19:6) Hann gaf henni hreint tilbeiðsluform, þannig að heilagleikinn er eins og endurtekið stef í Mósélögunum. Framan á vefjarhetti æðsta prestsins blasti meira að segja við glampandi gullskjöldur sem á var letrað: „Heilagleiki tilheyrir Jehóva.“ (2. Mósebók 28:36, NW) Tilbeiðsla Ísraelsmanna, og reyndar allt lífferni, átti því að einkennast af hreinleika. Jehóva sagði þeim: „Þér skuluð vera heilagir, því að ég, [Jehóva], Guð yðar, er heilagur.“ (3. Mósebók 19:2) Meðan Ísraelsmenn lifðu eftir leiðbeiningum Guðs, í þeim mæli sem ófullkomnir menn geta, voru þeir heilagir í afstæðum skilningi.

<sup>10</sup> Þessi áhersla á heilagleika stakk mjög í stúf við tilbeiðsluathafnir þjóðanna umhverfis Ísrael. Hinar heiðnu þjóðir dýrkuðu guði sem voru hrein lygi og fals því að þeir voru ekki til, og guðir þessir voru álitnir ofbeldisfullir, ágjarnir og lauslátir. Þeir voru vanheilagir í hvaða skilningi sem verið gat. Og þeir sem tilbáðu þessa guði urðu vanheilagir. Jehóva áminnti því þjóna sína um að halda sig frá heiðingjum og óhreinum tilbeiðsluathöfnum þeirra. — 3. Mósebók 18:24-28; 1. Konungabók 11:1, 2.

<sup>11</sup> Þegar best lét gat útvalin þjóð Jehóva aðeins gefið dauft endurskin af heilagleika hins himneska skipulags hans. Milljónir andavera þjóna Guði dyggilega og eru kallaðar ‚helgar tíu þúsundir‘ hans. (5. Mósebók 33:2; Júdasarbréfið 14) Þær endurspeglu fullkomlega hina tæru og hreinu fegurð sem býr í heilagleika Guðs. Og mundu eftir seröfunum í sýn Jesaja. Textinn, sem þessar völdugu andaverur sungu,

10. Að hvaða leyti voru Ísraelsmenn að fornu gerólfkir grannþjóðum sínum hvað heilagleika snerti?

11. Hvernig birtist heilagleiki hins himneska skipulags Jehóva í (a) englunum? (b) seröfunum? (c) Jesú?

gefur í skyn að þær gegni stóru hlutverki í því að kunngera heilagleika Jehóva um alheim allan. En ein andavera er þó ofar þeim öllum. Það er eingetinn sonur Guðs. Jesús er fegursta spegilmynd heilagleika Jehóva og er því með sanni nefndur „hinn heilagi Guðs“. — Jóhannes 6:68, 69.

### Heilagt nafn, heilagur andi

<sup>12</sup> Hvað um nafn Guðs? Eins og fram kom í 1. kafla er nafnið meira en titill eða heiti. Það lýsir Jehóva Guði og öllum eiginleikum hans. Þess vegna segir Biblían að „nafn hans sé heilagt“. (Lúkas 1:49) Samkvæmt Móselögum var það dauðasök að lastmæla nafni Guðs. (3. Mósebók 24:16) Og þú veist hvað Jesús nefndi sem verðugasta bænarefnið: „Faðir vor, þú sem ert á himnum. Helgist þitt nafn.“ (Matteus 6:9) Að helga eitthvað merkir að taka það frá eða lýsa heilagt og sýna því lotningu. En hvers vegna þarf að helga eitthvað sem er eins eðlishreint og nafn Guðs?

<sup>13</sup> Nafn Guðs hefur verið lastað og rægt. Satan laug um Jehóva í Eden og ýjaði að því að hann væri ranglátur stjórnandi. (1. Mósebók 3:1-5) Síðan sá Satan, sem stjórnar þessum vanheilaga heimi, til þess að lygarnar um Guð fengju að vaxa og dafna. (Jóhannes 8:44; 12:31; Opinberunarbókin 12:9) Ýmis trúarbrögð hafa dregið upp þá mynd að Guð sé gerræðislegur, grimmur og fáskiptinn. Þau hafa þóst eiga vísan stuðning hans í blóðugum styrjöldum. Oft fær hrein tilviljun — þróun — heiðurinn af stórfenglegum sköpunarverkum Guðs. Já, nafn Guðs hefur sætt illgjörnum álygum. Þess vegna þarf að helga það og veita því aftur þá upphefð sem því ber. Við þráum að nafn Guðs verði helgað og drottinvald hans réttlætt, og við njótum þess að eiga einhvern smáþátt í því.

12, 13. (a) Hvers vegna er nafn Guðs réttilega kallað heilagt? (b) Af hverju þarf að helga nafn Guðs?



<sup>14</sup> Það er annað sem er nátengt Jehóva og er næstum undantekningarlaust kallað heilagt. Það er andi hans eða starfskraftur. (1. Mósebók 1:2) Jehóva beitir þessum ómótstæðilega krafti til að hrinda fyrirætlunum sínum í framkvæmd. Allt sem hann gerir framkvæmir hann á heilagan, flekklausan og hreinan hátt þannig að það er eðlilegt að starfskraftur hans skuli nefndur heilagur andi eða andi heilagleikans. (Lúkas 11:13; Rómverjabréfið 1:4) Lastmæli gegn heilögum anda er meðal annars fólgið í því að vinna af ráðnum hug gegn fyrirætlunum Jehóva og það er ófyrirgefanleg synd. — Markús 3:29.

### Heilagleiki Jehóva laðar okkur að honum — hvers vegna?

<sup>15</sup> Það er ekki vandséð hvers vegna Biblían tengir guðsótta manna við heilagleika Guðs. Til dæmis segir í Sálmi 99:3: „Þeir skulu lofa nafn þitt, hið mikla og óttalega. Heilagur er hann!“ En þetta er ekki sjúklegur ótti heldur djúpstæð lotning og auðmýkt, þess konar virðing sem göfgar mannninn mest. Það er mjög viðeigandi að vera þannig innanbrjóstis því að Guð er svo langt yfir okkur hafinn í heilagleika sínum. Hann er skínandi hreinn, dýrlegur. En það ætti ekki að virka fráhrindandi á okkur heldur ætti rétt sýn á heilagleika Guðs að laða okkur að honum. Af hverju?

<sup>16</sup> Biblían tengir feegurð við heilagleika. Í Sálmi 96:6 er talað um „mátt og prýði í helgidómi Guðs“. Feegurð er aðlaðandi. Sjáðu til dæmis myndina á blaðsíðu 33. Finnst þér þetta ekki aðlaðandi staður? Hvað veldur? Vatnið er tært

14. Hvers vegna er andi Guðs kallaður heilagur og af hverju er lastmæli gegn heilögum anda háalvarlegt?

15. Af hverju er eðlilegt að heilagleiki Jehóva veki guðsótta og hvað er guðsótti?

16. (a) Hvernig er heilagleiki tengdur feegurð? Nefndu dæmi. (b) Hvernig er lögð áhersla á ljós og hreinleika þegar Jehóva hefur birst mönnum í sýn?

og loftið virðist hreint af því að himinninn er blár og ljósið tindrandi. En segjum að staðnum yrði breytt — áin væri full af rusli, trén og steinarnir útkrotaðir og reykjarmóða í lofti. Þá væri hann ekki lengur aðlaðandi heldur fráhrindandi. Við setjum fegurð ósjálfrátt í samband við birtu og hreinleika. Þannig má líka lýsa heilagleika Jehóva. Engin furða að við skulum vera gagntekin af lýsingum þeirra sem hafa séð Jehóva í sýn. Hinn heilagi Guð geislar frá sér birtu, er skínandi sem gimsteinn, glóandi sem eldur og tær sem hreinasti eðalmálmur. — Esekíel 1:25-28; Opinberunarbók-in 4:2, 3.

<sup>17</sup> En ættum við að finna til smæðar okkar andspænis heilagleika Jehóva? Já, auðvitað. Við *erum* Jehóva óæðri — og þá er vægt til orða tekið. En ætti þessi vitneskja að gera okkur afhuga honum? Sjáðu hvernig Jesaja brást við þegar hann heyrði serafana kunngera heilagleika Jehóva. „Þá sagði ég: ‚Vei mér, það er úti um mig! Því að ég er maður, sem hefi óhreinan varir og bý meðal fólks, sem hefir óhreinan varir, því að augu mín hafa séð konunginn, [Jehóva] allsherjar.‘“ (Jesaja 6:5) Jehóva er óendanlega heilagur og það minnti Jesaja á hve ófullkominn og syndugur hann væri sjálfur. Þessi trúfasti maður var miður sín í fyrstu. En Jehóva skildi ekki við hann þannig.

<sup>18</sup> Einn af seröfunum beið ekki boðanna að hughreysta spámánninn. Hvernig? Hinn völdugi andi flaug að altarinu, tók þaðan glóandi kol og snerti varir Jesaja með því. Þetta virkar kannski frekar kvalafullt en hughreystandi en mundu að þetta var sýn, auðug af táknum. Jesaja var trúfastur Gyðingur og vissi mætavel að fórnir voru bornar fram daglega á musterisaltarinu til að friðþægja fyrir syndir. Og serafinn minnti spámánninn vinsamlega á að hann

---

17, 18. (a) Hvaða áhrif hafði sýn Jesaja á hann í fyrstu? (b) Hvernig notaði Jehóva serafa til að hughreysta Jesaja og hvaða þýðingu hafði það sem serafinn gerði?



*Heilagleiki ætti að verka aðlaðandi á okkur, ekki síður en fegurð.*

### Til íhugunar

**3. Mósebók 19:1-18** Hvaða meginreglur verðum við að halda í heiðri til að breytni okkar sé heilög?

**5. Mósebók 23:9-14** Hvaða samband er milli hreinlætis og heilagleika? Hvaða áhrif ætti það að hafa á klæðnað okkar, snyrtingu og heimili?

**Rómverjabréfið 6:12-23; 12:1-3** Hvernig þurfum við að líta á syndina og áhrif heimsins til að kappkosta að vera heilög?

**Hebreaðbréfið 12:12-17** Hvernig getum við keppt eftir að vera heilög?

gæti staðið hreinn frammi fyrir Guði þó að hann væri ófullkominn, með „óhreinar varir“.\* Jehóva var fús til að líta á ófullkominn, syndugan mann sem heilagan — að minnsta kosti í afstæðri merkingu. — Jesaja 6:6, 7.

<sup>19</sup> Eins er það núna. Allar fórnir, sem bornar voru fram á altarinu í Jerúsalem, voru aðeins skuggi þess sem meira var — hinnar einu fullkomnu fórnar sem Jesús Kristur færði árið 33. (Hebreaðbréfið 9:11-14) Ef við iðrumst synda okkar í einlægni, snúum af rangri braut og sýnum í verki að við trúum á fórnina er okkur fyrirgefið. (1. Jóhannesarbréf 2:2) Við getum sömuleiðis staðið hrein frammi fyrir Guði. Þess vegna segir Pétur postuli: „Ritað er: ‚Verið heilagir, því ég er heilagur.‘“ (1. Pétursbréf 1:16) Við tökum eftir að Jehóva segir *ekki* að við verðum að vera *eins* heilög og hann, enda ætlast hann aldrei til hins ómögulega af okkur. (1. Pétursbréf 1:16) Hann segir okkur að vera heilög *af því að* hann

\* Orðalagið „óhreinar varir“ er vel til fundið því að varir eru oft notaðar í óeiginlegri merkingu í Biblíunni um tal eða tungumál. Að stórum hluta til má rekja syndir ófullkominna manna til þess hvernig þeir kjósa að nota talgáfuna. — Orðskviðirnir 10:19; Jakobsbréfið 3:2, 6.

19. Hvernig getum við verið heilög að vissu marki þótt við séum ófullkomin?

er heilagur. „Sem elskuð börn hans“ reynum við að líkja eins vel eftir honum og ófullkomnir menn geta. (Efesusbréfið 5:1) Það er því óslitin vinna að vera heilagur og við „fullkomnum helgun okkar“ jafnt og þétt eftir því sem við þroskumst andlega. — 2. Korintubréf 7:1.

<sup>20</sup> Jehóva elskar það sem er hreint og flekklaust. Hann hatar syndina. (Habakkuk 1:13) En hann hatar okkur ekki, heldur fyrirgefur syndir okkar svo lengi sem við lítum syndina sömu augum og hann — hötum hið illa og elskum hið góða — og leggjum okkur í líma við að feta í fullkomin fótspor Jesú Krists. (Amos 5:15; 1. Pétursbréf 2:21) Sú hugsun að geta verið hrein í augum hins heilaga Guðs hefur djúpstæð áhrif á okkur. Munum að heilagleiki Jehóva minnti Jesaja fyrst á óhreinleika hans og hann hrópaði upp yfir sig: „Vei mér!“ En viðhorf hans breyttist þegar hann áttaði sig á því að það var búið að friðþægja fyrir syndir hans. Þegar Jehóva óskaði eftir sjálfboðaliða til að sinna ákveðnu verkefni bauð Jesaja sig tafarlaust fram þó að hann vissi ekki einu sinni hvert verkefnið væri. Hann sagði hátt og skýrt: „Hér er ég, send þú mig!“ — Jesaja 6: 5-8.

<sup>21</sup> Við erum sköpuð eftir mynd hins heilaga Guðs. Við höfum siðferðiskennd og erum fær um að skilja andlega hluti. (1. Mósebók 1:26) Við erum öll fær um að vera heilög. Jehóva er meira en fús til að hjálpa okkur að þroska heilagleikann. Um leið löðumst við að heilögum Guði okkar. Og þegar við fjöllum um eiginleika Jehóva í köflunum á eftir komumst við að raun um að við höfum margar góðar og gildar ástæður til að styrkja samband okkar við hann.

20. (a) Hvers vegna er mikilvægt að átta sig á því að við getum verið hrein í augum hins heilaga Guðs? (b) Hvaða áhrif hafði það á Jesaja er hann komst að raun um að það var búið að friðþægja fyrir syndir hans?

21. Á hvaða grundvelli getum við treyst að við getum þroskað með okkur heilagleika?

## **„VOLDUGUR AÐ AFLI“**

*Í þessum bókarhluta skoðum við frásagnir í Biblíunni sem vitna um mátt Jehóva til að skapa, eyða, vernda og endurnýja. Við fyllumst djúpri lotningu þegar við skiljum hvernig Jehóva Guð, sem er „voldugur að afli“, beitir hinum mikla krafti sínum.*

*– Jesaja 40:26.*

## Jehóva er „mikill að krafti“

ELÍA hafði séð ýmis undur um ævina. Hann hafði séð hrafna færa sér mat tvisvar á dag meðan hann var í felum. Hann hafði séð mjölkrukku og olfukrús sem tæmdust aldrei meðan langvinn hungursneyð geisaði. Hann hafði jafnvel séð eld falla af himni sem svar við bæn sinni. (1. Konungabók, 17. og 18. kafli.) En aldrei hafði hann séð nokkuð þessu líkt.

<sup>2</sup> Hann sat í hnipri í hellismunna á Hóreb fjalli þar sem hann varð vitni að tilkomumiklum atburðum. Fyrst skall á stormur. Gnýrinn hlýtur að hafa verið ærandi því að svo öflugur var stormurinn að hann klauf fjöll og molaði kletta. Því næst reið yfir jarðskjálfti sem leysti úr læðingi ógnarkrafta er bundnir voru í jarðskorpunni. Að síðustu kom eldur. Elía hefur líklega fundið brennandi hitabylgjuna þegar eldurinn æddi yfir svæðið. — 1. Konungabók 19:8-12.

<sup>3</sup> Allt þetta, sem Elía varð vitni að, átti eitt sameiginlegt — þetta var sönnun fyrir hinum mikla mætti Jehóva Guðs. Við þurfum auðvitað ekki að sjá kraftaverk til að gera okkur ljóst að Guð er afar máttugur. Það blasir við. Biblían segir að sköpunarverkið sé sönnun fyrir ‚eilífum krafti og guðdómleika‘ Jehóva. (Rómverjabréfið 1:20) Hugsaðu þér blindandi eldingarleiftur og ærandi þrumur, tignarlegan foss steypast niður í gljúfur eða yfirþyrmandi víðáttu stjörnuhiminsins. Sérðu ekki mátt Guðs birtast þar? Fáir í heimi nútímans vilja samt viðurkenna þennan mátt og enn færri sjá hann í réttu ljósi. En ef við skiljum þennan eiginleika Jehóva gefur það okkur margs konar tilefni til

1, 2. Hvaða undur hafði Elía séð á lífsleiðinni en að hverju varð hann vitni úr hellinum á Hóreb fjalli?

3. Hvaða eiginleika Jehóva sá Elía að verki og í hverju sjáum við hann birtast?

að nálægjast hann. Í þessum bókarhluta kynnum við okkur óviðjafnanlegan mátt Jehóva í smáatriðum.

### Einn grundvallareiginleiki Jehóva

<sup>4</sup> Jehóva er einstakur að mætti. Jeremía 10:6 segir: „Enginn er þinn líki, [Jehóva]! Mikill ert þú og mikið er nafn þitt sakir máttar þíns.“ Eins og þú sérð er máttur eða kraftur settur í samband við nafn Jehóva. Og þú manst að nafnið er talið merkja „hann lætur verða“. Hvað gerir Jehóva kleift að skapa hvaðeina sem honum langar til og að verða hvaðeina sem honum þóknast? Meðal annars máttur hans. Já, athafnamáttur Jehóva er takmarkalaus; hann getur alltaf komið vilja sínum í framkvæmd. Þessi máttur er einn af grundvallareiginleikum hans.

<sup>5</sup> Við eigum erfitt með að gera okkur í hugarlund hve víðtækur máttur Jehóva er. Þess vegna bregður hann upp líkingum til skilningsauka fyrir okkur. Eins og við höfum séð notar hann nautið sem tákn um mátt sinn. (Esekíel 1:4-10) Þetta er viðeigandi samlíking því að tamda nautið er stór og kröftug skepna. Ólíklegt er að Palestínubúar á biblíutímanum hafi nokkurn tíma komist í tæri við sterkara dýr. Þeir þekktu þó annars konar naut og ógurlegra, vísundinn eða úruxann sem nú er útdauður. (Jobsbók 39:9-12) Júlíus Sesar, keisari í Róm, hafði einu sinni á orði að naut þessi væru litlu minni en fílar. „Þau eru mikil að mætti og frá á fæti,“ skrifaði hann. Þú getur rétt ímyndað þér hve smár og máttlítill þú værir í skugga slíkrar skepnu.

<sup>6</sup> Maðurinn er að sama skapi smár og máttlaus í samanburði við Jehóva, Guð máttarins. Í augum hans eru völdugar þjóðir rétt eins og ryk á vogarskálum. (Jesaja 40:15)

4, 5. (a) Hvernig er nafn Jehóva tengt mætti hans? (b) Af hverju er viðeigandi að Jehóva skuli velja nautið sem tákn um mátt sinn?

6. Hvers vegna er Jehóva einn kallaður hinn „alvaldi“?

*„Sjá, [Jehóva] gekk fram hjá.“*





Ólíkt öllum sköpunarverum býr Jehóva yfir *ótakmörkuð-um* mætti því að hann einn er nefndur hinn „alvaldi“.\* (Opinberunarbókin 15:3) Jehóva er „voldugur að afli“ og kraftur hans feikilegur. (Jesaja 40:26) Kraftur hans er óþrjótandi og endalaus. Hann er ekki háður utanaðkomandi aflgjafa því að ‚styrkleikurinn tilheyrir Guði‘. (Sálmur 62:12, *Biblían 1859*) En hvernig beitir Jehóva mætti sínum?

### Þannig beitir Jehóva mætti sínum

<sup>7</sup> Heilagur andi streymir ótakmarkað frá Jehóva. Hann er kraftur Guðs *að verki*. Í 1. Mósebók 1:2 (NW) er hann nefndur ‚starfskraftur‘ Guðs. Hebresku og grísku frummálsorðin, sem þýdd eru „andi“, geta merkt „vindur“, „andardráttur“ og „blástur“ eftir samhengi. Orðabækur segja að frummálsorðin vísi til ósýnilegs kraftar að verki. Andi Guðs er okkur ósýnilegur líkt og vindurinn en áhrifin eru raunveruleg og merkjanleg.

<sup>8</sup> Heilagur andi Guðs er óendanlega fjölhæfur. Jehóva getur beitt honum til að framkvæma hvaðeina sem hann hefur í huga. Það er því vel við hæfi að hann skuli í óeiginlegri merkingu kallaður ‚fingur‘ Guðs, ‚sterk hönd‘ hans eða ‚útréttur armleggur‘. (Lúkas 11:20; 5. Mósebók 5:15; Sálmur 8:4) Líkt og maður getur beitt hendi sinni við margvísleg störf sem útheimta mismikið átak eða lipurð, eins getur Guð beitt anda sínum til að hrinda í framkvæmd hvaða fyrirætlun sem er — eins og að skapa hið örsmáa atóm, kljúfa Rauðahafið eða gera frumkristnum mönnum kleift að tala framandi tungumál.

---

\* Gríska orðið, sem þýtt er ‚alvaldur‘, merkir bókstaflega „stjórnandi yfir öllu, sá sem fer með allt vald“.

7. Hvað er heilagur andi Jehóva og hvað gefa frummálsorðin í skyn?
8. Hvað er andi Guðs kallaður í óeiginlegri merkingu í Biblíunni og hvers vegna á það vel við?

<sup>9</sup> Jehóva er alheimsdrottinn og beitir líka mætti sínum og valdi sem slíkur. Geturðu ímyndað þér að eiga greinda og hæfa þegna í milljónatali sem eru auðfúsir að hlýða skipunum þínum? Jehóva fer með slíkt vald. Hann á sér mennska þjóna sem Biblían líkir oft við her. (Sálmur 68:12; 110:3, *Biblían 1912*) En maðurinn er lítills megnugur í samanburði við engil. Það sýndi sig vel þegar assýrskur her réðst á þjóð Guðs og einn engill banaði 185.000 hermönnum á einni nóttu. (2. Konungabók 19:35) Englar Guðs eru vissulega ‚voldugar hetjur‘. — Sálmur 103:19, 20.

<sup>10</sup> Hve margir eru englarnir? Spámaðurinn Daníel sá í sýn meira en 100 milljónir andavera frammi fyrir háseti Jehóva. Ekkert bendir þó til þess að hann hafi séð alla englana sem Jehóva skapaði. (Daníel 7:10) Þeir gætu skipt hundruðum milljóna. Guð er þar af leiðandi kallaður Jehóva hersveitanna og Jehóva allsherjar. Þessir titlar lýsa valdamikilli stöðu hans sem foringi mikillar og voldugrar englafylkingar. Og yfir allar þessar andaverur hefur hann sett ástfólginn son sinn sem er „frumburður allrar sköpunar“. (Kólossubrésið 1:15) Jesús er erkiengillinn — höfðingi allra engla, serafa og kerúba — og er því voldugasta sköpunarvera Jehóva.

<sup>11</sup> Máttur Jehóva birtist á fleiri vegu. „Orð Guðs er lifandi og kröftugt,“ segir Hebreabrésið 4:12. Hefurðu tekið eftir hinum einstæða krafti í orði Guðs, í hinum innblásna boðskap sem er varðveittur í Biblíunni? Hann getur styrkt okkur, byggt upp trúna og hjálpað okkur að breyta okkur verulega til batnaðar. Þáll postuli varaði trússystemi sínu við fólki sem lifði gróflega siðlausu lífi og bætti síðan við:

9. Hve umfangsmikið er vald Jehóva?

10. (a) Hvers vegna er hinn alvaldi nefndur Jehóva hersveitanna og Jehóva allsherjar? (b) Hver er voldugasta sköpunarvera Jehóva?

11, 12. (a) Á hvaða hátt er orð Guðs kröftugt? (b) Hve víðtækur er máttur Jehóva að sögn Jesú?

„Þetta voruð þér, sumir yðar.“ (1. Korintubríf 6:9-11) „Orð Guðs“ hafði orkað sterkt á líf þeirra og hjálpað þeim að breyta sér.

<sup>12</sup> Jehóva er svo feikilega máttugur og ræður yfir svo áhrifaríkum aðferðum til að beita mætti sínum að ekkert getur staðið í vegi hans. Jesús sagði að „Guð megnaði allt“. (Matteus 19:26) Í hvaða tilgangi beitir Jehóva mætti sínum?

### Hann beitir mætti sínum í ákveðnum tilgangi

<sup>13</sup> Andi Jehóva er annað og meira en einhver náttúrlegur kraftur og sjálfur er Jehóva ekki ópersónulegt afl eða orkulind. Hann er persóna, Guð sem hefur fulla stjórn á mætti sínum. En af hvaða hvötum beitir hann honum?

<sup>14</sup> Eins og við sjáum síðar notar Guð mátt sinn til að skapa, eyða, vernda og endurnýja — í stuttu máli til að gera hvaðeina sem þjónar fullkomnum ásetningi hans. (Jesaja 46:10) Í sumum tilvikum notar Jehóva mátt sinn til að opinbera mælikvarða sinn og mikilvæga þætti persónuleika síns. En umfram allt beitir hann mætti sínum til að koma vilja sínum í framkvæmd — til að réttlæta drottinvald sitt og helga heilagt nafn sitt fyrir tilstuðlan Messíasarríkisins. Ekkert getur hindrað að það nái fram að ganga.

<sup>15</sup> Jehóva notar líka mátt sinn til hagsbóta fyrir okkur hvert og eitt. Sjáðu hvað segir í 2. Kroníkubók 16:9: „Augu [Jehóva] hvarfla um alla jörðina, til þess að hann megi sýna sig máttkan þeim til hjálpar, sem eru heils hugar við hann.“ Lífsreynsla Elía, sem nefnd var í byrjun kaflans, er dæmi um það. Af hverju sýndi Jehóva honum mátt sinn með þessum mikilfenglega hætti? Hin grimma Jese-

13, 14. (a) Af hverju getum við sagt að Jehóva sé ekki ópersónuleg orkulind? (b) Hvernig notar Jehóva mátt sinn?

15. Til hvers beitir Jehóva mætti sínum í þágu þjóna sinna og hvernig birtist það gagnvart Elía?

bel drottning hafði strengt þess heit að taka Elía af lífi. Spámaðurinn átti fótum sínum fjör að launa. Hann var á flóttu, einmana, hræddur og kjarklítill — rétt eins og allt erfiði hans hefði verið til einskis. Jehóva hughreysti þennan mædda mann með því að minna hann á mátt sinn með áhrifamiklum hætti. Stormurinn, jarðskjálftinn og eldurinn sýndu Elía fram á að voldugasta persóna alheims væri með honum. Ekki þurfti hann að óttast Jesebel fyrst alvaldur Guð studdi við bakið á honum. — 1. Konungabók 19:1-12.\*

<sup>16</sup> Þó að Jehóva vinni ekki kraftaverk á okkar dögum er hann enn sá hinn sami og hann var á tímum Elía. (1. Korintubréf 13:8) Honum er jafnmikið í mun núna að beita mætti sínum í þágu þeirra sem elska hann. Víst býr hann í himinháum andaheimi en hann er samt ekki langt frá okkur. Máttur hans er takmarkalaus þannig að vegalengdir eru engin hindrun. Jehóva er „nálægur öllum sem ákalla hann“. (Sálmur 145:18) Einu sinni kallaði Daníel spámaður eftir hjálp Jehóva og engill var kominn til hans áður en hann náði að ljúka bæninni! (Daníel 9:20-23) Ekkert getur aftrað Jehóva frá að styrkja þá sem hann elskar og hjálpa þeim. — Sálmur 118:6.

## Er Jehóva óaðgengilegur sökum valds og máttar?

<sup>17</sup> Eigum við að óttast Guð sökum þess hve máttugur hann er og þar af leiðandi voldugur? Við verðum að

---

\* Biblían segir að Jehóva ‚hafi ekki verið í storminum, landskjálftanum eða eldinum‘. Þjónar Jehóva leita hans ekki í náttúruöflunum, líkt og dýrkendur ímyndaðra náttúruguða. Hann er margfalt meiri en svo að hann rúmist í nokkru sköpunarverki sínu. — 1. Konungabók 8:27.

- 
16. Hvers vegna er hughreystandi að íhuga hinn mikla mátt Jehóva?  
 17. Í hvaða skilningi vekur máttur Jehóva með okkur ótta en hvers konar ótta er ekki um að ræða?

svara því bæði játandi og neitandi. Við svörum játandi af því að þessi eiginleiki hans er meira en næg ástæða til að óttast hann með djúpstæðri lotningu og virðingu eins og við ræddum stuttlega í kaflanum á undan. Biblían segir að slíkur guðsótti sé „upphaf speki“. (Sálmur 111:10) Við svörum líka neitandi af því að máttur Guðs og vald gefur okkur enga ástæðu til að vera dauðhrædd við hann eða feimin við að nálgast hann.

<sup>18</sup> „Allt vald spillir og algert vald spillir algerlega.“ Svo mælti enski sagnfræðingurinn Acton lávarður árið 1887. Orð hans hafa oft verið höfð eftir, kannski vegna þess að margir líta á þau sem óyggjandi sannindi. Ófullkomnir menn misnota oft vald eins og sagan hefur margsannað. (Prédikarinn 4:1; 8:9) Þess vegna vantroysta margir hinum voldugu og forðast þá. Nú hefur Jehóva algert vald. Hefur það spillt honum á einhvern hátt? Vissulega ekki. Eins og við höfum séð er hann heilagur og honum verður ekki spillt. Jehóva er ólíkur ófullkomnum körlum og konum sem fara með völd í spilltum heimi. Hann hefur aldrei misbeitt valdi sínu og mun aldrei gera það.

<sup>19</sup> Mundu að máttur er ekki eini eiginleiki Jehóva. Við eigum enn eftir að kynna okkur réttlæti hans, visku og kærleika. En við skulum ekki gefa okkur að eiginleikar hans birtist strangir og vélrænir, rétt eins og hann beiti aðeins einum þeirra í einu. Í köflunum á eftir sjáum við einmitt að Jehóva beitir mætti sínum *alltaf* í samræmi við réttlæti sitt, visku og kærleika. Auk þess hefur Jehóva til að bera eiginleika sem er sjaldgæfur hjá valdhöfum heimsins – hann hefur sjálfstjórn.

18. (a) Af hverju vantroysta margir hinum valdamiklu? (b) Hvernig vitum við að völd Jehóva geta ekki spillt honum?

19, 20. (a) Í samræmi við hvaða eiginleika beitir Jehóva alltaf mætti sínum og hvers vegna er það traustvekjandi? (b) Lýstu sjálfstjórn Jehóva með dæmi. Hvers vegna höfðar hún til þín?

## Til íhugunar

**2. Kroníkubók 16:7-13** Hvernig sýnir saga Asa konungs að það er alvarlegt mál að treysta ekki á mátt Jehóva?

**Sálmur 89:7-19** Hvaða áhrif hefur máttur Jehóva á tilbiðjendur hans?

**Jesaja 40:10-31** Hvernig er mætti Jehóva lýst hérna, hversu víðtækur er hann og hvernig getum við, hvert og eitt, haft gagn af honum?

**Opinberunarbókin 11:16-18** Hvernig lofar Jehóva að beita mætti sínum í framtíðinni og hvers vegna er það hughreystandi fyrir sannkristna menn?

<sup>20</sup> Ímyndaðu þér að þú hittir fyrir mann sem er svo stór og sterkur að þér stafar ógn af honum. En þegar frá líður sérðu að hann er hið mesta ljúfmenni. Hann er alltaf boðinn og búinn að beita afli sínu til að hjálpa fólki og vernda það, ekki síst bágstöddum og varnarlausum. Hann misbeitir aldrei kröftum sínum. Hann er rægður án saka en heldur ró sinni, er virðulegur, vingjarnlegur en þó ákveðinn. Þú spyrð þig hvort þú gætir sýnt sams konar mildi og sjálfstjórn, ekki síst ef þú værir jafnstærkur og hann. Ef þú kynntist slíkum manni myndirðu líklega laðast að honum. Við höfum miklu ríkari ástæðu til að laðast að alvöldum Guði Jehóva. Líttu á setninguna sem heiti þessa kafla er sótt í: „[Jehóva] er *seinn til reiði* og mikill að krafti.“ (Nahúm 1:3) Hann er ekki fljótur til að beita mætti sínum gegn fólki, ekki einu sinni illmennum. Hann er mildur, góðlátur og „seinn til reiði“ þótt honum hafi verið ögrað á marga vegu. — Sálmur 78:37-41.

<sup>21</sup> Líttu á sjálfstjórn Jehóva frá öðrum sjónarhóli. Segjum að þú hefðir ótakmarkað vald. Heldurðu að þú myndir

21. Hvers vegna neyðir Jehóva engan til að gera vilja sinn og hvað segir það okkur um hann?

stundum freistast til að láta aðra gera hlutina eftir þínu höfði? Jehóva er alvaldur en neyðir þó engan til að þjóna sér. Þó að eina leiðin til eilífa lífsins sé sú að þjóna Guði þvingar hann okkur ekki til þess heldur sýnir hverjum manni þá virðingu að leyfa honum að velja sjálfur. Hann varar við afleiðingum þess að velja óskynsamlega og lýsir laununum sem fylgja því að velja skynsamlega. En hann eftirlætur okkur sjálfum að velja. (5. Mósebók 30:19, 20) Jehóva hefur einfaldlega engan áhuga á að sér sé þjónað af nauðung eða sjúklegum ótta við ógurlegt vald sitt. Hann leitar þeirra sem þjóna honum fúslega og af kærleika. — 2. Korintubríf 9:7.

<sup>22</sup> Lítum á eina ástæðu enn fyrir því að við þurfum ekki að vera hrædd við alvaldan Guð. Voldugir menn eru oft smeykir við að deila völdum sínum með öðrum. En Jehóva hefur yndi af því að fela dyggum dýrkendum sínum ýmis völd. Hann felur öðrum, til dæmis syni sínum, umtalsvert vald. (Matteus 28:18) Og hann gefur þjónum sínum líka mátt með öðrum hætti eins og Biblían segir: „Þín, [Jehóva], er tignin, mátturinn og dýrðin, vegsemdin og hátignin, því að allt er þitt, á himni og jörðu. . . Máttur og megin er í hendi þinni, og á þínu valdi er það, að gjöra hvern sem vera skal mikinn og máttkan.“ — 1. Kroníkubók 29:11, 12.

<sup>23</sup> Jehóva hefur ánægju af því að gefa þér mátt og styrk. Meira að segja gefur hann þeim sem vilja þjóna honum „ofurmagn kraftarins“. (2. Korintubríf 4:7) Laðast þú ekki að þessum kraftmikla Guði sem beitir mætti sínum af slíkri gæsku og réttsýni? Í næsta kafla beinum við athyglinni að því hvernig Jehóva notar mátt sinn til að skapa.

22, 23. (a) Hvað sýnir að Jehóva hefur yndi af því að veita öðrum vald og mátt? (b) Hvað skoðum við í næsta kafla?



## Sköpunarmáttur – „hann sem skapað hefir himin og jörð“

HEFURÐU einhvern tíma ornað þér við bál á köldu síðkvöldi? Þú yljaðir þér á höndunum en gættir þess að halda þeim í hæfilegri fjarlægð frá logunum. Ef þú fórst of nærri eldinum varð hitinn óbærilegur en ef þú færðir þig of langt frá bálinu setti að þér hroll í kvöldkulinu.

<sup>2</sup> Það logar „bál“ á himni sem vermir okkur á daginn. Þetta „bál“ er í um það bil 150 milljóna kílómetra fjarlægð frá jörð.\* Það gefur augaleið að afl sólarinnar er ógurlegt fyrst við finnum fyrir varma hennar úr þessari fjarlægð. En jörðin gengur um þennan ógurlega kjarnaofn í nákvæmlega réttri fjarlægð. Væri hún of nærri myndi allt vatn á jörðinni gufa upp en væri hún of fjarri myndi allt gaddrjósa. Jörðin væri lífvana hvort heldur væri. Og sólarljósið er ekki bara nauðsynlegt lífinu heldur er það líka hreint og hagkvæmt, að ekki sé nú minnst á hve yndislegt það er. — Prédikarinn 11:7.

<sup>3</sup> En flestir líta á sólina sem sjálfsagðan hlut þó að líf þeirra sé undir henni komið. Þeir átta sig ekki á hvaða lærdóm má draga af sólinni. „Þú gjörðir ljós og sól,“ segir Biblían um Jehóva. (Sálmur 74:16) Já, sólin er Jehóva til heiðurs, honum „sem skapað hefir himin og jörð“. (Sálmur 19:2; 146:6) Hún er aðeins eitt af ótal himintunglum sem fræða okkur um feikilegan sköpunarmátt Jehóva.

---

\* Til glöggvunar má nefna að það tæki 170 ár að aka þessa vegalengd ef ekið væri stanslaust allan sólarhringinn á 100 kílómetra hraða miðað við klukkustund.

- 1, 2. Hvernig er sólin dæmi um sköpunarmátt Jehóva?
3. Um hvaða mikilvæg sannindi vitnar sólin?

### *Jehóva ,gerði ljós og sól'.*

Við skulum líta nánar á nokkur þeirra og síðan beinum við athygli okkar að jörðinni og lífinu á henni.

#### **„Hefjið upp augu yðar til hæða og litist um“**

<sup>4</sup> Sólin er stjarna eins og þú sjálfsagt veist. Hún virðist stærri en stjörnurnar sem við sjáum á dimmri nóttu af því að hún er býsna nálægt jörðinni í samanburði við þær. Hversu öflug er sólin? Hitinn í miðju hennar er um 15 milljónir gráða á Celsíus. Ef þú gætir tekið brot á stærð við tituprjónshaus úr miðju sólarinnar og komið því fyrir hér á jörðinni væri mönnum ekki vært innan 140 kílómetra frá þessum agnarsmáa hitagjafa. Á hverri sekúndu sendir sólin frá sér orku sem samsvarar því að sprengdar væru mörg hundruð milljónir kjarnasprengra.

<sup>5</sup> Sólin er svo stór að það kæmust fyrir meira en 1,3 milljónir hnatta á stærð við jörðina inni í henni. Er sólin þá óvenjustór af stjörnum að vera? Nei, stjörnufræð-

---

4, 5. Hve öflug og hve stór er sólin en hvernig er hún í samanburði við aðrar stjörnur?

ingar kalla hana gula dvergstjörnu. Páll postuli skrifaði að ‚stjarna beri af stjörnu í ljóma‘. (1. Korintubríf 15:41) Hann gat ómögulega vitað hve mikill sannleikur fólst í þessum innblásnu orðum. Það er til svo stór stjarna að hún myndi ná *út fyrir* braut jarðar ef hún væri staðsett þar sem sólin er. Önnur risastjarna myndi ná alla leið til Satúrnusar ef hún væri sett í stað sólarinnar — og Satúrnus er svo langt í burtu að geimfar var fjögur ár á leiðinni þangað og fór þó 40 sinnum hraðar en byssukúla úr öflugri skambyssu!

<sup>6</sup> Fjöldi stjarnanna er enn magnaðri en stærð þeirra. Biblían gefur raunar í skyn að stjörnurnar séu nánast óteljandi, þær verði ekki taldar frekar en sandkorn sjávarins.

6. Hvernig bendir Biblían á að stjörnumergðin sé ógurleg frá mannlegum bæjardryrum séð?

*„Hann . . . kallar þær allar með nafni.“*



(Jeremía 33:22) Þessi orð bera með sér að stjörnunarnar séu margfalt fleiri en hægt er að sjá með berum augum. Hefði biblíuritari eins og Jeremía reynt að telja stjörnunarnar á næturhimni hefði hann aðeins komist upp í um það bil þrjú þúsund. Það er sá fjöldi sem mannsaugað getur séð án sjónauka á heiðskírri nóttu. Þessi tala er kannski sambærileg við kornin í *einni lúku* af sandi. En í verunni er stjörnusægurinn feikilegur, líkt og sandkorn sjávarins.\* Hver getur talið slíka mergð?

<sup>7</sup> Jesaja 40:26 svarar: „Hefjið upp augu yðar til hæða og litist um: Hver hefir skapað stjörnunarnar? Hann, sem leiðir út her þeirra með tölu og kallar þær allar með nafni.“ Sálmur 147:4 segir: „Hann ákveður tölu stjarnanna.“ Hver er ‚tala stjarnanna‘? Þessari spurningu er ekki auðsvarað. Stjörnufræðingar áætla að í Vetrarbrautinni einni séu rösklega 100 milljarðar stjarna.<sup>#</sup> En Vetrarbrautin okkar er aðeins ein af mörgum og margar þeirra eru með enn fleiri stjörnum. Hve margar eru vetrarbrautirnar? Sumir stjörnufræðingar áætla að talan sé um 50 milljarðar. Aðrir hafa reiknað út að hún kunni að vera allt að 125 milljarðar. Maðurinn getur ekki einu sinni ákvarðað fjölda vetrarbrautanna, að ekki sé nú talað um nákvæma tölu alls þess aragrúa af stjörnum sem í þeim er. En Jehóva veit töluna og nefnir meira að segja hverja stjörnu með *nafni!*

---

\* Sumir halda að fornmenn á biblíutímanum hafi notað frumstæða sjónauka. Rökin eru þau að ella hefðu þeir ekki getað vitað að stjörnumergðin væri slík, óteljandi frá mannlegum sjónarhóli. En þetta eru tilhæfulausar vangaveltur sem gera ekki ráð fyrir Jehóva, höfundu Biblíunnar. — 2. Tímóteusarbréf 3:16.

<sup>#</sup> Hve lengi heldurðu að þú yrðir að *telja* 100 milljarða stjarna? Það tæki 3171 ár ef við gerum ráð fyrir að þú gætir talið eina nýja stjörnu á sekúndu og yrðir að allan sólarhringinn.

---

7. (a) Hve margar stjörnur eru taldar vera í Vetrarbrautinni? Lýstu tölunni með dæmi. (b) Hvað má ráða af fjölda vetrarbrautanna um sköpunarmátt Jehóva?

<sup>8</sup> Stærð vetrarbrautanna getur ekki annað en aukið lotningu okkar fyrir Guði. Vetrarbrautin okkar er talin vera 100.000 ljósár í þvermál. Hugsaðu þér ljósgeisla á ferð. Hraðinn er um 300.000 kílómetrar á sekúndu. Á þessum hraða tekur það ljósið 100.000 ár að ferðast þvert yfir Vetrarbrautina. Og sumar vetrarbrautir eru margfalt stærri en hún. Biblían segir að Jehóva „þenji himininn út“ eins og hann væri tjalddúkur. (Sálmur 104:2) Hann skipuleggur líka hvernig þessi sköpunarverk hreyfast. Hreyfingar minnstu rykagnar í geimnum og stærstu vetrarbrautar lúta eðlisfræðilögmálum sem Guð hefur upphugað og komið af stað. (Jobsbók 38:31-33) Vísindamenn hafa líkt nákvæmum hreyfingum himintunglanna við tilkomu mikla ballettsýningu. Hugsaðu þá til hans sem skapaði allt þetta. Þú hlýtur að standa agndofa frammi fyrir þeim Guði sem ræður yfir þessum ógurlega sköpunarmætti.

### **„Hann sem gjört hefir jörðina með krafti sínum“**

<sup>9</sup> Sköpunarmáttur Jehóva er greinilegur á heimili okkar, jörðinni. Hún er mjög vandlega staðsett í víðáttu geimsins. Sumir vísindamenn eru á því að margar vetrarbrautir myndu reynast fjandsamlegar hnetti eins og jörðinni og lífinu á henni. Stór hluti Vetrarbrautarinnar okkar er greinilega ekki gerður til að hýsa lifandi verur. Miðja hennar er hlaðin stjörnum. Þar er sterk geislun og oft liggur við að stjörnur rekist saman. Úti við jaðar Vetrarbrautarinnar vantar mörg þau frumefni sem eru nauðsynleg lífi. Sólkerfið okkar er eins vel staðsett og verið getur, mitt á milli þessa.

8. (a) Lýstu stærð Vetrarbrautarinnar. (b) Hvað notar Jehóva til að skipuleggja hreyfingar himintunglanna?

9, 10. Hvernig birtist máttur Jehóva í staðsetningu sólkerfisins, Júpíters, jarðarinnar og tunglsins?

<sup>10</sup> Jörðin nýtur góðs af fjarlægum en risastórum verndara. Þetta er reikistjarnan Júpíter. Hann er meira en þúsundfalt stærri en jörðin og aðdráttaraflíð er gífurlegt. Það hefur þau áhrif að Júpíter sagnar til sín loftsteina sem þjóta um geiminn eða sveigir þá af leið. Vísindamenn telja að væri Júpíter ekki til að dreifa myndi 10.000 sinnum fleiri stórum loftsteinum rigna yfir jörðina en raun ber vitni. Og jörðin á sér óvenjulegan fylgihnött — tunglið. Þessi góði granni er ekki aðeins fallett „næturljós“. Tunglið stillir líka af möndulhalla jarðar svo að hann helst stöðugur, og möndulhallinn veldur því að árstíðirnar eru reglubundnar og fyrirsjáanlegar sem er mikið lán fyrir lífið hér á jörð.

<sup>11</sup> Sköpunarmáttur Jehóva er augljós af allri gerð jarðarinnar. Lofthjúpurinn er til dæmis eins og skjöldur sem skýlir henni. Sólin sendir frá sér bæði góða geisla og lífshættulega. Þegar hinir lífshættulegu ná efstu lögum gufuhvolfsins breyta þeir venjulegu súrefni í óson, og þannig myndast ósonlag sem drekkur þessa geisla í sig að mestu leyti. Það má eiginlega segja að jörðin sé búin sinni eigin geislahlíf.

<sup>12</sup> Andrúmsloftið er flókin blanda lofttegunda sem mynda fullkominn hjúp um þær lífverur sem byggja jörðina. En þetta er aðeins einn eiginleiki af mörgum. Hringrás vatnsins er enn eitt undur andrúmsloftsins. Á ári hverju gufa um 400.000 rúmkílómetrar af vatni upp úr hafinu vegna áhrifa sólarinnar. Vatnsgufan þéttist og myndar ský sem berast vítt og breitt með loftstraumum. Síað og hreinsað vatn fellur síðan til jarðar sem regn og snjór og endurnýjar vatnsforðabúr hennar. Prédikarinn 1:7 orðar þetta þannig: „Allar ár renna í sjóinn, en sjór-

11. Hvernig er lofthjúpur jarðar hannaður til að skýla henni?

12. Hvernig er hringrás vatnsins merki um sköpunarmátt Jehóva?

inn verður aldrei fullur, þangað sem árnar renna, þangað halda þær ávallt áfram að renna.“ Enginn nema Jehóva gat sett slíka hringrás af stað.

<sup>13</sup> Hvar sem líf er að finna sjást merki um mátt skaparans. Hann birtist í strandrisafurunni sem gnæfir hærra en 30 hæða hús og hann birtist í smásæjum plöntum úthafanna sem mynda mestan hluta þess súrefnis sem við öndum að okkur. Jarðvegurinn undir fótum okkar er meira að segja troðfullur af lífverum — ornum, sveppum og örverum sem vinna saman í flóknu samspili og hjálpa plöntunum að vaxa.

<sup>14</sup> Ljóst er að Jehóva ‚hefur gert jörðina með krafti sínum‘. (Jeremía 10:12) Máttur hans sýnir sig jafnvel í því smæsta sem hann hefur skapað. Milljón atóm lögð hlið við hlið myndu ekki spanna hársbreidd. Og þó að atóm væri þanið út svo að það næði upp á þak á 14 hæða byggingu væri kjarninn ekki stærri en saltkorn á sjöundu hæð. En úr þessum agnarsmáa kjarna fæst engu að síður sú ógnarorka sem losnar úr læðingi í kjarnorkusprengingu.

### „Allt sem andardrátt hefir“

<sup>15</sup> Önnur ljóslifandi sönnun um sköpunarmátt Jehóva er fólgin í hinu auðuga dýralífi jarðar. Sálmur 148 telur upp fjöldamargt sem lofar Jehóva og nefnir ‚villidýrin og allan fénað‘ í 10. versinu. Jehóva talaði einu sinni til Jobs til að benda honum á af hverju maðurinn ætti að bera lotningu fyrir skapanum og nefndi þá dýr eins og ljónið, skógarasnann (sebrahestinn), vísundinn, nykurinn (flóðhestinn) og krókóðilinn. Á hvað var Jehóva að benda? Öttist

13. Hvaða merki sjáum við um mátt skaparans í gróðrinum og jarðveginum?

14. Hvílik orka er fólgin í örsmáu atóminu?

15. Hvað kenndi Jehóva Job með því að ræða um ýmis villidýr?

maðurinn þessi sterku, ógnvekjandi og ótemjandi villidýr, ætti hann þá ekki að óttast skapara þeirra? — Jobsbók 38.-41. kafli.

<sup>16</sup> Í Sálmum 148:10 er minnst á „fleyga fugla“. Fjölbreytnin er ótrúleg. Jehóva sagði Job frá strútum sem „hlær . . . að hestinum og þeim sem á honum situr“. Strúturinn, sem er tveir og hálfur metri á hæð, getur að vísu ekki flogið en hlaupandi nær hann 65 kílómetra hraða á klukkustund og stekkur þá fjóra og hálfan metra í einu skrefi. (Jobsbók 39:13, 18) Albatrosinn eyðir hins vegar mestum hluta ævinnar á flugi yfir sjó. Vænghafið er heilir þrír metrar og hann getur svifið klukkustundum saman án þess að blaka vængjunum. Til samanburðar má nefna humalbríann, smæsta fugl í heimi sem er ekki nema 5 sentímetra langur. Hann getur blakað vængjunum allt að 80 sinnum á sekúndu! Kólibrífuglarnir geta staðið kyrrir í loftinu og jafnvel flogið aftur á bak. Og þeir glitra eins og gimsteinar.

<sup>17</sup> Sálmur 148:7 segir jafnvel að „sjóskrímsl“ lofi Jehóva. Steypireyðurin er af mörgum talin stærsta dýr sem jörðin hefur fóstorað. Þetta stórhveli getur orðið 30 metrar á lengd eða meira. Það getur vegið álíka mikið og 30 fullvaxnir fílar. Tungan vegur á við heilan fíl. Hjartað er á stærð við smábíl. Þetta stóra hjarta slær aðeins 9 slög á mínútu. Til samanburðar getur hjarta kólibrífuglsins slegið um 1200 slög á mínútu. Að minnsta kosti ein æð steypireyðarinnar er svo víð að barn gæti skriðið inni í henni. Við getum ekki annað en endurómað hvatninguna sem Sálmunum lýkur með: „Allt sem andardrátt hefir lofi [Jehóva]!“ — Sálmur 150:6.

16. Hvað finnst þér hrifandi við suma af fuglunum sem Jehóva hefur skapað?

17. Hve stór er steypireyðurin og hver ætti að vera niðurstaða okkar eftir að hafa virt fyrir okkur dýrin sem Jehóva skapaði?



### Til íhugunar

**Sálmur 8:4-10** Hvernig getur sköpunarverk Jehóva kennt okkur auðmýkt?

**Sálmur 19:2-7** Til hvers getur sköpunarmáttur Jehóva hvatt okkur og hvers vegna?

**Matteus 6:25-34** Hvernig getum við barist gegn áhyggjum með því að hugleiða sköpunarmátt Jehóva og hvernig getur það hjálpað okkur að hafa réttar áherslur í lífinu?

**Postulasagan 17:22-31** Hvernig sýnir sköpunarmáttur Jehóva að hann sé ekki fjarri okkur og það sé rangt að dýrka skurðgoð?

### Drögum lærdóm af sköpunarmætti Jehóva

<sup>18</sup> Hvað lærum við af því hvernig Jehóva hefur beitt sköpunarmætti sínum? Við erum djúpt snortin af fjölbreytileika sköpunarverksins. Sálmaritari söng: „Hversu mörg eru verk þín, [Jehóva], . . . jörðin er full af því, er þú hefir skapað.“ (Sálmur 104:24) Þetta eru orð að sonnu. Líffræðingar hafa náð að greina rúmlega milljón tegundir lífvera á jörðinni en telja þær miklu fleiri. Sumir segja 10 milljónir en aðrir 30 milljónir eða fleiri. Listamönnum finnst sköpunargáfan stundum bregðast. En sköpunargáfa Jehóva, kraftur hans til að skapa nýja og ólíka hluti, er greinilega óþrjótandi.

<sup>19</sup> Við lærum sitthvað um drottinvald Jehóva af því hvernig hann beitir sköpunarmætti sínum. Orðið „skapari“ eitt og sér aðgreinir hann frá öllu öðru í alheiminum sem allt saman er „sköpun“. Jafnvel þó að eingetinn sonur Jehóva hafi verið verkstjóri meðan á sköpuninni stóð er hann aldrei kallaður skapari eða aðstoðarskapari í Biblíunni. (Orðskviðirnir 8:30; Matteus 19:4) Hann er hins vegar „frumburður allrar sköpunar“. (Kólossubréfið 1:15)

18, 19. Hversu fjölbreyttar eru lífverurnar sem Jehóva hefur skapað hér á jörð og hvað lærum við um drottinvald hans af sköpunarverkinu?

Þar sem Jehóva er skaparinn hefur hann eðli málsins samkvæmt rétt til að fara með óskorað alræðisvald yfir öllum alheiminum. — Rómverjabréfið 1:20; Opinberunarbókin 4:11.

<sup>20</sup> Er Jehóva hættur að beita sköpunarmætti sínum? Biblían segir vissulega að hann hafi „hvílst hinn sjöunda dag af öllu verki sínu er hann hafði gjört“, eftir að hann lauk sköpunarstarfinu á sjötta degi. (1. Mósebók 2:2) Páll postuli gaf í skyn að þessi sjöundi „dagur“ spanni þúsundir ára því að hann stóð enn á dögum Páls. (Hebreaþréfið 4:3-6) En þýðir þetta að Jehóva hafi tekið sér algera hvíld frá störfum? Nei, hann er sístarfandi. (Jóhannes 5:17) „Hvíldin“ hlýtur þá að vera fólgin í því að hann hafi tekið sér hlé frá jarðnesku sköpunarstarfi. Hann hefur hins vegar haldið áfram að vinna að fyrirætlunum sínum. Til dæmis innblés hann mönnum að skrifa Heilaga ritningu. Hann hefur jafnvel skapað suma einstaklinga á ný. Nánar er fjallað um það í 19. kafla. — 2. Korintubréf 5:17.

<sup>21</sup> Þegar hvíldardegi Jehóva lýkur getur hann lýst allt verk sitt á jörðinni „harla gott“, rétt eins og hann gerði við lok sköpunardaganna sex. (1. Mósebók 1:31) Það á eftir að koma í ljós hvernig hann ákveður að beita takmarkalausum sköpunarmætti sínum eftir það. Við getum að minnsta kosti treyst að við munum halda áfram að hrífast af sköpunarmætti hans, hvernig sem hann beitir honum. Sköpunarverkið mun halda áfram að fræða okkur um hann um alla eilífð. (Prédikarinn 3:11) Og því meira sem við lærum um skaparann þeim mun djúpstæðari verður lotning okkar fyrir honum — og þeim mun sterkara verður sambandið við hann.

20. Í hvaða skilningi hefur Jehóva hvílst síðan hann lauk jarðneskri sköpun sinni?

21. Hvaða áhrif mun sköpunarmáttur Jehóva hafa á trúfasta menn um alla eilífð?

## Eyðingarmáttur — Jehóva er „stríðshetja“

ÍSRAELSMENN voru í sjálfheldu, innikróaðir milli sjávar og ókleifra kletta. Egypski herinn var á hælum þeirra, miskunnarlaus drápsvél staðráðin í að tortíma þeim.\* En Móse hvatti þá til að örvænta ekki og fullvissaði þá um að Jehóva myndi berjast fyrir þá. — 2. Mósebók 14:14.

<sup>2</sup> En þrátt fyrir það hrópaði Móse til Jehóva og Jehóva svaraði: „Hví hrópar þú til mín? . . . Lyft þú upp staf þínum og rétt út hönd þína yfir hafið og kljúf það.“ (2. Mósebók 14:15, 16) Reyndu að sjá þetta fyrir þér. Jehóva gefur engli sínum skipun þegar í stað og skýstólpinn færir aftur fyrir Ísraelsmenn þar sem hann breiðir ef til vill úr sér eins og veggur og lokar árásarleiðinni fyrir Egyptum. (2. Mósebók 14:19, 20; Sálmur 105:39) Móse réttir út höndina. Hvass vindur klýfur hafið og sjórinn stirðnar einhvern veginn og stendur eins og veggur til beggja handa en á milli er nógu breið geil til að öll þjóðin komist yfir um. — 2. Mósebók 14:21; 15:8.

<sup>3</sup> Andspænis þessum mikla mætti hefði faraó átt að skipa herliði sínu að snúa heim. En hann sýnir þann hroka að fyrirskipa árás. (2. Mósebók 14:23) Egyptar þeysast út á hafsbotninn en árásin fer fljótlega í handaskolum þegar stríðsvagnarnir byrja að ganga af hjólunum. Þegar Ísraelsmenn eru komnir heilu og höldnu yfir á ströndina

---

\* Jósefus, sagnaritari Gyðinga, segir að „600 stríðsvagnar ásamt 50.000 riddurum og allt að 200.000 manna fótgönguliði“ hafi veitt Hebreunum eftirför. — *Jewish Antiquities* II., 324 [xv, 3].

---

1-3. (a) Hvernig ógna Egyptar Ísraelsmönnum? (b) Hvernig barðist Jehóva fyrir fólk sitt?



hinum megin skipar Jehóva Móse: „Rétt út hönd þína yfir hafið, og skulu þá vötnin aftur falla yfir Egypta, yfir vagna þeirra og riddara.“ Sjávarveggirnir steypast yfir faraó og herlið hans og tortíma þeim öllum. — 2. Mósebók 14:24-28; Sálmur 136:15.

<sup>4</sup> Frelsun Ísraelsmanna við Rauðahafið var stórviðburður í samskiptum Guðs við mannkynið. Þarna sýndi Jehóva að hann væri „stríðshetja“. (2. Mósebók 15:3) En hvað finnst þér um þessa mynd sem hér er dregin upp af Jehóva? Við verðum að viðurkenna að stríð hafa valdið mannkyni ómældum þjáningum og hörmungum. Getur hugsast að eyðingarmáttur Guðs letji þig frekar en hvetji til þess að nálægja þig honum?

### Stríð Guðs og styrjaldir manna

<sup>5</sup> Samkvæmt frummálum Biblíunnar er Guði gefinn titillinn „Jehóva hersveitanna“ næstum þrjú hundruð sinnum í Hebresku ritningunum og tvisvar í kristnu Grísku ritningunum. (1. Samúelsbók 1:11, NW) Sem stjórnandi alheims ræður Jehóva yfir gríðarmiklum englaher. (Jósúabók 5:13-15; 1. Konungabók 22:19) Þessi englaher býr yfir ógurlegum eyðingarmætti. (Jesaja 37:36) Það er ekki skemmtileg tilhugsun að mönnum sé tortímt. En við verðum að hafa hugfast að stríð Guðs eru ólík lítilfjörlegum styrjöldum manna. Herföngjar og stjórnmálaleiðtogar reyna gjarnan að klæða yfirgang sinn í göfugan búning. En stríðsátök manna stjórna næstum alltaf af ágirnd og eigingirni.

4. (a) Hvað reyndist Jehóva vera við Rauðahafið? (b) Hvernig gætu sumir brugðist við þessari lýsingu á Jehóva?

5, 6. (a) Hvers vegna er við hæfi að Guð skuli kallaður „Jehóva hersveitanna“? (b) Hvaða munur er á styrjöldum Guðs og manna?

***Jehóva var „stríðshetja“ við Rauðahafið.***

<sup>6</sup> Jehóva lætur hins vegar ekki stjórnast af blindri tilfinningasemi. Í 5. Mósebók 32:4 segir: „Þjargið — fullkomin eru verk hans, því að allir vegir hans eru réttlæti. Trúfastur Guð og tállaus, réttlátur og réttvís er hann.“ Orð Guðs fordæmir taumlausa reiði, grimmd og ofbeldi. (1. Mósebók 49:7; Sálmur 11:5) Jehóva lætur því aldrei til sín taka að ástæðulausu. Hann notar eyðingarmátt sinn sparlega og sem neyðarúrræði, enda sagði hann fyrir munn spámannsins Esekíels: „Ætli ég hafi þóknun á dauða hins óguðlega — segir [Jehóva] Guð — og ekki miklu fremur á því, að hann hverfi frá sinni illu breytni og haldi lífi?“ — Esekíel 18:23.

<sup>7</sup> Hvers vegna beitir Guð þá eyðingarmætti sínum? Áður en við svörum því skulum við minnast hins réttláta Jobs. Satan fullyrti að hvorki Job né nokkur annar maður sýndi Guði hollustu ef á reyndi. Jehóva svaraði þessum dylgjum með því að leyfa Satan að reyna trúfesti Jobs, og afleiðingin varð sú að Job missti börn sín, heilsuna og auðæfin. (Jobsbók 1:1–2:8) Hann vissi ekki af deilumálinu sem bjó að baki og ályktaði ranglega að þjáningar sínar stöfuðu af óréttmætri refsingu af hendi Guðs. Hann spurði Guð hvers vegna hann hefði gert hann að „skotspæni“ sínum og „óvini“. — Jobsbók 7:20; 13:24.

<sup>8</sup> Ungur maður er Elfhú hét benti Job á rökvillu hans og spurði: „Telurðu vera rétt að segja: ‚Ég hef rétt fyrir mér, ekki Guð?‘“ (Jobsbók 35:2, *Bíblíurit*, ný þýðing 2001) Já, það er óviturlegt að halda að við vitum betur en Guð eða ganga út frá því að hann hafi verið ósanngjarn. „Fjarri fer því, að Guð aðhafist illt og hinn Almáttki fremji ranglæti,“ sagði Elfhú. Nokkru seinna sagði hann: „Vér náum

7, 8. (a) Hvað ályktaði Job ranglega um þjáningar sínar? (b) Hvernig leiðrétti Elfhú Job í þessu máli? (c) Hvaða lærdóm getum við dregið af reynslu Jobs?

eigi til hins Almáttka, til hans, sem er mikill að mætti. En réttinn og hið fulla réttlæti vanrækir hann ekki.“ (Jobsbók 34:10; 36:22, 23; 37:23) Við getum verið örugg um að Guð hafi fullgilda ástæðu til að berjast þegar hann gerir það. Með það í huga skulum við kanna nokkrar af ástæðunum fyrir því að Guð friðarins bregður sér stundum í gervi hermansins. – 1. Korintubríf 14:33.

### Hvers vegna er Guð friðarins tilneyddur til að berjast?

<sup>9</sup> Eftir að hafa lofað Guð sem ‚stríðshetju‘ sagði Móse: „Hver er sem þú, [Jehóva], meðal guðanna? Hver er sem þú, dýrlegur að heilagleik?“ (2. Mósebók 15:11) Habakkuk spámaður tók í sama streng: „Augu þín eru of hrein til þess að líta hið illa, og þú getur ekki horft upp á rangsleitni.“ (Habakkuk 1:13) Þó að Jehóva sé Guð kærleikans er hann líka Guð heilagleikans og réttlætisins. Stundum er hann tilneyddur til að beita eyðingarmætti sínum af því að hann er heilagur og réttlátur. (Jesaja 59:15-19; Lúkas 18:7) Guð spillir því ekki heilagleika sínum þegar hann berst heldur berst hann *af því að* hann er heilagur. – 2. Mósebók 39:30, NW.

<sup>10</sup> Lítum á stöðuna sem kom upp eftir að fyrstu hjónin, Adam og Eva, gerðu uppreisn gegn Guði. (1. Mósebók 3: 1-6) Ef hann hefði umborið ranglæti þeirra hefði hann grafið undan stöðu sjálfs sín sem alheimsdrottinn. Sem réttlátum Guði var honum skylt að dæma þau til dauða. (Rómverjabréfið 6:23) Í fyrsta spádómi Biblíunnar spáði hann fjandskap milli þjóna sinna og fylgjenda

9. Af hverju berst Guð friðarins?

10. (a) Hvenær og hvernig kom það til að Jehóva þurfti að heyja stríð? (b) Hver var eina leiðin til að binda enda á fjandskapinn sem spáð var í 1. Mósebók 3:15, og hvernig yrði það réttlátum mönnum til heilla?

„höggormsins“ Satans. (Opinberunarbókin 12:9; 1. Mósebók 3:15) Þessum fjandskap myndi ekki linna fyrr en Satan yrði tortímt. (Rómverjabréfið 16:20) Þessi dómur verður réttlátum mönnum til mikillar blessunar því að þá linnir áhrifum Satans á jörðinni og hægt verður að breyta henni í paradís. (Matteus 19:28) Þangað til myndi fólki Guðs stafa andleg og líkamleg hættu af þeim sem fylgdu Satan að málum og af og til þyrfti Guð að skerast í leikinn.

### Guð upprætir illsku

<sup>11</sup> Nóaflóðið er dæmi um slíka íhlutun Guðs. „Jörðin var spillt í auglýsni Guðs, og jörðin fylltist glæpaverkum. Og Guð leit á jörðina, og sjá, hún var spillt orðin, því að allt hold hafði spillt vegum sínum á jörðinni,“ segir 1. Mósebók 6:11, 12. Ætlaði Guð að leyfa hinum óguðlegu að kæfa það litla siðgæði sem eftir var á jörðinni? Nei, Jehóva fannst sér skylt að valda flóði um heim allan til að losa jörðina við þetta siðlausu og ofbeldisfulla fólk.

<sup>12</sup> Svipað er að segja um dóm Guðs yfir Kanaanítum. Jehóva upplýsti að allar ættkvíslir jarðar skyldu hljóta blessun af „sæði“ eða „afkvæmi“ Abrahams. Í samræmi við þessa fyrirætlun ákvað Guð að gefa niðjum Abrahams Kanaanland þar sem svonefndir Amorítar bjuggu. Hvernig var réttlætunlegt af Guði að reka þessa þjóð úr landi hennar? Hann boðaði að brottreksturinn kæmi ekki til framkvæmda næstu 400 árin eða svo, ekki fyrr en Amorítar hefðu „fyllt mæli synda sinna“.\* (1. Mósebók 12:1-3; 13:14, 15; 15:13, 16; 22:18) Á þessu tímabili sukku Amor-

\* Ljóst er að heitið „Amorítar“ er í þessu samhengi notað um Kanaaníta í heild. — 5. Mósebók 1:6-8, 19-21, 27; Jósúabók 24:15, 18.

11. Af hverju fannst Guði sér skylt að valda flóði um alla jörð?

12. (a) Hverju spáði Jehóva um „afkvæmi“ Abrahams? (b) Hvers vegna átti að uppræta Kanaaníta úr landi þeirra?



ítar æ dýpra í siðspillingu. Kanaanland varð bæli skurðgoðadýrkunar, blóðsúthellinga og niðurlægjandi kynlífsathafna. (2. Mósebók 23:24; 34:12, 13; 4. Mósebók 33:52) Landsmenn drápu jafnvel börn sín í eldi til fórnar guðunum. Gat heilagur Guð gert fólk sitt berskjaldað fyrir illsku sem þessari? Nei, hann sagði: „Landið saurgaðist, og fyrir því vitjaði ég misgjörðar þess á því, og landið spjó íbúum sínum.“ (3. Mósebók 18:21-25) En Jehóva tortímði ekki öllum sem einum því að réttssinnuðum Kanaanítum var þyrmt, þeirra á meðal Rahab og Gíbeonítum. — Jósúabók 6:25; 9:3-27.

### Guð berst vegna nafns síns

<sup>13</sup> Jehóva er heilagur svo að nafn hans er líka heilagt. (3. Mósebók 22:32) Jesús kenndi lærisveinunum að biðja: „Helgist þitt nafn.“ (Matteus 6:9) Uppreisnin í Eden vanhelgaði nafn Guðs og kastaði rýrð á orðstír hans og stjórnarhætti. Jehóva gat ekki látið slíkan róg og slíka uppreisn viðgangast. Honum var skylt að hreinsa nafn sitt af öllu ámæli. — Jesaja 48:11.

<sup>14</sup> Snúum okkur aftur að Ísraelsmönnum. Guð hafði lofað Abraham að allar ættkvíslir jarðar skyldu hljóta blessun af afkvæmi hans. Svo lengi sem Ísraelsmenn voru þrælar í Egyptalandi virtist þetta loforð vera orðin tóm. En með því að frelsa þá úr ánauðinni og gera þá að þjóð hreinsaði Jehóva nafn sitt af ámæli. Daníel spámaður gat því sagt í bæn til Guðs: „[Jehóva] Guð vor, þú . . . útleiddir lýð þinn af Egyptalandi með sterkri hendi og afrekaðir þér mikið nafn.“ — Daníel 9:15.

<sup>15</sup> Það er athyglisvert að Daníel skyldi biðja þessarar bænar þegar Gyðingar þörfnuðust þess að Jehóva léti til sín

13, 14. (a) Hvers vegna var Jehóva skylt að helga nafn sitt? (b) Hvernig hreinsaði Jehóva nafn sitt af ámæli?

15. Hvers vegna leysti Jehóva Gyðingana úr ánauð í Babylon?

taka á ný vegna nafns síns. Gyðingar höfðu verið óhlýðnir og voru aftur í ánaud, nú í Babýlon. Höfuðborg þeirra, Jerúsalem, var í rústum. Daníel vissi að það yrði nafni Jehóva til lofs ef Gyðingar fengju að snúa aftur til síns heima. Því bað hann: „[Jehóva], fyrirgef! [Jehóva], hygg að og framkvæm! Tef eigi, fyrir sjálfs þín sakir, Guð minn, því að eftir þínu nafni er borg þín nefnd og lýður þinn!“ — Daníel 9:18, 19.

### Guð berst fyrir þjóð sína

<sup>16</sup> Er áhugi Jehóva á að réttlæta nafn sitt merki þess að hann sé kaldur og sjálfselskur? Nei, því að hann verndar fólk sitt með því að berjast í samræmi við heilagleika sinn og réttlætisást. Í 14. kafla 1. Mósebókar lesum við um innrás fjögurra konunga sem rændu Lot, bróðursyni Abrahams, ásamt fjölskyldu. Með hjálp Guðs vann Abraham stórsigur á margfalt öflugra liði. Frásagan af þessum sigri er líklega það fyrsta sem skráð var í ‚bókina um bardaga Jehóva‘, en líklegt er að bókin sú hafi líka geymt frásögur af hernaði sem ekki er greint frá í Biblíunni. (4. Mósebók 21:14) Margir fleiri sigrar áttu eftir að fylgja í kjölfarið.

<sup>17</sup> Skömmu áður en Ísraelsmenn héldu inn í Kanaanland sagði Móse þeim: „[Jehóva] Guð yðar, sem fyrir yður fer, mun berjast fyrir yður, eins og hann hjálpaði yður bersýnilega í Egyptalandi.“ (5. Mósebók 1:30; 20:1) Jehóva barðist sannarlega fyrir þjóð sína. Á dögum Jósúa, eftirmanns Móse, á dómaratímanum og í stjórnartíð trúfastra konunga í Júda veitti hann þjóð sinni marga stórbrotna sigra á óvinum hennar. — Jósúabók 10:1-14; Dómarabókin 4:12-17; 2. Samúelsbók 5:17-21.

16. Útskýrðu hvers vegna áhugi Jehóva á að réttlæta nafn sitt þýðir ekki að hann sé kaldur og sjálfselskur.

17. Hvað sýnir að Jehóva barðist fyrir Ísraelsmenn eftir að þeir gengu inn í Kanaanland? Nefndu dæmi.

### Til íhugunar

**2. Konungabók 6:8-17** Hvernig getur það verið uppörvandi á háskatímum að hugsa um Guð sem „Jehóva hersveitanna“?

**Esekíel 33:10-20** Hvaða tækifæri gefur Jehóva þeim sem brjóta lög hans, áður en hann beitir eyðingarmætti sínum gegn þeim?

**2. Þessaloníkubréf 1:6-10** Hvernig verður það léttir fyrir trúa þjóna Guðs þegar illum mönnum verður eytt?

**2. Pétursbréf 2:4-13** Af hvaða hvötum beitir Jehóva eyðingarmætti sínum og hvað getur allt mannkyn lært af því?

<sup>18</sup> Jehóva hefur ekki breyst og sú fyrirætlun hans að gera jörðina að friðsælli paradís stendur óhögguð. (1. Mósebók 1:27, 28) Hann hatar illa breytni enn sem fyrr. Og honum þykir innilega vænt um fólk sitt og lætur bráðlega til sín taka í þágu þess. (Sálmur 11:7) Í náinni framtíð megum við búast við afdrifaríkum og ofsafengnum þáttaskilum í sögu fjandskaparins sem lýst er í 1. Mósebók 3:15. Jehóva ætlar að verða „stríðshetja“ enn á ný til að helga nafn sitt og vernda fólk sitt. — Sakaríá 14:3; Opinberunarbókin 16:14, 16.

<sup>19</sup> Tökum dæmi: Segjum að óargadýr hafi ráðist að fjölskyldu manns og hann hafi hlaupið til og drepið villidýrið. Varla myndu aðfarir hans vekja hrylling hjá konu hans og börnum. Þau yrðu eflaust snortin af ást hans og ósérhlífni. Okkur ætti ekki heldur að finnast það fráhrindandi að Guð skuli beita eyðingarmætti sínum. Okkur ætti að

18. (a) Hvers vegna getum við verið Jehóva þakklát fyrir að hann skuli ekki hafa breyst? (b) Hvað gerist þegar fjandskapurinn, sem lýst er í 1. Mósebók 3:15, nær hámarki?

19. (a) Lýstu með dæmi hvernig eyðingarmáttur Guðs getur laðað okkur að honum. (b) Hvaða áhrif ætti það að hafa á okkur að Guð skuli vera fús til að berjast?

þykja enn vænna um hann fyrir það að hann skuli vera fús til að berjast og vernda okkur. Og virðing okkar fyrir takmarkalausum mætti hans ætti að vaxa. Þannig getum við „þjónað Guði, svo sem honum þóknast, með lotningu og ótta“. — Hebreabréfið 12:28.

### Nálægðu þig „stríðshetjuni“

<sup>20</sup> Biblían útskýrir ekki alltaf í þaula ákvarðanir Jehóva um bardaga sína. Um eitt getum við þó verið viss: Jehóva er aldrei ranglátur eða grimmur þegar hann beitir eyðingarmætti sínum og hann gerir það aldrei án tilefnis. Oft sjáum við málið í réttu ljósi ef við kynnum okkur samhengi atburðarins sem Biblían segir frá eða skoðum bakgrunninn. (Orðskviðirnir 18:13) Jafnvel þegar við þekkjum ekki alla málavexti getum við eytt hugsanlegum efasemdum með því að lesa okkur meira til um Jehóva og hugleiða hina yndislegu eiginleika hans. Ef við gerum þetta uppgötvum við að við höfum fulla ástæðu til að treysta Jehóva Guði okkar. — Jobsbók 34:12.

<sup>21</sup> Þó að Jehóva sé „stríðshetja“ þegar aðstæður útheimta það má ekki skilja það svo að hann sé herskár innst inni. Í sýn Esekíels um himneska stríðsvagninn er Jehóva lýst þannig að hann sé reiðubúinn að berjast við óvini sína. Samt sem áður sá Esekíel regnboga umhverfis Guð og regnboginn er friðartákn. (1. Mósebók 9:13; Esekíel 1:28; Opinberunarbókin 4:3) Ljóst er að Jehóva er rór og friðsamur. „Guð er kærleikur,“ skrifaði Jóhannes postuli. (1. Jóhannesarbréf 4:8) Allir eiginleikar hans eru í fullkomnu jafnvægi. Það er mikill heiður að fá að nálgast þennan máttuga en kærleiksríka Guð.

20. Hvað ættum við að gera og hvers vegna þegar við lesum um bardaga Guðs en skiljum ekki alla málavexti?

21. Hvernig er Jehóva innst inni þó að hann sé stundum „stríðshetja“?

## Verndarmáttur — „Guð er oss hæli“

ÍSRAELSMENN héldu yfir á Sínaískaga snemma árs 1513 f.o.t. Fram undan var hættulegt ferðalag um „eyðimörkina miklu og hræðilegu, þar sem voru eitraðir höggormar og sporðdrekar“. (5. Mósebók 8:15) Jafnframt áttu Ísraelsmenn á hættu að verða fyrir árásum óvinapjóða. Það var Jehóva Guð þeirra sem hafði leitt þá á þennan stað. En var hann fær um að vernda þá?

<sup>2</sup> Orð Jehóva voru einkar hughreystandi: „Þér hafið sjálfir séð, hvað ég hefi gjört Egyptum, og hversu ég hefi borið yður á arnarvængjum og flutt yður til mín.“ (2. Mósebók 19:4) Hann minnti þjóna sína á að hann hefði frelsað þá undan oki Egypta, rétt eins og hann hefði flutt þá á arnarvængjum í öruggt skjól. En það eru fleiri ástæður fyrir því að það er rétt að líkja vernd Guðs við ‚arnarvængi‘.

<sup>3</sup> Örninn notar ekki aðeins sterka og breiða vængina til að svífa um loftin blá. Á heitasta tíma dagsins skýlir assan viðkvæmum hreiðurungunum fyrir brennheitri sólinni með útbreiddum vængjum — og vænghafið getur verið meira en tveir metrar. Í kulda og næðingi vefur hún vængjunum utan um ungana til að halda á þeim hita. Jehóva hafði skýlt Ísraelsmönnum og verndað þá líkt og örninn gætir unga sinna. Hann ætlaði að skýla þjóðinni í skugga vængja sinna úti í eyðimörkinni meðan hún sýndi honum tryggð. (5. Mósebók 32:9-11; Sálmur 36:8) En getum við vænst verndar Guðs nú á tímum?

1, 2. Í hvaða hættu voru Ísraelsmenn á Sínaískaga árið 1513 f.o.t. og hvernig hughreysti Jehóva þá?

3. Hvers vegna eru ‚arnarvængir‘ viðeigandi til að lýsa vernd Guðs?

## Loforðið um vernd Guðs

<sup>4</sup> Jehóva er vissulega fær um að vernda þjóna sína. Hann er „Almáttugur Guð“ sem minnir á að ekkert getur staðið gegn afli hans. (1. Mósebók 17:1) Máttur Jehóva er óstöðvandi eins og sjávarföllin. Hann getur gert allt sem vilji hans stendur til þannig að við getum spurt: Vill hann beita mætti sínum til að vernda þjóna sína?

<sup>5</sup> Svárið er já. Jehóva fullvissar okkur um að hann ætli að vernda þjóna sína. „Guð er oss hæli og styrkur, örugg hjálp í nauðum,“ segir í Sálmí 46:2. Þar sem Guð ‚lýgur ekki‘ getum við treyst fullkomlega á loforð hans um að vernda okkur. (Títusarbréfið 1:2) Lítum á nokkur dæmi um það myndmál sem Jehóva notar til að lýsa ástríkrri vernd sinni.

<sup>6</sup> Jehóva er hirðir og við erum „lýður hans og gæsluhjörð“. (Sálmur 23:1; 100:3) Fá dýr eru eins hjálparvana og sauðkindin. Fjárhirðir á biblíutímanum þurfti að vera hugaður til að vernda sauði sína fyrir ljónum, úlfum, bjarndýrum og þjófum. (1. Samúelsbók 17:34, 35; Jóhannes 10:12, 13) En stundum þurfti milda hönd. Þegar ær bar fjarri sauðabyrginu gætti hirðirinn móðurinnar meðan hún var bjargarlaus og tók síðan varnarlaust lambið í fang sér og bar það inn í byrgið.

<sup>7</sup> Með því að líkja sér við fjárhirði fullvissar Jehóva okkur um að honum sé mikið í mun að vernda okkur. (Esekíel 34:11-16) Þú manst hvernig Jehóva er lýst í Jesaja 40:11 og rætt var um í 2. kafla þessarar bókar. Þar segir:

4, 5. Hvers vegna getum við treyst fullkomlega loforði Guðs um að vernda okkur?

6, 7. (a) Hvernig verndaði fjárhirðir sauði sína á biblíutímanum? (b) Hvernig lýsir Biblían einlægri löngun Jehóva til að vernda sauði sína og annast þá?

*„Hann mun bera þau í fangi sínu.“*



„Eins og hirðir mun hann halda hjörð sinni til haga, taka unglömbin í faðm sér og bera þau í fangi sínu.“ Hvernig kemst lítið lamb í „faðm“ hirðisins eða fellingarnar í yfirhöfn hans? Lambið kemur kannski til hans og nuddar sér jafnvel utan í fótlegg hans. En það er hirðirinn sem þarf að beygja sig, taka lambið upp og koma því varlega fyrir í öruggum faðmi sínum. Þetta er falleg mynd sem lýsir því vel hve fús hinn mikli hirðir er til að skýla okkur og vernda.

<sup>8</sup> Loforð Guðs um að vernda sauðina er skilyrt — það nær aðeins til þeirra sem nálægja sig honum. Orðskviðirinnir 18:10 segja: „Nafn [Jehóva] er sterkur turn, þangað hleypur hinn réttláti og er þar óhultur.“ Á biblíutímanum voru stundum reistir turnar úti í óbyggðum þar sem hægt var að leita haelis. En sá sem var í hættu staddur þurfti sjálfur að flýja upp í turninn til að komast í öruggt skjól. Að leita athvarfs í nafni Guðs er hliðstætt. Það er ekki nóg að nefna nafn Guðs hvað eftir annað því að nafn hans er í sjálfu sér ekkert töfraorð. Við þurfum að þekkja þann sem ber nafnið, treysta honum og lifa í samræmi við réttlátar lífsreglur hans. Jehóva lofar sem sagt að vera eins og turn þar sem við getum fundið skjól ef við leitum til hans í trú. Þetta er sérlega gæskuríkt af honum.

### **,Guð okkar getur frelsað okkur‘**

<sup>9</sup> Jehóva lætur sér ekki nægja að *lofa* þjónum sínum vernd. Forðum daga sýndi hann líka með yfirnáttúrulegum hætti að hann er fær um að vernda þá. Oft hélt hann öflugum óvinum Ísraelsmanna í skefjum með völdugri ‚hendi‘ sinni. (2. Mósebók 7:4) En Jehóva notaði líka verndarmátt sinn í þágu einstaklinga.

8. (a) Hverjum lofar Guð vernd sinni og hvernig má ráða það af Orðskviðunum 18:10? (b) Hvað er fólgið í því að finna öruggt athvarf í nafni Guðs?

9. Hvað hefur Jehóva gert meira en að lofa vernd?



<sup>10</sup> Þrír ungir Hebrear — þeir Sadrak, Mesak og Abed-Negó — neita að hneigja sig fyrir gulllíkneski Nebúkadnesars konungs en hann er völdugasti einvaldur jarðar á þeim tíma. Konungur er hamstola af reiði og hótar að kasta þeim í ofurheitan eldsofn. „Hver er sá guð, er yður megi frelsa úr mínum höndum?“ spyr hann háðslega. (Daníel 3:15) Ungu mennirnir þrír treysta fullkomlega að Guð sé nógu máttugur til að vernda þá en ganga ekki að því sem gefnu að hann geri það. Þeir svara þess vegna: „Vilji Guð okkar, sá sem við dýrkum, frelsa okkur getur hann frelsað okkur.“ (Daníel 3:17, *Bíblíurit*, ný þýðing 1997) Hinn almáttugi Guð, sem þeir tilbiðja, ræður líka fullkomlega við eldsofninn þótt hann sé kyntur sjöfalt heitar en venja er. Hann verndar þá líka og konungur neyðist til að viðurkenna: „Enginn annar guð er til, sem eins getur frelsað og hann.“ — Daníel 3:29.

<sup>11</sup> Jehóva sýndi líka verndarmátt sinn með undraverðum hætti þegar hann flutti líf eingetins sonar síns í móðurlíf meyjarinnar Maríu. Engill sagði henni að hún myndi „þunguð verða og son ala“ og útskýrði hvernig það myndi eiga sér stað: „Heilagur andi mun koma yfir þig og kraftur hins hæsta mun yfirskyggja þig.“ (Lúkas 1:31, 35) Ætla má að sonur Guðs hafi aldrei verið svona berskjaldaður áður. Myndi synd og ófullkomleiki hinnar mennsku móður setja mark sitt á fóstrið? Myndi Satan geta skaðað þennan son eða drepíð hann fyrir fæðingu? Óhugsandi! Jehóva myndaði eins konar verndarmúr kringum Maríu þannig að ekkert — hvorki ófullkomleiki, skaðleg öfl, maður í drápshug eða illur andi — gæti skaðað hið vaxandi fóstur frá getnaði til fæðingar. Jehóva verndaði Jesú áfram í uppvextinum. (Matteus 2:1-15) Enginn gat gert syni Guðs mein fyrir tímann.

---

10, 11. Hvaða dæmi í Bíblíunni sýna að Jehóva notar mátt sinn til að vernda einstaklinga?

<sup>12</sup> Hvers vegna verndaði Jehóva ákveðna menn með yfirnáttúrlegum hætti? Oft var það til þess gert að fyrirætlun hans, sem er mikilvægari en nokkuð annað, fengi framgang. Jesús þurfti til dæmis að ná fullorðinsaldri til að fyrirætlun Guðs næði fram að ganga og hún verður öllu mannkyni til blessunar. Frásögurnar af því hvernig Jehóva beitti mætti sínum til verndar eru hluti hinnar innblásnu Biblíu sem var rituð „oss til uppfræðingar, til þess að vér fyrir þolgæði og huggun ritninganna héldum von vorri“. (Rómverjabréfið 15:4) Þessi dæmi styrkja trúna á almáttugan Guð. En hvers konar verndar megum við vænta frá Guði nú á dögum?

### **Það sem er ekki fólgið í loforðinu um vernd Guðs**

<sup>13</sup> Loforð Jehóva um að vernda þjóna sína þýðir ekki að honum sé skylt að vinna kraftaverk fyrir okkur. Guð lofar því ekki að lífið verði vandræðalaust meðan þetta gamla heimskerfi stendur. Margir dyggir þjónar Guðs þola alls konar mótlæti, svo sem fátækt, stríðsástand, veikindi og dauða. Jesús sagði lærisveinunum berum orðum að sumir þeirra yrðu kannski líflátnir vegna trúar sinnar. Þess vegna lagði hann áherslu á að þeir þyrftu að vera staðfastir allt til enda. (Matteus 24:9, 13) Ef Jehóva beitti mætti sínum og ynni kraftaverk til að frelsa hvern einasta þjón sinn gæti það verið forsenda fyrir Satan til að storka honum og véfengja að þeir þjónuðu honum af heilindum. — Jobsbók 1:9, 10.

<sup>14</sup> Jehóva beitti ekki mætti sínum forðum daga til að

---

12. Hvers vegna verndaði Jehóva ákveðna einstaklinga forðum daga með yfirnáttúrlegum hætti?

13. Ber Jehóva skylda til að vinna kraftaverk fyrir okkur? Skýrðu svarið.

14. Hvaða dæmi sýna að Jehóva verndar ekki alla þjóna sína á sama hátt?

vernda hvern einasta þjón sinn. Heródes tók til dæmis Jakob postula af lífi árið 44 eða þar um bil, en skömmu síðar var Pétur frelsaður „úr hendi Heródesar“. (Postulasagan 12:1-11) Og Jóhannes bróðir Jakobs lifði þá báða. Það er ljóst að við getum ekki vænst þess að Guð verndi alla þjóna sína með nákvæmlega sama hætti. Auk þess mætir „tími og tilviljun“ öllum mönnum. (Prédikarinn 9:11) Hvernig verndar Jehóva okkur núna?

### Jehóva veitir líkamlega vernd

<sup>15</sup> Lítum fyrst á hina líkamlegu vernd sem Jehóva veitir. Þjónar hans geta vænst þess að hann verndi þá *sem hóp*. Að öðrum kosti yrðum við auðveld bráð fyrir Satan. Þú getur rétt ímyndað þér að Satan, ‚höfðingi þessa heims‘, vill ekkert frekar en útrýma sannri tilbeiðslu. (Jóhannes 12:31; Opinberunarbókin 12:17) Sumar af völdugustu ríkisstjórnnum heims hafa bannað okkur að boða trúna og reynt að útrýma okkur. Þjónar Jehóva hafa engu að síður verið staðfastir og haldið ótrauðir áfram að prédika. Hvers vegna hefur völdugum þjóðum ekki tekist að stöðva starfsemi þessara kristnu manna sem er tiltölulega fámennur hópur og varnarlaus að sjá? Vegna þess að Jehóva hefur skýlt okkur undir völdugum vængjum sínum. — Sálmur 17:7, 8.

<sup>16</sup> Ætli Jehóva verndi okkur líkamlega í ‚þrengingunni miklu‘ sem fram undan er? Við þurfum ekki að óttast þegar Guð fullnægir dómum sínum. Jehóva veit „hvernig hann á að hrífa hina guðhræddu úr freistingu, en refsa hinum ranglátu og geyma þá til dómsdags“. (Opinberunarbókin 7:14; 2. Pétursbréf 2:9) Þangað til getum við gefið okkur tvennt. Í fyrsta lagi leyfir Jehóva aldrei að dyggir

---

15, 16. (a) Hvað ber vitni um að Jehóva hafi veitt þjónum sínum í heild líkamlega vernd? (b) Hvers vegna getum við treyst að Jehóva verndi þjóna sína núna og í „þrengingunni miklu“?

þjónar sínir verði afmáðir af jörðinni. Í öðru lagi umbunar hann ráðvöndum mönnum með eilífu lífi í réttlátum nýjum heimi – með upprisu frá dauðum ef nauðsyn krefur. Þeir sem deyja eru hvergi óhultari en í minni Guðs. – Jóhannes 5:28, 29.

<sup>17</sup> Jehóva verndar okkur líka núna með lifandi ‚orði‘ sínu sem býr yfir krafti til að breyta lífi fólks og græða hjörtu þess. (Hebreaþréfið 4:12) Með því að fara eftir frumreglum Biblíunnar getum við verndað okkur fyrir líkamlegu tjóni að vissu marki. „Ég, [Jehóva] . . . kenni þér að gjöra það sem þér er gagnlegt,“ segir í Jesaja 48:17. Við getum tvímælalaust bætt heilsuna og lengt lífið með því að lifa í samræmi við orð Guðs. Biblían ráðleggur okkur til dæmis að forðast saurlifnað og hreinsa okkur af allri saurgun. Ef við hlýðum því forðumst við óhreinar athafnir og skaðlega siði sem fara illa með líf margra guðlausra manna. (Postulasagan 15:29; 2. Korintubríf 7:1) Erum við ekki þakklát fyrir verndina sem orð Guðs veitir?

### Jehóva verndar okkur andlega

<sup>18</sup> Mikilvægast er þó að Jehóva verndar okkur andlega. Við eigum kærleiksríkan Guð sem verndar okkur gegn andlegum skaða með því að láta okkur í té allt sem þarf til að standast prófraunir og varðveita sambandið við hann. Þannig varðveitir Jehóva líf okkar, ekki aðeins um fáein skammvinn ár heldur um alla eilífð. Lítum á sumt af því sem hann hefur látið í té og getur verndað okkur andlega.

<sup>19</sup> Jehóva „heyrir bænir“. (Sálmur 65:3) Það getur verið mikill léttir að úthella hjarta sínu fyrir honum þegar álag

17. Hvernig verndar Jehóva okkur með orði sínu?

18. Hvaða andlega vernd veitir Jehóva okkur?

19. Hvernig getur andi Guðs hjálpað okkur að standast sérhverja raun sem við blasir?

### Til íhugunar

**Sálmur 23:1-6** Hvernig verndar Jehóva, hirðirinn mikli, fólk sitt og annast það?

**Sálmur 91:1-16** Hvernig verndar Jehóva okkur fyrir andlegri ógæfu og hvað verðum við að gera til að njóta verndar hans?

**Daníel 6:17-23, 26-28** Hvernig sýndi Jehóva konungi nokkrum fram á verndarmátt sinn forðum daga og hvað getum við lært af þessu dæmi?

**Matteus 10:16-22, 28-31** Við hvaða andstöðu megum við búast en hvers vegna ættum við ekki að óttast mótstöðumenn?

lífsins virðist óbærilegt. (Filippíbréfið 4:6, 7) Það er óvíst að hann fjarlægi erfiðleikana frá okkur með yfirnáttúrlegum hætti en hann getur svarað einlægum bænum okkar með því að veita okkur visku til að takast á við þá. (Jakobsbréfið 1:5, 6) Og Jehóva gefur þeim heilagan anda sem biðja hann. (Lúkas 11:13) Hinn öflugi andi Guðs getur hjálpað okkur að standast sérhverja raun og hvern þann vanda sem við blasir. Hann getur gefið okkur „ofurmagn kraftarins“ þannig að við getum haldið út uns Jehóva fjarlægir allar þrautir í nýja heiminum fram undan. — 2. Korintubréf 4:7.

<sup>20</sup> Stundum birtist verndarmáttur Guðs fyrir milligöngu trúbræðra okkar. Jehóva hefur ‚dregið‘ fólk inn í ‚bræðrafélag‘ sem nær um allan heiminn. (Jóhannes 6:44; 1. Pétursbréf 2:17) Í hlýju bræðrafélagsins sjáum við lifandi vitnisburð um kraft heilags anda og jákvæð áhrif hans á fólk. Andinn gefur af sér ávöxt í lífi okkar — aðlaðandi og yndislega eiginleika eins og kærleika, gæsku og góðvild.

20. Hvernig getur verndarmáttur Jehóva birst fyrir milligöngu trússystkina?

(Galatabréfið 5:22, 23) Þegar á bjátar og trússystkini finnur hvöt hjá sér til að leiðbeina okkur eða uppörva, þá getum við þakkað Jehóva fyrir að láta verndarhönd sína ná til okkar með þessum hætti.

<sup>21</sup> Jehóva lætur okkur annað í té sem er til verndar. Þetta er andleg fæða á réttum tíma — það sem við þurfum þegar við þörfnumst þess. Hann hefur falið hinum ‚trúa og hyggna þjóni‘ að útbýta andlegri fæðu svo að við getum sótt styrk í orð hans. Trúi þjónninn færir okkur „mat á réttum tíma“ í prentuðu máli, þar á meðal í tímaritunum *Varðturninn* og *Vaknið!*, og auk þess á safnaðarsamkomum og mótum. (Matteus 24:45) Hefurðu einhvern tíma heyrt eitthvað á safnaðarsamkomu — í svari, ræðu eða jafnvel í bæn — sem styrkti þig og uppörvaði einmitt eins og þú þurftir á að halda? Hefurðu einhvern tíma verið snortinn af ákveðinni grein í öðru hvoru tímaritinu okkar? Mundu að Jehóva lætur allt þetta í té til að vernda okkur andlega.

<sup>22</sup> Jehóva er vissulega skjöldur „öllum þeim sem leita hælis hjá honum“. (Sálmur 18:31) Við gerum okkur ljóst að hann beitir ekki mætti sínum núna til að vernda okkur fyrir öllum erfiðleikum. Hins vegar notar hann verndarmátt sinn alltaf til að tryggja að fyrirætlun sín nái fram að ganga. Til langs tíma litið er það fólki hans fyrir bestu. Ef við nálægjum okkur Jehóva og höldum okkur í kærleika hans gefur hann okkur fullkomleika og eilíft líf. Með hliðsjón af þessari framtíðarvon getum við litið á allar þjáningar í þessu heimskerfi sem ‚skammvinnar og léttbærar‘. — 2. Korintubríf 4:17.

21. (a) Hvaða tímabæra andlega fæðu gefur Jehóva okkur fyrir milligöngu hins ‚trúa og hyggna þjóns‘? (b) Hvaða gagn hefur þú haft af því sem Jehóva hefur gert til að vernda okkur andlega?

22. Hvernig notar Jehóva alltaf mátt sinn og hvers vegna er það okkur fyrir bestu?

## Endurnýjunarmáttur — Jehóva gerir „alla hluti nýja“

LEIKFANG brotnar eða týnist. Barnið grætur svo sárt að nístir merg og bein. En pabbi eða mamma gera við leikfangið eða finna það og barnið ljómar af gleði. Það er kannski lítið mál fyrir fullorðna fólkið að finna týnt leikfang eða jafnvel gera við það, en barnið er undrunin uppmáluð og brosir út að eyrum. Það hefur endurheimt leikfang sem virtist glatað fyrir fullt og allt.

<sup>2</sup> Jehóva, faðirinn á himnum, hefur mátt til að endurnýja það sem börnum hans á jörð virðist glatað fyrir fullt og allt. Við erum auðvitað ekki að tala um leikföng því að á þeim erfiðu tímum, sem við lifum, verðum við fyrir margs konar missi sem er miklum mun alvarlegri. (2. Tímóteusarbréf 3: 1-5) Megnið af því sem fólki er kært virðist í hættu — heimi, eignir, vinna og jafnvel heilsa. Og mörgum þykir ónotalegt að hugsa um umhverfisspjöll og útrýmingu margra tegunda jurta og dýra. Ekkert er þó sárara fyrir okkur en að missa ástvin. Söknuðurinn og vanmátturinn verður stundum yfirþyrmandi. — 2. Samúelsbók 18:33.

<sup>3</sup> Það er því einkar hughreystandi að fræðast um endurnýjunarmátt Jehóva. Það er sannast að segja ótrúlegt hvað Guð getur endurnýjað og mun endurnýja í þágu jarðneskra barna sinna. Reyndar segir Biblían að Jehóva ætli að „endurreisa *alla hluti*“. (Postulasagan 3:21) Til þess beitir hann messíasarríkinu sem sonur hans, Jesús Kristur, stjórnar. Öll rök hníga að því að þetta ríki hafi tekið til starfa á himnum

1, 2. Hvaða tjón og missi mega mennirnir þola og hvaða áhrif hefur það á okkur?

3. Hvaða hughreystandi loforð er gefið í Postulasögunni 3:21 og hvað notar Jehóva til að efna það?

árið 1914.\* (Matteus 24:3-14) Hvað verður endurreist? Við skulum líta á nokkur dæmi um stórfenglegt endurnýjunar- og endurreisnarstarf Jehóva. Reyndar getum við séð og upplifað eitt þeirra núna. Í framtíðinni sjáum við svo aðra og umfangsmeiri endurreisn.

### Hrein tilbeiðsla endurreist

<sup>4</sup> Hrein tilbeiðsla er eitt af því sem Jehóva er búinn að endurreisa. Til að skilja hvað er fólgið í því skulum við kynna okkur sögu Júdaríkisins í stuttu máli. Þar fáum við hrífandi innsýn í það hvernig endurreisnarmáttur Jehóva birtist. — Rómverjabréfið 15:4.

<sup>5</sup> Þú getur ímyndað þér hvernig trúum Gyðingum var inn-anbrjósts þegar Jerúsalem var eytt árið 607 f.o.t. Hin hjartkæra borg var í rústum og múrarnir brotnir. Og ofan á allt saman var musterið dýrlega, sem Salómon hafði reist, þessi fyrrverandi miðstöð hreinnar tilbeiðslu á jörðinni, rústir einar. (Sálmur 79:1) Hinir eftirlifandi voru fluttir í útleð til Babýlonar og ættjörð þeirra skilin eftir í reiðileysi sem athvarf villidyra. (Jeremía 9:11) Frá mannlegum bæjardyrum séð var allt glatað. (Sálmur 137:1) En Jehóva hafði spáð þessari eyðingu löngu áður og gaf mönnum von um endurreisn síðar meir.

<sup>6</sup> Endurreisn er margendurtekið stef í ritum hebresku spá-

---

\* Sá tími „þegar Guð endurreisir alla hluti“ hófst þegar messíasarrikið var stofnsett og erfingi Davíðs, hins trúa konungs, settist í hásæti. Jehóva hafði heitið Davíð erfingja sem skyldi ríkja að eilífu. (Sálmur 89:36-38) En enginn mennskur niðji Davíðs sat í hásæti Guðs eftir að Babýloníumenn eyddu Jerúsalem árið 607 f.o.t. Jesús fæddist á jörð sem erfingi Davíðs og varð hinn fyrirheitni konungur þegar hann settist í hásæti á himnum.

4, 5. Hvað kom fyrir þjóð Guðs árið 607 f.o.t. og hvaða von veitti hann henni?

6-8. (a) Hvaða endurtekið stef er að finna í ritum hebresku spámanna og hvernig rættust þessir spádómar í byrjun? (b) Hvernig hafa margir endurreisnarspádómar ræst hjá fólki Guðs nú á tímum?



mannanna.\* Jehóva lét þá flytja fyrirheit um endurreisn og endurbyggingu, um frjósamt land varið gegn villidýrum og árásum óvina. Hann lýsti hinu endurbyggða landi sem sannri paradís. (Jesaja 65:25; Esekíel 34:25; 36:35) Aðalatriðið var þó að sönn tilbeiðsla yrði tekin upp að nýju og musterið endurbyggt. (Míka 4:1-5) Þessir spádómar veittu hinum útlægu Gyðingum von og hjálpuðu þeim að þrauka í 70 ára útleð í Babýlon.

<sup>7</sup> Að lokum rann endurreisnartíminn upp. Gyðingar voru leystir úr útleðinni í Babýlon og sneru heim til Jerúsalem og byggðu musteri Jehóva að nýju. (Esrabók 1:1, 2) Jehóva blessaði þá meðan þeir héldu sig við hreina tilbeiðslu og gerði landið frjósamt og gjöfult. Hann verndaði þá gegn óvinum og gegn villidýrum sem höfðu breiðst út um landið áratugina á undan. Endurnýjunarmáttur Jehóva hlýtur að hafa glatt þá ósegjanlega. En þetta var aðeins byrjunaruppfylling endurreisnarspádómanna, takmörkuð uppfylling. Þeir áttu að uppfyllast með mun stórfenglegri hætti „á hinum síðustu dögum“, á okkar tímum þegar hinn langþráði erfingi Davíðs konungs yrði krýndur. — Jesaja 2:2-4; 9:6, 7.

<sup>8</sup> Skömmu eftir að Jesús tók við konungdómi í ríkinu á hinnum árið 1914 sneri hann sér að andlegum þörfum dyggra þjóna Guðs á jörðinni. Hann leysti leifar andlegra Gyðinga — fylgjendur sína — undan áhrifavaldi Babýlonar nútímans sem er heimsveldi falskra trúarbragða, rétt eins og persneski sigurvegarinn Kýrus leysti leifar Gyðinga úr ánaud Babýlonar árið 537 f.o.t. (Rómverjabréfið 2:29; Opinberunarbókin 18:1-5) Síðan 1919 hefur hrein tilbeiðsla verið endurvakin og skipar nú réttan sess í lífi sannkristinna manna. (Malakí 3:1-5) Æ síðan hefur fólk Jehóva tilbeiðið hann í hreinsuðu andlegu musteri hans sem

---

\* Svo dæmi sé tekið fjölluðu Móse, Jesaja, Jeremía, Esekíel, Hósea, Jóel, Amos, Óbadía, Míka og Sefanfá allir um þetta stef að einhverju marki.

er fyrirkomulag hans til að við getum tilbeiðið hann á réttan hátt. Hvers vegna er þetta mikilvægt fyrir okkur?

### Hvers vegna er andleg endurreisn mikilvæg?

<sup>9</sup> Lítum á málið í sögulegu samhengi. Kristnir menn á fyrstu öld bjuggu við margs konar andlega blessun. En Jesús og postularnir sögðu fyrir að sönn tilbeiðsla myndi spillast og hverfa af sjónarsviðinu. (Matteus 13:24-30; Postulasagan 20:29, 30) Eftir postulatímanna varð stórfellt fráhrif frá sannri kristni. Klerkastétt þessarar fráhrifskristni tók upp heiðnar kenningar og siði. Hún gerði Guð næstum óaðgengilegan með því að útlista hann sem óskiljanlega þrenningu og kenna fólki að játa syndir sínar fyrir prestum og biðja til Maríu og ýmissa „dýrlinga“ í stað Jehóva. Hvað hefur Jehóva gert núna eftir þessa aldalöngu afskræmingu? Í heimi nútímans — heimi þar sem synd og villutrú veður uppi — hefur hann látið til sín taka og endurvakið hreina tilbeiðslu. Við getum ýkjulaust sagt að þessi endurvakning sé eitt það mikilvægasta sem gerst hefur á seinni tímum.

<sup>10</sup> Sannkristnir menn búa þess vegna í andlegri paradís nú á dögum. Í hverju er þessi paradís fólgin? Fyrst og fremst í tvennu. Annars vegar er hún fólgin í hreinni tilbeiðslu á hinum sanna Guði, Jehóva. Þessi tilbeiðsla er laus við afskræmingu og lygar og það er mikil blessun. Hann hefur gefið okkur andlega fæðu þannig að við getum fræðst um föður okkar á himnum, þóknast honum og styrkt samband okkar við hann. (Jóhannes 4:24) Hins vegar byggist andlega paradísin á fólkinu sem býr í henni. Eins og Jesaja spáði hefur Jehóva kennt tilbiðjendum sínum „á hinum síðustu dögum“ að ástunda frið og taka ekki þátt í hernaði.

9. Hvað gerði klerkastéttin eftir postulatímanna en hvað hefur Jehóva Guð gert á okkar tímum?

10, 11. (a) Hvað tvennt er fólgið í andlegu paradísinni og hvaða áhrif hefur það á þig? (b) Hvers konar fólki hefur Jehóva safnað inn í andlegu paradísina og hvað fær það að sjá?

Hann hjálpar okkur að „íklæðast hinum nýja manni“ þó að við séum ófullkomin. Hann blessar viðleitni okkar með því að gefa okkur heilagan anda sem ber yndislegan ávöxt í lífi okkar. (Efesusbréfið 4:22-24; Galatabréfið 5:22, 23) Þegar þú lifir og starfar í samræmi við anda Guðs tilheyrir þú andlegu paradísinni.

<sup>11</sup> Jehóva hefur safnað inn í þessa andlegu paradís þess konar fólki sem hann elskar — fólki sem elskar hann, ann friði og er sér „meðvita um andlega þörf sína“. (Matteus 5: 3, NW) Þetta fólk verður síðan vitni að enn tilkomumeiri endurreisn þegar mannkynið endurheimtir fullkomleikann og öll jörðin verður paradís.

### „Sjá, ég gjöri alla hluti nýja“

<sup>12</sup> Margir af endurreisnarspádómunum virðast lýsa meiru en andlegri endurreisn. Jesaja sagði til dæmis að sjúkir, haltir, blindir og daufir myndu lækna og dauðinn yrði jafnvel afmáður fyrir fullt og allt. (Jesaja 25:8; 35:1-7) Slík fyrirheit rættust ekki bókstaflega í Ísrael forðum daga. Og þó að við höfum séð þau rætast andlega á okkar tímum er full ástæða til að trúa að þau rætist bókstaflega og fullkomlega í framtíðinni. Hvernig vitum við það?

<sup>13</sup> Jehóva tók það fram í Eden forðum daga hvað hann ætlaðist fyrir með jörðina: Hún átti að vera byggð sameinuðu, heilbrigðu og hamingjusömu mannkyni. Karlar og konur áttu að annast jörðina og dýrin, og gera allan hnöttinn að paradís. (1. Mósebók 1:28) Núverandi ástand er langur vegur frá því. En þú mátt treysta að fyrirætlun Jehóva nái fram að ganga. (Jesaja 55:10, 11) Jehóva hefur skipað Jesú messíasarkonung og falið honum að gera alla jörðina að paradís. — Lúkas 23:43.

12, 13. (a) Hvers vegna hljóta endurreisnarspádómarnir að uppfyllast að nýju? (b) Hvað ætlast Jehóva fyrir með jörðina eins og fram kom í Eden og hvers vegna gefur það okkur bjarta framtíðarvon?

<sup>14</sup> Hugsaðu þér að sjá alla jörðina breytast í paradís. „Sjá, ég gjöri alla hluti nýja,“ segir Jehóva um þessa breytingu. (Opinberunarbókin 21:5) Huggleiddu hvað þetta þýðir. Þegar Jehóva er búinn að beita mætti sínum til að eyða hinu gamla og illa heimskerfi sem nú er, stendur eftir „nýr himinn og ný jörð“. Það þýðir að ný stjórn með aðsetur á himnum ræður yfir nýju samfélagi manna á jörð sem elska Jehóva og gera vilja hans. (2. Pétursbréf 3:13) Satan og illir andar hans verða teknir úr umferð. (Opinberunarbókin 20:3) Í fyrsta sinn í mörg þúsund ár verður mannkynið laust við spillandi, andstyggileg og skaðleg áhrif þeirra. Léttirinn, sem fylgir því, verður eflaust ólýsanlegur.

<sup>15</sup> Loksins getum við annast þessa fallettu reikistjörnu eins og okkur var ætlað í upphafi. Jörðin býr yfir ótrúlegri hæfni til að endurnýja sig. Menguð vötn og fljót geta hreinsað sig ef mengunarvaldinum er útrýmt og styrjaldarsár jarðar gróa ef styrjaldir leggjast af. Það verður unaðslegt að vinna með vistkerfi jarðar, að hjálpast að við að breyta henni í yndislegan lystigarð, í Eden sem teygir sig um allan hnöttinn. Maðurinn hættir að eyða dýra- og jurtategundum og við tekur friður milli manna og annarra lífvera jarðar. Börnin þurfa ekki einu sinni að óttast villidýrin. — Jesaja 9:6, 7; 11:1-9.

<sup>16</sup> Sjálf verðum við líka endurnýjuð. Þeir sem lifa gegnum Harmagedón munu sjá undraverðar lækningar um alla jörð. Jesús beitir þá krafti Guðs til að gefa blindum sýn, daufum heyrn og lömuðum og fötluðum heilbrigðan líkama, líkt og hann gerði þegar hann var hér á jörð. (Matteus 15:30) Aldraðir endurheimta æskuþróttinn. (Jobsbók 33:25) Hrukkur hverfa, það réttist úr bognum limum og vöðvar spennast af nýjum krafti. Allir trúfastir menn

14, 15. (a) Hvernig mun Jehóva gera „alla hluti nýja“? (b) Hvernig verður lífið í paradís og hvað höfðar sérstaklega til þín?

16. Hvaða endurnýjun á sér stað í paradís hjá öllum sem eru Guði trúir?

finna áhrif syndar og ófullkomleika fjara út og hverfa smám saman. Þá munum við þakka Jehóva Guði þennan undursamlega endurnýjunarmátt. En snúum okkur nú að sérstaklega hrífandi þætti þessa endurreisnartíma.

### Hinir dánu vaktir upp til lífs

<sup>17</sup> Á fyrstu öld var flokkur trúarleiðtoga sem trúðu ekki á upprisu. Þetta voru Saddúkear. Jesús ávítaði þá og sagði: „Þér villist, því að þér þekkið ekki ritningarnar né mátt Guðs.“ (Matteus 22:29) Já, Ritningin sýnir fram á að Jehóva hefur mátt til að reisa látna upp frá dauðum. Hvernig þá?

<sup>18</sup> Hverfum aftur í tímann til daga Elía. Ekkja heldur á máttlausum líkama einkasonar síns. Drengurinn er dáinn. Þetta hlýtur að hafa fengið á spámanninn Elía sem hafði verið gestur á heimili ekkjunnar um tíma. Hann hafði átt sinn þátt í að bjarga drengnum frá hungurdauða. Kannski þótti honum orðið vænt um drenginn. Móðirin er auðvitað niðurbrotin. Drengurinn var eina lifandi manneskjan sem minnti hana á látinn eiginmann hennar. Sjálfsgagt hafði hún vonast til þess að sonurinn myndi ala önn fyrir henni í ellinni. Hún er örvilnuð. Er kannski verið að refsa henni fyrir einhverjar ávirðingar? Elía afber ekki að horfa upp á þennan harmleik sem er þó nægur fyrir. Hann tekur líkið blíðlega úr fangi móðurinnar, ber það upp í herbergi sitt og biður Jehóva Guð um að endurvekja sál barnsins, það er að segja líf þess. — 1. Konungabók 17:8-21.

<sup>19</sup> Elía var þó ekki fyrstur manna til að trúá á upprisu frá dauðum. Öldum áður trúði Abraham á endurnýjunarmátt Jehóva — og ekki að ástæðulausu. Þegar Abraham var tíræður og Sara nírræð endurvakti Jehóva getnaðarmátt þeirra

17, 18. (a) Hvers vegna ávítaði Jesús saddúkeana? (b) Af hvaða tilefni bað Elía Jehóva um að vekja barn upp frá dauðum?

19, 20. (a) Hvernig sýndi Abraham að hann trúði á endurnýjunarmátt Jehóva og á hvaða grunni var þessi trú reist? (b) Hvernig umbunaði Jehóva Elía trúna?

Þannig að Sara gæti eignast son. (1. Mósebók 17:17; 21:2, 3) Síðar, þegar drengurinn var orðinn fullvaxta, sagði Jehóva Abraham að fórna honum. Abraham sýndi trú og treysti að Jehóva gæti reist ástkæran son hans upp frá dauðum. (Hebræabréfið 11:17-19) Þessi sterka trú er kannski skýringin á því hvers vegna Abraham fullvissaði þjóna sína, áður en hann hélt upp á fjallið til að fórna drengnum, um að þeir Ísak myndu báðir koma til baka. — 1. Mósebók 22:5.

<sup>20</sup> Jehóva þyrmdi lífi Ísaks þannig að það þurfti ekki að reisa hann upp frá dauðum á þeim tíma. Sonur ekkjunnar, sem Elía var hjá, var hins vegar látinn — en ekki lengi. Jehóva launaði spámanninum trúna með því að reisa drenginn upp frá dauðum. Síðan fékk Elía móðurinni drenginn og sagði þessi ógleymanlegu orð: „Sjá þú, sonur þinn er lifandi!“ — 1. Konungabók 17:22-24.

<sup>21</sup> Þetta er í fyrsta sinn sem Biblían lýsir því hvernig Jehóva notar mátt sinn til að vekja mannveru upp frá dauðum. Síðar gaf hann Elísa, Jesú, Páli og Pétri kraft til að reisa upp dána. En þeir sem reistir voru upp dóu auðvitað aftur fyrr eða síðar. Frásögur af þessu tagi gefa okkur engu að síður unaðslega innsýn í það sem koma skal.

<sup>22</sup> Jesús er „upprisan og lífið“ og í paradís gerir hann því hlutverki sínu full skil. (Jóhannes 11:25) Þar mun hann reisa milljónir manna upp frá dauðum og veita þeim tækifæri til að lifa að eilífu í paradís á jörð. (Jóhannes 5:28, 29) Þú getur rétt ímyndað þér hvílíkir endurfundir verða þegar ættingjar og ástvinir faðmast, utan við sig af fögnuði eftir langan aðskilnað dauðans. Allt mannkyn mun þá lofa Guð fyrir endurnýjunarmátt hans.

21, 22. (a) Í hvaða tilgangi var fólk reist upp frá dauðum eins og Biblían segir frá? (b) Hve umfangsmikil verður upprisan í paradís og hver annast hana?

**„Sjá þú, sonur þinn er lifandi!“**



### Til íhugunar

**2. Konungabók 5:1-15** Hvernig fékk maður einn á biblíutímanum að njóta góðs af endurnýjunarmætti Jehóva sökum þess að hann lærði lítillæti?

**Jobsbók 14:12-15** Um hvað var Job sannfærður og hvaða áhrif geta þessi vers haft á framtíðarvon okkar?

**Sálmur 126:1-6** Hvað gæti kristnum mönnum fundist um endurreisn sannrar tilbeiðslu og hlutdeild sína í henni?

**Rómverjabréfið 4:16-25** Hvers vegna er mikilvægt að trúa á endurnýjunarmátt Jehóva?

<sup>23</sup> Jehóva hefur gefið bjargfasta tryggingu fyrir því að þessi von sé áreiðanleg. Mikilfenglegasta dæmið um mátt hans er að hann reisti son sinn Jesú upp frá dauðum sem volduga andaveru og skipaði hann næstan sér að mætti og tign. Jesús birtist hundruðum sjónarvotta eftir upprisuna. (1. Korintubrэф 15:5, 6) Það er vitnisburður sem ætti jafnvel að nægja efunarmönnum. Jehóva hefur mátt til að vekja dána til lífs.

<sup>24</sup> Það er ekki aðeins að Jehóva hafi máttinn til að reisa látna upp frá dauðum. Hann langar einnig til þess. Hinum trúfasta Job var innblásið að segja að Jehóva bókstaflega þrái að lífga þá sem látnir eru. (Jobsbók 14:15) Laðast þú ekki að Guði sem er svo mikið í mun að nota kraft sinn á svona kærleiksríkan hátt? En mundu að upprisan er aðeins einn þáttur í hinu mikla endurnýjunarstarfi Jehóva sem fram undan er. Þegar þú nálægir þig honum skaltu hlúa að þeirri dýrmætu von að þú getir verið viðstaddur til að sjá hann ‚gera alla hluti nýja‘. — Opinberunarbókin 21:5.

23. Hvert er mikilfenglegasta dæmið um mátt Jehóva og hvaða trygging er það fyrir framtíðarvon okkar?

24. Af hverju getum við treyst að Jehóva reisi látna upp frá dauðum og hvaða von ættum við öll að hlúa að?



## „Kristur, kraftur Guðs“

LÆRISVEINARNIR voru dauðskelkaðir. Þeir voru að sigla yfir Galíleuvatn þegar stormur brast skyndilega á. Eflaust var þetta ekki fyrsti stormurinn sem þeir lentu í á vatninu því að sumir þeirra voru reyndir fiskimenn.\* (Matteus 4: 18, 19) En þetta var „stormhrina mikil“ og fyrir en varði var brostinn á stórsjór. Mennirnir reyndu í örvæntingu að stýra bátnum en máttu sín lítils gegn veðurofsanum. Holskeflurnar gengu yfir bátinn svo að við lá að hann fyllti. Þrátt fyrir hamaganginn svaf Jesús sem fastast í skutnum, úrvinda eftir annir og kennslu dagsins. Lærisveinarnir óttuðust um líf sitt, vöktu Jesú og sárbaendu hann: „Herra, bjarga þú, vér förumst.“ — Markús 4:35-38; Matteus 8: 23-25.

<sup>2</sup> Jesús var óhræddur. Eins og ekkert væri sjálfsagðara hastaði hann á vindinn og vatnið: „Þegi þú, haf hljótt um þig!“ og vindurinn og vatnið hlýddu samstundis — ofviðrinu slotaði, öldurnar lögði og það „gerði stillilogng“. Ótti greip lærisveinana. „Hver er þessi?“ sögðu þeir lágum rómi hver við annan. Já, hvers konar maður var þetta sem gat hastað á vindinn og vatnið eins og hann væri að skamma óþekkan krakka? — Markús 4:39-41; Matteus 8: 26, 27.

---

\* Skyndilegir stormar eru algengir á Galíleuvatni. Vatnið stendur lágt (um 200 metrum undir sjávarmáli) svo að loftið er mun heitara þar en á svæðinu umhverfis, og hitamunurinn veldur ókyrrð í lofti. Sterkan vindstreng getur þá lagt norðan frá Hermonfjalli niður Jórdandal svo að veðrið getur breyst fyrirvaralaust úr stillilogngi í hávaðarok.

---

1-3. (a) Fyrir hvaða skelfilegri lífsreynslu urðu lærisveinarnir á Galíleuvatni og hvað gerði Jesús? (b) Hvers vegna er Jesús réttilega nefndur „Kristur, kraftur Guðs“?

<sup>3</sup> En Jesús var enginn venjulegur maður. Máttur Jehóva starfaði með honum og hann beitti honum á einstakan hátt. Páll postuli gat réttilega, innblásinn af andanum, kallað hann „Krist, kraft Guðs“. (1. Korintubríf 1:24) Með hvaða hætti birtist máttur Guðs í Jesú? Og hvernig beitti Jesús mætti sínum og hvaða áhrif getur það haft á okkur?

### Máttur hins eingetna sonar Guðs

<sup>4</sup> Skoðum hvaða mátt Jesús hafði áður en hann varð maður. Jehóva beitti ‚eilífum krafti‘ sínum þegar hann skapaði eingetinn son sinn sem seinna varð þekktur sem Jesús Kristur. (Rómverjabréfið 1:20; Kólossubrésið 1:15) Að því búnu veitti Jehóva syni sínum ógurlegan kraft og vald og fól honum að hrinda því í framkvæmd sem hann hafði ákveðið að skapa. Biblían segir um son Guðs: „Allir hlutir urðu fyrir hann, án hans varð ekki neitt, sem til er.“ — Jóhannes 1:3.

<sup>5</sup> Það er erfitt að gera sér í hugarlund hve umfangsmikið verkefni þetta var. Hugsaðu þér hvílíkt afl hefur þurft til að mynda milljónir völdugra engla, efnisheiminn með milljörðum vetrarbrauta og jörðina með öllu lífinu sem á henni er. Til að gera allt þetta hafði eingetinn sonur Guðs aðgang að sterkasta afli alheimsins — heilögum anda Guðs. Sonurinn hafði mikið yndi af því að vera verkstjórinn sem Jehóva notaði við að skapa allt annað. — Orðskviðirnir 8:22-31.

<sup>6</sup> Gat hinn eingetni sonur fengið enn meiri mátt og vald? Eftir að hann var dáiinn og upprisinn sagði hann: „Allt vald er mér gefið á himni og jörðu.“ (Matteus 28:18) Já, Jehóva hefur gefið Jesú hæfileika og rétt til að fara með mik-

4, 5. (a) Hvaða mátt og vald fól Jehóva eingetnum syni sínum? (b) Hvernig var sonurinn fær um að framkvæma þá sköpun sem faðirinn áformaði?

6. Hvaða mátt og vald fékk Jesús eftir dauða sinn og upprisu?

ið vald um alheim allan. Hann er „konungur konunga og Drottinn drottna“ og hefur sem slíkur umboð til að „gera að engu sérhverja tign, sérhvert veldi og kraft“ — sýnilegt og ósýnilegt — sem setur sig upp á móti föður hans. (Opinberunarbókin 19:16; 1. Korintubrэф 15:24-26) Guð hefur „ekkert eftir skilið er ekki sé lagt undir Jesú“ — nema sjálfan sig, auðvitað. — Hebreabréfið 2:8; 1. Korintubrэф 15:27.

<sup>7</sup> Þurfum við að óttast að Jesús kunni að misbeita mætti sínum? Nei, síður en svo. Hann elskar föður sinn og myndi aldrei gera honum nokkuð á móti skapi. (Jóhannes 8:29; 14:31) Jesús veit fullvel að Jehóva misnotar aldrei alvald sitt. Hann hefur séð með eigin augum að Jehóva leitar færís að „sýna sig máttkan þeim til hjálpar, sem eru heils hugar við hann“. (2. Kroníkubók 16:9) Hann elskar mannkynið ekkert síður en faðirinn þannig að við getum treyst að hann noti mátt sinn alltaf til góðs. (Jóhannes 13:1) Ferill Jesú er flekklaus hvað þetta varðar. Við skulum nú kynna okkur nánar hvaða mátt Jesús hafði meðan hann var á jörðinni og hvernig hann notaði hann.

### „Máttugur í . . . orði“

<sup>8</sup> Jesús vann greinilega engin kraftaverk á uppvaxtarárunum í Nasaret. En það breyttist eftir að hann var skírður árið 29, um þrítugur að aldri. (Lúkas 3:21-23) „Guð smurði hann heilögum anda og krafti,“ segir Biblían. „Hann gekk um, gjörði gott og græddi alla, sem af djöflinum voru undirokaðir.“ (Postulasagan 10:38) Jesús „gjörði gott“. Gefur það ekki til kynna að hann hafi notað mátt sinn á réttan hátt? Eftir að hann var smurður varð hann „spámaður, máttugur í verki og orði“. — Lúkas 24:19.

7. Hvers vegna getum við treyst að Jesús misnoti aldrei þann mátt sem Jehóva hefur lagt honum í hendur?

8. Hvaða mátt fékk Jesús eftir að hann var smurður og hvernig notaði hann þennan mátt?

<sup>9</sup> Hvernig var Jesús máttugur í orði? Oft kenndi hann undir berum himni — á vatnsbakka, í fjallshlíð og á strætum og torgum. (Markús 6:53-56; Lúkas 5:1-3; 13:26) Áheyrendur hans gátu einfaldlega gengið burt ef hann hélt ekki athygli þeirra. Áður en prentlistin kom til sögunnar þurftu þakklátir áheyrendur að geyma orð hans í huga sér og hjarta. Kennsla Jesú þurfti því að fanga áheyrandann, vera auðskilin og festast greiðlega í minni. En Jesús átti auðvelt með það. Tökum fjallræðuna sem dæmi.

<sup>10</sup> Það var morgun einn snemma árs 31 að mikill mannfjöldi safnaðist saman í brekku við Galíleuvatn. Sumir voru komnir 100 til 110 kílómetra leið frá Júdeu og Jerúsalem en aðrir frá sjávarbyggðum Týrusar og Sídonar í norðri. Margir sjúklingar komu til Jesú til að snerta hann og hann læknaði þá alla. Þegar ekki var eftir svo mikið sem ein alvarlega veik manneskja í hópnunum tók hann að kenna. (Lúkas 6:17-19) Þegar hann lauk máli sínu nokkru síðar var mannfjöldinn furðu lostinn yfir því sem hann hafði heyrt. Hvers vegna?

<sup>11</sup> Nokkrum árum síðar skrifaði einn þeirra sem heyrði ræðuna: „Undraðist mannfjöldinn mjög kenningu hans, því að hann kenndi þeim eins og sá, er vald hefur.“ (Matteus 7:28, 29) Fólk skynjaði af máli Jesú að hann bjó yfir valdi og krafti. Hann talaði fyrir hönd Guðs og studdi kennslu sína með vísunum í Ritninguna. (Jóhannes 7:16) Orð hans voru skýr, hvatning hans sannfærandi og rök hans óhrekjandi. Hann komst að kjarna málsins og snerti hjörtu þeirra sem á hann hlýddu. Hann kenndi fólki að finna hamingjuna, biðja til Guðs, leita ríkis hans

9-11. (a) Hvar fór kennsla Jesú fram að miklu leyti og hvaða kröfur gerði það til hans? (b) Hvers vegna undraðist mannfjöldinn kennslu Jesú?

*„Þeir sáu Jesú gangandi á vatninu.“*



og skapa sér örugga framtíð. (Matteus 5:3–7:27) Orð hans hittu beint í hjartastað hjá þeim sem hungraði í sannleika og réttlæti. Þetta fólk var fúst til að „afneita“ sjálfu sér og yfirgefa allt til að fylgja honum. (Matteus 16:24; Lúkas 5: 10, 11) Hvílíkur kraftur lá í orðum hans!

### „Máttugur í verki“

<sup>12</sup> Jesús var líka „máttugur í verki“. (Lúkas 24:19) Guðspjöllin segja frá meira en 30 tilteknum kraftaverkum sem hann vann — öll í „krafti Jehóva“.\* (Lúkas 5:17) Kraftaverkin náðu til þúsunda manna. Aðeins tvö þeirra — þegar hann mettaði 5000 karlmenn og síðar 4000, „auk kvenna og barna“ — snertu sennilega um 20.000 manns! — Matteus 14:13-21; 15:32-38.

<sup>13</sup> Kraftaverk Jesú voru afar fjölbreytt. Hann rak út illa anda og fór létt með það. (Lúkas 9:37-43) Hann réð yfir náttúrlegum efnum og breytti til dæmis vatni í vín. (Jóhannes 2:1-11) Og lærisveinunum til furðu gekk hann á úfnu Galíleuvatninu. (Jóhannes 6:18, 19) Hann gat ráðið bót á hvers kyns fötlun og sjúkdómum, bæði langvinnum og lífshættulegum. (Markús 3:1-5; Jóhannes 4:46-54) Hann læknaði fólk með ýmsum hætti, suma úr fjarlægð en aðra með beinni snertingu. (Matteus 8:2, 3, 5-13) Sumir læknuðust á svipstundu en aðrir smám saman. — Markús 8:22-25; Lúkas 8:43, 44.

<sup>14</sup> Hæst ber þó að Jesús gat vakið fólk upp frá dauðum. Biblían segir frá þrem dæmum. Foreldrar endurheimtu 12

---

\* Guðspjöllin tala stundum um mörg kraftaverk í sömu andráníni. Einu sinni kom til dæmis „allur bærinn“ til að sjá hann og hann læknaði „marga“. — Markús 1:32-34.

12, 13. Í hvaða skilningi var Jesús „máttugur í verki“ og hvaða fjölbreytni er að finna í kraftaverkum hans?

14. Við hvaða kringumstæður sýndi Jesús að hann hafði mátt til að reisa upp dána?

ára dóttur sína, ekkja einkason sinn og tvær systur ástæran bróður sinn. (Lúkas 7:11-15; 8:49-56; Jóhannes 11:38-44) Ekkert var honum ofviða. Hann reisti 12 ára stúlkuna upp af dánarbeðinu skömmu eftir að hún lést. Hann lífgaði son ekkjunnar á líkbörunum, eflaust sama dag og hann dó. Og Lasarus hafði verið dáinn í fjóra daga þegar Jesús reisti hann upp í grafhelinum.

### Óeigingjarn, ábyrgur og tillitssamur

<sup>15</sup> Þú getur rétt ímyndað þér hvernig ófullkominn stjórnandi gæti misnotað sér mátt eins og Jesús hafði. En Jesús var syndlaus. (1. Pétursbréf 2:22) Hann lét ekki spilla sér af eigingirni, metnaði og ágirnd sem knýr ófullkomna menn til að beita valdi sínu öðrum til tjóns.

<sup>16</sup> Jesús notaði mátt sinn á óeigingjarnan hátt en aldrei í eigin þágu. Hann þvertók fyrir að breyta steinum í brauð þótt hungraður væri. (Matteus 4:1-4) Hann átti ósköp lítið sem er til marks um að hann notaði ekki kraft sinn til að afla sér efnislegra hluta. (Matteus 8:20) Og enn eitt sannar að hann vann máttarverk sín af óeigingjörnum hvötum. Kraftaverkin reyndu á hann því að kraftur fór út frá honum þegar hann læknaði sjúka. Hann fann fyrir þessu jafnvel þó að hann væri aðeins að lækna eina manneskju. (Markús 5:25-34) Samt sem áður leyfði hann *hópum* fólks að snerta sig og allir læknuðust. (Lúkas 6:19) Hvílík óeigingirni!

<sup>17</sup> Jesús notaði líka mátt sinn á ábyrgan hátt. Aldrei vann hann kraftaverk til að sýnast eða ganga í augun á öðrum. (Matteus 4:5-7) Hann vildi ekki gera tákni til þess eins að seðja forvitni Heródesar. (Lúkas 23:8, 9) Hann auglýsti ekki mátt sinn heldur lagði oft ríkt á við þá sem hann

15, 16. Hvað er til vitnis um að Jesús notaði mátt sinn á óeigingjarnan hátt?

17. Hvernig sýndi Jesús að hann notaði mátt sinn á ábyrgan hátt?

læknaði að segja engum frá því. (Markús 5:43; 7:36) Hann vildi ekki að fólk drægi ályktanir um sig af æsifengnum frásögum. — Matteus 12:15-19.

<sup>18</sup> Jesús, þessi máttugi maður, var harla ólíkur þeim stjórnendum sem hafa beitt valdi sínu með kaldlyndi og fullkomnu skeytingarleysi fyrir þörfum og þjáningum annarra. Jesú var annt um fólk. Það eitt að sjá fólk hrjáð og hrakið snerti hann svo djúpt að hann gerði eitthvað til að lina þjáningar þess. (Matteus 14:14) Hann var tillitssamur gagnvart tilfinningum og þörfum annarra og beitti mætti sínum af mikilli umhyggju. Við finnum hjartnæmt dæmi í Markúsi 7:31-37.

<sup>19</sup> Þar segir frá því að menn komu til Jesú hópum saman og höfðu með sér marga sjúka, og hann læknaði þá alla. (Matteus 15:29, 30) En Jesús sýndi einum manni sérstaka tillitssemi. Maður þessi var heyrnarlaus og varla talandi. Hugsanlegt er að hann hafi verið sérstaklega taugaóstyrkur eða vandræðalegur og Jesús hafi skynjað það. Hann sýndi manninum þá nærgætni að taka hann afsíðis — frá mannfjöldanum — þar sem þeir gátu haft næði. Síðan sýndi hann manninum með táknum hvað hann ætlaði að gera. Hann „stakk fingrum sínum í eyru honum og vætti tungu hans með munnvatni sínu“.\* (Markús 7:33) Því næst leit hann til himins og andvarpaði. Þetta átti að segja manninum: Það sem ég ætla að gera fyrir þig geri ég í krafti Guðs.

\* Það að spýta munnvatni var viðtekin lækningaraðferð eða tákn um lækningu, bæði hjá Gyðingum og heiðingjum, og greint er frá notkun munnvatns við lækningar í ritum rabbína. Hugsanlegt er að Jesús hafi spýtt til að gefa manninum til kynna að hann væri í þann veginn að lækna. Að minnsta kosti notaði Jesús munnvatnið ekki sem náttúrulegt lækningameðal.

18-20. (a) Hvers vegna notaði Jesús mátt á þann hátt sem raun ber vitni? (b) Hvað finnst þér um framkomu Jesú við heyrnarlausan mann sem hann læknaði?



Síðan sagði Jesús: „Opnist þú.“ (Markús 7:34) Maðurinn fékk þá heyrnina og gat talað skýrt og eðlilega.

<sup>20</sup> Það er hjartnæmt til þess að vita að Jesús skuli hafa hugsað svona vel um tilfinningar fólks þegar hann notað lækningamátt sinn. Er ekki traustvekjandi að Jehóva skuli hafa sett messíasarríkið í hendur stjórnanda sem er svona umhyggjusamur og tillitssamur?

### Forsmekkur framtíðar

<sup>21</sup> Máttarverk Jesú hér á jörð eru aðeins forsmekkur af miklu stórfenglegri blessun undir konungsstjórn hans. Í nýjum heimi Guðs mun Jesús vinna kraftaverk enn á ný — en nú á heimsmælikvarða. Veltum fyrir okkur sumu af því sem við eigum í vændum.

<sup>22</sup> Jesús kemur aftur á fullkomnu jafnvægi í vistkerfi jarðar. Þú manst að hann sýndi vald sitt yfir náttúruöflunum með því að lægja ofviðri. Mannkynið þarf því ekki að óttast tjón af völdum fellibylja, jarðskjálfta, eldgosa eða annarra náttúruhamfara þegar Kristur fer með völd. Jesús er verkstjórinn sem Jehóva notaði þegar hann skapaði jörðina og lífið á henni þannig að hann skilur gerð og uppbyggingu jarðar til hlítar. Hann veit hvernig á að nota auðlindir hennar á réttan hátt. Undir stjórn hans verður allri jörðinni breytt í paradís. — Lúkas 23:43.

<sup>23</sup> Hvað um þarfir mannkyns? Jesús gat mettað þúsundir manna með fáeinum fiskum og brauðhleifum og það er trygging fyrir því að allir fái nægju sína þegar hann fer með völd. Það verður meira en nóg til af matvælum og þeim verður dreift réttlátlega þannig að hungri verði útrýmt fyrir fullt og allt. (Sálmur 72:16) Hann réð

21, 22. (a) Hverju eru kraftaverk Jesú forsmekkur af? (b) Hvers getum við vænst undir himneskri stjórn Jesú, í ljósi þess að hann ræður yfir náttúruöflunum?

23. Hvernig mun konungurinn Jesús fullnægja þörfum mannkyns?

### Til íhugunar

**Jesaja 11:1-5** Hvernig sýnir Jesús „anda kraftar“ og hvaða traust getum við haft á stjórn hans?

**Markús 2:1-12** Hvaða vald hefur Jesús fengið eins og kraftaverkalækningar hans eru til vitnis um?

**Jóhannes 6:25-27** Á hvað lagði Jesús mesta áherslu í starfi sínu þó að hann hafi unnið kraftaverk til að fullnægja líkamlegum þörfum manna?

**Jóhannes 6:25-27** Hvers vegna trúðu ekki allir á Jesú sem sáu kraftaverk hans og hvaða lærdóm getum við dregið af því?

fullkomlega við alla sjúkdóma þannig að sjúkir, blindir, heyrnarlausir, lamaðir og fatlaðir fá fulla og varanlega bót meina sinna. (Jesaja 33:24; 35:5, 6) Og hann gat reist fólk upp frá dauðum en það er trygging fyrir því að hann hafi vald sem himneskur konungur til að reisa upp óteljandi milljónir manna sem faðir hans vill minnast. — Jóhannes 5:28, 29.

<sup>24</sup> Þegar við hugsum um mátt Jesú skulum við hafa hugfast að hann er fullkomin eftirmynd föður síns. (Jóhannes 14:9) Með því að skoða hvernig Jesús beitti mætti sínum skiljum við betur hvernig Jehóva beitir mætti sínum. Sjáðu til dæmis hve hlýlegur Jesús var þegar hann læknaði holdsveikan mann. Hann kenndi í brjósti um manninn, snerti hann og sagði: „Ég vil.“ (Markús 1:40-42) Með frásögum sem þessum er Jehóva eiginlega að segja okkur: „Þannig nota ég mátt minn!“ Langar þig ekki til að lofa alvaldan Guð og þakka honum fyrir að nota mátt sinn á svona kærleiksríkan hátt?

24. Hvað ættum við að hafa í huga og hvers vegna þegar við hugleiðum hvernig Jesús beitti mætti sínum?

## Notaðu mátt þinn eftir fyrirmynd Guðs

„ETÍÐ vill valdið sinn vilja hafa,“ segir máltækið. Hér er vakin athygli á lúmskri hættu sem fylgir hvers kyns valdi og mætti. Ófullkomnum mönnum hættir því miður til að misbeita valdi sínu. Mannkynssagan vitnar um hvernig „einn maðurinn hefur drottnað yfir öðrum honum til ógæfu“. (Prédikarinn 8:9) Frá öröfi alda hefur meðferð valds án kærleika valdið mannkyni ómældum þjáningum.

<sup>2</sup> En það er óneitanlega einstakt að Jehóva Guð skuli *aldrei* misbeita takmarkalausum valdi sínu og óendanlegum mætti. Eins og fram kemur í köflunum á undan notar hann mátt sinn alltaf í samræmi við ástríka fyrirætlun sína – hvort sem það er mátturinn til að skapa, eyða, vernda eða endurnýja. Þegar við íhugum hvernig Guð beitir mætti sínum og valdi getum við ekki annað en laðast að honum. Það getur síðan verið okkur hvöt til að vera „eftirbreytendur Guðs“ þegar við sjálf förum með vald af einhverju tagi. (Efesusbréfið 5:1) En hvaða vald og mátt höfum við, smáir mennirnir?

<sup>3</sup> Maðurinn var skapaður „eftir Guðs mynd“ og líkur honum. (1. Mósebók 1:26, 27) Þess vegna höfum við mennirnir ákveðið vald og vissan mátt. Þetta getur verið máttur eða kraftur til að vinna og áorka einhverju, mannaforráð, áhrif sem við getum haft á aðra, einkum þá sem elska okkur, líkamlegur kraftur eða fjárhagslegt bolmagn. „Hjá þér er uppspretta lífsins,“ segir sálmaskáldið um Jehóva. (Sálmur 36:10) Guð er því beint eða óbeint uppsprettan að mætti

1. Hvaða lúmsk hættu fylgir hvers kyns valdi?

2, 3. (a) Hvað er einstakt við það hvernig Jehóva beitir valdi sínu og mætti? (b) Hvaða vald og mátt getum við haft og hvernig ættum við að nota það?

okkar og öllu lögmætu valdi sem við höfum á hendi. Við viljum nota það eins og hann vill að við gerum. Hvernig förum við að því?

### Kærleikur er nauðsynlegur

<sup>4</sup> Kærleikur er nauðsynlegur til að fara rétt með vald og mátt. Er ekki fordæmi Guðs til vitnis um það? Rifjaðu upp fyrir þér umfjöllunina í 1. kafla bókarinnar um fjóra höfuð-eiginleika Jehóva — mátt, réttlæti, visku og kærleika. Hver þessara eiginleika ber hæst? Það er kærleikurinn. „Guð er kærleikur,“ segir í 1. Jóhannesarbréfi 4:8. Já, Jehóva er kærleikurinn sjálfur því að kærleikurinn hefur sterk áhrif á allt sem hann gerir. Í hvert sinn sem hann birtir mátt sinn og vald býr kærleikurinn að baki þannig að allt sem hann gerir er að lokum til góðs fyrir þá sem elska hann.

<sup>5</sup> Kærleikurinn hjálpar okkur líka að fara rétt með vald okkar, enda segir Biblían að kærleikurinn sé „góðviljaður“ og ‚leiti ekki síns eigin‘. (1. Korintubríf 13:4, 5) Kærleikurinn leyfir okkur því ekki að vera hranaleg eða miskunnarlaus við þá sem við höfum eitthvert vald yfir heldur sýnum við öðrum virðingu og setjum þarfir þeirra og tilfinningar ofar okkar eigin. — Filippíbréfið 2:3, 4.

<sup>6</sup> Kærleikurinn er tengdur öðru sem getur komið í veg fyrir að við misnotum vald okkar. Það er guðsóttinn. Hvaða gildi hefur hann? „Fyrir ótta [Jehóva] forðast menn hið illa,“ segja Orðskviðirnir 16:6. Misnotkun valds er einmitt eitt af því illa sem við eigum að forðast. Guðsótti forðar okkur frá því að fara illa með þá sem við höfum forræði fyrir. Hvers vegna? Meðal annars vegna þess að við vitum

---

4, 5. (a) Hvað er nauðsynlegt til að fara rétt með vald og mátt og hvernig er fordæmi Guðs til vitnis um það? (b) Hvernig hjálpar kærleikurinn okkur að fara rétt með vald okkar?

6, 7. (a) Hvað er guðsótti og hvernig hjálpar hann okkur að misbeita ekki valdi okkar? (b) Lýstu með dæmi hvernig óttinn við að gera Guði á móti skapi er tengdur því að elska hann.

að við þurfum að standa Guði skil á því hvernig við komum fram við þá sem eru undir okkur settir. (Nehemíabók 5:1-7, 15) En guðsótti er meira en það. Frummálsorðin, sem þýdd eru „ótti“, lýsa oft djúpstæðri virðingu og lotningu fyrir Guði. Þannig setur Biblían ótta í samband við kærleikann til Guðs. (5. Mósebók 10:12, 13) Þessi lotning og aðdáun felur í sér heilbrigðan ótta við að gera Guði á móti skapi – ekki aðeins af því að við óttumst afleiðingarnar heldur af því að við elskum hann í alvöru.

<sup>7</sup> Lýsum þessu með dæmi: Hugsaðu þér heilnæmt samband milli lítils drengs og pabba hans. Drengurinn skynjar áhuga, hlýju og umhyggju pabba síns en veit jafnframt hvaða kröfur pabbi hans gerir til hans. Og hann veit að pabbi agar hann ef hann er óþekkur. En drengurinn er ekki sjúklega hræddur við pabba sinn heldur þykir honum innilega vænt um hann. Hann hefur yndi af því að gera hvaðeina sem veitir honum velþóknun pabba síns. Eins er það með guðsóttann. Við elskum Jehóva, föður okkar á himnum, þannig að við hræðumst að gera nokkuð til að honum „sárni í hjarta sínu“. (1. Mósebók 6:6) Við þráum að gleðja hjarta hans. (Orðskviðirnir 27:11) Þess vegna viljum við fara rétt með vald okkar. Skoðum nánar hvernig við getum gert það.

## Í fjölskyldunni

<sup>8</sup> Snúum okkur fyrst að fjölskyldunni. „Maðurinn er höfuð konunnar,“ segir Efesusbréfið 5:23. Hvernig á eiginmaður að fara með þetta vald sem Guð hefur gefið honum? Biblían segir eiginmönnum að „búa með skynsemi saman við konur sínar sem veikari ker og veita þeim virðingu“. (1. Pétursbréf 3:7) Gríska nafnorðið, sem þýtt er „virðing“, merkir meðal annars „verðmæti og gildi“ og ein

8. (a) Hvaða vald hefur eiginmaður í fjölskyldunni og hvernig á hann að fara með það? (b) Hvernig getur eiginmaður sýnt að hann veiti konunni sinni virðingu?

mynd þess er þýdd „dýrmætur“. (1. Pétursbréf 2:7) Maður, sem sýnir konu sinni virðingu, beitir hana aldrei ofbeldi, og hann hvorki auðmýkir hana né niðrar henni svo að henni finnist hún einskis virði. Hann viðurkennir mann-kosti hennar og metur hana mikils. Hann sýnir í orði og verki — bæði í einkalífínu og meðal fólks — að hún sé honum hjartfólgin. (Orðskviðirnir 31:28) Slíkur maður ávinnur sér bæði ást og virðingu eiginkonu sinnar en líka það sem mikilvægara er, velþóknun Guðs.

<sup>9</sup> Eiginkonan fer líka með ákveðið vald í fjölskyldunni. Biblían segir frá guðhræddum konum sem beittu sér þannig að þær höfðu jákvæð áhrif á eiginmenn sína eða forðuðu þeim frá því að taka rangar ákvarðanir, án þess þó að ögra forræði þeirra. (1. Mósebók 21:9-12; 27:46-28:2) Konan er kannski skarpari en maðurinn hennar eða býr yfir öðrum hæfileikum sem hann skortir. Hún á þó að bera djúpa virðingu fyrir honum og „vera honum undirgefin eins og það væri Drottinn“. (Efesusbréfið 5:21, 22, 33) Ef konan lætur sér annþ um að þóknast Guði auðveldar það henni að nota hæfileika sína til að styðja manninn sinn í stað þess að gera lítið úr honum eða reyna að ráða yfir honum. Vitur kona tekur höndum saman við eiginmann sinn um að uppbyggja fjölskylduna, og þannig heldur hún frið við Guð. — Orðskviðirnir 14:1.

<sup>10</sup> Foreldrar hafa einnig fengið ákveðið vald frá Guði. „Þér feður, reitið ekki börn yðar til reiði, heldur alið þau upp með aga og umvöndun [Jehóva],“ segir Biblían. (Efesusbréfið 6:4) Í Biblíunni getur orðið „agi“ þýtt „uppeldi, þjálfun, tilsögn“. (Orðskviðirnir 4:1, 2) Börn þurfa að fá aga. Þau blómstra ef þau fá skýrar leiðbeiningar, ef þeim eru

9. (a) Hvaða vald hefur eiginkonan í fjölskyldunni? (b) Hvað getur auðvelað eiginkonu að nota hæfileika sína til að styðja manninn sinn, og með hvaða árangri?

10. (a) Hvaða vald hefur Guð veitt foreldrum? (b) Hvað merkir orðið „agi“ og hvernig ætti að aga? (Sjá neðanmálgrein.)

settar ákveðnar hömlur og er gert að halda sig innan vel skilgreindra marka. Biblían setur slíkan aga eða tilsögn í beint samband við kærleika. (Orðskviðirnir 3:11, 12) Orðalagið „vöndur agans“, sem Biblían notar, merkir ekki að agi megi vera harðneskjulegur, líkamlega eða tilfinningalega.\* (Orðskviðirnir 22:15) Ef foreldrar beita ströngum eða ósveigjanlegum aga og sýna börnunum ekki ást eru þeir að misbeita foreldravaldinu, og þá er hætta á að börnin bíði skaða af. (Kólossubréfið 3:21) Sé ögunin hins vegar hófleg og skynsamleg flytur hún börnunum þau skilaboð að foreldrarnir elski þau og láti sér annt um að þau verði góðar manneskjur.

<sup>11</sup> Hvað um börnin? Hvernig geta þau farið rétt með þann kraft sem þau búa yfir? „Krafturinn er ágæti ungra manna,“ segja Orðskviðirnir 20:29. Það besta sem unga fólkíð getur gert er að nota krafta sína og æskufjör í þjónustu skapara síns. (Prédikarinn 12:1) Það er hollt fyrir börn að hafa hugfast að þau geta haft áhrif á tilfinningar foreldranna með breytni sinni. (Orðskviðirnir 23:24, 25) Börn gleðja hjörtu guðhræddra foreldra með því að hlýða þeim og halda sig á réttri braut. (Efesusbréfið 6:1) Slík hegðun er Drottinn þóknanleg. — Kólossubréfið 3:20.

## Í söfnuðinum

<sup>12</sup> Jehóva hefur skipað hæfa umsjónarmenn til að fara með forystu í kristna söfnuðinum. (Hebreabréfið 13:17) Þeir eiga að nota það vald, sem Guð hefur falið þeim, til

---

\* Hebreska biblíuorðið, sem þýtt er „vöndur“, merkir stafur eða prik eins og fjárhirðir notaði er hann gætti sauða. (Sálmur 23:4) „Vöndur“ foreldravaldsins er á sama hátt tákn um ástríka leiðsögn en ekki stranga eða harkalega refsingu.

---

11. Hvernig geta börn notað kraft sinn á réttan hátt?  
12, 13. (a) Hvernig ættu öldungar að líta á það vald sem þeir hafa í söfnuðinum? (b) Lýstu með dæmi hvers vegna öldungarnir ættu að koma mildilega fram við hjörðina.

að aðstoða hjörðina og stuðla sem best þeir geta að vel ferð hennar. Mega þeir drottna yfir trússysteminum sínum úr því að þeir eru skipaðir öldungar? Nei, öldungarnir þurfa að vera hógværir og sjá hlutverk sitt í söfnuðinum í réttu ljósi. (1. Pétursbréf 5:2, 3) Biblían segir umsjónarmönnum: „Verið hirðar Guðs kirkju, sem hann hefur unnið sér með sínu eigin blóði [„blóði sonar síns“, NW].“ (Postulasagan 20:28) Hér kemur fram sterk ástæða fyrir því að koma mildilega fram við hvern og einn í söfnuðinum.

<sup>13</sup> Við getum skýrt þetta með dæmi. Náinn vinur biður þig að gæta einhvers hlutar sem honum þykir sérlega vænt um. Þú veist að vinurinn keypti hann dýru verði. Þú myndir örugglega fara varlega með hlutinn og gæta hans vel. Eins hefur Guð falið öldungunum þá ábyrgð að gæta mjög verðmætrar eignar: safnaðarins sem hann líkir við sauðahjörð. (Jóhannes 21:16, 17) Jehóva þykir ákaflega vænt um sauðina – svo mjög að hann keypti þá með dýrmætu blóði eingetins sonar síns, Jesú Krists. Hann gat ekki greitt herra verð fyrir þá. Auðmjúkir öldungar hafa þetta hugfast og meðhöndla sauði Jehóva samkvæmt því.

### „Vald tungunnar“

<sup>14</sup> „Dauði og líf eru á tungunnar valdi,“ segir Biblían. (Orðskviðirnir 18:21) Það er hægt að vinna mikið tjón með tungunni. Alla hefur einhvern tíma kennt til undan hugsunarlausum eða niðrandi orðum annarra. En tungan getur líka læknað. Orðskviðirnir 12:18 segja að „tunga hinna vitru græði“. Já, uppbyggileg og heilnæm orð geta virkað á hjartað eins og mýkjandi og græðandi smyrsl. Lítum á dæmi.

<sup>15</sup> „Hughreystið niðurdregna,“ hvetur 1. Þessaloníkubríf 5:14. (NW) Dyggustu þjónar Jehóva geta stöku sinn-


14. Yfir hvaða valdi býr tungan?

15, 16. Hvernig getum við notað tunguna til að uppörva aðra?



um orðið niðurdregin eða þunglyndir. Hvernig getum við hjálpað þeim? Hrósum þeim einlæglega fyrir eitthvað ákveðið, til að minna þá á hvers virði þeir séu í augum Jehóva. Bendum þeim á máttug ritningarorð sem sýna fram á að Jehóva lætur sér mjög annt um þá sem „hafa sundur-marið hjarta“ og „sundurkraminn anda“. (Sálmur 34:19) Með því að nota tunguna til að hughreysta aðra erum við að líkja eftir hinum umhyggju-sama Guði „sem huggar hina beygðu“. — 2. Korintubríf 7:6.

<sup>16</sup> Við getum líka notað tunguna til að uppörva þá sem eru uppörvunar þurfi. Hefur trúbróðir misst ástvin í dauðann? Nokkur samúðarorð geta sagt honum að okkur sé annt um hann, og það getur verið hughreystandi fyrir hann. Finnst öldruðum bróður eða systur sér vera ofaukið? Hugulsöm orð geta fullvissað þá sem komnir eru á efri ár um að aðrir virði þá og meti mikils. Á einhver við þrálát veikindi að stríða? Vingjarnleg orð í síma eða í eigin persónu geta verið mjög uppörvandi fyrir þann sem er sjúkur. Við hljótum að gleðja skaparann þegar við notum vald tungunnar til



*Hjón fara rétt með  
vald sitt með því  
að elska og virða  
hvort annað.*

að tala það sem er „gott til uppbyggingar“. — Efesusbréfið 4:29.

<sup>17</sup> Mikilvægasta leiðin til að nota vald tungunnar er að segja öðrum frá fagnaðarerindinu um ríki Guðs. „Synja eigi góðs þeim, er þarfnast þess, ef það er á þínu valdi að gjöra það,“ segja Orðskviðirnir 3:27. Okkur er hreinlega skylt að segja fólki frá fagnaðarerindinu sem getur bjargað lífi þess. Það væri ekki rétt af okkur að lúra á hinum árið-andi boðskap sem Jehóva hefur gefið okkur af örlæti sínu. (1. Korintubríf 9:16, 22) En hversu mikinn þátt ætlast Jehóva til að við tökum í þessu starfi?

17. Á hvaða mikilvægan hátt getum við notað tunguna til góðs fyrir aðra og hvers vegna ættum við að gera það?

***Boðunarstarfið er frábær leið til að nota krafta sína.***



## Þjónaðu Jehóva af „öllum mætti þínum“

<sup>18</sup> Kærleikurinn til Jehóva er okkur hvöt til að taka sem mestan þátt í að boða fagnaðarerindið. Hvers væntir Jehóva af okkur í boðunarstarfinu? Að við gerum okkar besta miðað við aðstæður okkar í lífinu: „Hvað sem þér gjörðið, þá vinnið af heilum huga, eins og [Jehóva] ætti í hlut, en ekki menn.“ (Kólossubrésið 3:23) Aðspurður hvert væri mesta boðorðið sagði Jesús: „Þú skalt elska [Jehóva], Guð þinn, af öllu hjarta þínu, allri sálu þinni, öllum huga þínum og öllum mætti þínum.“ (Markús 12:30) Já, Jehóva væntir þess að hvert og eitt okkar elski hann og þjóni honum af allri sálu.

<sup>19</sup> Hvað merkir það að þjóna Jehóva af allri sálu? Sálin er maðurinn allur, með öllum hæfileikum hugar og líkama. Hvers vegna er þá verið að nefna hjarta, huga og mátt í Markúsi 12:30 fyrst það er allt innifalið í sálinni? Lítum á dæmi til skýringar. Á biblíutímanum var hægt að selja sig (sál sína) í þrælkun. En kannski þjónaði þrællinn ekki húsbóndanum af öllu hjarta. Kannski þjónaði hann ekki hagsmunum húsbóndans af öllum kröftum eða heilum huga. (Kólossubrésið 3:22) Jesús nefnir þetta allt saman til að leggja áherslu á að við megum ekki hlífa okkur í þjónustunni við Guð. Til að þjóna Guði af allri sálu verðum við að gefa okkur í verkið og nota krafta okkar og styrk eins og best við getum í þjónustu hans.

<sup>20</sup> Þýðir þetta að við verðum öll að nota jafnmikinn tíma og jafnmikla krafta í þjónustunni við Jehóva? Það getur varla verið því að aðstæður manna eru ólíkar og hæfileikar mismunandi. Ung, hraust og þróttmikil manneskja ætti að geta notað meiri tíma til að prédika fagnaðarerindið en sú

18. Til hvers ætlast Jehóva af okkur?

19, 20. (a) Hvers vegna er minnst á hjarta, huga og mátt í Markúsi 13:20 fyrst það er allt innifalið í sálinni? (b) Hvað þýðir það að þjóna Jehóva af allri sálu?

### Til íhugunar

**Orðskviðirnir 3:9, 10** Hvaða verðmæti eigum við og hvernig getum við notað þau til að tigna Jehóva?

**Prédikarinn 9:5-10** Af hverju ættirðu að nota krafta þína núna eins og Jehóva hefur velpóknun á?

**Postulasagan 8:9-24** Hvernig er verið að misnota vald í þessari frásögu og hvernig getum við forðast þess konar háttarni?

**Postulasagan 20:29-38** Hvað geta þeir sem gegna ábyrgðarstörfum í söfnuðinum lært af fordæmi Páls?

sem er farin að reskjast og tapa kröftum. Einhleyp manneskja, sem hefur ekki fyrir fjölskyldu að sjá, ætti að geta gert meira en sú sem hefur fjölskyldu að annast. Við ættum að vera þakklát ef við höfum krafta og kringumstæður til að leggja mikið af mörkum í boðunarstarfinu. En auðvitað viljum við gæta þess að vera ekki gagnrýnin og bera okkur ekki saman við aðra. (Rómverjabréfið 14:10-12) Það er miklu betra að nota krafta sína öðrum til hvatningar og uppörvunar.

<sup>21</sup> Jehóva er fullkomið fordæmi um að nota mátt og vald á réttan hátt. Við viljum líkja eftir honum sem best við getum, þótt ófullkomin séum. Við getum notað vald okkar rétt með því að virða þá sem við höfum eitthvað yfir að segja. Og við viljum sinna prédikunarstarfinu af allri sálu, björgunarstarfinu sem Jehóva hefur falið okkur að vinna. (Rómverjabréfið 10:13, 14) Mundu að Jehóva er ánægður þegar þú gefur honum það besta sem þú — sál þín — getur gefið. Finnurðu ekki löngun í hjarta þér til að gera allt sem þú getur til að þjóna þessum skilningsríka og ástríka Guði? Það er besta og mikilvægasta leiðin til að nota vald sitt og mátt.

21. Hver er besta og mikilvægasta leiðin til að nota vald sitt og mátt?

## JEHÓVA „HEFIR MÆTUR Á RÉTTLÆTI“

*Ranglætið er mikið í heiminum  
og margir skella skuldinni á Guð.  
En Biblían kennir hjartnæman sannleika  
— þann að Jehóva „hefir mætur á réttlæti“.  
(Sálmur 37:28) Við fræðumst um það í þessum  
bókarhluta hvernig hann hefur sýnt  
fram á þetta og könnum hvernig það  
veitir öllu mannkyni von.*

## „Allir vegir hans eru réttlæti“

ÞETTA var magnað óréttlæti. Ungur, myndarlegur maður var ranglega ákærður fyrir nauðgunartilraun og varpað í dýflissu án þess að hafa nokkuð til saka unnið. En þetta voru ekki fyrstu kynni hans af ranglætinu. Þessi ungi maður, er Jósef hét, var svikinn af bræðrum sínum 17 ára gamall. Við lá að þeir myrtu hann en ákváðu svo að selja hann sem þræl til framandi lands. Eiginkona húsbónda hans fór á fjörurnar við hann en hann neitaði. Henni var stórlega misboðið og hún laug upp á hann sökum með þeim afleiðingum að hann var hnepptur í varðhald. Því miður virtist Jósef ekki eiga sér neinn málsvara.

<sup>2</sup> En Jehóva Guð, sem „hefir mætur á réttlæti og rétti“, fylgdist með því sem fram fór. (Sálmur 33:5) Hann hófst handa við að leiðrétta þetta óréttlæti og lét málin skipast svo að Jósef var að lokum leystur úr haldi. Og ekki nóg með það. Jósef, sem setið hafði í „dýflissu“, var að lokum veitt einstök virðing og hann var skipaður í háa ábyrgðarstöðu. (1. Mósebók 40:15; 41:41-43; Sálmur 105:17, 18) Hann fékk uppreisn æru og notaði háa stöðu sína til að vinna að því að fyrirætlun Guðs næði fram að ganga. — 1. Mósebók 45:5-8.

<sup>3</sup> Frásaga sem þessi höfðar óneitanlega sterkt til okkar. Allir hafa einhvern tíma horft upp á ranglæti eða orðið fyrir því sjálfir. Öll viljum við fá réttláta og sanngjarna

1, 2. (a) Hvaða magnað óréttlæti mátti Jósef þola? (b) Hvernig leiðrétti Jehóva óréttlætið?

3. Hvers vegna er ekkert undarlegt að við skulum öll vilja fá réttláta meðferð?

meðferð. Það er ekkert undarlegt því að Jehóva gaf okkur eiginleika sem endurspegla persónuleika hans sjálfs, og réttlætiskennin er einn af höfuðeiginleikum hans. (1. Mósebók 1:27) Til að þekkja Jehóva vel þurfum við að skilja réttlætiskennin hans. Þá fáum við enn meiri mætur á dásamlegum vegum hans og löðumst sterkar að honum.

### Hvað er réttlæti?

<sup>4</sup> Frá mannlegum sjónarhóli er oft litið svo á að réttlæti sé einungis sanngjörn beiting laga. Bókin *Right and Reason — Ethics in Theory and Practice* segir að „réttlæti tengist lögum, skuldbindingum, réttindum og skyldum og deili út dómum sínum eftir verðleikum og án hlutdrægni“. En réttlæti Jehóva er annað og meira en kaldir og vélrænir úrskurðir byggðir á skyldukvöð.

<sup>5</sup> Við getum glöggvað okkur á breiddinni og dýptinni í réttlæti Jehóva með því að skoða orðin sem notuð eru um réttlæti á frummálum Biblíunnar. Í Hebresku ritningunum eru einkum notuð þrjú orð. Tvö þeirra eru yfirleitt þýdd ‚réttlæti‘ en hið þriðja oftast ‚réttur‘, ‚réttlæti‘ eða ‚réttvísi‘ og einnig ‚það sem rétt er‘. Í Grísku ritningunum er notað orð sem er skilgreint ‚það sem er rétt eða réttsýnt‘. Efnislega er lítil merkingarmunur á þessum orðum. — Sálmur 89:15.

<sup>6</sup> Þegar Biblían segir að Guð sé réttlátur er því átt við að hann geri það sem er rétt og sanngjarnt, að hann geri það stöðugt og án manngreinarálits. (Rómverjabréfið 2:11) Allt annað er í rauninni óhugsandi. Elíhú full-yrti: „Fjarri fer því, að Guð aðhafist illt og hinn Almáttki

4. Hvernig líta menn oft á réttlæti?

5, 6. (a) Hvað merkja frummálsorðin sem notuð eru um réttlæti?  
 (b) Hvað merkir það að Guð sé réttlátur?

fremji ranglæti.“ (Jobsbók 34:10) Já, það er óhugsandi að Jehóva „fremji ranglæti“. Af hverju? Það eru tvær meginástæður fyrir því.

<sup>7</sup> Í fyrsta lagi er Guð heilagur. Eins og fram kom í 3. kafla er Jehóva óendanlega hreinn og heiðvirður. Þess vegna getur hann ekki gert neitt sem er óréttlátt. Hugleiddu aðeins hvað það felur í sér. Þar sem faðirinn á himnum er heilagur höfum við ærna ástæðu til að treysta að hann fari aldrei illa með börnin sín. Jesús treysti því og bað nóttina áður en hann dó: „Heilagi faðir, varðveit þá [læriveinana] í þínu nafni“. (Jóhannes 17:11) Í Biblíunni er ávarpið „heilagi faðir“ aðeins notað um Jehóva. Það er viðeigandi því að enginn menskur faðir er heilagur á borð við hann. Jesús treysti að lærisveinarnir væru öruggir í höndum föðurins sem er fullkomlega hreinn og kemur ekki nærri nokkru sem er syndugt eða syndsamlegt. — Matteus 23:9.


<sup>8</sup> Í öðru lagi er óeingjarn kærleikur þáttur í eðli Guðs. Kærleikurinn gerir hann réttlátan í samskiptum við aðra. En ranglæti, til dæmis kynþáttafordómar, mismunun og hlutdrægni, er oft sprottið af ágirnd og sjálfselsku sem eru andstæður kærleikans. Biblían fullvissar okkur um að Jehóva, Guð kærleikans, sé ‚réttlátur og hafi mætur á réttlætisverkum‘. (Sálmur 11:7) Hann segir um sjálfan sig: „Ég, [Jehóva], elska réttlæti.“ (Jesaja 61:8) Er ekki hughreystandi til þess að vita að Guð skuli hafa yndi af því að gera það sem er rétt og réttlátt? — Jeremía 9:24.

---

7, 8. (a) Af hverju er óhugsandi að Jehóva geri nokkuð sem er óréttlátt? (b) Hvað er það sem gerir Jehóva réttlátan í samskiptum við aðra?

*Jósef þjáðist að óseku í „dýflissu“.*





## Miskunn og fullkomið réttlæti Jehóva

<sup>9</sup> Réttlæti Jehóva er fullkomið og algert, líkt og allir aðrir þættir hins óviðjafnanlega persónuleika hans. Móse lofaði Jehóva og skrifaði: „Bjargið — fullkomin eru verk hans, því að allir vegir hans eru réttlæti. Trúfastur Guð og tállaus, réttlátur og réttvís er hann.“ (5. Mósebók 32: 3, 4) Réttlæti Jehóva er lýtalaust. Það er aldrei of slakt og aldrei of strangt.

<sup>10</sup> Það er náíð samband milli réttlætis Jehóva og miskunnar hans. Sálmur 116:5 segir: „Náðugur er [Jehóva] og réttlátur, og vor Guð er miskunnsamur.“ Já, Jehóva er bæði réttlátur og miskunnsamur. Þessir eiginleikar stangast ekki á. Þegar hann sýnir miskunn er hann ekki að útvatna réttlæti sitt eins og það væri að öðrum kosti of strangt. Oft sýnir hann bæði réttlæti og miskunn samtímis, jafnvel í einum og sama verknaðinum. Lítum á dæmi.

<sup>11</sup> Allir menn hafa fengið það í arf að vera syndarar og verðskulda því þá refsingu sem fylgir syndinni — að deyja. (Rómverjabréfið 5:12) En Jehóva hefur enga ánægju af því að syndarar deyi. Hann er „Guð, sem fús er á að fyrirgefa, náðugur og miskunnsamur“. (Nehemíabók 9:17) En þar sem hann er heilagur getur hann ekki horft fram hjá ranglætinu. Hvernig gat hann þá miskunnað mönnum sem höfðu tekið syndina í arf? Svárið er að finna í einum dýrmætustu sannindum Biblíunnar — þeirri ráðstöfun Jehóva að leggja fram lausnargjald til bjargar mannkyni. Við lærum meira um þessa kærleiks-ráðstöfun í 14. kafla, en hún er hvort tveggja í senn ákaflega réttlát og yfirmáta miskunnsöm. Hún er leið Jehóva

---

9-11. (a) Hvaða samband er milli réttlætis Jehóva og miskunnar hans? (b) Hvernig er réttlæti Jehóva og miskunn augljós af samskiptum hans við synduga menn?

til að sýna iðrandi syndurum miskunn án þess að hvika frá mælikvarða sínum um fullkomið réttlæti. — Róm-verjabréfið 3:21-26.

### Réttlæti Jehóva er hjartnæmt

<sup>12</sup> Réttlæti Jehóva er ekki kuldalegt og fráhrindandi heldur geðfelldur eiginleiki sem laðar okkur að honum. Biblían lýsir greinilega hvernig samúð og umhyggja er samofin réttlæti hans. Skoðum nokkur dæmi um það hvernig Jehóva beitir réttlæti sínu með hlýlegum hætti.

<sup>13</sup> Fullkomið réttlæti Jehóva gerir að verkum að hann er trúr og tryggur þjónum sínum. Sálmaskáldið Davíð kynntist þessari hlið á réttlæti hans af eigin raun. Hvað ályktaði hann eftir að hafa kynnt sér starfshætti Guðs? Hann staðhæfði: „[Jehóva] hefir mætur á réttlæti og yfirgefur ekki sína trúuðu. Þeir verða eilíflega varðveittir.“ (Sálmur 37:28) Þetta er ákaflega traustvekjandi. Guð yfirgefur ekki eitt andartak þá sem eru honum trúir. Réttlæti hans tryggir að við getum reitt okkur á nálægð hans og ástúðlega umhyggju. — Orðskviðirnir 2:7, 8.

<sup>14</sup> Réttlæti Guðs er næmt á þarfir nauðstaddra. Lögmálið, sem hann gaf Ísrael, ber greinilega vitni um umhyggju hans fyrir bágstöddum. Til dæmis voru þar sérstök ákvæði til að tryggja hag ekkna og munaðarleysingja. (5. Mósebók 24:17-21) Jehóva vissi hve erfíð lífsbaráttan gæti verið fyrir slíkar fjölskyldur og gerðist því föðurlegur dómari þeirra og verndari. Hann ætlaði sjálfur að „reka réttar munaðarleysingjans og ekkjunnar“. (5. Mósebók 10:18; Sálmur 68:6) Hann varaði

12, 13. (a) Af hverju er réttlæti Jehóva aðlaðandi? (b) Hvað ályktaði Davíð um réttlæti Jehóva og af hverju er það traustvekjandi?

14. Hvernig birtist umhyggja Jehóva fyrir bágstöddum í lögmálinu sem hann gaf Ísrael?

Ísraelsmenn við því að leggjast á varnarlausar konur og börn og kvaðst mundu heyra hróp þeirra ef þau væru órétti beitt. „Þá skal reiði mín upptendrast,“ sagði hann. (2. Mósebók 22:22-24) Þó að reiði sé ekki ríkjandi eiginleiki Jehóva vekja vísvitandi rangindi réttláta reiði hans, ekki síst ef þolendurnir eiga bág og eru hjálparvana. — Sálmur 103:6.

<sup>15</sup> Jehóva fullvissar okkur einnig um að hann sé „Guð, sem eigi gjörir sér mannamun og þiggur eigi mútur“. (5. Mósebók 10:17) Hann horfir ekki á efnislegan auð eða ytra útlit, ólíkt mörgum áhrifa- og valdamönnum. Hann er fullkomlega laus við hleypidóma og hlutdrægni. Lítum á einstakt dæmi um óhlutdrægni Jehóva. Það eru ekki aðeins fáeinir útvaldir sem fá að tilbiðja hann í sannleika og eignast von um eilíft líf, heldur „tekur [hann] opnum örmum hverjum þeim, sem óttast hann og ástundar réttlæti, hverrar þjóðar sem er“. (Postulasagan 10:34, 35) Þessi dásamlega von stendur öllum til boða, óháð þjóðfélagsstöðu, hörundslit og heimalandi. Er það ekki ósvikið réttlæti eins og það gerist best?

<sup>16</sup> Það er önnur hlið á fullkomnu réttlæti Jehóva sem verðskuldar umhugsun okkar og virðingu, en hún er sú hvernig hann tekur á þeim sem brjóta gegn réttlátum stöðlum hans.

### Engin undanþága frá hegningu

<sup>17</sup> Sumum er kannski spurn hvernig hægt sé að skýra allt það ranglæti og þjáningar og þá spillingu sem er í heiminum, úr því að Jehóva lítur ekki fram hjá óréttlætinu. En þetta ranglæti breytir engu um það að Jehóva er

15, 16. Hvaða einstakt merki um óhlutdrægni Jehóva er hægt að nefna?

17. Útskýrðu hvers vegna ranglætið í heiminum breytir engu um það að Jehóva er réttlátur.

réttlátur. Hið margvíslega ranglæti í þessum illa heimi er afleiðing syndarinnar sem mennirnir hafa erft frá Adam. Ófullkomnir menn hafa sjálfir valið að stunda syndina og skapað heim þar sem ranglætið ræður ríkjum — en ekki miklu lengur. — 5. Mósebók 32:5.

<sup>18</sup> Þó að Jehóva sýni þeim mikla miskunn sem nálægja sig honum í einlægni umber hann ekki endalasta það ástand sem kastar rýrð á heilagt nafn hans. (Sálmur 74: 10, 22, 23) Guð réttlætisins lætur ekki að sér hæða; hann hlífir ekki þrjóskum syndurum við þeim dómi sem þeir verðskulda vegna breytni sinnar. Jehóva er „miskunn-samur og líknsamur Guð, þolinmóður, gæskuríkur og harla trúfastur, . . . fyrirgefur misgjörðir, afbrot og syndir, en lætur þeirra þó eigi með öllu óhegnt“. (2. Mósebók 34:6, 7) Eins og þessi orð bera með sér hefur Jehóva stundum talið nauðsynlegt að fullnægja refsidómi yfir þeim sem fótum troða réttlát lög hans af ásettu ráði.

<sup>19</sup> Tökum sem dæmi samskipti Guðs við Ísraelsmenn forðum daga. Þeir gerðu sig ítrekað seka um ótrú-mennsku, jafnvel eftir að þeir voru sestir að í fyrirheitna landinu. Þó að þeir „hryggðu“ Jehóva með spilltri hegðun sinni hafnaði hann þeim ekki þegar í stað heldur sýndi þá miskunn að gefa þeim hvað eftir annað tækifæri til að snúa af rangri braut. (Sálmur 78:38-41) Hann sagði þeim: „Svo sannarlega . . . hefi ég ekki þóknun á dauða hins óguðlega, heldur að hinn óguðlegi hverfi frá breytni sinni og haldi lífi. Snúið yður, snúið yður frá yðar vondu breytni! Hví viljið þér deyja, Ísraelsmenn?“ (Esekíel 33:11) Lífið er dýrmætt í augum Jehóva svo að hann sendi spámenn sína hvað eftir annað til þeirra í von um að þeir sæju að sér og sneru baki við illskunni.

---

18, 19. Hvað sýnir að Jehóva umber ekki endalasta þá sem brjóta réttlát lög hans af ásettu ráði?

### Til íhugunar

**Jeremía 18:1-11** Hvernig kenndi Jehóva Jeremía að hann framfylgi ekki dómi yfir mönnum í fljótfærni?

**Habakkuk 1:1-4, 13; 2:2-4** Hvernig fullvissaði Jehóva Habakkuk um að hann umberi ekki óréttlætið að eilífu?

**Sakaría 7:8-14** Hvernig lítur Jehóva á þá sem troða á rétti annarra?

**Rómverjabréfið 2:3-11** Á hvaða grundvelli dæmir Jehóva einstaklinga sem og þjóðir?

En Ísraelsmenn voru harðsvíraðir og neituðu flestir að hlusta og iðrast. Jehóva gaf þá að lokum í hendur óvina þeirra vegna síns heilaga nafns og alls þess sem það táknar. — Nehemíabók 9:26-30.

<sup>20</sup> Samskipti Jehóva við Ísraelsmenn segja okkur margt um hann. Það er til dæmis ljóst að alsjáandi augu hans taka eftir ranglætinu og það sem hann sér snertir hann djúpt. (Orðskviðirnir 15:3) Það er líka uppörvandi til að vita að hann leitast við að sýna miskunn ef einhver grundvöllur er fyrir því. Og við sjáum að hann fullnægir aldrei réttlætinu í fljótfærni. Að Jehóva skuli vera þolinmóður og langlyndur veldur því að margir álykta að hann muni aldrei fullnægja dómi yfir illum mönnum. En það er fjarri sanni því að samskipti Guðs við Ísraelsmenn kenna okkur líka að þolinmæði hans eru takmörk sett. Jehóva stendur fastur á réttlætinu. Hann er ólíkur mönnum að því leytinu til að hann veigrar sér aldrei við að framfylgja réttlætinu. Hann skortir aldrei hugrekki til að verja réttlætið. Það er vel við hæfi að ljónið, sem er tákn hugrekks og réttlætis, skuli vera sett í samband við

20. (a) Hvað má læra um Jehóva af samskiptum hans við Ísrael?  
(b) Af hverju er ljónið viðeigandi tákn um réttlæti Jehóva?

nærveru Guðs og hásæti hans.\* (Esekíel 1:10; Opinberunarbókin 4:7) Við getum því treyst að hann standi við fyrirheit sitt um að losa jörðina við allt óréttlæti. Það má lýsa framgöngu Jehóva sem dómara þannig: festa sé hún nauðsynleg, miskunn sé hún möguleg. — 2. Pétursbréf 3:9.

### Að nálægja sig Guði réttlætisins

<sup>21</sup> Þegar við hugleiðum hvernig Jehóva fullnægir réttlætinu ættum við ekki að sjá hann fyrir okkur sem kuldalegan og strangan dómara sem hugsar um það eitt að kveða upp dóma yfir misindismönnum. Við ættum að hugsa um hann sem kærleiksríkan en ákveðinn föður sem fer alltaf með börnin sín eins og best verður á kosið. Eins og réttisýnn og réttlátur faðir sýnir hann jarðneskum börnum sínum umhyggju og samúð, enda þarfnast þau hjálpar hans og fyrirgefningar, en hann stendur jafnframt fastur á því sem er rétt. — Sálmur 103:10, 13.

<sup>22</sup> Við getum verið innilega þakklát fyrir að réttlæti Guðs er annað og meira en það að fella dóma yfir syndurum. Jehóva hefur í réttlæti sínu gefið okkur ótrúlega von um fullkomið, eilíft líf í heimi „þar sem réttlæti býr“. (2. Pétursbréf 3:13) Þetta gerir Guð vegna þess að réttlæti hans leitast við að bjarga frekar en fordæma. Við getum ekki annað en laðast að Guði þegar við fáum betri skilning á réttlæti hans. Í næstu köflum lítum við nánar á það hvernig Jehóva lætur þennan frábæra eiginleika í ljós.

---

\* Það er eftirtektarvert að Jehóva líkir sér við ljón þegar hann fullnægir dómi yfir hinum ótrúa Ísrael. — Jeremía 25:38; Hósea 5:14.

21. Hvernig ættum við að hugsa um Jehóva með hliðsjón af réttlæti hans og hvers vegna?

22. Hvers konar von hefur Jehóva veitt okkur í réttlæti sínu, og hvers vegna kemur hann svona fram við okkur?

## „Er Guð óréttvís?“

SPARIFÉ fullorðinnar ekkju er haft af henni með svikum. Kaldlynd móðir yfirgefur hjálparvana hvítvoðung. Maður er dæmdur í fangelsi fyrir glæp sem hann framdi ekki. Hvernig er þér innanbrjóstis ef þú fréttir af einhverju slíku? Líklega ertu hneykslaður og gramur og það er skiljanlegt. Við mennirnir höfum sterka tilfinningu fyrir því hvað sé rétt og rangt. Okkur rennur í skap ef við verðum vitni að óréttlæti. Við viljum að þolandinn fái bætur og gerandinn makleg málagjöld. Ef það gerist ekki spyrjum við kannski: Sér Guð ekki ranglætið? Hvers vegna gerir hann ekkert í málinu?

<sup>2</sup> Trúfastir þjónar Jehóva hafa spurt svipaðra spurninga í aldanna rás. Spámaðurinn Habakkuk sagði til dæmis í bæn til Guðs: „Hví sýnirðu mér illskuna og horfir aðgerðalaus á ranglætið? Hví eru fyrir augum mér ofbeldi og rán?“ (Habakkuk 1:3, *Biblúrit*, ný þýðing 1995) Jehóva álasaði ekki Habakkuk fyrir einlæga fyrirspurn hans af því að það var hann sem gaf mannum réttlætisvitundina. Já, Jehóva hefur gefið okkur örlítið brot af hinni djúpstæðu réttlætiskennnd sinni.

### Jehóva hatar ranglæti

<sup>3</sup> Jehóva er ekki blindur fyrir ranglætinu. Hann sér hvað fram fer. Biblían segir varðandi daga Nóa: „[Jehóva] sá, að illska mannsins var mikil á jörðinni og að allar hugrenningar hjarta hans voru ekki annað en illska alla

1. Hvaða áhrif hefur ranglæti á okkur?
2. Hvernig brást Habakkuk við ranglæti og af hverju álasaði Jehóva honum ekki fyrir það?
3. Af hverju má segja að Jehóva viti betur af ranglætinu en við?



daga.“ (1. Mósebók 6:5) Hugleiddu hvað felst í þessum orðum. Vitund okkar um ranglætið byggist oft á fáeinum atvikum sem við höfum annaðhvort heyrt um eða kynnst af eigin raun. Jehóva veit hins vegar af því ranglæti sem á sér stað *um allan heim*. Hann horfir upp á það allt! Og auk þess getur hann séð hvað býr í hjörtum manna — hinar auvirðilegu hugsanir að baki ranglætisverkunum. — Jeremía 17:10.

<sup>4</sup> En Jehóva tekur ekki bara eftir ranglætinu. Honum er líka mjög annt um þá sem verða fyrir barðinu á því. Þegar óvinir fóru illa með þjóð hans, kenndi hann í brjósti um þá er þeir kveinuðu undan kúgurum sínum og kvölurum. (Dómarabókin 2:18) Þú hefur kannski veitt því eftirtekt að sumir verða ónæmir fyrir ranglætinu ef þeir horfa of mikið á það. En Jehóva er ekki þannig. Hann hefur horft upp á allt ranglætið í heil 6000 ár og hatar það ekki síður en í upphafi. Biblían fullvissar okkur um að hann hafi andstyggð á ‚lyginni tungu‘, ‚höndum sem úthella saklausu blóði‘ og ‚ljúgvotti sem lygar mælir‘. — Orðskviðirnir 6:16-19.

<sup>5</sup> Jehóva talaði enga tæpitungu þegar hann sagði ranglátum leiðtogum Ísraels til syndanna. Hann lét innblásinn spámann sinn spyrja þá: „Er það ekki yðar að vita, hvað rétt er?“ Eftir að hafa lýst valdniðslu þessara spilltu manna með sterku myndmáli boðaði Jehóva hvernig færi fyrir þeim: „Þá munu þeir hrópa til [Jehóva], en hann mun ekki svara þeim, og hann mun byrgja auglit sitt fyrir þeim, þegar sá tími kemur, af því að þeir hafa ill verk í frammi haft.“ (Míka 3:1-4) Já, Jehóva hefur megna óbeit á ranglæti! Reyndar hefur hann sjálfur orðið fyrir barðinu á því. Satan hefur smánað hann og ögrað

4, 5. (a) Hvernig sýnir Biblían að Jehóva er annt um þá sem sæta ranglæti? (b) Hvernig hefur óréttlætið snortið Jehóva sjálfan?

honum um þúsundir ára. (Orðskviðirnir 27:11) Og víst var það mikið ranglætisverk þegar syndlaus sonur hans var tekinn af lífi eins og ótíndur glæpamaður, og það snerti hann djúpt. (1. Pétursbréf 2:22; Jesaja 53:9) Ljóst er að Jehóva er ekki blindur á neyð þeirra sem sæta óréttlæti, og honum stendur alls ekki á sama.

<sup>6</sup> En þegar við horfum upp á ranglæti eða verðum sjálf fyrir barðinu á því er ofur eðlilegt að bregðast hart við. Við erum sköpuð í mynd Guðs og ranglæti gengur algerlega í berhögg við allt sem Jehóva er kært. (1. Mósebók 1:27) Hvers vegna leyfir Guð þá ranglætið?

### Deilan um drottinvald Guðs

<sup>7</sup> Svárið við þessari spurningu er tengt deilunni um drottinvald Guðs. Eins og fram hefur komið hefur skaparinn rétt til að ráða yfir jörðinni og öllum sem á henni búa. (Sálmur 24:1; Opinberunarbókin 4:11) En snemma í sögu mannsins var véfengt að Jehóva ætti þennan rétt. Hvernig bar það til? Jehóva sagði fyrsta mannum, Adam, að hann ætti ekki að borða af ákveðnu tré í paradísargarðinum þar sem hann bjó. Ef hann óhlýðnaðist myndi hann „vissulega deyja“, sagði Guð. (1. Mósebók 2:17) Það var engin byrði fyrir Adam og Evu, konu hans, að virða þetta bann. Satan tókst hins vegar að sannfæra Evu um að Guð væri að takmarka frelsi hennar að óþörfu. Hvað myndi gerast ef hún borðaði ávöxt trésins? Satan sagði henni berum orðum: „Vissulega munuð þið ekki deyja! En Guð veit, að jafnskjótt sem þið etið af honum, munu augu ykkar upp ljúkast, og þið munuð verða eins og Guð og vita skyn góðs og ills.“ — 1. Mósebók 3: 1-5.

6. Hver eru viðbrögð okkar þegar við horfum upp á ranglæti og hvers vegna?

7. Hvernig var drottinvald Jehóva véfengt?

<sup>8</sup> Með þessum orðum ýjaði Satan að því að Jehóva hefði neitað Evu um mikilvægar upplýsingar og hreinlega logið að henni. Hann gætti þess að véfengja ekki þá *staðreynd* að Guð fer með drottinvaldið yfir alheiminum. Hins vegar véfengdi hann að Guð hefði þetta vald með réttu, að hann verðskuldaði það og færi rétt með það. Með öðrum orðum hélt hann því fram að Jehóva beitti ekki drottinvaldi sínu á réttlátan hátt og léti sér ekki annt um hag þegna sinna.

<sup>9</sup> Bæði Adam og Eva óhlýðnuðust Jehóva og átu ávöxt af hinu forboðna tré. Með óhlýðninni kölluðu þau yfir sig dauðarefsingu, rétt eins og Guð hafði sagt þeim. En lygi Satans vakti upp ýmsar alvarlegar spurningar. Hefur Jehóva í raun og veru rétt til að stjórna mannkyninu eða ætti maðurinn að stjórna sér sjálfur? Beitir Jehóva drottinvaldi sínu eins og best verður á kosið? Jehóva hefði getað beitt almætti sínu og útrýmt uppreisnarseggjunum þegar í stað. En spurningarnar, sem kviknuðu, snerust ekki um mátt Jehóva heldur stöðu hans sem stjórnanda. Guð hefði því ekki sýnt fram á að stjórn sín væri réttmæt og réttlát með því að útrýma Adam, Evu og Satan. Hugsanlega hefði það vakið enn fleiri spurningar um stjórn hans. Eina leiðin til að ganga úr skugga um hvort mennirnir gætu stjórnað sjálfum sér vel, óháð Guði, var sú að gefa þeim tíma til að spreyta sig.

<sup>10</sup> Hvað hefur tíminn leitt í ljós? Menn hafa haft árbúsundir til að prófa margs konar stjórnarform, þar á meðal einræði, lýðræði, sósíalisma og kommúnisma.

---

8. (a) Að hverju ýjaði Satan við Evu? (b) Hvað véfengdi Satan í sambandi við drottinvald Guðs?

9. (a) Hvaða afleiðingar hafði óhlýðnin fyrir Adam og Evu og hvaða alvarlegar spurningar vöknúðu? (b) Af hverju útrýmdi Jehóva ekki uppreisnarseggjunum þegar í stað?

10. Hvað hefur sagan sýnt um stjórn manna?



Niðurstaðan kristallast í hreinskilnislegum orðum Biblíunnar: „Einn maðurinn drottinnar yfir öðrum honum til ógæfu.“ (Prédikarinn 8:9) Spámaðurinn Jeremía hafði því ærna ástæðu til að skrifa: „Ég veit, [Jehóva], að ör-lög mannsins eru ekki á hans valdi, né það heldur á valdi gangandi manns að stýra skrefum sínum.“ — Jeremía 10:23.

<sup>11</sup> Jehóva vissi allt frá upphafi að maðurinn myndi kalla yfir sig óheyrilegar þjáningar með sjálfstæði sínu. Var þá ranglát af honum að láta hið óhjákvæmilega hafa sinn gang? Alls ekki. Skýrum þetta með dæmi: Segjum að þú eigir barn sem er með lífshættulegan sjúkdóm og þarf að gangast undir skurðaðgerð. Þú veist að aðgerðin hefur í för með sér vissar þjáningar fyrir barnið og þig tekur sárt að hugsa til þess. En þú veist líka að aðgerðin gerir barninu kleift að búa við betri heilsu síðar á ævinni. Guð vissi líka — og sagði það jafnvel fyrir — að mannkynið myndi kalla yfir sig sorgir og þjáningar með því að ráða sér sjálft, en leyfði það engu að síður. (1. Mósebók 3:16-19) En hann vissi líka að eina leiðin til að fá endanlega og marktæka lausn væri sú að leyfa öllu mannkyni að sjá slæmar afleiðingar uppreisnar. Þannig var hægt að útkljá deilumálið um drottinvald Guðs *í eitt skipti fyrir öll*.

### Deilan um ráðvendni mannsins

<sup>12</sup> Það er önnur hlið á þessu máli. Þegar Satan véfengdi að stjórn Guðs væri réttmæt og réttlát var hann ekki aðeins að rægja Jehóva og drottinvald hans, heldur einnig að rægja þjóna hans og draga ráðvendni þeirra í efa.

11. Af hverju leyfði Jehóva mannkyninu að þjást?

12. Hvernig ákærir Satan mennina líkt og sýndi sig með Job?

***Jehóva mun aldrei „afmá hina réttlátu með hinum óguðlegu“.***

Taktu til dæmis eftir hvað Satan sagði við Jehóva um hinn réttláta Job: „Hefir þú ekki lagt skjólgarð um hann og hús hans og allt, sem hann á, hringinn í kring? Handaverk hans hefir þú blessað, og fénaður hans breiðir sig um landið. En rétt þú út hönd þína og snert þú allt, sem hann á, og mun hann þá formæla þér upp í opið geðið.“ — Jobsbók 1:9-11.

<sup>13</sup> Satan fullyrti að Jehóva keypti hollustu Jobs með því að vernda hann. Þar með gaf hann í skyn að ráðvendni Jobs væri tóm uppgerð því að hann tilbæði Guð aðeins af því að hann fengi það ríkulega endurgoldið. Satan full-yrtri að Job myndi meira að segja formæla Guði ef Guð tæki blessun sína frá honum. Satan vissi að Job var einstaklega „ráðvandur og réttlátur, guðhræddur og grand-*var*“.\* Ef honum tækist að snúa Job frá ráðvendni hans myndi það segja sína sögu um mannkynið í heild. Satan var því óbeint að véfengja hollustu allra sem vilja þjóna Guði. Og reyndar útvíkkaði hann ásökun sína þegar hann sagði við Jehóva: „Fyrir líf sitt gefur *maðurinn* [ekki aðeins Job] allt sem hann á“. — Jobsbók 1:8; 2:4.

<sup>14</sup> Sagan hefur leitt í ljós að margir hafa, líkt og Job, sýnt Jehóva hollustu þrátt fyrir prófraunir — gagnstætt því sem Satan fullyrti. Þeir hafa glatt hjarta Jehóva með trúfesti sinni, þannig að hann hefur getað svarað þeirri ásökun Satans að menn hætti að þjóna honum ef þeir verða fyrir erfiðleikum. (Hebreabréfið 11:4-38) Já, hjarta-

---

\* „Enginn er hans líki á jörðu,“ sagði Jehóva um Job. (Jobsbók 1:8) Líklegt er því að hann hafi verið uppi eftir að Jósef var dáiinn en áður en Móse var skipaður leiðtogi Ísraels. Á þeim tíma mátti því segja að enginn maður væri eins ráðvandur og Job.

13. Hvað gaf Satan í skyn með því að ásaka Job og hvernig snertir það alla menn?

14. Hvað hefur sagan sýnt varðandi ásakanir Satans gegn mönnum?

hreinir menn hafa neitað að snúa baki við Guði. Og þegar prófraunirnar hafa orðið hvað erfiðastar hafa þeir reitt sig algerlega á Jehóva og treyst að hann gæfi þeim styrk til að þrauka. — 2. Korintubríf 4:7-10.

<sup>15</sup> En réttlæti Jehóva birtist ekki aðeins í tengslum við deiluna um drottinvald hans og ráðvendni mannanna. Biblían greinir frá því hvernig hann hefur dæmt einstaka menn og jafnvel heilu þjóðirnar. Og hún inniheldur spádóma um það hvernig hann dæmir í framtíðinni. Hvers vegna getum við treyst að Jehóva hafi verið réttlátur í dómum sínum og verði það eftirleiðis?

### Réttlæti Jehóva skarar fram úr

<sup>16</sup> Það má segja með sannni að „allir vegir Jehóva séu réttlæti“. (5. Mósebók 32:4) Enginn getur sagt slíkt um sjálfan sig því að yfirsýn okkar er svo takmörkuð að oft gerum við okkur ekki grein fyrir því hvað er rétt. Tökum Abraham sem dæmi. Hann sárþændi Jehóva um að þyrma Sódómu þó að illska borgarbúa væri yfiringileg. Hann spurði Jehóva: „Hvort munt þú afmá hina réttlátu með hinum óguðlegu?“ (1. Mósebók 18:23-33) Svárið var auðvitað nei. Það var ekki fyrr en hinn réttláti Lot og dætur hans voru óhult í borginni Sóar sem Jehóva „lét rigna brennisteini og eldi“ yfir Sódómu. (1. Mósebók 19:22-24) Jónas reiddist aftur á móti þegar Guð sýndi Nínívemönnum miskunn. Jónas var búinn að boða borgarbúum eyðingu og var því meira en sáttur við að sjá þá tortímast — þó að þeir sýndu einlæga iðrun. — Jónas 3:10–4:1.

<sup>17</sup> Jehóva fullvissaði Abraham um að réttvísi sín birtist ekki einungis í því að hann eyddi óguðlegum heldur

---

15. Hvaða spurning gæti vaknað um dóma Guðs í fortíð og framtíð?  
16, 17. Hvaða dæmi sýna að menn hafa takmarkaða yfirsýn þegar réttlæti er annars vegar?

einnig í því að hann bjargaði réttlátum. Jónas þurfti hins vegar að láta sér lærast að Jehóva er miskunnsamur. Hann er „fús til að fyrirgefa“ óguðlegum ef þeir söðla um. (Sálmur 86:5) Jehóva er ekki eins og menn sem óttast um stöðu sína. Hann fullnægir ekki dómi til þess eins að lýsa yfir valdi sínu, og hann veigrar sér ekki við að sýna meðaumkun af ótta við að hann verði álitinn veiklundaður. Hann sýnir miskunn hvenær sem tilefni er til. — Jesaja 55:7; Esekíel 18:23.

<sup>18</sup> En Jehóva er samt ekki blindaður af tilfinningasemi. Þegar þjóð hans var djúpt sokkin í falsguðadýrkun sagði hann með festu: „[Ég] dæmi þig eftir hegðun þinni og læt allar svívirðingar þínar niður á þér koma. Og ég skal ekki líta þig vægðarauga og enga meðaumkun sýna, heldur láta hegðun þína koma niður á þér.“ (Esekíel 7:3, 4) Ef mennirnir eru forhertir dæmir Jehóva þá samkvæmt því. En dómur hans er byggður á staðreyndum. Þegar „hrópið“ yfir Sódómu og Gómorru náði eyrum hans sagði hann: „Ég ætla . . . að stíga niður þangað til þess að sjá, hvort þeir hafa fullkomlega aðhafst það, sem hrópað er um.“ (1. Mósebók 18:20, 21) Við megum vera þakklát fyrir að Jehóva er ekki eins og margir menn sem dæma í fljótferni áður en þeir hafa heyrt alla málavexti. Jehóva er „trúfastur Guð og tállaus, réttlátur og réttvís“, eins og Biblían lýsir honum. — 5. Mósebók 32:4.

### Treystu á réttlæti Jehóva

<sup>19</sup> Biblían svarar ekki öllum spurningum um verk Jehóva forðum daga, og hún lýsir ekki í smáatriðum hvernig hann dæmir einstaka menn og hópa í framtíðinni. Ef

18. Notaðu Biblíuna til að sýna fram á að Jehóva lætur ekki stjórnað af tilfinningasemi.

19. Hvað getum við gert ef dómar Jehóva valda okkur heilabrotum?



### Til íhugunar

**5. Mósebók 10:17-19** Hvers vegna getum við treyst að Jehóva sé óhlutdrægur í öllum verkum sínum?

**Jobsbók 34:1-12** Hvernig geta orð Elfhús hjálpað okkar að treysta á réttlæti Guðs þegar við erum órétti beitt?

**Sálmur 1:1-6** Af hverju er það traustvekjandi að Jehóva skuli vega og meta verk bæði réttláttra og rangláttra?

**Malakí 2:13-16** Hvernig leit Jehóva á það ranglæti að menn skyldu skilja við eiginkonur sínar án tilefnis?

frásögn eða spádómur í Biblíunni veldur okkur heilabrotum af því að slík smáatriði vantar getum við sýnt sömu hollustu og spámaðurinn Míka sem skrifaði: „Ég vil . . . bíða eftir Guði hjálpræðis míns!“ — Míka 7:7.

<sup>20</sup> Við megum treysta því að Jehóva gerir alltaf rétt undir öllum kringumstæðum. Jafnvel þó að menn virðist hunsanglætið lofar Jehóva: „Mín er hefndin, ég mun endurgjalda.“ (Rómverjabréfið 12:19) Ef við sýnum biðlund getum við endurómað sannfæringu Páls postula sem sagði: „Er Guð óréttvís? Fjarri fer því.“ — Rómverjabréfið 9:14.

<sup>21</sup> Við lifum á erfiðum tímum. (2. Tímóteusarbréf 3:1) Ranglæti og „kúgun“ hefur valdið ómældum kvölum. (Prédikarinn 4:1) En Jehóva hefur ekki breytt sér. Hann hatar ranglætið enn sem fyrr og lætur sér mjög annt um þá sem verða fyrir barðinu á því. Ef við sýnum Jehóva hollustu og styðjum drottinvald hans gefur hann okkur styrk til að halda út uns ríki hans tekur völd og bætir úr öllu óréttlæti. — 1. Pétursbréf 5:6, 7.

20, 21. Hvers vegna getum við treyst að Jehóva geri alltaf rétt?

## „Lögmál Jehóva er lýtalaust“

„MÁLAFERLI eru eins og botnlaus hít, þau . . . gleypa allt,“ segir í bók sem kom fyrst út árið 1712. Höfundurinn hafði megna vanþóknun á réttarkerfi þar sem málaferli drógust stundum á langinn svo árum skipti, og þeir sem leituðu réttar síns sátu eftir slyppir og snauðir. Réttar- og dómskerfi sumra landa eru svo flókin og svo gagnsýrð ranglæti, fordómum og misræmi að lögin eru víða lítils virt.

<sup>2</sup> Til samanburðar er athyglisvert hvað maður einn skrifaði fyrir um það bil 2700 árum. „Hve mjög elska ég lögmál þitt,“ sagði hann. (Sálmur 119:97) Hvers vegna þótti sálmaritaranum svona vænt um lögmál Guðs? Vegna þess að lögmálið, sem hann var svo hrifinn af, var ekki sett af veraldlegum löggjafa heldur Jehóva Guði. Ef þú kynnir þér lög og lögmál Jehóva geturðu lært að meta þau eins og sálmaritarinn. Með því að rannsaka þau færðu innsýn í hugarheim æðsta löggjafa alheimsins.

### Æðsti löggjafinn

<sup>3</sup> „Einn er löggjafinn og dómariinn,“ segir Biblían. (Jakobsbréfið 4:12) Já, Jehóva er hinn eini sanni löggjafi. Hreyfingar himintunglanna stjórnast jafnvel af ‚lögum himinsins‘ sem hann hefur sett. (Jobsbók 38:33) Heilagar englasveitir Jehóva lúta einnig lögum hans því að englarnir þjóna honum hver í sinni tignarstöðu sem þeir eru skipaðir í. — Sálmur 104:4; Hebreabréfið 1:7, 14.

<sup>4</sup> Jehóva hefur einnig sett mannkyninu lög. Öll erum við gædd samvisku sem endurspeglar réttlætiskennnd Jehóva.

1, 2. Hvers vegna bera margir litla virðingu fyrir lögum en hvernig getum við lært að meta lög Guðs?

3, 4. Hvernig hefur Jehóva reynst vera löggjafi?

Samviskan er eins konar innbyggð lög sem hjálpa okkur að greina rétt frá röngu. (Rómverjabréfið 2:14) Foreldrum mannkyns var gefin fullkomin samviska svo að þeir þurftu aðeins fáein lagaákvæði til leiðsagnar. (1. Mósebók 2:15-17) En ófullkomnir menn þurfa fleiri lagaboð til að geta gert vilja Guðs. Ættfeður eins og Nói, Abraham og Jakob fengu lög frá Jehóva Guði sem þeir miðluðu til fjölskyldna sinna. (1. Mósebók 6:22; 9:3-6; 18:19; 26:4, 5) Jehóva gerðist löggjafi með áður óþekktum hætti þegar hann gaf Ísraelsmönnum lögmálið fyrir milligöngu Móse. Þessi löggjöf veitir okkur víðtæka innsýn í réttlætiskennð Jehóva.

### Yfirlit yfir Móselögin

<sup>5</sup> Margir virðast halda að Móselögin hafi verið flókin og mikil að vöxtum. Það er fjarri sanni. Alls eru rúmlega 600 lög í öllu lagasafninu. Við fyrstu sýn gæti það virst býsna mikið en til samanburðar má nefna að lög bandarísku alríkisstjórnarinnar fylltu heilar 150.000 blaðsíður undir lok 20. aldar. Á hverjum tveim árum bætast við um 600 ný lög! Móselögin eru því fá og smá að vöxtum í samanburði við þau ógrynni laga sem mennskir löggjafar hafa sett. Lög Guðs voru Ísraelsmönnum hins vegar til leiðsagnar á ýmsum sviðum sem er hvergi vikið að í nútímalögum. Rennum stuttlega yfir Móselögin.

<sup>6</sup> *Lögmálið upphóf drottinvald Jehóva.* Að því leytinu til eru Móselögin gerólk allri annarri löggjöf. Æðsta lagaákvæðið var þetta: „Heyr Ísrael! [Jehóva] er vor Guð; hann einn er [Jehóva]! Þú skalt elska [Jehóva] Guð þinn af öllu hjarta þínu og af allri sálu þinni og af öllum mætti þínum.“ Hvernig áttu þjónar Guðs að tjá honum kærleika

5. Voru Móselögin flókin og mikil að vöxtum? Skýrðu svarið.

6, 7. (a) Hvaða munur er á Móselögnum og annarri löggjöf og hvert er æðsta boðorð lögmálsins? (b) Hvernig gátu Ísraelsmenn sýnt að þeir viðurkenndu drottinvald Jehóva?

sinn? Með því að þjóna honum og lúta drottinvaldi hans. — 5. Mósebók 6:4, 5; 11:13.

<sup>7</sup> Ísraelsmaður sýndi að hann viðurkenndi drottinvald Jehóva með því að vera undirgefinn þeim sem voru yfir hann settir. Foreldrar, höfðingjar, dómamarar, prestar og síðar konungar voru fulltrúar guðlegs valds. Jehóva leit svo á að uppreisn gegn þeim sem fóru með yfirráð væri uppreisn gegn sér. Þeir sem fóru með yfirráð gátu hins vegar kallað yfir sig reiði Jehóva ef þeir voru ranglátir eða hrokafullir í framkomu við þjóna hans. (2. Mósebók 20:12; 22:28; 5. Mósebók 1:16, 17; 17:8-20; 19:16, 17) Það var því hlutverk beggja aðila að styðja drottinvald Guðs.

<sup>8</sup> *Lögmálið hélt heilagleikakröfu Jehóva á loft.* Hebresku orðin, sem eru yfirleitt þýdd 'heilagur' og 'heilagleiki', standa yfir 280 sinnum í Móselögunum. Lögmálið hjálpaði fólki Guðs að greina milli þess sem var hreint og óhreint og nefnir um 70 hluti sem gátu gert Ísraelsmann trúarlega óhreinan. Þessi lagaákvæði fjalla um hreinlæti, mataræði og meira að segja meðferð úrgangs, og stuðluðu mjög að heilbrigði þjóðarinnar.\* En þau höfðu líka annan og göfugri tilgang. Hann var sá að þjóðin varðveitti velþóknun Jehóva og héldi sér frá syndsamlegu og spilltu háttarni þjóðanna umhverfis. Lítum á dæmi.

<sup>9</sup> Í lagasáttmálanum voru ákvæði þess efnis að fólk væri óhreint um tíma eftir barnsburð og kynmök, jafnvel milli hjóna. (3. Mósebók 12:2-4; 15:16-18) Þessi ákvæði köst-

---

\* Í lögmálinu var kveðið á um að grafa skyldi saur manna, setja smitbera í sóttkví og að þvo sér eftir að hafa snert lík. Þessi ákvæði voru mörgum öldum á undan sinni samtíð. — 3. Mósebók 13:4-8; 4. Mósebók 19:11-13, 17-19; 5. Mósebók 23:13, 14.

8. Hvernig hélt lögmálið heilagleikakröfu Jehóva á loft?

9, 10. Hvaða ákvæði voru í lagasáttmálanum um kynmök og barnsburð og hvers vegna voru þau til góðs?

uðu alls ekki rýrð á þessar hreinu gjafir Guðs heldur héldu á loft heilagleika Jehóva og varðveittu dýrkendur hans hreina af spillingu. (1. Mósebók 1:28; 2:18-25) Athygli vekur að grannþjóðir Ísraels blönduðu tilbeiðslunni gjarnan saman við kynlíf og frjósemisdýrkun. Bæði karlar og konur stunduðu vændi meðal Kanverja og var það þáttur í trúardýrkun þeirra. Eins og nærri má geta stuðlaði þetta að stórfelldri siðspillingu. Í Móselögunum voru kynferðismál hins vegar algerlega aðskilin frá tilbeiðslunni á Jehóva.\* Þetta gerði Ísraelsmönnum einnig gott á aðra vegu.

<sup>10</sup> Þessi lagaákvæði kenndu fólki mikilvægan sannleika.# Hvernig berast áhrifin af synd Adams frá einni kynslóð til annarrar? Er það ekki við kynmök og barnsburð? (Rómverjabréfið 5:12) Lög Guðs minntu fólk hans stöðugt á tilveru syndarinnar. Öll erum við reyndar fædd í synd. (Sálmur 51:7) Við þörfnumst fyrirgefningar og endurlausnar til að nálgast heilagan Guð.

<sup>11</sup> *Lögmálið hélt fullkomnu réttlæti Jehóva á loft.* Móselögin studdu meginregluna um jöfnuð í dómi. Í lögmálinu segir: „Líf fyrir líf, auga fyrir auga, tönn fyrir tönn, hönd fyrir hönd, fót fyrir fót.“ (5. Mósebók 19:21) Refsing þurfti að samsvara glæpnum sem framinn var. Þessi þáttur í réttvísi Guðs var áberandi í lögmálinu og er enn þann dag í dag forsenda þess að við skiljum lausnarfórn

---

\* Í kanverskum hofum voru herbergi sem ætluð voru til kynlífsathafna, en í Móselögunum var tekið fram að óhrein manneskja mætti ekki einu sinni koma inn í musterið. Þar sem fólk var óhreint um tíma eftir kynmök var ekki hægt lögum samkvæmt að blanda kynlífi inn í tilbeiðsluna sem fram fór í húsi Jehóva.

# Kennsla var eitt meginmarkmið lögmálsins. Alfræðibókin *Encyclopaedia Judaica* bendir á að hebreska orðið *tóra*, sem þýtt er ,lög, lögmál', merki ,fræðsla'.

---

11, 12. (a) Hvaða mikilvæga réttarreglu studdi lögmálið? (b) Hvaða ákvæði voru í lögmálinu til varnar gegn réttarglæpum?



Jesú Krists, eins og fram kemur í 14. kafla. — 1. Tímóteusarbréf 2:5, 6.

<sup>12</sup> Lögmálið veitti einnig vörn gegn réttarglæpum. Til dæmis þurfti minnst tvö vitni til að staðfesta ákæru. Ströng viðurlög voru við meinsæri. (5. Mósebók 19:15, 18, 19) Spilling og mútur voru harðbannaðar. (2. Mósebók 23:8; 5. Mósebók 27:25) Fólk Guðs átti meira að segja að halda hinn háa réttlætisstaðal Jehóva í viðskiptum. (3. Mósebók 19:35, 36; 5. Mósebók 23:19, 20) Það var mikil blessun fyrir Ísrael að eiga þessa göfugu og réttlátu löggjöf.

### Lög sem lögðu áherslu á miskunn og sanngirni í dómi

<sup>13</sup> Voru Móselögin ströng og miskunnarlaus? Alls ekki. Davíð konungi var innblásið að skrifa að ,lögmál Jehóva væri lýtalaust'. (Sálmur 19:8) Hann vissi mætavel að lögmálið aðhylltist miskunn og sanngirni. Hvernig vissi hann það?

<sup>14</sup> Í löggjöf sumra landa virðist meira tillit tekið til afbrotamanna en fórnarlamba þeirra. Þjófur er kannski dæmdur til fangavistar en fórnarlambið fær ekki bætt það sem stolið var og þarf auk þess að greiða skatta til að halda fanganum uppi. Í Forn-Ísrael voru engin fangelsi eins og við þekkjum þau og skýr mörk voru sett hve hörð refsing mátti vera. (5. Mósebók 25:1-3) Þjófur þurfti að bæta polandanum hið stolna með vissu álagi. Hve mikið var álagið? Það var breytilegt. Að því er virðist fengu dómara svigrúm til að vega og meta ýmsa þætti, svo sem iðrunarhug syndarans. Það er hugsanlega skýringin á því að álagið, sem þjófi var gert að greiða samkvæmt 3. Mósebók 6:1-7, er mun lægra en tiltekið er í 2. Mósebók 22:7.

---

13, 14. Hvernig stuðlaði lögmálið að sanngjarnri og réttlátri meðferð þjófs og polanda?

<sup>15</sup> Lögmálið tók tillit til þess að brot voru ekki öll framin af ásetningi. Ef maður varð öðrum að bana fyrir slysní þurfti hann ekki að gjalda líf fyrir líf ef hann gerði viðeigandi ráðstafanir og flúði til einhverrar af griðaborgunum sem dreifðar voru um Ísrael. Eftir að hæfir dómara höfðu rannsakað málið varð hann að búa í griðaborginni uns æðsti presturinn dó. Þá var honum frjálst að búa hvar sem hann vildi. Þannig naut hann góðs af miskunn Guðs. En samtímis lögðu lögin áherslu á hve verðmætt mannlífið væri. — 4. Mósebók 15:30, 31; 35:12-25.

<sup>16</sup> Lögmálið stóð vörð um persónuleg réttindi fólks, til dæmis þeirra sem skulduðu fé. Bannað var að fara inn á heimili skuldarans til að leggja hald á eigur hans til tryggingar skuldinni. Skuldareigandi varð að bíða utan dyra og leyfa skuldaranum að koma út með það sem hann vildi leggja að veði. Friðhelgi heimilisins var því tryggð. Ef skuldareigandi tók yfirhöfn manns að veði varð hann að skila henni um sólsetur því að skuldarinn þurfti hana líklega til að halda á sér hita. — 5. Mósebók 24:10-14.

<sup>17</sup> Í lögmálinu voru jafnvel ákvæði um hernað. Þjóð Guðs mátti ekki heyja stríð til að fullnægja valdafíkn eða löngun í landvinninga heldur átti hún að heyja stríð fyrir hönd Jehóva sem fulltrúi hans. (4. Mósebók 21:14) Í mörgum tilfellum urðu Ísraelsmenn að bjóða uppgjafarskilmála fyrst. Ef borgin hafnaði boðinu máttu Ísraelsmenn setjast um hana, en þeir urðu að gera það samkvæmt reglum Guðs. Ólíkt því sem oft hefur gerst í sögunni máttu hermenn Ísraels ekki nauðga konum né drepa eins og þá lysti. Þeir áttu jafnvel að virða umhverfið og máttu ekki fella ávaxta-

15. Hvernig tryggði lögmálið bæði miskunn og réttlæti ef maður varð öðrum að bana fyrir slysní?

16. Hvernig stóð lögmálið vörð um persónuleg réttindi fólks?

17, 18. Hvað var ólíkt með Ísrael og öðrum þjóðum varðandi hernað, og hvers vegna?



tré óvinarins.\* Slíkar hömlur þekktust ekki hjá herjum annarra þjóða. — 5. Mósebók 20:10-15, 19, 20; 21:10-13.

<sup>18</sup> Hrýs þér hugur við að sums staðar í heiminum skuli börn vera þjálfuð til hermennsku? Í Ísrael fortíðar mátti ekki kalla menn í herinn fyrr en þeir náðu tvítugu. (4. Mósebók 1:2, 3) Og fullorðinn maður var jafnvel undanþeginn herþjónustu ef hann var óeðlilega hræddur. Nýkvæntir menn voru undanþegnir herþjónustu í heilt ár til að þeir gætu eignast erfingja áður en þeir gengust undir þessa hættulegu þjónustu. Þannig gat ungur eiginmaður ,glatt konu sína' eins og það var orðað í lögmálinu. — 5. Mósebók 20:5, 6, 8; 24:5.

<sup>19</sup> Lögmálið hélt hlífiskildi yfir konum, börnum og fjölskyldum og sá þeim borgið. Foreldrum var fyrirskipað að sinna börnum sínum vel og fræða þau um andleg mál. (5. Mósebók 6:6, 7) Hvers kyns sífjaspell var stranglega bannað og lá dauðarefsing við. (3. Mósebók, 18. kafli) Hórdómur var sömuleiðis bannaður en hann sundrar oft fjölskyldum og rænir þær friði og reisn. Lögmálið veitti ekkjum og munaðarleysingjum skjól og harðbannaði að farið væri illa með þau. — 2. Mósebók 20:14; 22:22-24.

<sup>20</sup> En í þessu sambandi spyrja sumir hvers vegna boðið hafi verið upp á fjölkvæni samkvæmt lögmálinu. (5. Mósebók 21:15-17) Við verðum að sjá slík lagaákvæði í

---

\* Í lögmálinu er spurt vafningalaust: „Hvort munu tré merkurinnar vera menn, svo að þau þurfi að vera í umsát þinni?“ (5. Mósebók 20:19) Gyðingurinn og fræðimaðurinn Fílon, sem var uppi á fyrstu öld, vísaði til þessa ákvæðis og benti á að Guð telji „ranglátt að reiðin, sem beinist að mönnum, skuli koma niður á hlutum sem hafa ekkert til saka unnið“.

---

19. Hvernig hélt lögmálið hlífiskildi yfir konum, börnum, fjölskyldum, ekkjum og munaðarleysingjum?

20, 21. (a) Hvers vegna heimiluðu Móselögin fjölkvæni meðal Ísraelsmanna? (b) Af hverju var munur á ákvæðum lögmálsins um hjónaskilnað og þeim ákvæðum sem Jesús kom á?

ljósi þess á hvaða tíma þau voru sett. Séu Móselögin dæmd eftir viðmiðum og menningu nútímans er óhjákvæmilegt að þau séu misskilin. (Orðskviðirnir 18:13) Jehóva setti það viðmið í Eden forðum daga að hjónabandið ætti að vera varanlegt samband eins manns og einnar konu. (1. Mósebók 2:18, 20-24) Þegar hann gaf Ísrael lög málið löngu síðar hafði fjölkvæni verið stundað um alda raðir og var orðið rótgróið. Jehóva vissi mætavel að þjóð hans var ‚harðsvíruð‘ og myndi oft óhlýðnast grundvallarboðorðum, eins og til dæmis banninu við skurðgoðadýrkun. (2. Mósebók 32:9) Hann kaus því að láta umbætur í hjúskaparmálum þeirra bíða betri tíma. Höfum samt hugfast að það var ekki Jehóva sem kom fjölkvæninu á. Hann notaði hins vegar Móselögin til að *hafsa stjórn á fjölkvæni* meðal þjóðar sinnar og koma í veg fyrir að það væri misnotað.

<sup>21</sup> Móselögin heimiluðu manni einnig að skilja við eigin konu sína af ýmsum alvarlegum ástæðum. (5. Mósebók 24:1-4) Jesús sagði að Guð hefði leyft Gyðingum þetta ‚vegna harðúðar hjartna þeirra‘. En þessar tilslakanir voru tímabundnar. Jesús kom aftur á þeirri reglu meðal fylgjenda sinna sem Jehóva setti um hjónabandið í upphafi. — Matteus 19:8.

### Lögmálið hvatti til kærleika

<sup>22</sup> Geturðu ímyndað þér einhverja nútímalöggjöf þar sem fólk væri hvatt til að stunda kærleika? Móselögin hvöttu mjög eindregið til kærleika. Svo dæmi sé tekið stendur hebreska orðið, sem þýtt er ‚elska‘, meira en 20 sinnum í 5. Mósebók. „Þú skalt elska náunga þinn eins og sjálfan þig,“ var annað mesta boðorð lögmálsins. (3. Mósebók 19:18; Matteus 22:37-40) Fólk Guðs átti bæði að elska hvert annað og búfasta útlendinga í landinu, minnugir

22. Hvernig hvöttu Móselögin til kærleika og gagnvart hverjum?

### Til íhugunar

**3. Mósebók 19:9, 10; 5. Mósebók 24:19** Hvað finnst þér um þann Guð sem setur svona lög?

**Sálmur 19:8-15** Hvernig hugsaði Davíð um ,lögmál Jehóva' og hversu vænt ætti okkur að þykja um lög hans?

**Míka 6:6-8** Hvernig sýnir þessi ritningargrein fram á að við getum ekki með réttu álitnið lög Jehóva þvingjandi?

**Matteus 23:23-39** Hvernig sýndu farísearnir að þeir höfðu ekki skilið andann að baki lögmálinu og hvaða viðvörðun er fólgin í því?

Þess að þeir höfðu sjálfir verið útlendingar í öðru landi forðum daga. Þeir áttu að vera kærleiksríkir við fátæka og bágstadda, hjálpa þeim af efnum sínum og ekki misnota sér bágindi þeirra. Þeim var jafnvel sagt að vera tillitssamir og góðir við burðar- og dráttardýr. — 2. Mósebók 23:6; 3. Mósebók 19:14, 33, 34; 5. Mósebók 22:4, 10; 24:17, 18.

<sup>23</sup> Engin önnur þjóð hefur átt löggjöf sem þessa. Það er ofur eðlilegt að sálmaskáldið skyldi segja: „Hve mjög elska ég lögmál þitt.“ En þessi ást var meira en tilfinningin ein. Hún hvatti hann til verka því að hann lagði sig allan fram um að hlýða lögmálinu og lifa eftir því. Hann heldur áfram: „Allan liðlangan daginn íhuga ég [lögmál þitt].“ (Sálmur 119:11, 97) Já, hann tók sér tíma að staðaldri til að skoða lög Jehóva og íhuga þau. Þetta varð til þess að hann elskaði þau enn heitar, og jafnhliða því dýpkaði ást hans á löggjafanum, Jehóva Guði. Þú getur líka styrkt tengslin við Jehóva, löggjafann mikla og Guð réttlætisins, með því að halda áfram að kynna þér lög hans.

23. Hvað gerði höfundur 119. sálmsins og hvað getum við einsett okkur?

## Jehóva gefur ,lausnargjald fyrir marga‘

„ÖLL sköpunin stynur . . . og hefur fæðingarhríðir.“ (Rómverjabréfið 8:22) Þannig lýsir Páll postuli aumkunarverðu ástandi okkar. Frá mannlegum bæjardyrum séð virðist engin undankomuleið frá þjáningum, synd og dauða. En Jehóva er ekki háður sömu takmörkum og við mennirnir. (4. Mósebók 23:19) Guð réttlætisins hefur opnað okkur leið út úr ógöngunum. Hún er kölluð lausnargjaldið.

<sup>2</sup> Lausnargjaldið er mesta gjöf Jehóva til mannkyns. Vegna þess höfum við tækifæri til að losna undan oki syndar og dauða. (Efesusbréfið 1:7, 8) Það er grundvöllur vonarinnar um eilíft líf, annaðhvort á himni eða í paradís á jörð. (Lúkas 23:43; Jóhannes 3:16; 1. Pétursbréf 1:4) En hvað er lausnargjaldið? Hvað segir það okkur um óviðjafnanlegt réttlæti Jehóva?

### Hvers vegna skapaðist þörf fyrir lausnargjald?

<sup>3</sup> Synd Adams olli því að þörf skapaðist fyrir lausnargjald. Með því að óhlyðnast Guði arfleiddi Adam afkomendur sína að sjúkdómum, sorgum, sársauka og dauða. (1. Mósebók 2:17; Rómverjabréfið 8:20) Guð gat ekki látið tilfinningarnar ráða ferðinni og mildað hreinlega dóminn. Ef hann hefði gert það hefði hann sniðgengið lagaákvæðið „laun syndarinnar er dauði“ sem hann setti sjálfur. (Rómverjabréfið 6:23) Og ef Jehóva hefði ógilt sinn eigin rétt-

1, 2. Hvernig lýsir Biblían ástandi mannkyns og hver er eina leiðin út úr því?

3. (a) Af hverju var lausnargjaldið nauðsynlegt? (b) Hvers vegna gat Guð ekki einfaldlega mildað dauðadóminn yfir afkomendum Adams?

lætisstaðal hefði það valdið upplausn og lögleysi um alheim allan!

<sup>4</sup> Eins og fram kom í 12. kafla komu upp önnur og alvarlegri deilumál með uppreisninni í Eden. Með henni varpaði Satan dimmum skugga á nafn Guðs. Í reynd sakaði hann Jehóva um að vera grimmur einvaldur og lygari og synja sköpunarverum sínum um frelsi. (1. Mósebók 3:1-5) Og þar sem Satan virtist hafa hindrað Guð í að uppfylla jörðina réttlátum mönnum leit út fyrir að Guði hefði mistekist. (1. Mósebók 1:28; Jesaja 55:10, 11) Ef Jehóva hefði látið þessum ásökunum ósvarað er hugsanlegt að margar sköpunarverur hans hefðu hætt að treysta honum fyllilega sem stjórnanda.

<sup>5</sup> Satan hafði einnig sakað trúá þjóna Jehóva um að þjóna honum aðeins af eigingjörnum hvötum, og fullyrt að enginn þeirra myndi vera honum trúr ef á hann reyndi. (Jobsbók 1:9-11) Þetta voru margfalt alvarlegri mál en ógöngur mannsins. Jehóva taldi sér réttilega skylt að svara rógi og ákærum Satans. En hvernig gat hann útkljáð þessi deilumál og jafnframt bjargað mannkyninu?

### Lausnargjald — jafngildi

<sup>6</sup> Lausn Jehóva var bæði framúrskarandi miskunnsöm og fullkomlega réttlát — lausn sem enginn maður hefði getað upphugað. Samt var hún snilldarlega einföld. Það er talað um hana með ýmsum hætti í Biblífunni, til dæmis sem friðþægingu, kaup og sátt. (Daníel 9:24; Galatabréfið 3:13; Kólossubréfið 1:20; Hebreabréfið 2:17) En sennilega notaði Jesús besta orðið til að lýsa þessari ráðstöfun þegar hann sagði: „Mannssonurinn er ekki kominn til þess að láta

4, 5. (a) Hvernig ræðði Satan Jehóva og hvers vegna var Jehóva skylt að svara ásökunum hans? (b) Um hvað sakaði Satan trúá þjóna Jehóva?

6. Með hvaða orðum lýsir Biblían lausn Guðs til bjargar mannkyni?



þjóna sér, heldur til að þjóna og gefa líf sitt til lausnargjalds [á grísku: *lýtron*] fyrir marga.“ — Matteus 20:28.

<sup>7</sup> Hvað er lausnargjald? Gríska orðið er myndað af sögn sem merkir ‚að leysa, láta lausan‘. Orðið var notað um gjald sem greitt var til að kaupa stríðsfanga lausa. Lausnargjald er því gjald sem greitt er til að kaupa eitthvað til baka. Hebreska orðið *ko‘fer*, sem þýtt er ‚lausnargjald‘, er dregið af sögn sem merkir ‚að hylja‘ en það minnir okkur á að greiðsla lausnargjalds felur einnig í sér þá hugsun að *hylja* syndir.

<sup>8</sup> Biblíuorðabókin *Theological Dictionary of the New Testament* nefnir að orðið *ko‘fer* „tákni alltaf jafngildi“ eða samsvörun. Lokið á sáttmálsörkinni samsvaraði örkinni að lögun, svo dæmi sé tekið.\* Til að leysa frá syndinni eða hylja hana þurfti að sama skapi að greiða gjald sem samsvaraði nákvæmlega tjóninu sem syndin olli, það er segja huldi það að fullu. Þess vegna stóð í lögmálinu sem Guð gaf Ísrael: „Líf fyrir líf, auga fyrir auga, tönn fyrir tönn, hönd fyrir hönd, fót fyrir fót.“ — 5. Mósebók 19:21.

<sup>9</sup> Trúaðir menn allt frá Abel færðu Guði dýrafórnir. Þannig sýndu þeir að þeir væru sér meðvita um syndina og lausnargjaldspörfina, og þeir sýndu að þeir trúðu á frelsunarloforð Guðs sem birtist í spádóminum um ‚sæðið‘. (1. Mósebók 3:15; 4:1-4; 3. Mósebók 17:11; Hebreaþréfið 11:4) Jehóva hafði velþóknun á þessum fórnunum og tilbiðjendum sínum sem báru þær fram. En mennirnir eru

---

\* Orðið ‚lok‘ í 2. Mósebók 25:17-22 er þýðing á hebresku orði sem er skylt *ko‘fer*.

7, 8. (a) Hvað merkir hugtakið ‚lausnargjald‘ í Biblíunni? (b) Hvers konar jafngildi er fólgið í lausnargjaldi?

9. Hvers vegna færðu trúaðir menn dýrafórnir og hvernig leit Jehóva á þær?

***‚Samsvarandi lausnargjald fyrir alla‘.***

meira virði en dýrin svo að dýrafórnir gátu ekki friðþægt fyrir syndir mannanna í raun og veru heldur voru þær einungis táknrænar. (Sálmur 8:5-9) Þess vegna segir Biblían: „Blóð nauta og hafra getur með engu móti numið burt syndir.“ (Hebreabréfið 10:1-4) Þessar fórnir voru aðeins tákn hinnar sönnu lausnarfórnar sem koma átti.

### ‘Samsvarandi lausnargjald’

<sup>10</sup> „Allir deyja fyrir samband sitt við Adam,“ segir Páll postuli. (1. Korintubréf 15:22) Þess vegna þurfti fullkominn maður að deyja til að greiða lausnargjaldið — maður sem væri jafningi Adams að öllu leyti. (Rómverjabréfið 5:14) Engin önnur sköpunarvera gat jafnað vogarskálar réttvísinnar. Aðeins fullkominn maður, sem var ekki dæmdur til að deyja Adamsdauðanum, gat greitt ‚samsvarandi lausnargjald‘ sem svaraði fullkomlega til Adams. (1. Tímóteusabréf 2:6, NW) Það þurfti ekki að fórna ótal milljónum manna til að samsvara öllum afkomendum Adams. Páll postuli bendir á að ‚syndin hafi komið inn í heiminn fyrir *einn mann* (Adam) og dauðinn fyrir syndina‘. (Rómverjabréfið 5:12) Og þar eð „dauðinn kom fyrir mann“ endurleysti Guð mannkynið „fyrir mann“. (1. Korintubréf 15:21) Hvernig?

<sup>11</sup> Jehóva gerði ráðstafanir til þess að fullkominn maður fórnaði lífi sínu af fúsu geði. „Laun syndarinnar er dauði,“ samkvæmt Rómverjabréfinu 6:23. Með því að fórna lífi sínu myndi lausnarinn „deyja fyrir alla“. Hann myndi með öðrum orðum greiða launin fyrir synd Adams. (Hebreabréfið 2:9; 2. Korintubréf 5:21; 1. Pétursbréf 2:24) Þetta myndi hafa djúpstæðar lagalegar afleiðingar. Með því að

10. (a) Hverjum þurfti lausnarinn að samsvara og hvers vegna? (b) Af hverju þurfti aðeins að fórna einum manni?

11. (a) Hvernig átti lausnarinn að „deyja fyrir alla“? (b) Hvers vegna hefðu Adam og Eva ekki getað nýtt sér lausnargjaldið? (Sjá neðanmálsgrein.)



ógilda dauðadóminn yfir hlýðnum afkomendum Adams myndi lausnargjaldið stöðva eyðingarafli syndarinnar við upptök hennar.\* — Rómverjabréfið 5:16.

<sup>12</sup> Lýsum þessu með dæmi: Segjum að flestir í bænum, þar sem þú býrð, vinni í stórri verksmiðju. Þú og aðrir starfsmenn fáið ágætis laun og lifið þægilegu lífi, það er að segja þangað til verksmiðjunni er lokað einn góðan veðurdag. Og hver er ástæða lokunarinnar? Forstjórinn gerðist sekur um spillingu og gerði fyrirtækið gjaldþrota. Þú og nágrannar þínir eruð skyndilega atvinnulausir og eigið ekki fyrir daglegum útgjöldum og afborgunum. Makar starfsmanna, börn og skuldareigendur líða fyrir spillingu þessa eina manns. Er einhver leið út úr vandanum? Já, auðugur velgerðamaður ákveður að láta málið til sín taka. Hann veit hve verðmætt fyrirtækið er og kennir í brjósti um starfsmennina og fjölskyldur þeirra. Hann gerir því upp skuld fyrirtækisins og opnar verksmiðjuna að nýju. Með því að taka á sig þessa einu skuld kemur hann öllum starfsmönnum, fjölskyldum þeirra og skuldareigendum til bjargar. Á sama hátt er það ótal milljónum manna til bjargar að skuld Adams skuli vera felld niður.

## Hver útvegur lausnargjaldið?

<sup>13</sup> Enginn nema Jehóva gat útvegað ‚lambið sem ber synd

---

\* Adam og Eva hefðu ekki getað nýtt sér lausnargjaldið. Í Mósélögnum var eftirfarandi grundvallarregla um mann sem framdi morð af ásettu ráði: „Eigi skuluð þér taka bætur fyrir líf manndrápara, sem er dauðasekur.“ (4. Mósebók 35:31) Ljóst er að Adam og Eva voru dauðasek af því að þau óhlýðnuðust Guði af ásettu ráði, vitandi vits. Þar með afsöluðu þau sér möguleikanum á eilífu lífi.

---

12. Lýstu með dæmi hvernig uppgjör einnar skuldar getur verið mörgum til góðs.

13, 14. (a) Hvernig sá Jehóva fyrir lausnargjaldi handa mannkyni? (b) Hverjum er lausnargjaldið greitt og hvers vegna var það nauðsynlegt?

heimsins'. (Jóhannes 1:29) En hann valdi ekki einhvern engil af handahófi til að bjarga mannkyninu heldur þann sem gat gefið endanlegt svar við ákæru Satans á hendur þjónum Jehóva. Já, Jehóva færði þá miklu fórn að senda eingetinn son sinn sem var „yndi hans“. (Orðskviðirnir 8:30) Sonur Guðs „svipti sig“ himnesku eðli fúslega. (Filippíbréfið 2:7) Jehóva vann það kraftaverk að flytja líf og persónuleika frumgetins sonar síns frá himnum í móðurlíf gyðingameyjar sem hét María. (Lúkas 1:27, 35) Sem maður átti hann að heita Jesús. En í lagalegum skilningi var hægt að kalla hann hinn síðari Adam því að hann samsvaraði Adam fullkomlega. (1. Korintubréf 15:45, 47) Hann gat þess vegna fórnað sjálfum sér sem lausnargjaldi fyrir syndugt mannkyn.

<sup>14</sup> Hverjum átti að greiða lausnargjaldið? Sálmur 49:8 tekur greinilega fram að það sé „greitt Guði“. En er það ekki Jehóva sem lætur lausnargjaldið í té í upphafi? Jú, en það gerir lausnargjaldið ekki að tilgangslausum málamyndagjörningi — rétt eins og verið væri að færa peninga úr einum vasa í annan. Hafa verður í huga að lausnargjaldið var ekki greitt með fjármunum heldur var það lagagerningur. Með því að sjá fyrir lausnargjaldinu, þó að það væri honum feikilega dýrt, staðfesti Jehóva að hann hvikaði ekki frá fullkomnu réttlæti sínu. — 1. Mósebók 22:7, 8, 11-13; Hebræabréfið 11:17; Jakobsbréfið 1:17.

<sup>15</sup> Vorið 33 gekk Jesús Kristur fúslega gegnum eldraun sem varð til þess að lausnargjaldið var greitt. Hann leyfði að hann væri handtekinn á röngum forsendum, dæmdur sekur og negldur á aftökustaur. Þurfti Jesús virkilega að þjást svona? Já, vegna þess að það þurfti að útkljá deiluna um ráðvendni þjóna Guðs. Höfum hugfast að Guð leyfði ekki að Heródes myrti Jesú á barnsaldri. (Matteus 2:13-18)

---

15. Hvers vegna þurfti Jesús að þjást og deyja?

En þegar Jesús var orðinn fullorðinn gat hann staðist árá-  
sir Satans vitandi um þessi deilumál.\* Með því að reynast  
„heilagur, svikalaus, óflekkaður [og] greindur frá syndur-  
um“, þrátt fyrir hrottalega meðferð, sannaði Jesús svo ekki  
varð um villst að Jehóva á sér þjóna sem eru honum trúir  
í prófraunum. (Hebreabréfið 7:26) Það var þess vegna sem  
Jesús hrópaði sigri hrósandi andartaki áður en hann dó:  
„Það er fullkomnað.“ — Jóhannes 19:30.

### Jesús lýkur lausnarverkinu

<sup>16</sup> En Jesús átti eftir að ljúka lausnarverkinu. Jehóva reisti  
hann upp frá dauðum á þriðja degi eftir dauða hans.  
(Postulasagan 3:15; 10:40) Með þessari þýðingarmiklu að-  
gerð umbunaði hann syni sínum trúfestina og gaf honum  
jafnframt færi á að ljúka lausnarverkinu sem æðsti prestur  
Guðs. (Rómverjabréfið 1:4; 1. Korintubréf 15:3-8) Páll  
postuli útskýrir þetta: „Kristur er kominn sem æðsti prest-  
ur. . . . Ekki fór hann með blóð hafra og kálfa, heldur  
með eigið blóð, inn í hið heilaga í eitt skipti fyrir öll og  
aflaði eilífrar lausnar. Því að Kristur gekk ekki inn í helgi-  
dóm höndum gjörðan, eftirmynd hins sanna helgidóms,  
heldur inn í sjálfan himininn, til þess nú að birtast fyrir  
augliti Guðs vor vegna.“ — Hebreabréfið 9:11, 12, 24.

<sup>17</sup> Kristur gat ekki farið bókstaflega með blóð sitt til  
himna heldur tók hann með sér það sem blóðið táknaði:

---

\* Jesús þurfti að deyja sem fullkominn maður en ekki fullkomið  
barn til að veita upp á móti synd Adams. Munum að Adam syndgaði  
vitandi vits. Hann vissi mætavel hve alvarlegur verknaðurinn var og  
hvaða afleiðingar hann hafði. Til að verða „hinn síðari Adam“ og  
„hylja“ þessa synd þurfti Jesús að taka yfirvegaða og upplýsta ákvörð-  
un um að vera Jehóva trúur. (1. Korintubréf 15:45, 47) Trúfastur lífs-  
ferill Jesú — og fórnardauði — var þannig eins og eitt „réttlætisverk“.  
— Rómverjabréfið 5:18, 19.

---

16, 17. (a) Hvernig hélt Jesús lausnarverkinu áfram? (b) Af hverju  
þurfti Jesús að „birtast fyrir augliti Guðs vor vegna“?

lagalegt andvirði hins fullkomna mannlífs sem hann fórnaði. (1. Korintubríf 15:50) Hann gekk síðan fram fyrir auglit Guðs og lagði formlega fram andvirði þessa lífs til lausnargjalds fyrir syndugt mannkyn. Viðurkenndi Jehóva þessa fórn? Já, og það sýndi sig á hvítasunnu árið 33 þegar heilögum anda var úthellt yfir um það bil 120 lærisveina í Jerúsalem. (Postulasagan 2:1-4) Þetta var spennandi atburður en aðeins upphaf þess sem lausnargjaldið átti að koma til leiðar.

### Gagnið af lausnargjaldinu

<sup>18</sup> Páll útskýrir í bréfi sínu til Kólossumanna að Guði hafi þóknast að koma öllu í sátt við sig með blóðinu sem Jesús úthelldi á kvalastaurnum. Páll bendir einnig á að þessi sátt nái til tveggja aðgreindra hópa manna, og hann kallar þá ‚það sem er á himnum‘ og ‚það sem er á jörðu‘. (Kólossubréfið 1:19, 20; Efesusbréfið 1:10) Í fyrrnefnda hópnum eru 144.000 kristnir menn sem fá þá von að þjóna sem himneskir prestar og ríkja sem konungar yfir jörðinni ásamt Kristi Jesú. (Opinberunarbókin 5:9, 10; 7:4; 14:1-3) Fyrir atbeina þeirra verður lausnargjaldinu beitt smám saman í þágu hlýðins mannkyns á þúsund ára tímabili. — 1. Korintubríf 15:24-26; Opinberunarbókin 20:6; 21:3, 4.

<sup>19</sup> ‚Það sem er á jörðu‘ eru þeir menn sem eiga fyrir sér fullkomið líf í paradís á jörð. Opinberunarbókin 7:9-17 kallar þá ‚mikinn múg‘ sem kemst lifandi gegnum ‚þrenginguna miklu‘. En þar sem þeir iðka trú á lausnargjaldið njóta þeir strax góðs af þessari kærleiksríku ráðstöfun. Þeir hafa nú þegar „þvegið skikkjur sínar og hvítfágað þær

18, 19. (a) Hvaða tveir hópar manna njóta góðs af þeirri sátt sem blóð Kristis kemur til leiðar? (b) Hvað hefur lausnargjaldið í för með sér fyrir ‚múginn mikla‘ nú þegar og í framtíðinni?

### Til íhugunar

**4. Mósebók 3:39-51** Hvers vegna varð lausnargjaldið að vera nákvæmt jafngildi?

**Sálmur 49:8, 9** Af hverju stöndum við í þakkarskuld við Guð fyrir lausnargjaldið?

**Jesaja 43:25** Hvernig sýnir þessi ritningarstaður að hjálpræði mannsins er ekki aðalástæðan fyrir því að Jehóva lét lausnargjaldið í té?

**1. Korintubréf 6:20** Hvaða áhrif ætti lausnargjaldið að hafa á hegðun okkar og lífverni?

í blóði lambsins“ og eru lýstir réttlátir sem vinir Guðs. (Jakobsbréfið 2:23) Vegna fórnar Jesú geta þeir „gengið með djörfung að háseti náðarinnar“. (Hebreabréfið 4:14-16) Þeim er fyrirgefið þegar þeim verður eitthvað á. (Efesusbréfið 1:7) Þeir hafa hreina samvisku þó að þeir séu ófullkomnir. (Hebreabréfið 9:9; 10:22; 1. Pétursbréf 3:21) Sáttin við Guð er því orðin að veruleika en er ekki ókominn atburður sem þeir eru að bíða eftir. (2. Korintubréf 5:19, 20) Í þúsundarárinu verða þeir smám saman „leystir úr ánauð forgengileikans“ og hljóta að lokum „dýrðarfrelsi Guðs barna“. — Rómverjabréfið 8:21.

<sup>20</sup> „Þökk sé Guði fyrir Jesú Krist“ að láta lausnargjaldið í té! (Rómverjabréfið 7:25) Það er í meginatriðum einfalt en er samt svo djúphugsað að það vekur lotningu okkar. (Rómverjabréfið 11:33) Við löðumst að Guði réttlætisins þegar við hugleiðum þetta stórkostlega verk hans. Það hreyfir við hjörtum okkar. Líkt og sálmaskáldið höfum við ærna ástæðu til að lofa Jehóva sem „hefir mætur á réttlæti og rétti“. — Sálmur 33:5.

20. Hvaða áhrif hefur það á þig að hugleiða lausnargjaldið?

## Jesús ,kemur inn rétti á jörðu‘

JESÚS var greinilega reiður og það með réttu. Þú átt kannski erfitt með að sjá hann fyrir þér reiðan því að hann var svo hógvær og mildur að eðlisfari. (Matteus 21:5) Hann hafði auðvitað fulla stjórn á sér því að það var réttlát reiði sem svall honum í brjosti.\* En hvað var það sem reitti þennan friðelska mann til reiði? Það var hróplegt óréttlæti sem hann horfði upp á.

<sup>2</sup> Musterið í Jerúsalem var Jesú ákaflega kært. Það var eini staðurinn í heiminum sem var helgaður tilbeiðslunni á föður hans á himnum. Gyðingar komu þangað langan veg frá öðrum löndum til að tilbiðja Guð. Þangað kom meira að segja guðhrætt fólk af öðrum þjóðum og notfærði sér forgarðinn sem því var ætlaður. En snemma á þjónustuferli sínum kom Jesús inn á musterissvæðið og þá blasti við honum hrikaleg sjón. Þetta var líkara markaðstorgi en tilbeiðslustað! Þarna var ekki þverfótað fyrir kaupmönnum og víxlurum. En var eitthvað ranglált við það? Já, því að fyrir þessum mönnum var musteri Guðs einungis staður til að féfletta fólk — jafnvel ræna það. Hvernig þá? — Jóhannes 2:14.

<sup>3</sup> Trúarleiðtogarnir höfðu sett þá reglu að það mætti einungis nota eina ákveðna tegund myntar til að greiða musterriskattinn. Musterisgestir urðu að skipta peningum yfir í

---

\* Með því að sýna réttláta reiði líktist Jesús Jehóva föður sínum sem er „fullur gremi“ gagnvart hvers kyns illsku. (Nahúm 1:2) Jehóva sagði til dæmis við þverúðuga þjóð sína að hún hefði gert hús hans að „ræningjabæli“ og bætti við: „Reiði minni og heift mun úthellt verða yfir þennan stað.“ — Jeremía 7:11, 20.

1, 2. Hvenær reiddist Jesús og hvers vegna?

3, 4. Hvaða fjárplógsstarfsemi fór fram í húsi Jehóva og hvað gerði Jesús í málinu?

Þessa mynt, og víxlararnir settu upp afgreiðsluborð inni í musterinu og tóku þóknun fyrir þjónustu sína. Sala fórnardýra var líka mjög ábatasöm. Aðkomufólk, sem vildi færa fórnir, gat keypt dýr af kaupmönnum í borginni en átti þá á hættu að embættismenn musterisins dæmdu fórnina ótæka og höfnuðu henni. En væri fórnardýr keypt á musterissvæðinu mátti treysta því að það væri talið boðlegt. Fólk var því upp á náð og miskunn kaupmannanna komið sem heimtuðu stundum okurverð.\* Þetta var ekki aðeins gróf fjárplógsstarfsemi heldur hreint rán!

<sup>4</sup> Jesús gat ekki sætt sig við þetta ranglæti. Þetta var hús föður hans! Hann gerði sér því svipu úr köðlum og rak sauða- og nautgriphjarðirnar út úr musterinu. Síðan stikkaði hann yfir til víxlaranna og velti borðum þeirra. Hugsaðu þér peningana skoppa eftir marmaragólfinu! „Burt með þetta héðan,“ fyrirskipaði hann dúfnasölunum. (Jóhannes 2:15, 16) Enginn virtist voga sér að andmæla þessum hugrakka manni.


### Lifandi eftirmynd föður síns

<sup>5</sup> Kaupmennirnir komu auðvitað aftur. Um þrem árum síðar réðst Jesús aftur gegn þessu ranglæti og vitnaði nú í orð Jehóva sjálfs þegar hann fordæmði þá sem gerðu hús hans að „ræningjabæli“. (Matteus 21:13; Jeremía 7:11) Já, Jesú leið alveg eins og föður sínum þegar hann sá hvernig fólk var féflett og musteri Guðs vanhelgað. Það er ofur

---

\* Að sögn Mishna kom til mótmæla nokkrum árum seinna út af háu verði á dúfum sem seldar voru í musterinu. Í kjölfarið var verðið snarlega lækkað um 99 prósent! Hverjir högnuðust mest á þessari ábatasömu verslun? Sumir sagnfræðingar telja að ætt Annasar æðsta prests hafi átt mustersmarkaðina, enda var hún stórauðug. — Jóhannes 18:13.

5-7. (a) Hvernig hafði fortilvera Jesú á himni áhrif á réttlætiskennd hans og hvað getum við lært af fordæmi hans? (b) Hvernig hefur Kristur barist gegn ranglæti gagnvart nafni Jehóva og drottinvaldi?





eðlilegt vegna þess að Jesús hafði lært af föður sínum á himnum um milljónir ára og hafði því sömu réttlætiskennd og hann. Hann var því lifandi eftirmynd föður síns. Besta leiðin til að fá skýra mynd af réttlæti Jehóva er því sú að kynna okkur fordæmi Jesú Krists. — Jóhannes 14:9, 10.

<sup>6</sup> Eingetinn sonur Jehóva var viðstaddur þegar Satan kallaði Jehóva Guð lygara og véfengdi að stjórnarfar hans væri réttlátt. Þetta var hreinn rógur! Sonurinn heyrði Satan líka fullyrða síðar að enginn þjónaði Jehóva af óeigingirni og kærleika. Réttlátum syni Guðs hljóta að hafa sviðið þessar röngu ásakanir. Og hann hlýtur að hafa orðið himinlifandi þegar hann komst að raun um að hann myndi eiga veigamikinn þátt í að kveða lygarnar niður. (2. Korintubréf 1:20) Hvernig gat hann gert það?

<sup>7</sup> Eins og fram kom í 14. kafla gaf Jesús Kristur endanlegt svar við þeirri ásökun Satans að Jehóva gæti ekki átt sér sköpunarverur sem þjónuðu honum af óeigingirni og kærleika. Þar með lagði Jesús grunninn að því að drottinvald Jehóva yrði réttlætt og nafn hans helgað í eitt skipti fyrir öll. Sem foringi í umboði Jehóva mun Jesús koma réttlæti hans á um allan alheim. (Postulasagan 5:31) Lífsferill hans á jörðinni endurspegladi sömuleiðis réttlæti Guðs. „Ég mun láta anda minn koma yfir hann, og hann mun boða þjóðunum rétt,“ sagði Jehóva um hann. (Matteus 12:18) Hvernig uppfyllti Jesús þetta?

### Jesús ‚boðar þjóðunum rétt‘

<sup>8</sup> Jesús elskaði lögmál Jehóva og lifði samkvæmt því. En trúarleiðtogar samtíðarinnar höfðu rangsnúið lögmálinu

8-10. (a) Hvernig ýtti hin munnlega erfikenning trúarleiðtoga Gyðinga undir fyrirlitningu á konum og fólki af öðrum þjóðum? (b) Hvernig urðu hvíldardagslög Jehóva að þyngjandi byrði vegna munnlega laganna sem bætt var við þau?

*„Burt með þetta héðan.“*

og misbeitt því. Jesús sagði þeim: „Vei yður, fræðimenn og farísear, hræsningar! Þér . . . hirðið ekki um það, sem mikilvægast er í lögmálinu, réttlæti, miskunn og trúfesti.“ (Matteus 23:23) Það er nokkuð ljóst að þessir lögmálskennarar kenndu þjóðinni ekki rétt. Þeir skýrðu ekki réttlæti Guðs heldur tálmuðu fólki að skilja það. Hvernig? Lítum á fáein dæmi.

<sup>9</sup> Jehóva hafði sagt fólki sínu að halda sig frá heiðnu þjóðunum umhverfis. (1. Konungabók 11:1, 2) En sumir ofstækismenn í hinu trúarlega forystuliði hvöttu fólk til að fyrirliða alla sem væru ekki Gyðingar. Í Mishnu var jafnvel að finna þá reglu að ekki mætti skilja nautgripi eftir við gistihús heiðingja því að þeir væru grunaðir um að eiga mök við skepnur. Slíkir fordómar gagnvart öllum, sem voru ekki Gyðingar, voru auðvitað ranglátir og gengu þvert á anda Móselaganna. (3. Mósebók 19:34) Ýmsar mannasetningar voru niðurlægjandi fyrir konur. Hin munnlegu lög kváðu á um að kona mætti ekki ganga við hlið eiginmanns síns heldur á eftir honum. Karlmaður átti ekki að ræða við konu á almannafæri, ekki einu sinni eiginkonuna. Konur máttu ekki bera vitni fyrir rétti frekar en þrælar. Það var meira að segja til formleg bæn sem karlar gátu farið með til að þakka Guði fyrir að þeir skyldu ekki vera konur.

<sup>10</sup> Trúarleiddtogarnir kaffærðu lög Guðs undir ógrynni af alls konar reglum. Hvíldardagslögin bönnuðu fólki einfaldlega að vinna á hvíldardegi, svo dæmi sé tekið. Dagurinn átti að vera helgaður tilbeiðslu, andlegri upplýftingu og hvíld. En farísearnir breyttu þessum lögum í þpyngjandi byrði. Þeir tóku sér það bessaleyfi að skilgreina hvað væri „vinna“ og skiptu henni í 39 flokka, þar á meðal uppskerustörf og veiðar. Þessi flokkun leiddi síðan af sér endalausar spurningar. Voru það veiðar ef maður drap fló á hvíldardegi? Var hann að uppskera ef hann greip hand-

fylli af korni á göngu og stakk upp í sig? Var hann að vinna ef hann læknaði sjúkan mann? Þessum spurningum var svarað með ströngum og ítarlegum reglum.

<sup>11</sup> Hvernig átti Jesús að sýna fólki fram á, við þessar aðstæður, hvað væri réttlæti? Hugrakkur tók hann eindregna afstöðu gegn trúarleiðtogunum, bæði með kennslu sinni og lífern. Lítum fyrst á kennsluna. Hann fordæmdi reglu-fargan þeirra og sagði: „Þannig látið þér erfikenning yðar, sem þér fylgið fram, ógilda orð Guðs.“ — Markús 7:13.

<sup>12</sup> Jesús hélt því fast fram að farísearnir færu með rangt mál í sambandi við hvíldardagsboðið og misskildu hreinlega tilgang þess. Hann benti á að Messías væri „herra hvíldardagsins“ og hefði því rétt til að lækna fólk á hvíldardegi. (Matteus 12:8) Hann hélt þessu síðan hátt á loft með því að lækna fólk fyrir opnum tjöldum á hvíldardegi. (Lúkas 6:7-10) Þessar lækningar voru forsmekkur af þeirri allsherjarlækningu sem hann mun vinna um alla jörðina í þúsundarárfinu. Þúsund árin verða hinn fullkomni hvíldardagur því að þá fá allir trúir menn loksins hvíld frá aldalöngu striti undir oki syndar og dauða.

<sup>13</sup> Jesús skýrði líka inntak réttlætisins er ný lög, nefnd „lögmál Krists“, tóku gildi eftir að hann hafði lokið þjónustu sinni á jörð. (Galatabréfið 6:2) Þetta nýja lögmál var byggt á meginreglum en ekki skráðum skipunum, líkt og Móselögin sem voru forveri þeirra. Þó voru nokkrar beinar skipanir, meðal annars „nýtt boðorð“ sem Jesús kallaði svo. Þar sagði hann að fylgjendur sínir ættu að elska hver annan eins og hann elskaði þá. (Jóhannes 13:34, 35) Já, fórnfús kærleikur átti að vera aðalsmerki allra sem lifðu eftir ‚lögmáli Krists‘.

11, 12. Hvernig lýsti Jesús yfir andstöðu við óbíbílulegar erfikenningar faríseanna?

13. Hvaða lögmál tók gildi í framhaldi af þjónustu Jesú á jörð og hvernig var það ólíkt forvera sínum?

## Lifandi dæmi um réttlæti

<sup>14</sup> Jesús lét sér ekki nægja að fræða aðra um kærleikann heldur *lifði* eftir ‚lög máli Krists‘. Þetta birtist ljóslifandi í lífi hans og lífsstefnu. Hann sýndi með þrennum hætti hvað réttlæti er.

<sup>15</sup> Í fyrsta lagi forðaðist Jesús samviskusamlega að gera sig sekan um nokkurt ranglæti. Þú hefur kannski tekið eftir að ranglæti sprettur oft af því að ófullkomnir menn hrokast upp og fara út fyrir valdsvið sitt. Jesús gerði það aldrei. Einhverju sinni kom til hans maður og bað hann: „Meistari, seg þú bróður mínum að skipta með mér arfinum.“ Jesús svaraði honum: „Maður, hver hefur sett mig dómara eða skiptaráðanda yfir ykkur?“ (Lúkas 12:13, 14) Þetta er sérstakt. Jesús var gáfaðri og skarpskyggjari en nokkur annar maður og Guð hafði reyndar falið honum meira vald en nokkrum öðrum. Samt sem áður neitaði hann að blanda sér í þetta mál af því að honum hafði ekki verið gefið sérstakt vald til þess. Jesús hefur alltaf sýnt þessa hæversku, meira að segja um þær árþúsundir sem hann var á himni áður en hann kom til jarðar. (Júdasarbréfið 9) Það segir sitt um Jesú að hann skuli sýna þá auðmýkt að treysta Jehóva til að ákveða hvað sé réttlátt.

<sup>16</sup> Í öðru lagi sýndi Jesús réttlæti sitt með því hvernig hann prédikaði fagnaðarerindið um ríki Guðs. Hann gerði aldrei upp á milli manna heldur lagði sig einlæglega fram um að ná til alls konar fólks, jafnt ríkra sem fátækra. Farísearnir fyrirlitu hins vegar fátækan almúgann og kölluðu hann *‘amha’ a’rets* eða „fólk landsins“. Jesús tók einarða afstöðu gegn þessu ranglæti. Þegar hann kenndi fólki fagnaðarerindið,

14, 15. Hvernig sýndi Jesús að hann fór ekki út fyrir valdsvið sitt og hvers vegna er það traustvekjandi?

16, 17. (a) Hvernig sýndi Jesús réttlæti er hann prédikaði fagnaðarerindið um ríki Guðs? (b) Hvernig sýndi Jesús að miskunn var sterkur þáttur í réttlæti hans?

eða mataðist með því, gaf því mat, læknaði það eða reisti fólk upp frá dauðum, studdi hann réttlæti Guðs sem vill ná til ‚allra manna‘.\* – 1. Tímóteusarbréf 2:4.

<sup>17</sup> Í þriðja lagi var miskunn sterkur þáttur í réttlætiskennnd Jesú. Hann lagði sig fram við að hjálpa syndurum. (Matteus 9:11-13) Hann var meira en fús til að aðstoða varnarlauða. Hann ýtti ekki undir vantraust til allra annarra en Gyðinga, eins og trúarleiðtogarnir gerðu. Hann sýndi þá miskunn að hjálpa og kenna sumum þeirra, jafnvel þótt hann væri fyrst og fremst sendur til Gyðinga. Hann féllst til dæmis á að lækna þjón rómversks herforingja og kvaðst ekki hafa fundið þvílíka trú hjá neinum í Ísrael. – Matteus 8:5-13.

<sup>18</sup> Jesús studdi ekki heldur ríkjandi viðhorf til kvenna heldur gerði það sem var rétt. Samverskar konur voru álitnar óhreinar rétt eins og heiðingjar. Þó hikaði Jesús ekki við að prédika fyrir samverskri konu við brunninn í Síkar. Þessi kona var reyndar fyrsta manneskjan sem Jesús sagði berum orðum að hann væri hinn fyrirheitni Messías. (Jóhannes 4:6, 25, 26) Farisearnir sögðu að það ætti ekki að kenna konum lögmál Guðs en Jesús varði drjúgum tíma og kröftum í að kenna konum. (Lúkas 10:38-42) Og þó að erfðavenjan segði að konum væri ekki treystandi til að gefa áreiðanlegan vitnisburð heiðraði Jesús nokkrar konur með því að leyfa þeim að vera fyrstar til að sjá sig eftir að hann var upprisinn. Hann sagði þeim jafnvel

---

\* Í augum fariseanna var óbreyttur almúginn „bölvaður“, enda óuppfræddur í lögmálinu. (Jóhannes 7:49) Það átti ekki að kenna slíku fólki, eiga við það viðskipti, matast með því eða biðjast fyrir með því. Betra væri að láta dóttur sína verða villidýrum að bráð en gefa hana slíkum manni fyrir konu. Þetta fólk átti sér enga upprisu- von að þeirra mati.

---

18, 19. (a) Hvernig heiðraði Jesús konur? (b) Hvernig vitnar for- dæmi Jesú um að réttlæti er nátengt hugrekki?

að fara og segja körlum úr hópi lærisveinanna frá þessum merkisatburði! — Matteus 28:1-10.

<sup>19</sup> Já, Jesús sýndi þjóðunum hvað rétt er þó að hann tæki oft mikla áhættu með því. Fordæmi hans er til vitnis um að það kostar hugrekki að halda sönnu réttlæti á loft. Það er vel við hæfi að hann skuli vera kallaður „ljónið af Júda ættkvísl“, en ljónið er einmitt tákn um hugrekki og réttlæti. (Opinberunarbókin 5:5) Í náinni framtíð mun Jesús síðan ,koma inn rétti á jörðu‘ í fullkomnum skilningi. — Jesaja 42:4.

### **Messíasarkonungurinn ,kemur inn rétti á jörðu‘**

<sup>20</sup> Jesús hefur stuðlað að réttlæti á jörðinni síðan hann varð messíasarkonungur árið 1914. Hvernig hefur hann gert það? Með því að sjá til þess að spádómurinn í Matteusi 24:14 rætist. Fylgjendur Jesú á jörðinni hafa kennt fólki allra landa sannleikann um ríki Jehóva. Líkt og Jesús hafa þeir prédikað réttlátlega og án þess að fara í manngreinarálit, og leitast við að gefa öllum — ungum sem öldnum, ríkum sem fátækum og körlum sem konum — tækifæri til að kynnast Jehóva, Guði réttlætisins.

<sup>21</sup> Jesús stuðlar einnig að réttlæti í kristna söfnuðinum sem hann er höfuðið yfir. Eins og spád er gefur hann gjafir í mynd dyggra safnaðaröldunga sem fara með forystuna í söfnuðinum. (Efesusbréfið 4:8-12) Öldungarnir fylgja fordæmi Jesú Krists og vinna að réttlæti með því að gæta hinna dýrmætu sauða sem best. Þeir hafa alltaf hugfast að Jesús vill að sauðirnir njóti réttlætis óháð stöðu þeirra eða fjárhag.

<sup>22</sup> En í náinni framtíð kemur Jesús inn rétti á jörðinni með áður óþekktum hætti. Það er mikið ranglæti í þess-

20, 21. Hvernig hefur messíasarkonungurinn stuðlað að réttlæti um alla jörðina og í kristna söfnuðinum á okkar tímum?

22. Hvað finnst Jehóva um ranglætið í heimi nútímans og hvað hefur hann falið syni sínum?

### Til íhugunar

**Sálmur 45:2-8** Hvers vegna getum við treyst að konungurinn Messías komi á fullkomnu réttlæti?

**Matteus 12:19-21** Hvernig átti Messías að koma fram við lítilmagnann samkvæmt spádómunum?

**Matteus 18:21-35** Hvernig kenndi Jesús að ósvikið réttlæti sé miskunnsamt?

**Markús 5:25-34** Hvernig sýndi Jesús fram á að réttlæti Jehóva tæki tillit til aðstæðna hvers og eins?

um spillta heimi. Hvert barn, sem deyr hungurdauða, er fórnarlamb ófyrirgefanlegs ranglætis, ekki síst þegar litið er til þess hve miklum tíma og fjármunum er sólundað í framleiðslu hervopna og í duttlunga eigingjarnra nautnaseggja. Milljónirnar, sem deyja að þarflausu á ári hverju, eru aðeins ein mynd þess margþætta óréttlætis sem vekur upp réttláta reiði Jehóva. Hann hefur falið syni sínum að heyja réttlátt stríð gegn öllu hinu illa heimskerfi og binda enda á allt ranglæti í eitt skipti fyrir öll. — Opinberunarbókin 16:14, 16; 19:11-15.

<sup>23</sup> En réttlæti Jehóva er ekki aðeins fólgið í því að eyða hinum óguðlegu. Hann hefur líka falið syni sínum að stjórna sem „Friðarhöfðingi“. Stjórn Jesú kemur á friði um alla jörðina eftir stríðið við Harmagedón og hann mun stjórna „með réttvísi“. (Jesaja 9:6, 7) Jesús mun þá njóta þess að útrýma öllu óréttlætinu sem hefur valdið svo mikilli eynd og þjáningum í heiminum. Hann mun halda fullkomnu réttlæti Jehóva á loft um alla eilífð. Það er því mikilvægt fyrir okkur að reyna að líkja eftir réttlæti Jehóva núna. Við skulum skoða hvernig við getum gert það.

23. Hvernig stuðlar Kristur að réttlæti um alla eilífð eftir Harmagedón?

## Gakktu með Guði og stundaðu réttlæti

ÍMYNDAÐU þér að þú lendir í sjávarháska. Þú ert búinn að gefa upp alla von en þá birtist björgunarmaður. Hvernig ætli þér væri innanbrjósts þegar hann væri búinn að bjarga þér úr háskanum og segði við þig: „Þú ert óhultur núna“? Ætli þér fyndist þú ekki standa í þakkarskuld við hann? Þú átt honum lífið að þakka.

<sup>2</sup> Þetta dæmi lýsir að sumu leyti því sem Jehóva hefur gert fyrir okkur. Við stöndum auðvitað í þakkarskuld við hann. Hann gaf lausnargjaldið svo að við gætum bjargast úr greipum syndar og dauða. Okkur finnst við vera óhult því að við vitum að meðan við iðkum trú á þessa dýr-mætu fórn eru syndir okkar fyrirgefnar og eilíf framtíð okkar tryggð. (1. Jóhannesarbréf 1:7; 4:9) Eins og fram kom í 14. kafla er lausnargjaldið mesta kærleiks- og réttlætisverk Jehóva. Hver ættu viðbrögð okkar að vera?

<sup>3</sup> Það er viðeigandi að hugleiða til hvers hinn kærleiksríki „björgunarmaður“ ætlast af okkur í staðinn. Hann segir fyrir munn spámannsins Míka: „Hann hefir sagt þér, maður, hvað gott sé! Og hvað heimtar [Jehóva] annað af þér en að gjöra rétt, ástunda kærleika og fram ganga í líftillæti fyrir Guði þínum?“ (Míka 6:8) Þú tekur eftir að eitt af því sem Jehóva ætlast til af okkur er að „gjöra rétt“, það er að segja að stunda réttlæti. Hvernig gerum við það?

### Að stunda réttlæti

<sup>4</sup> Jehóva ætlast til þess að við lifum eftir þeim mæli-

1-3. (a) Af hverju stöndum við í þakkarskuld við Jehóva? (b) Til hvers ætlast hinn kærleiksríki „björgunarmaður“ af okkur?

4. Hvernig vitum við að Jehóva ætlast til þess að við lifum eftir réttlátum mælikvarða hans?



kvarða sem hann setur um rétt og rangt. Mælikvarði hans er réttlátur og réttvís þannig að við stundum réttlæti og réttvísi með því að fylgja honum. „Lærið gott að gjöra! Leitið þess, sem rétt er,“ segir í Jesaja 1:17. Orð Guðs hvetur okkur eindregið til að ‚ástunda réttlæti‘. (Sefanía 2:3) Það hvetur okkur jafnframt til þess að ‚íklæðast hinum nýja manni, sem skapaður er eftir Guði í réttlæti og heilagleika sannleikans“. (Efesusbréfið 4:24) Réttlæti sannleikans útilokar ofbeldi, óhreinleika og siðleysi því að það stríðir gegn því sem heilagt er. — Sálmur 11:5; Efesusbréfið 5:3-5.

<sup>5</sup> Er það íþyngjandi að lifa eftir réttlátum mælikvarða Jehóva? Nei, þeim sem laðast að Jehóva þykja kröfur hans ekki íþyngjandi. Við elskum Guð og allt sem honum er kært þannig að við viljum þóknast honum með lífernir okkar. (1. Jóhannesarbréf 5:3) Mundu að Jehóva „hefir mætur á réttlætisverkum“. (Sálmur 11:7) Til að líkja eftir réttlæti hans verðum við að læra að elska það sem hann elskar og hata það sem hann hatar. — Sálmur 97:10.

<sup>6</sup> Það er engan veginn auðvelt fyrir ófullkomna menn að stunda réttlæti. Við þurfum að afklæðast hinum gamla manni með syndugum verkum hans og íklæðast hinum nýja. Biblían segir að nýi persónuleikinn ‚endurnýist‘ til fullkominnar þekkingar. (Kólossubréfið 3:9, 10) Frummálsorðið, sem þýtt er „endurnýjast“, gefur til kynna að það sé áframhaldandi ferli að íklæðast hinum nýja manni, að það kosti dugnað og þrautseigju því að stundum verður okkur á í hugsun, orði eða verki, hversu hart sem við leggjum að okkur að gera rétt. — Rómverjabréfið 7:14-20; Jakobsbréfið 3:2.

---

5, 6. (a) Af hverju er það ekki byrði að fylgja mælikvarða Jehóva? (b) Hvernig sýnir Biblían að það er áframhaldandi ferli að stunda réttlæti?

<sup>7</sup> En hvað ef okkur verður eitthvað á þótt við reynum að stunda réttlæti? Það er alltaf alvörumál að syndga og við viljum auðvitað ekki gera lítið úr því. En við megum ekki heldur gefast upp og ímynda okkur að við séum svo gölluð að við séum óhæf til að þjóna Jehóva. Í miskunn sinni hefur hann gert ráðstafanir til þess að syndarar, sem iðrast í einlægni, endurheimti hylli hans. Orð Jóhannesar postula eru einkar hughreystandi: „Þetta skrifa ég yður til þess að þér skuluð ekki syndga,“ en hann bætir svo við: „En ef einhver syndgar [vegna ófullkomleikans sem hann tók í arf], þá höfum vér árnaðarmann hjá föðurnum, Jesú Krist.“ (1. Jóhannesarbréf 2:1) Já, með lausnarfórn Jesú hefur Jehóva séð til þess að við getum þjónað sér velþóknlega þó að okkur sé eðlislægt að syndga. Vekur það ekki löngun hjá okkur til að þóknast honum sem best við getum?

### Réttlæti Guðs og fagnaðarerindið

<sup>8</sup> Við getum iðkað réttlæti, já, meira að segja líkt eftir réttlæti Guðs, með því að leggja okkur í líma við að prédika fagnaðarerindið um ríkið. Hvernig tengist fagnaðarerindið réttlæti Jehóva?

<sup>9</sup> Jehóva bindur ekki enda á þennan illa heim án þess að vara við því fyrst. „Fyrst á að prédika öllum þjóðum fagnaðarerindið,“ sagði Jesús í spádómi sínum um atburði endalokatímans. (Markús 13:10; Matteus 24:3) Orðið „fyrst“ gefur til kynna að eitthvað annað fylgi í kjölfar þess að fagnaðarerindið sé prédikað um allan heim. Þetta er meðal annars þrengingin mikla þar sem óguðlegir menn farast og gatan er greidd fyrir réttlátum nýjum heimi. (Matteus 24:14, 21, 22) Enginn getur réttilega sakað Jehóva um ranglæti gagnvart óguðlegum mönnum. Með því að

7. Hvernig eigum við að líta á það ef okkur verður eitthvað á þótt við reynum að stunda réttlæti?

8, 9. Hvernig vitnar boðun fagnaðarerindisins um réttlæti Jehóva?

vara þá við er hann að gefa þeim meira en nóg tækifæri til að bæta ráð sitt og umflýja tortíminguna. — Jónas 3:1-10.

<sup>10</sup> Hvernig endurspeglar boðunarstarf okkar réttlæti Guðs? Í fyrsta lagi er ekki nema rétt að við gerum það sem við getum til að hjálpa öðrum að bjargast. Lítum aftur á samlíkinguna við það að þér sé bjargað úr sjávarháaska. Þegar þú ert kominn í björgunarbátinn reynirðu auðvitað að bjarga öðrum sem eru enn í sjónum. Okkur er sömuleiðis skylt að hjálpa þeim sem eru enn að svamla í „sjó“ þessa illa heims. Margir hafna vissulega því sem við boðum, en meðan þolinmæði Jehóva varir er okkur skylt að gefa þeim tækifæri til að „komast til iðrunar“ og eiga von um björgun. — 2. Pétursbréf 3:9.

<sup>11</sup> Við sýnum réttlæti á annan mikilvægan hátt með því að prédika fagnaðarerindið fyrir öllum: Við erum óhlutdræg. Þú manst að „Guð fer ekki í manngreinaralit. Hann tekur opnum örmum hverjum þeim, sem óttast hann og ástundar réttlæti, hvernar þjóðar sem er.“ (Postulasagan 10: 34, 35) Við megum ekki dæma fólk fyrir fram ef við viljum líkja eftir réttlæti hans, heldur þurfum við að segja öðrum frá fagnaðarerindinu óháð litarhætti þeirra, fjárhag eða þjóðfélagsstöðu. Þá gefum við öllum, sem vilja, tækifæri til að hlusta og taka við fagnaðarerindinu. — Rómverjabréfið 10:11-13.

### Framkoma okkar við aðra

<sup>12</sup> Við getum líka ástundað réttlæti með því að koma fram við aðra á sama hátt og Jehóva kemur fram við okkur. Það er ósköp auðvelt að vera dómharður, gagnrýna aðra fyrir galla þeirra og tortryggja hvatir þeirra. En myndum

10, 11. Hvernig endurspeglum við réttlæti Guðs með því að boða fagnaðarerindið?

12, 13. (a) Hvers vegna ættum við ekki að vera fljót til að dæma aðra? (b) Hvað merkja orð Jesú „dæmið ekki“ og „sakfellið eigi“? (Sjá einnig neðanmáls.)

við vilja að Jehóva grannskoðaði hvatir okkar og galla án nokkurrar miskunnar? Hann kemur ekki þannig fram við okkur. Sálmaritarinn segir: „Ef þú, [Jehóva], gæfir gætur að misgjörðum, [Jehóva], hver fengi þá staðist?“ (Sálmur 130:3) Erum við ekki þakklát fyrir að eiga okkur réttlátan og miskunnsaman Guð sem kýs að einblína ekki á galla okkar? (Sálmur 103:8-10) Hvernig ættum við þá að koma fram við aðra?

<sup>13</sup> Ef við skiljum miskunnina í réttlæti Guðs erum við ekki fljót til að dæma aðra í málum sem koma okkur ekki við eða skipta litlu máli. „Dæmið ekki, svo að þér verðið ekki dæmdir,“ sagði Jesús í fjallræðunni. (Matteus 7:1) Samkvæmt frásögn Lúkasar bætti hann við: „Sakfellið eigi, og þér munuð eigi sakfelldir verða.“\* (Lúkas 6:37) Jesús vissi greinilega að ófullkomnum mönnum er gjarnt að vera dómharðir. Ef einhver meðal áheyrenda hans átti vanda til að dæma aðra harkalega átti hann að hætta því.

<sup>14</sup> Af hverju verðum við að hætta að dæma aðra? Meðal annars vegna þess að vald okkar er takmarkað. Lærisveinninn Jakob minnir okkur á að „einn sé löggjafinn og dómariinn“ — Jehóva. Hann spyr því hnitmiðað: „Hver ert þú, sem dæmir náungann?“ (Jakobsbréfið 4:12; Rómverjabréfið 14:1-4) Auk þess erum við syndug að eðlisfari og það getur hæglega valdið því að dómar okkar séu ósanngjarnir. Alls konar viðhorf og hvatir, til dæmis fordómar, sært stolt, öfund og sjálfumgleði, geta orðið þess valdandi að við sjáum ekki meðbræður okkar í réttu ljósi. Okkur eru ýmis önnur takmörk sett sem við ættum að hugleiða, og það ætti að virka sem hemill á að við séum aðfinnslusöm í garð annarra. Við sjáum ekki hvað býr í hjörtum annarra

---

\* Samkvæmt frummálinu lýsa sagnirnar „dæmið“ og „sakfellið“ samfelldri, yfirstandandi athöfn. Menn voru að dæma og sakfella en áttu að hætta því.



***Við endurspeglum réttlæti Guðs þegar við segjum  
hverjum sem vill heyra frá fagnaðarerindinu.***

og þekkjum ekki aðstæður þeirra til hlítar. Við erum ekki þess umkomin að eigna trússystemum okkar rangar hvatir eða gagnrýna það sem þau gera í þjónustu Jehóva. Það er miklu betra að líkja eftir Jehóva með því að hafa augun opin fyrir hinu góða í fari trússystema okkar, heldur en að einblína á galla þeirra.

<sup>15</sup> Hvað um fjölskylduna? Því miður falla einhverjir hörðustu dómarnir á heimilinu, einmitt þar sem við ættum helst að njóta skjóls og friðar. Það er alls ekki óalgengt að eiginmenn, eiginkonur eða foreldrar „dæmi“ hina í fjölskyldunni til að sitja undir stöðugri skothríð meiðandi orða eða líkamlegu ofbeldi. En grimm orð, nöpur kaldhæðni og líkamlegt ofbeldi eiga auðvitað ekki heima

---

15. Hvers konar orð og meðferð eiga ekki að eiga sér stað meðal tilbiðjenda Guðs og hvers vegna?

meðal þeirra sem dýrka Guð. (Efesusbréfið 4:29, 31; 5:33; 6:4) Ráð Jesú um að dæma ekki né sakfella falla ekki úr gildi þegar við göngum yfir þröskuldinn inn á heimili okkar. Eins og þú manst iðkum við réttlæti með því að koma fram við aðra eins og Jehóva kemur fram við okkur. Og Guð er aldrei hranalegur eða grimmur í samskiptum við okkur heldur er hann „mjög miskunnsamur“ við þá sem elska hann. (Jakobsbréfið 5:11) Hann er fögur fyrirmynd til að líkja eftir!

### Öldungar sem þjóna „með réttvísi“

<sup>16</sup> Það er skylda okkar allra að stunda réttlæti en öldungar kristna safnaðarins þurfa að gæta þess öðrum fremur. Sjáðu hvernig Jesaja lýsir ‚höfðingjum‘ eða öldungum í spádómi sínum: „Konungurinn ríkir með réttlæti og höfðingjarnir stjórna með réttvísi.“ (Jesaja 32:1) Já, Jehóva ætlast til þess að öldungarnir þjóni hagsmunum réttlætisins. Hvernig gera þeir það?

<sup>17</sup> Þetta eru karlmenn sem uppfylla hæfniskröfur Biblíunnar, og þeir gera sér ljóst að réttlætið útheimtir að söfnuðinum sé haldið hreinum. Stundum þurfa þeir að dæma í málum safnaðarmanna sem hafa syndgað alvarlega. Þeir eru minnugir þess að réttlæti Guðs leitast við að sýna miskunn ef mögulegt er og reyna því að vekja iðrun og eftirsjá hjá syndaranum. En hvað gerist ef syndarinn sýnir ekki sanna iðrun þó að þeir reyni að hjálpa honum til þess? Orð Jehóva gefur ákveðin en fullkomlega réttlát fyrirmæli um hvað þá skuli gera: „Útrýmið hinum vonða úr yðar hópi.“ Þetta þýðir að honum skuli vikið úr söfnuðinum. (1. Korintubríf 5:11-13; 2. Jóhannesarbréf 9-11) Öldungunum þykir sorglegt að þurfa að grípa til þessa úrræðis en þeir vita að það er nauðsynlegt til að varðveita söfnuð-

16, 17. (a) Til hvers ætlast Jehóva af safnaðaröldungum? (b) Hvað þarf að gera og hvers vegna ef syndari sýnir ekki sanna iðrun?

inn siðferðilega og andlega hreinan. Engu að síður vonast þeir til þess að syndarinn komi til sjálfs sín fyrr eða síðar og snúi aftur til safnaðarins. — Lúkas 15:17, 18.

<sup>18</sup> Öldungarnir þjóna einnig hagsmunum réttlætisins með því að gefa biblíuleg ráð þegar þörf krefur. Þeir eru auðvitað ekki að *leita* að göllum í fari annarra og þeir grípa alls ekki hvert tækifæri sem gefst til að leiðrétta fólk. En ‚einhver misgjörð getur hent‘ einhvern í söfnuðinum óafvitandi og þá reyna öldungarnir að ‚leiðrétta hann með hógværð‘, minnugir þess að réttlæti Guðs er hvorki miskunnarlaust né tilfinningalaust. (Galatabréfið 6:1) Þeir eru hvorki hörkulegir né skamma þann sem varð eitthvað á heldur eru þeir uppörvandi og leiðbeina honum hlýlega. Jafnvel ef þeir þurfa að áminna skýrt og ákveðið, til dæmis að útlista berum orðum hvaða afleiðingar það hafi að fylgja óviturlegri stefnu, hafa þeir hugfast að hinn villuráfandi er einn af sauðum Jehóva.\* (Lúkas 15:7) Ef leiðbeiningar eða áminningar eru augljóslega sprotnar af kærleika og veittar í kærleika er mun líklegra en ella að hinn villuráfandi láti sér segjast.

<sup>19</sup> Öldungar þurfa oft að taka ákvarðanir sem hafa áhrif á trússystemi þeirra. Til dæmis funda þeir með vissu millibili til að kanna hvort þeir geti mælt með öðrum bræðrum í söfnuðinum til að starfa sem öldungar eða safnaðarþjónar. Öldungarnir vita hve mikilvægt það er að vera óhlutdrægir. Þeir treysta því ekki á tilfinninguna varðandi slík

---

\* Biblían segir í 2. Tímóteusarbréfi 4:2 að öldungar þurfi stundum að ‚vanda um, ávita og áminna‘. Gríska orðið *parakale’o*, sem þýtt er ‚áminna‘, getur merkt ‚að hvetja, uppörva‘. Skyllt grískt orð, *para’kletos*, getur merkt ‚málafærslumaður‘. Öldungarnir eiga því að hjálpa þeim sem þarfnast hjálpar í trúnni, jafnvel þegar þeir áminna með festu.

---

18. Hvað hafa öldungarnir hugfast þegar þeir gefa biblíuleg ráð?

19. Hvaða ákvarðanir þurfa öldungarnir að taka og á hverju verða þeir að byggja þær?



**Öldungar endurspegla réttlæti Jehóva þegar þeir uppörva niðurdregna.**

meðmæli heldur hafa kröfur Guðs að leiðarljósi. Þannig gæta þeir þess að gera þetta „án nokkurs fordóms og gera ekkert af vilfylgi“. — 1. Tímóteusarbréf 5:21.

<sup>20</sup> Öldungarnir stunda réttlæti Guðs á ýmsa aðra vegu. Eftir að Jesaja boðar að öldungarnir þjóni „með réttvísi“ segir hann: „Þá verður hver þeirra sem hlé fyrir vindi og skjól fyrir skúrum, sem vatnslækir í öræfum, sem skuggi af stórum hamri í vatnslausu landi.“ (Jesaja 32:2) Öldungar kappkosta því að hughreysta trússystkini sín og endurnæra þau.

<sup>21</sup> Margt er fólki mótdrægt og íþyngjandi nú á dögum svo að margir eru uppörvunar þurfi. Hvað getið þið öldungar gert til að hughreysta „niðurdregna“? (1. Þessaloníku-bréf 5:14, NW) Hlustið á þá með samúð og skilningi. (Jak-

20, 21. (a) Hvað leggja öldungarnir sig fram við og hvers vegna? (b) Hvað geta öldungarnir gert til að hjálpa „niðurdregnum“?



### Til íhugunar

**5. Mósebók 1:16, 17** Hvaða kröfu gerði Jehóva til dómara í Ísrael og hvað geta öldungar lært af því?

**Jeremía 22:13-17** Við hvaða ranglæti varar Jehóva og hvað er nauðsynlegt til að líkja eftir réttlæti hans?

**Matteus 7:2-5** Hvers vegna megum við ekki einblína á galla trússystema okkar?

**Jakobsbréfið 2:1-9** Hvernig lítur Jehóva á manngreinaralit og hvernig getum við farið eftir þessum ráðleggingum í samskiptum við aðra?

obsbréfið 1:19) Kannski þurfa þeir að létta á hjarta sínu og segja einhverjum sem þeir treysta frá „hugsýki“ sinni. (Orðskviðirnir 12:25) Fullvissið þá um að bæði Jehóva og trússystemi þeirra meti þau mikils og elski þau. (1. Pétursbréf 1:22; 5:6, 7) Og þið getið beðið fyrir þeim og með þeim. Það getur verið einkar hughreystandi að heyra öldung biðja fyrir manni. (Jakobsbréfið 5:14, 15) Guð réttlætisins tekur eftir því sem þið gerið í kærleika til að hjálpa niðurdregnum.

<sup>22</sup> Já, við nálægjum okkur Jehóva æ meir með því að líkja eftir réttlæti hans. Við erum að sýna réttlæti Guði að skapi þegar við fylgjum réttlátum mælikvarða hans, segjum fólki frá fagnaðarerindinu sem getur bjargað því og horfum á kosti annarra en ekki galla. Þið öldungar endurspeglið réttlæti Guðs þegar þið standið vörð um hreinleika safnaðarins, gefið uppbyggjandi biblíuleg ráð, takið ákvarðanir án hlutdrægni og hughreystið niðurdregna. Það hlýtur að gleðja Jehóva ósegjanlega að horfa niður af himni og sjá þjóna sína gera sitt besta til að ganga með honum og stunda réttlæti.

22. Hvernig getum við líkt eftir réttlæti Jehóva og með hvaða árangri?

## „VITUR Í HJARTA“

*Sönn viska er einhver verðmætasti fjársjóður sem hugsast getur. Jehóva einn er höfundur hennar. Í þessum bókarhluta skyggnumst við inn í takmarkalaus visku Jehóva Guðs sem er „vitur í hjarta“ eins og hinn trúi Job komst að orði.*  
— Jobsbók 9:4.

## ‘Hvílíkt djúp speki Guðs!’

HVÍLÍKT ÁFALL! Mannkynið, meistaraverk Guðs á sjötta sköpunardeginum, steyptist snögglega niður í ófullkomleika. Jehóva hafði lýst „allt, sem hann hafði gjört, . . . harla gott“, þar á meðal mannkynið. (1. Mósebók 1:31) En snemma á sjöunda sköpunardeginum ákváðu Adam og Eva að fylgja Satan í uppreisn hans. Þau steyptu sér út í synd og kölluðu yfir sig ófullkomleika og dauða.

<sup>2</sup> Það var engu líkara en að fyrirætlun Jehóva varðandi sjöunda daginn væri runnin út í sandinn. Sjöundi dagurinn átti að vera nokkur þúsund ára langur líkt og sköpunardagarnir sex á undan. Jehóva hafði helgað hann og öll jörðin átti að vera orðin paradís, byggð fullkomnu mannkyni, áður en hann væri á enda. (1. Mósebók 1:28; 2:3) En hvernig gat það orðið eftir þessa uppreisn og hrikalegar afleiðingar hennar? Hvað ætlaði Guð að gera? Nú reyndi svo sannarlega á visku Jehóva — sennilega meira en nokkru sinni fyrr.

<sup>3</sup> Jehóva brást skjótt við. Hann felldi dóm yfir uppreisnarseggjunum í Eden og brá jafnframt upp leiftursýn af stórkostlegum hlut: Hann ætlaði að bæta allt tjónið sem uppreisnin hafði hleypt af stað. (1. Mósebók 3:15) Framsýn fyrirætlun hans teygir sig allt frá Eden, gegnum árþúsundir mannkynssögunnar og langt fram í tímann. Hún er snilldarlega einföld en þó svo djúpvitur að lesendur Biblíunnar gætu eytt allri ævinni í að rannsaka hana og íhuga.

1, 2. Hvað ætlaðist Jehóva fyrir með sjöunda daginn og hvernig reyndi á visku hans snemma á þeim degi?

3, 4. (a) Hvers vegna eru viðbrögð Jehóva við uppreisninni í Eden einstakt dæmi um óviðjafnanlega visku hans? (b) Hvers ættum við að vera minnug þegar við kynnum okkur visku Jehóva?

Auk þess er algerlega öruggt að fyrirætlun Jehóva nær fram að ganga. Illska, synd og dauði munu líða undir lok. Allir trúir menn verða fullkomnir. Og allt gerist þetta *áður* en sjöunda deginum lýkur, þannig að þrátt fyrir allt nær fyrirætlun Jehóva með jörðina og mannkynið fram að ganga samkvæmt áætlun!

<sup>4</sup> Slík viska fyllir okkur lotningu. Páll postuli fann sig tilknúinn að skrifa: „Hvílíkt djúp speki Guðs!“ (Rómverjabréfið 11:33) Við skulum nú kynna okkur þennan eiginleika Guðs frá ýmsum hliðum en verum nógu auðmjúk til að viðurkenna eitt — viska Jehóva er svo mögnuð að við getum rétt skoðað yfirborðið. (Jobsbók 26:14) Byrjum á því að skilgreina hvað viska er.

### Hvað er viska Guðs?

<sup>5</sup> Viska er ekki það sama og þekking. Hægt er að geyma gríðarmikla þekkingu í tölvum en engum dettur í hug að kalla tölvurnar vitrar. Viska og þekking eru þó tengd. (Orðskviðirnir 10:14) Ef þú vildir fá viturleg ráð við alvarlegum sjúkdómi myndirðu tæplega leita til manns sem hefði litla eða enga þekkingu í læknisfræði. Nákvæm þekking er því nauðsynleg undirstaða sannrar visku.

<sup>6</sup> Jehóva er óþrjótandi þekkingarlind. Hann er „konungur eilífðar“ og hefur einn verið til frá eilífð. (1. Tímóteusarbréf 1:17) Og allan þennan óendanlega tíma hefur hann fylgst með öllu sem gerst hefur. Biblían segir: „Enginn skapaður hlutur er honum hulinn, allt er bert og öndvert augum hans. Honum eigum vér reikningsskil að gjöra.“ (Hebreabréfið 4:13; Orðskviðirnir 15:3) Jehóva er skapari alls og hefur fullkominn skilning á því sem hann hefur gert, og hann hefur fylgst með athöfnum mannanna allt

---

5, 6. Hvaða samband er milli þekkingar og visku og hversu víðtæk er þekking Jehóva?

frá öndverðu. Hann rannsakar hjörtu allra manna og ekkert fer fram hjá honum. (1. Kroníkubók 28:9) Hann áskapaði okkur frjálsan vilja og er ánægður að sjá okkur taka viturlegar ákvarðanir í lífinu. Hann „heyrir bænir“ og getur hlýtt á ótal þjóna sína samtímis. (Sálmur 65:3) Og að sjálfsgöðu er minnisgáfa hans fullkomin.

<sup>7</sup> En Jehóva býr yfir meiru en þekkingu. Hann skilur líka hvernig hlutir tengjast innbyrðis og sér hvernig ótal smáatriði skapa eina heildarmynd. Hann metur hluti, dæmir milli þeirra og greinir á milli þess sem er gott og illt, mikilvægt og lítilvægt. Og hann sér undir yfirborðið og horfir beint inn í hjartað. (1. Samúelsbók 16:7) Jehóva hefur því bæði næman skilning og hyggindi sem er þekkingunni æðra. En viskan er öllu þessu fremri.

<sup>8</sup> Viskan virkjar þekkinguna, hyggindin og skilninginn þannig að þau vinna saman. Sum af frummálsorðum Biblíunnar, sem þýdd eru „víska, speki“, merkja bókstaflega „áhrifarík starfsemi“ eða „hagnýt víska“. Víska Jehóva er ekki aðeins fræðileg. Hún er hagnýt og hún virkar. Jehóva býr yfir víðtækri þekkingu og djúpum skilningi þannig að ákvarðanir hans eru alltaf þær bestu sem hugsast getur, og hann framkvæmir þær síðan eins og best verður á kosið. Það er sönn víska! „Spekin sannast af verkum sínum,“ sagði Jesús, og Jehóva er lifandi dæmi um það. (Matteus 11:19) Verk Jehóva um allan alheim vitna kröftuglega um vísku hans.

### Merki um vísku Guðs

<sup>9</sup> Hefurðu einhvern tíma dáðst að snjöllum handverksmanni sem býr til fallega nytjahluti? Slík færni vitnar um vísku af ákveðnu tagi. (2. Mósebók 31:1-3) Jehóva býr yfir

7, 8. Hvernig sýnir Jehóva skilning, hyggindi og vísku?

9, 10. (a) Hvers konar vísku sýnir Jehóva og hvernig hefur hún birst? (b) Hvernig vitnar fruman um vísku Jehóva?

slíkri visku öllum öðrum fremur og er höfundur hennar. Davíð konungur sagði um hann: „Ég lofa þig fyrir það, að ég er undursamlega skapaður, undursamleg eru verk þín, það veit ég næsta vel.“ (Sálmur 139:14) Því betur sem við kynnum okkur mannslíkamann, þeim mun meiri lotningu berum við fyrir visku Jehóva.

<sup>10</sup> Tökum dæmi: Þú hófst lífið sem ein fruma — eggfruma frá móður þinni sem var frjóvuguð með sæði frá föður þínum. Innan skamms tók fruman að skipta sér og fullskapaður ertu gerður úr hér um bil 100 billjónum frumna. Svo smáar eru þær að hér um bil 10.000 meðalstórar frumur kæmust fyrir á tíuprjónshaus. Og þó er hver fruma nánast óskiljanlega flókin, margfalt flóknari en nokkur vél eða verksmiðja gerð af mannahöndum. Vísindamenn líkja frumunni við víggirta borg þar sem stýrt er hvað fer út og inn, borg með samgöngukerfi, fjar-skiptakerfi, orkuverum, verksmiðjum, sorphreinsun, endurvinnslu, hervörnum og jafnvel eins konar miðstjórn með aðsetur í kjarnanum. Og í þokkabót getur fruman búið til fullkomna eftirmynd af sjálfri sér á fáeinum klukkustundum!

<sup>11</sup> Í fyrstu eru allar frumur fósturvísisins sömu gerðar en síðan taka þær að greinast í mjög ólíkar tegundir, svo sem taugafrumur, beinfrumur, vöðvafrumur, blóðfrumur og augnfrumur. Öll þessi sérhæfing er skrásett fyrir fram á „vinnuteikningum“ og í „verklýsingum“ frumunnar, í erfðaefninu DNA. Það er athyglisvert að Davíð skyldi vera innblásið að segja við Jehóva: „Þín augu sáu mig, þegar eg enn nú var ómyndaður, og allt var skrifað í þína bók.“ — Sálmur 139:16, *Biblían 1859*.

---

11, 12. (a) Hvað veldur því að fósturfrumur greinast í ólíkar tegundir og hvernig kemur það heim og saman við Sálm 139:16? (b) Hvernig vitnar mannsheilinn um að við séum „undursamlega sköpuð“?

<sup>12</sup> Sumir líkamshlutar eru óheyrilega flóknir. Heilinn er einn þeirra. Hann hefur verið kallaður flóknasti hlutur sem fundist hefur í alheiminum. Hann er samsettur úr um það bil 100 milljörðum taugafrumna en það svarar hér um bil til fjölda stjarna í Vetrarbrautinni. Hver taugafruma myndar síðan þúsundir tenginga við aðrar frumur. Vísindamenn segja að mannsheilinn gæti geymt allar upplýsingar sem er að finna í öllum bóka-söfnum heims, og að minnisgetan sé hugsanlega ómælanleg. Þó að vísindamenn hafi rannsakað þetta undursamlega líffæri áratugum saman viðurkenna þeir að þeir eigi kannski aldrei eftir að skilja til fulls hvernig það virkar.

<sup>13</sup> En við mennirnir erum aðeins eitt dæmi um viskuna í sköpunarverki Jehóva. Sálmur 104:24 segir: „Hversu mörg eru verk þín, [Jehóva], þú gjörðir þau öll með speki, jörðin er full af því, er þú hefir skapað.“ Viska Jehóva er greinileg alls staðar í sköpunarverkinu umhverfis okkur. Svo dæmi sé tekið eru maurarnir „vitrir spekingar“. (Orðskviðirnir 30:24) Samfélög þeirra eru þaulskipulögð. Sumar tegundir maura hafa blaðlís sem „búpening“ og nærast á þeim. Sumar tegundir stunda „garðyrkju“ og rækta sveppi til matar. Margar aðrar tegundir dýra geta gert ótrúlegustu hluti af eðlishvöt. Húsfluga leikur fluglistir sem bestu flugvélar manna geta ekki leikið eftir. Farfluglar rata eftir stjörnum, segulsviði jarðar eða einhvers konar innbyggðum siglingakortum. Árum saman rannsaka líffræðingar hið margbrotna atferli sem þessum dýrum er áskapað. Skaparinn, sem „forritaði“ þau í upphafi, hlýtur að vera óendanlega vitur.

---

13, 14. (a) Hvernig reynast maurar og fleiri dýr „vitrir spekingar“ og hvað segir það okkur um skapara þeirra? (b) Hvers vegna er hægt að segja að sköpunarverk eins og kóngulóarvefur sé gert „með speki“?





<sup>14</sup> Vísindamenn hafa lært margt af þeirri vísku sem sköpunarverk Jehóva vitnar um. Það er jafnvel til grein innan verkfræðinnar sem kalla mætti lífhermifræði og er fólgin í því að rannsaka og líkja eftir hönnunarlausnum sem er að finna í ríki náttúrunnar. Þú hefur eflaust einhvern tíma dáðst að köngulóarvef. Þú hrifst af fegurðinni en verkfræðingurinn hrifst af hönnuninni. Í vefnum eru næfurþunnir þræðir sem eru hlutfallslega sterkari en stál og seigari en trefjar í skotheldu vesti. Hve sterkir eru þeir eiginlega? Hugsaðu þér að köngulóarvefur sé stækkaður svo að hann samsvari stóru fiskineti. Með vef af þessari stærðargráðu væri hægt að fanga farþegaþotu á flugi! Já, Jehóva hefur gert allt „með speki“.

### Viska úti í geimnum

<sup>15</sup> Viska Jehóva er augljós af verkum hans út um allan alheim. Stjörnunum, sem við fjölluðum allitarlega um í 5. kafla, er ekki tvístrað af handahófi um himingeiminn. Viska Jehóva birtist í ‚lögum himinsins‘ þar sem stjörnunum er raðað fagurlega í vetrarbrautir sem er síðan skipað niður í þyrpingar, og þyrpingarnar mynda svo reginþyrpingar. (Jobsbók 38:33) Það er ósköp eðlilegt að Jehóva skuli tala um himintunglin sem „her“. (Jesaja 40:26) En það er til annar her sem lýsir vísku Jehóva enn betur.

<sup>16</sup> Eins og fram kom í 4. kafla er Guð nefndur Jehóva hersveitanna og Jehóva allsherjar vegna þess að hann ræður yfir miklum her sem í eru hundruð milljóna andavera.

---

15, 16. (a) Hvernig vitnar stjörnuhiminninn um vísku Jehóva? (b) Hvernig vitnar forræði yfir miklum englasveitum um stjörnvísku Jehóva?

*Hver gerði dýr jarðarinnar að ‚vitrum spekingum‘?*

Það er sönnun fyrir því að Jehóva er máttugur. En hvernig kemur það visku hans við? Höfum hugfast að Jehóva og Jesús sitja aldrei auðum höndum. (Jóhannes 5:17) Það gefur því augaleið að englarnir, sem þjóna hinum hæsta, hljóta einnig að vera iðjusamir. Og munum að þeir eru mannum æðri, bæði að vitsmunum og mætti. (Hebræabréfið 1:7; 2:7) Jehóva hefur um milljarða ára haldið öllum þessum englum uppteknum af ánægjulegu og gefandi starfi — því að ,framkvæma boð hans og vilja'. (Sálmur 103:20, 21) Það þarf óendanlega vitran stjórnanda til.

### Jehóva einn er ,alvitur‘

<sup>17</sup> Er nokkur furða, þegar á allt þetta er litið, að Biblían skuli nota hástemmd orð um visku Jehóva? Hún segir til dæmis að hann sé ,alvitur‘. (Rómverjabréfið 16:27) Hann einn býr yfir allri visku. Öll sönn viska er komin frá honum. (Orðskviðirnir 2:6) Það var þess vegna sem Jesús reiddi sig ekki á eigin visku, þótt hann væri öllum öðrum sköpunarverum vitrari, heldur talaði eins og faðir hans sagði honum að gera. — Jóhannes 12:48-50.

<sup>18</sup> Páll postuli tekur djúpt í árinna þegar hann lýsir því hve einstæð viska Jehóva er: „Hvílíkt djúp ríkdóms, speki og þekkingar Guðs! Hversu órannsakandi dómar hans og órekjandi vegir hans!“ (Rómverjabréfið 11:33) Páll lýsir djúpri lotningu sinni með því að nota upphrópunarorðið „hvílíkt“. Gríska orðið, sem þýtt er „djúp“, er náskylt orði sem merkir ,hyldýpi‘. Þannig dregur hann upp sterka mynd með orðavali sínu. Þegar við ígrundum visku Jehóva er rétt eins og við störum ofan í botnlaust regindjúp, svo djúpt og mikið að við getum hvorki skilið það né skynjað, og þaðan af síður dregið upp mynd af því né

17, 18. Hvers vegna segir Biblían að Jehóva sé ,alvitur‘ og hvers vegna ætti viska hans að vekja lotningu okkar?

### Til íhugunar

**Jobsbók 28:11-28** Hve verðmæt er viska Guðs og hvernig getur það gert okkur gott að íhuga það?

**Sálmur 104:1-25** Hvernig birtist viska Jehóva í sköpunarverkinu og hvaða tilfinningar vekur það með þér?

**Orðskviðirnir 3:19-26** Hvaða áhrif getur það haft á daglegt líf okkar að ígrunda visku Jehóva og fara eftir henni?

**Danél 2:19-28** Hvers vegna er sagt að Jehóva opinberi leynda hluti og hvernig ættum við að bregðast við hinni spádómlegu visku sem er að finna í orði hans?

kortlagt það í smáatriðum. (Sálmur 92:6) Við finnum til smæðar okkar við tilhugsunina.

<sup>19</sup> Jehóva er ‚alvitur‘ í öðrum skilningi. Hann einn er fær um að sjá fram í tímann. Eins og þú manst notar Jehóva örninn, með sína skörpu sjón, sem tákn um visku sína. Gullörninn getur verið um fimm kílógrömm á þyngd en augun eru stærri en augu fullvaxta manns. Örninn hefur svo skarpa sjón að hann getur séð smávaxna bráð úr mörg hundruð metra hæð, hugsanlega meira en eins kílómetra fjarlægð. „Augu hans sjá langar leiðir,“ sagði Jehóva einu sinni um örninn. (Jobsbók 39:29) Jehóva getur að sama skapi séð „langar leiðir“ fram í tímann.

<sup>20</sup> Í Biblíunni er fjöldi dæma sem staðfestir þetta. Hún inniheldur hundruð spádóma, það er að segja þætti úr sögu mannkyns skrifaða fyrir fram. Biblían segir fyrir uppgang og fall heimsvelða, lyktir styrjalda og jafnvel herkænskubrögð einstakra herforingja — í sumum tilfellum með margra alda fyrirvara. — Jesaja 44:25–45:4; Danél 8: 2-8, 20-22.

19, 20. (a) Hvers vegna er örninn viðeigandi tákn um visku Guðs? (b) Hvernig hefur Jehóva sýnt fram á að hann geti séð fram í tímann?

<sup>21</sup> En merkir þetta að Guð viti nú þegar hvaða ákvarðanir þú átt eftir að taka í lífinu? Sumir eru forlagatrúar og halda því fram að svo sé. En forlagahugmyndin gerir í raun og veru lítið úr visku Jehóva því að hún gerir ráð fyrir að hann geti ekki stjórnað þeim hæfileika sínum að sjá fram í tímann. Tökum dæmi: Segjum að þú hefir óviðjafnanlega söngródd. Ættirðu þá ekki um annað að velja en að syngja daginn út og daginn inn? Það er auðvitað fráleitt! Þó að Jehóva sé fær um að sjá framtíðina fyrir notar hann ekki þennan hæfileika öllum stundum. Ef hann gerði það myndi hann um leið skerða hinn frjálsa vilja sem hann gaf okkur, en það gerir hann aldrei. — 5. Mósebók 30:19, 20.

<sup>22</sup> Forlagahugmyndin gefur auk þess í skyn að viska Jehóva sé köld og kærleikslaus, tillitslaus og miskunnarlaus. En það er alger fjarstæða! Biblían kennir að Jehóva sé „vitur í hjarta“. (Jobsbók 9:4) Ekki svo að skilja að hann hafi bókstaflegt hjarta heldur er þetta algengt myndmál í Biblíunni til að lýsa innsta eðli persónunnar, hvötum hennar og tilfinningum eins og til dæmis kærleika. Jehóva lætur sem sagt kærleikann stjórna viskunni eins og öðrum eiginleikum sínum. — 1. Jóhannesarbréf 4:8.

<sup>23</sup> Visku Jehóva er auðvitað treystandi í hvívetna. Hún er svo langt yfir okkar eigin visku hafin að orð hans hvetur: „Treystu [Jehóva] af öllu hjarta, en reiddu þig ekki á eigið hyggjuvit. Mundu til hans á öllum þínum vegum, þá mun hann gjöra stigu þína slétta.“ (Orðskviðirnir 3:5, 6) Við skulum nú kafa enn dýpra í visku Jehóva til að styrkja samband okkar við hann.

---

21, 22. (a) Af hverju er enginn grundvöllur fyrir þeirri hugmynd að Jehóva hafi séð fyrir allar ákvarðanir þínar í lífinu? Skýrðu svarið með dæmi. (b) Hvernig vitum við að viska Jehóva er ekki köld og kærleikslaus?

23. Hvað ættum við að gera í ljósi þess hve viska Jehóva er mögnuð?

## Viskan í „orði Guðs“

MANSTU hvernig þér var innanbrjósts síðast þegar þú fékkst bréf frá ástvini sem býr einhvers staðar fjarri? Fátt er ánægjulegra en hlýlegt bréf frá manneskju sem okkur þykir vænt um. Það gleður okkur að fréttu að henni líði vel, heyra hvað hefur drifið á daga hennar og fá að vita hvað hún er með á þrjónunum. Bréfaskipti styrkja ástvinaböndin, óháð fjarlægð.


<sup>2</sup> Hvað gæti glatt okkur meira en að fá skrifleg boð frá Guði sem við elskum? Jehóva hefur í vissum skilningi skrifað okkur „bréf“, það er að segja orð sitt Biblíuna. Þar segir hann okkur hver hann er, hvað hann hefur gert, hvað hann ætlar sér að gera og ótalmargt annað. Hann hefur gefið okkur orð sitt af því að hann vill að við finnum til nálægðar við sig. Hinn alvitri Guð valdi bestu hugsanlegu leiðina til að eiga tjáskipti við okkur. Bæði efni Biblíunnar og hvernig hún er skrifuð ber vitni um óviðjafnanlega visku.

### Hvers vegna skrifleg boð?

<sup>3</sup> Einhverjum kann að vera spurn hvers vegna Jehóva hafi ekki notað áhrifameiri aðferð til að tjá sig við mennina, til dæmis talað af himni ofan. Reyndar talaði Jehóva stundum við mennina af himni ofan fyrir milligöngu engla, til dæmis þegar hann gaf Ísrael lögmálið. (Galatabréfið 3:19) Svo ógnþrungin var röddin af himni að Ísraelsmenn skelfdust og báðu um að Jehóva talaði ekki lengur til þeirra með þessum hætti heldur fyrir milligöngu Móse. (2. Mósebók 20:18-20) Lögmálinu, með hér um bil 600

1, 2. Hvaða „bréf“ hefur Jehóva skrifað okkur og hvers vegna?

3. Hvernig miðlaði Jehóva lögmálinu til Móse?



lagaboðum, var því miðlað munnlega til Móse, orð fyrir orð.

<sup>4</sup> En hugsaðu þér ef lögmálið hefði aldrei verið fært í letur. Hefði Móse getað munað þessi ítarlegu ákvæði nákvæmlega orðrétt og flutt þjóðinni hnökralaust? Hvað um síðari kynslóðir? Áttu þær að treysta á munnlega geymd? Það var tæplega örugg aðferð til að koma lögum Guðs á framfæri. Segjum sem svo að þú ætlir að segja hópi fólks sögu. Þú byrjar á því að segja hana einhverjum einum úr hópnum sem segir hana öðrum og þannig koll af kalli. Það er hætt við því að sá síðasti í hópnum fái talsvert aðra útgáfu af sögunni en sá fyrsti. Þannig gat ekki farið fyrir lögmáli Guðs.

<sup>5</sup> Í visku sinni ákvað Jehóva að láta skrásetja orð sín. Hann sagði Móse: „Skrifa þú upp þessi orð, því að samkvæmt þessum orðum hefi ég gjört sáttmála við þig og við Ísrael.“ (2. Mósebók 34:27) Þar með var ritun Biblíunnar hafin. Þetta var árið 1513 f.o.t. og næstu 1610 árin „talaði Guð oftsinnis og með mörgu móti“ til um það bil 40 biblíuritari. (Hebreabréfið 1:1) Dyggir afritarar gættu þess síðan að gera hárnákvæm eftirrit af Ritningunni svo að hún varðveittist óbrennguð. — Esrabók 7:6, NW; Sálmur 45:1, NW.

<sup>6</sup> Það er mikil blessun að Jehóva skuli hafa komið boðum sínum til okkar skriflega. Hefurðu einhvern tíma fengið uppörvandi bréf sem þér þótti svo vænt um að þú geymdir það og last það aftur og aftur? Þannig er „bréf“ Jehóva til okkar. Við getum lesið orð hans reglubundið og hugleitt

4. Hvers vegna hefði ekki verið öruggt að varðveita lögmál Guðs í munnlegri geymd?

5, 6. Hvað átti Móse að gera og hvers vegna er það okkur til góðs að hafa orð Jehóva skrifleg?

*„Sérhver ritning er innblásin af Guði.“*

þau vegna þess að þau voru skrifuð niður. (Sálmur 1:2) Við getum sótt í „huggun ritninganna“ hvenær sem við viljum. — Rómverjabréfið 15:4.

### Hvers vegna notaði Jehóva menn sem ritara?

<sup>7</sup> Í visku sinni notaði Jehóva menn til að færa orð sitt í letur. Ætli Biblían hefði höfðað jafnstærkt til okkar ef hann hefði notað engla til að skrifa hana? Englar hefðu auðvitað getað lýst Jehóva frá sínum háa sjónarhóli, lýst hollustu sinni við hann og sagt frá trúum mönnum sem þjónuðu honum. En hefðum við getað sett okkur í spor fullkominna andavera sem standa okkur miklu framar að þekkingu, reynslu og krafti? — Hebreabréfið 2:6, 7.

<sup>8</sup> Jehóva notaði menska ritara til að láta okkur í té það sem við þurfum — bók sem er „innblásin af Guði“ en er með sterkum mannlegum þætti. (2. Tímóteusarbréf 3:16) Hvernig gerði hann þetta? Oft er nokkuð ljóst að hann leyfði riturunum að beita huganum til að velja „fögur orð og sannleiksorð“. (Prédikarinn 12:10, 11) Það er skýringin á því að ritstíll Biblíunnar er æði fjölbreyttur og endurspeglar ólíkan uppruna og persónuleika ritaranna.\* Engu að síður, tölðu þeir orð frá Guði, knúðir af heilögum anda'. (2. Pétursbréf 1:21) Þess vegna er bókin, sem til varð, réttilega nefnd „orð Guðs“. — 1. Þessaloníkubréf 2:13.

---

\* Davíð var fjárhirðir, svo dæmi sé nefnt, og notar gjarnan dæmi úr lífi fjárhirðis. (Sálmur 23) Matteus hafði verið tollheimtumaður og nefnir oft tölur og fjárupphæðir. (Matteus 17:27; 26:15; 27:3) Lúkas var læknir og orðfæri hans endurspeglar það. — Lúkas 4:38; 14:2; 16:20.

---

7. Hvernig vitnar það um visku Jehóva að nota menn til að skrifa Biblíuna?

8. Hvernig fengu biblúritararnir að beita huganum? (Sjá einnig neðanmálgrein.)



<sup>9</sup> Biblían er einstaklega hlýleg og aðlaðandi vegna þess að Jehóva notaði menn til að skrifa hana. Þetta voru menn með sams konar tilfinningar og við. Þeir voru ófullkomnir og urðu fyrir sams konar álagi og prófraunum og við. Í sumum tilfellum innblés Jehóva þeim að segja frá eigin tilfinningum og baráttu. (2. Korintubrэф 12:7-10) Þeir skrifuðu því í fyrstu persónu, orð sem engill hefði ekki getað sagt.

<sup>10</sup> Davíð konungur í Ísrael er dæmi um þetta. Eftir að hafa syndgað alvarlega orti hann sálm þar sem hann úthelti hjarta sínu og sárþændi Guð að fyrirgefa sér. „Hreinsa mig af synd minni,“ orti hann, „því að ég þekki sjálfur afbrot mín, og synd mín stendur mér stöðugt fyrir hugskotssjónum. Sjá, sekur var ég, er ég varð til, syndugur, er móðir mín fæddi mig. Varpa mér ekki burt frá augliti þínu og tak ekki þinn heilaga anda frá mér. Guði þekkar fórnir eru sundurmarinn andi, sundurmarið og sundurkramið hjarta munt þú, ó Guð, eigi fyrirlíta.“ (Sálmur 51:4, 5, 7, 13, 19) Skynjarðu ekki angist ritarans? Gat nokkur lýst slíkum tilfinningum nema ófullkominn maður?

### Hvers vegna fjallar hún um fólk?

<sup>11</sup> Annað sem gerir Biblíuna aðlaðandi er að hún fjallar að miklu leyti um fólk, raunverulegar persónur sem ýmist þjónuðu Guði eða þjónuðu honum ekki. Við sjáum hvað dreif á daga þessa fólks og lesum um gleði þess og sorgir. Við lesum um ákvarðanir sem það tók og afleiðingar þeirra. Þessar frásagnir eru skrifaðar okkur „til uppfræðingar“. (Rómverjabréfið 15:4) Þetta eru raunsannar lýsingar sem Jehóva notar til að kenna okkur og snerta hjörtu okkar. Lítum á fáein dæmi.

9, 10. Hvers vegna gerir það Biblíuna einkar hlýlega og aðlaðandi að Jehóva skyldi nota menn til að skrifa hana?

11. Hvers konar raunsannar lýsingar er að finna í Biblíunni okkur „til uppfræðingar“?

<sup>12</sup> Biblían fjallar um ótrúa og jafnvel vonða menn og lýsir örlögum þeirra. Við sjáum óæskilega eiginleika að verki og eigum auðveldara með að skilja eðli þeirra. Frásagan af Júdasi, sem sveik Jesú, er til dæmis miklu sterkari viðvörðun gegn ótryggð og sviksemi en einfalt bann við því. (Matteus 26:14-16, 46-50; 27:3-10) Frásagnir af þessu tagi ná miklu betur til okkar en einföld boð og bönn, og þær auðvelða okkur að bera kennsl á skaðlega eiginleika og forðast þá.

<sup>13</sup> Biblían fjallar einnig um marga trúa þjóna Guðs. Við lesum um tryggð þeirra og hollustu. Við sjáum ljóslifandi dæmi um þá eiginleika sem við þurfum að temja okkur til að nálægja okkur Guði. Tökum trúna sem dæmi. Biblían skilgreinir hvað trú sé og bendir á hve nauðsynleg hún sé til að þóknast Guði. (Hebreabréfið 11:1, 6) En Biblían inniheldur einnig ljóslifandi dæmi um trú í verki. Hugsaðu þér hvílíka trú Abraham sýndi þegar hann ætlaði að fórnar Ísak. (1. Mósebók 22. kafli; Hebreabréfið 11:17-19) Hugtakið „trú“ fær nýja merkingu og verður auðskildara þegar þú lest frásagnir af þessu tagi. Það var viturlagt af Jehóva að segja frá raunsönnum dæmum um æskilega eiginleika í fari manna, auk þess að hvetja okkur til að til-einka okkur þá.

<sup>14</sup> Oft segja frásögur Biblíunnar okkur sitthvað um það hvers konar persóna Jehóva er. Tökum sem dæmi frásögu af konu sem Jesús sá í musterinu. Hann sat nálægt fjárhirslu musterisins og fylgdist með fólki koma með framlög sín. Margir auðmenn gáfu gjafir „af allsnægtum sínum“. En Jesús tók sérstaklega eftir fátækri ekkju sem gaf „tvo smápen-

12. Hvers vegna er gagnlegt að lesa frásagnir í Biblíunni af ótrúum mönnum?

13. Hvernig auðveldar Biblían okkur að skilja hvað felst í æskilegum eiginleikum?

14, 15. Hvað segir Biblían um konu nokkra sem kom í musterið og hvað lærum við af því um Jehóva?

inga, eins eyris virði“.\* Þetta var allt sem hún átti en Jesús, sem endurspeglaði nákvæmlega sjónarmið Jehóva, sagði: „Þessi fátæka ekkja gaf meira en allir hinir, er lögðu í fjárhirsluna,“ það er að segja meira en þeir allir samanlagt. — Markús 12:41-44; Lúkas 21:1-4; Jóhannes 8:28.

<sup>15</sup> Það er athyglisvert að þessi ekkja skyldi vera valin úr hópi allra sem komu í musterið þennan dag og nefnd sérstaklega í Biblíunni. Þetta dæmi segir okkur að Jehóva sé þakklátur Guð. Hann tekur fúslega við þeim gjöfum sem við gefum af allri sálu og gildir þá einu hvert verðmæti þeirra er í samanburði við gjafir annarra. Jehóva gat tæpast fundið betri leið til að kenna okkur þennan hjartnæma sannleika.

### Það sem stendur ekki í Biblíunni

<sup>16</sup> Þegar þú skrifar ástvini eru takmörk fyrir því sem þú getur sagt í einu bréfi, þannig að þú velur og hafnar. Jehóva ákvað líka að nefna ákveðnar persónur og atburði í orði sínu en hann segir ekki alltaf frá öllum smáatriðum. (Jóhannes 21:25) Svo dæmi sé tekið er ekki víst að við fáum svör við öllum spurningum okkar þegar við lesum um dóma Guðs. Það er til marks um visku Jehóva að hann skuli sleppa vissum upplýsingum úr orði sínu. Hvernig þá?

<sup>17</sup> Biblían er skrifuð þannig að hún dregur fram hvað býr í hjörtum okkar. Hebreabréfið 4:12 segir: „Orð Guðs [eða boðskapur] er lifandi og kröftugt og beittara hverju tvíeggjuðu sverði og smýgur inn í innstu fylgsni sálar og

---

\* Þessir smápeningar voru leptonar, smæsta mynt Gyðinga sem var í umferð á þeim tíma. Tveir leptonar jafngiltu 1/64 úr daglaunum og dugðu ekki einu sinni til að kaupa einn spörva en hann var ódýrasti fuglinn sem fátækir notuðu til matar.

16, 17. Hvernig er það til marks um visku Jehóva að hann skuli sleppa vissum upplýsingum úr orði sínu?

anda, . . . það dæmir hugsanir og hugrenningar hjartans.“ Boðskapur Biblíunnar þrengir sér djúpt inn í innstu fylgsmi okkar og dregur fram raunverulegar hvatir okkar og hugsanir. Þeir sem lesa hana með gagnrýnum huga eiga það til að hneykslast á frásögum sem þeim finnast ekki gefa nægjar upplýsingar. Þeir véfengja jafnvel að Jehóva sé í raun og veru kærleiksríkur, vitur og réttlátur.

<sup>18</sup> Ef við þaullesum Biblíuna með einlægu hjarta kynnumst við Jehóva eins og Biblían í heild lýsir honum. Þá látum við það ekki trufla okkur þó að einstaka frásaga vekir spurningar sem við finnum ekki svör við á augabragði. Lýsum þessu með dæmi: Segjum að þú sért að raða saman stóru púsluspili. Kannski finnurðu ekki ákveðinn búa eða áttar þig ekki á því hvar einhver bútur á heima. Þú ert samt búinn að raða saman nógu mörgum bútum til að átta þig á heildarmyndinni. Biblíunám er að mörgu leyti sambærilegt því að við kynnumst smám saman hvers konar Guð Jehóva er og heildarmyndin skýrist hægt og hægt. Jafnvel þó að við skiljum ekki ákveðna frásögu í fyrstu eða áttum okkur ekki á því hvernig hún kemur heim og saman við persónuleika Guðs, þá erum við samt búin að læra meira en nóg um Jehóva af biblíunáminu til að vita með vissu að hann er alltaf kærleiksríkur, sanngjarn og réttlátur.

<sup>19</sup> Til að skilja orð Guðs verðum við sem sagt að lesa það og rannsaka með einlægu hjarta og opnum huga. Er það ekki augljóst merki um hina miklu vísu Jehóva? Gáfumenn geta skrifað bækur sem engir skilja nema ‚spekingar og hyggindamenn‘. En að skrifa bók sem menn skilja ekki nema hjartalagið sé rétt — það útheimtir snilligáfu Guðs! — Matteus 11:25.

---

18, 19. (a) Hvers vegna ættum við ekki að láta það trufla okkur þó að viss frásaga í Biblíunni vekir spurningar sem við finnum ekki svör við á augabragði? (b) Hvað er nauðsynlegt til að skilja orð Guðs og hvernig vitnar það um hina miklu vísu hans?

## Biblían er viskubrunnur

<sup>20</sup> Jehóva kennir okkur í orði sínu hvernig best sé að lifa lífinu. Hann skapaði okkur svo að hann þekkir þarfir okkar betur en við sjálf. Og frumþarfir manna, eins og þörfin að vera elskaður, finna hamingjuna og eiga gott samband við annað fólk, hafa ekkert breyst. Biblían inniheldur mikinn sjóð hagnýtrar visku sem getur hjálpað okkur að gera lífið gæfuríkt. (Orðskviðirnir 2:7) Í hverjum meginhluta þessarar bókar er einn kafli þar sem rætt er um hvernig við getum farið eftir viturlegum ráðum Biblíunnar. En við skulum taka eitt dæmi hér.

<sup>21</sup> Hefurðu veitt því athygli að þeir sem ala með sér óvild og gremju í garð annarra eru oft sjálfum sér verstir? Gremja er ákaflega íþyngjandi byrði. Langvinn gremja getur heltekið hugsanir okkar og rænt okkur friði og gleði. Rannsóknir benda til þess að langvarandi reiði geti auk-ið hættuna á hjartasjúkdómum og mörgum öðrum langvinnnum sjúkdómum. Biblían gaf viturleg ráð um þetta löngu áður en þessar rannsóknir komu til. Hún sagði: „Lát af reiði og slepp heiftinni.“ (Sálmur 37:8) En hvernig gerum við það?

<sup>22</sup> Orð Guðs segir: „Hyggni mannsins gjörir hann seinan til reiði, og það er honum til frægðar að ganga fram hjá mótgjörðum.“ (Orðskviðirnir 19:11) Með hyggni er átt við hæfileikann til að sjá undir yfirborðið. Hyggni hjálpar okkur að skilja aðra og átta okkur á því hvers vegna þeir tala eða hegða sér á ákveðinn hátt. Ef við leitumst við að skilja raunverulegar hvatir annarra, tilfinningar þeirra og kringumstæður getur það auðveldað okkur að hugsa ekki neikvætt um þá.

20. Hvers vegna getur enginn nema Jehóva sagt okkur hvernig best sé að lifa lífinu og hvað inniheldur Biblían okkur til hjálpar?

21-23. Hvaða viturlegu ráð geta hjálpað okkur að forðast reiði og gremju?

### Til íhugunar

**Orðskviðirnir 2:1-6** Hvað þurfum við að leggja á okkur til að afla okkur vискunnar sem er að finna í orði Guðs?

**Orðskviðirnir 2:10-22** Hvernig er það okkur til góðs að lifa í samræmi við viturleg ráð Biblíunnar?

**Rómverjabréfið 7:15-25** Hvernig sýnir þessi ritningargrein fram á vискuna í því að nota menn til að skrásetja orð Guðs?

**1. Korintubríf 10:6-12** Hvernig er Ísrael fortíðar dæmi til viðvörunar?

<sup>23</sup> Biblían ráðleggur einnig: „Umberíð hver annan og fyrirgefið hver öðrum.“ (Kólossubréfið 3:13) Að ‚umbera hver annan‘ merkir að vera þolinmóður við aðra, að þola þeim eitthvað sem fer kannski í taugarnar á okkur. Þannig getum við forðast að ómerkileg smáatriði valdi óvild og gremju. Að ‚fyrirgefa‘ felur í sér að láta af gremjunni. Guð veit að við þurfum að fyrirgefa öðrum þegar góðar og gildar ástæður eru fyrir því. Bæði er það þeim til góðs og eins veitir það sjálfum okkur hugarró og frið í hjarta. (Lúkas 17: 3, 4) Það er mikil víska sem orð Guð hefur að geyma.

<sup>24</sup> Jehóva langaði til að eiga tjáskipti við okkur vegna þess hve heitt hann elskar sköpunarverk sitt. Hann valdi bestu leiðina til þess — að láta þjóna sína á jörð skrifa „bréf“ undir leiðsögn heilags anda. Þar af leiðandi er það víska Jehóva sem stendur í Biblíunni og hún er ‚harla áreiðanleg‘. (Sálmur 93:5) Með því að lifa í samræmi við visku hennar og segja öðrum frá henni löðumst við sjálfkrafa að hinum alvitra Guði sem við tilbiðjum. Í næsta kafla fjöllum við um annað einstakt dæmi um framsýna visku Jehóva — hann getur sagt framtíðina fyrir og hrint því í framkvæmd sem hann ætlar sér.

24. Hvað gerist þegar við lifum í samræmi við visku Guðs?

## „Leynd speki Guðs“

LEYNDARMÁL hafa löngum heillað manninn og vakið forvitni hans. Þess vegna eiga menn stundum erfitt með að þegja yfir leyndarmáli. Biblían segir hins vegar: „Guði er það heiður að dylja mál.“ (Orðskviðirnir 25:2) Jehóva, alheimsdrottinn og skapari alls, á þann rétt að halda sumu leyndu fyrir mönnum uns það er tímabært að opinbera það.

<sup>2</sup> En Jehóva hefur opinberað hrífandi og áhugaverðan leyndardóm í orði sínu. Hann er kallaður ‚leyndardómur vilja hans‘. (Efesusbréfið 1:9) Og með því að kynna þér hann gerirðu meira en að svala forvitninni. Með því að þekkja leyndardóminn geturðu hlotið hjálpræði og færð innsýn í takmarkalaus visku Jehóva.

### Opinberaður smám saman

<sup>3</sup> Þegar Adam og Eva syndguðu leit kannski út fyrir að búið væri að ónýta þá fyrirætlun Jehóva að jörðin yrði paradís, byggð fullkomnum mönnum. En Guð tók á málinu þegar í stað. Hann sagði: „Fjandskap vil ég setja milli þín [höggormsins] og konunnar, milli þíns sæðis og hennar sæðis. Það skal merja höfuð þitt, og þú skalt merja hæl þess.“ — 1. Mósebók 3:15.

<sup>4</sup> Þetta voru torræð og leyndardómsfull orð. Hver var þessi kona? Hver var höggormurinn? Hvert var ‚sæðið‘ sem átti að merja höfuð höggormsins? Adam og Eva höfðu ekki hugmynd um það. Engu að síður vöktu orð Guðs von í brjósti trúaðra afkomenda þessara ótrúu hjóna. Réttlætið

1, 2. Hvaða ‚leyndardómur‘ ætti að vekja áhuga okkar og hvers vegna?

3, 4. Hvernig vakti spádómurinn í 1. Mósebók 3:15 von og hvaða leyndardómur fólst í honum?





myndi sigra. Fyrirætlun Jehóva yrði að veruleika. En hvernig? Í því lá leyndardómurinn! Biblían kallar þetta „leynda speki Guðs, sem hulin hefur verið“. — 1. Korintubrэф 2:7.

<sup>5</sup> Það er Jehóva sem „opinberar leynda hluti“ og hann ætlaði að upplýsa ýmsa mikilvæga þætti þessa leyndardóms þegar þar að kæmi. (Daníel 2:28) En það myndi gerast smám saman, stig af stigi, ekki ósvipað og ástríkur faðir svarar þegar litli drengurinn hans spyr: „Pabbi, hvernig varð ég til?“ Vitur faðir gefur ekki meiri upplýsingar en drengurinn getur meðtekið. Eftir því sem drengurinn þroskast gefur pabbi hans honum meiri upplýsingar. Jehóva ákveður sömuleiðis hvenær fólk hans er tilbúið til að meðtaka opinberanir á vilja hans og fyrirætlunum. — Orðskviðirnir 4:18; Daníel 12:4.

<sup>6</sup> Jehóva opinberaði margt varðandi vilja sinn og fyrirætlanir með sáttmálum eða samningum. Sennilega hefurðu einhvern tíma gert einhvers konar samning — til dæmis um lán eða kaup á húsnæði. Samningurinn veitti lagalega tryggingu fyrir því að staðið yrði við það sem um var samið. En hvers vegna þurfti Jehóva að gera formlega sáttmála eða samninga við menn? Eru ekki orð hans nægileg trygging fyrir því sem hann lofar? Jú, en engu að síður hefur Jehóva margsinnis sýnt þá góðvild að staðfesta orð sín með lagalega bindandi samningum. Þessir óhagganlegu samningar gefa okkur, ófullkomnum mönnum, bjargfastan grundvöll til að treysta loforðum Jehóva. — Hebreaubrэф-ið 6:16-18.

5. Lýstu með dæmi hvers vegna Jehóva opinberaði leyndardóminn smám saman.

6. (a) Hvaða tilgangi þjónar sáttmáli eða samningur? (b) Hvað er merkilegt við að Jehóva skuli gera sáttmála við menn?

*„Ég [skal] . . . stórum margfalda kyn þitt, sem stjörnur á himni.“*

## Sáttmálinn við Abraham

<sup>7</sup> Meira en tvö þúsund árum eftir að maðurinn var rekinn úr paradís sagði Jehóva trúum þjóni sínum, Abraham: „Ég [skal] . . . stórum margfalda kyn þitt, sem stjórnur á himni . . . og af þínu afkvæmi skulu allar þjóðir á jörðinni blessun hljóta, vegna þess að þú hlýddir minni röddu.“ (1. Mósebók 22:17, 18) Þetta var meira en loforð því að Jehóva setti það fram sem lagalega bindandi sáttmála og staðfesti það með órjúfanlegum eiði. (1. Mósebók 17:1, 2; Hebreabréfið 6:13-15) Það er sérstakt til þess að hugsa að alvaldur Drottinn skuli hafa *gert samning* um að blessa mannkynið.

<sup>8</sup> Abrahamssáttmálinn opinberaði að fyrirheitna sæðið myndi koma fram sem maður því að það átti að koma af Abraham. En hver var maðurinn? Seinna opinberaði Jehóva að hann hefði valið Ísak meðal sona Abrahams til að vera forfaðir sæðisins. Ísak átti tvo syni og Jehóva valdi Jakob. (1. Mósebók 21:12; 28:13, 14) Seinna meir fór Jakob með þessi spádómlegu orð yfir einum af 12 sonum sínum: „Ekki mun veldissprotinn víkja frá Júda, né ríkisvöndurinn frá fótum hans, uns sá kemur, er valdið hefur, og þjóðirnar ganga honum á hönd.“ (1. Mósebók 49:10) Nú var ljóst að sæðið yrði konungur og afkomandi Júda.

## Sáttmálinn við Ísrael

<sup>9</sup> Árið 1513 f.o.t. gerði Jehóva ráðstafanir sem voru undanfari þess að fleira yrði opinberað varðandi leyndardóminn. Hann gerði sáttmála við afkomendur Abrahams, Ísraelsmenn. Þó að lagasáttmáli Móse sé fallinn úr gildi núna gegndi hann mikilvægu hlutverki í því að leiða fram hið

---

7, 8. (a) Hvaða sáttmála gerði Jehóva við Abraham og hvaða ljósi varpaði hann á leyndardóminn? (b) Hvernig afmarkaði Jehóva smám saman ættlegg hins fyrirheitna sæðis?

9, 10. (a) Hvaða sáttmála gerði Jehóva við Ísraelsmenn og hvaða vernd veitti hann? (b) Hvernig sýndi lögmálið fram á að mannkynið þarfnæðist lausnargalds?

fyrirheitna sæði. Hvernig þá? Með þrennum hætti. Í fyrsta lagi myndaði lögmálið eins konar varnarvegg umhverfis Ísraelsmenn. (Efesusbréfið 2:14) Réttlát ákvæði hans voru eins og múr milli Gyðinga og annarra þjóða. Þannig stuðlaði lögmálið að því að varðveita ættlegg fyrirheitna sæðisins. Það var að miklu leyti þessari vernd að þakka að þjóðin var enn þá til þegar kom að því að Messías skyldi fæðast af ættkvísl Júda.

<sup>10</sup> Í öðru lagi vakti lögmálið athygli á að mannkynið þarfnaðist lausnargjalds. Lögmálið var fullkomið og sýndi fram á að syndugir menn gátu ekki haldið það að öllu leyti. Því var bætt við „vegna afbrotanna . . . þangað til afkvæmið kæmi, sem fyrirheitið hljóðaði um“. (Galatabréfið 3:19) Lögmálið kvað á um dýrafórnir sem friðþægðu tímabundið fyrir syndir manna. En eins og Páll skrifaði gat „blóð nauta og hafra . . . með engu móti numið burt syndir“ þannig að þessar fórnir voru aðeins fyrirmynd um lausnarfórn Krists. (Hebreabréfið 10:1-4) Lögmálið var því „tyftari“ trúfastra Gyðinga þangað til Kristur kom. — Galatabréfið 3:24.

<sup>11</sup> Í þriðja lagi bauð sáttmálinn Ísraelsmönnum upp á stórkostlegan möguleika. Jehóva sagði þeim að þeir myndu verða „prestaríki og heilagur lýður“ ef þeir héldu sáttmálanum dyggilega. (2. Mósebók 19:5, 6) Með tíð og tíma komu fram í Ísrael þeir fyrstu sem tilheyrðu hinu himneska prestaríki. Þjóðin í heild gerði hins vegar uppreisn gegn lagasáttmálanum, hafnaði sæðinu, Messíasi, og fyrirgerði þessu tækifæri. Hverjir gátu þá fullnað tölu þeirra sem áttu að mynda prestaríkið? Og hvernig myndi þessi þjóð tengjast hinu fyrirheitna sæði? Þessir þættir leyndardómsins yrðu opinberaðir í fyllingu tímans.

11. Hvaða stórkostlegan möguleika bauð lagasáttmálinn Ísrael upp á en hvernig fyrirgerði þjóðin honum?

## Sáttmálinn um konungdóm Davíðs

<sup>12</sup> Á 11. öld f.o.t. varpaði Jehóva skærara ljósi á leyndardóminn þegar hann gerði enn einn sáttmála. Hann lofaði hinum trúfasta Davíð konungi: „Ég [mun] hefja son þinn eftir þig . . . og staðfesta konungdóm hans. . . . Ég mun staðfesta konungsstól hans að eilífu.“ (2. Samúelsbók 7:12, 13; Sálmur 89:4) Þannig var opinberað að fyrirheitna sæðið skyldi koma af ætt Davíðs. En hvernig gat venjulegur maður ríkt „að eilífu“? (Sálmur 89:21, 30, 35-37) Og gat mennskur konungur frelsað mannkynið úr greipum syndar og dauða?

<sup>13</sup> Davíð var innblásið að skrifa: „Svo segir [Jehóva] við herra minn: ‚Sest þú mér til hægri handar, þá mun ég leggja óvini þína sem fótskör að fótum þér.‘ [Jehóva] hefir svarið, og hann iðrar þess eigi: ‚Þú ert prestur að eilífu, að hætti Melkisedeks.‘“ (Sálmur 110:1, 4) Þessi orð Davíðs fjalla beinlínis um fyrirheitna sæðið, Messías. (Postulasagan 2:35, 36) Þessi konungur átti ekki að stjórna í Jerúsalem heldur sitja á himni við ‚hægri hönd‘ Jehóva. Þannig gæti hann ráðið yfir allri jörðinni, ekki aðeins Ísraelslandi. (Sálmur 2:6-8) En hér kemur fleira fram. Við tókum eftir að Jehóva sver þess eið að Messías verði ‚prestur . . . að hætti Melkisedeks‘. Melkisedek var uppi á dögum Abrahams og var bæði konungur og prestur. Hið fyrirheitna sæði yrði sömuleiðis skipað beint af Guði sem konungur og prestur. — 1. Mósebók 14:17-20.

<sup>14</sup> Jehóva notaði spámenn sína til að opinbera sitthvað fleira varðandi leyndardóm sinn. Jesaja opinberaði til dæmis að sæðið myndi deyja sem fórn. (Jesaja 53:3-12) Míka sagði fyrir hvar Messías myndi fæðast. (Míka 5:1) Daníel

---

12. Hvaða sáttmála gerði Jehóva við Davíð og hvaða ljósi varpaði sáttmálinn á leyndardóm Guðs?

13, 14. (a) Hverju lofar Jehóva smurðum konungi sínum, samkvæmt Sálmi 110? (b) Hvað annað opinberuðu spámenn Jehóva um hið komandi sæði?

spáði meira að segja nákvæmlega hvenær sæði myndi koma fram og hvenær það myndi deyja. — Daníel 9:24-27.

### Leynardómurinn opinberaður!

<sup>15</sup> Það var ekki fyrr en sæðið sjálf kom fram sem ljóst varð hvernig þessir spádómar myndu rætast. Galatabréfið 4:4 segir: „Þegar fylling tímans kom, sendi Guð son sinn, fæddan af konu.“ Árið 2 f.o.t. birtist engill gyðingamey er María hét og sagði: „Þú munt þunguð verða og son ala, og þú skalt láta hann heita JESÚ. Hann mun verða mikill og kallaður sonur hins hæsta. [Jehóva] Guð mun gefa honum hásæti Davíðs föður hans . . . Heilagur andi mun koma yfir þig og kraftur hins hæsta mun yfirskyggja þig. Fyrir því mun og barnið verða kallað heilagt, sonur Guðs.“ — Lúkas 1:31, 32, 35.

<sup>16</sup> Síðar flutti Jehóva líf sonar síns frá himnum í móðurlíf Maríu þannig að hann fæddist af konu. María var ófullkomin en Jesús erfði ekki ófullkomleikann frá henni vegna þess að hann var „sonur Guðs“. Auk þess voru mennskir foreldrar hans afkomendur Davíðs þannig að hann var bæði lögmætur og réttborinn erfingi Davíðs. (Postulasagan 13:22, 23) Þegar Jesús skírðist árið 29 smurði Jehóva hann með heilögum anda og sagði: „Þessi er minn elskaði sonur.“ (Matteus 3:16, 17) Sæðið eða afkvæmið var loksins komið fram! (Galatabréfið 3:16) Nú var kominn tími til að halda áfram að opinbera leyndardóminn. — 2. Tímóteusarbréf 1:10.

<sup>17</sup> Í boðun sinni benti Jesús á að höggormurinn í 1. Mósebók 3:15 væri Satan og sæði höggormsins væru fylgjendur Satans. (Matteus 23:33; Jóhannes 8:44) Síðar var opinberað hvernig þeim yrði öllum tortímt endanlega. (Opinberunarbókin 20:1-3, 10, 15) Og bent var á að konan væri

15, 16. (a) Hvernig atvikaðist það að sonur Jehóva kom „af konu“? (b) Hvað erfði Jesús frá mennskum foreldrum sínum og hvenær kom hann fram sem hið fyrirheitna sæði?

17. Hvernig var ljósi varpað á merkingu 1. Mósebókar 3:15?

„Jerúsalem, sem í hæðum er“, himneskt andaveruskipu-  
lag Jehóva sem er eins og eiginkona hans.\* — Galatabréfið  
4:26; Opinberunarbókin 12:1-6.

### Nýi sáttmálinn

<sup>18</sup> Ein stórbrotnasta opinberunin átti sér stað kvöldið áður en Jesús dó, en þá sagði hann lærisveinunum frá ‚nýja sáttmálanum‘. (Lúkas 22:20) Nýi sáttmálinn átti að leiða fram „prestaríki“ eins og Móselögin, sem á undan voru, höfðu átt að gera. (2. Mósebók 19:6; 1. Pétursbréf 2:9) En þessi nýi sáttmáli átti ekki að vera grundvöllur holdlegrar þjóðar heldur andlegrar. Hún er kölluð „Ísrael Guðs“ og í henni eru eingöngu trúfastir smurðir fylgjendur Jesú. (Galatabréfið 6:16) Ásamt Jesú áttu þeir að vera öllu mannkyni til blessunar.

<sup>19</sup> En hvers vegna getur nýi sáttmálinn skapað „prestaríki“ til blessunar mannkyni? Vegna þess að hann fordæmir ekki lærisveina Krists sem syndara heldur býður þeim upp á að fá syndir sínar fyrirgefnar vegna fórnarinnar sem Kristur færði. (Jeremía 31:31-34) Þegar þeir standa hreinir frammi fyrir Jehóva ættleiðir hann þá svo að þeir tilheyra fjölskyldu hans á himni og hann smyr þá með heilögum anda. (Rómverjabréfið 8:15-17; 2. Korintubríf 1:21) Þannig eru þeir ‚endurfæddir til lifandi vonar sem þeim er geymd á himnum‘. (1. Pétursbréf 1:3, 4) Þessi upphafning er alger nýlunda fyrir menn, þannig að það er orðað svo að anda-

---

\* „Leynardómur guðhræðslunnar“ opinberaðist einnig í Jesú. (1. Tímóteusarbréf 3:16) Það hafði lengi verið leyndardómur hvort nokkur maður gæti sýnt Jehóva fullkomna ráðvendni. Jesús opinberaði svarið. Hann varðveitti ráðvendni í öllum þeim prófraunum sem Satan lét yfir hann ganga. — Matteus 4:1-11; 27:26-50.

18. Hver er tilgangur ‚nýja sáttmálans‘?

19. (a) Hvers vegna megna nýi sáttmálinn að skapa „prestaríki“?  
(b) Af hverju er sagt að smurðir kristnir menn séu ‚skapaðir á ný‘ og hversu margir munu þjóna með Kristi á himnum?

getnir smurðir kristnir menn séu ,skapaðir á ný‘. (2. Korintubréf 5:17) Biblían opinberar að 144.000 manns muni taka þátt í því að stjórna endurleystu mannkyni af himni ofan. — Opinberunarbókin 5:9, 10; 14:1-4.

<sup>20</sup> Hinir smurðu verða „niðjar Abrahams“ ásamt Jesú.\* (Galatabréfið 3:29) Fyrst var valið fólk meðal Gyðinga en árið 36 var opinberaður enn einn þáttur leyndardómsins. Hann var sá að aðrar þjóðir en Gyðingar fengju einnig hlutdeild í himnesku voninni. (Rómverjabréfið 9:6-8; 11:25, 26; Efesusbréfið 3:5, 6) En áttu engir nema smurðir kristnir menn að hljóta blessunina sem Abraham var heitið? Jú, því að fórn Jesú er öllum heiminum til góðs. (1. Jóhannesarbréf 2:2) Seinna opinberaði Jehóva að óteljandi fjöldi manna, nefndur „mikill múgur“, myndi komast af þegar heimskerfi Satans liði undir lok. (Opinberunarbókin 7:9, 14) Og mikill fjöldi til viðbótar yrði reistur upp frá dauðum og ætti von um eilíft líf í paradís. — Lúkas 23:43; Jóhannes 5:28, 29; Opinberunarbókin 20:11-15; 21:3, 4.

## Viska Guðs og leyndardómurinn

<sup>21</sup> Leyndardómurinn er stórmerkilegt dæmi um ,margháttada speki Guðs‘. (Efesusbréfið 3:8-10) Það ber vott um einstaka visku Jehóva hvernig hann setti fram þennan leyndardóm og opinberaði hann síðan skref fyrir skref. Í visku sinni tók hann tillit til þeirra takmarka, sem mönnum eru sett, og leyfði þeim að sýna hvað byggi í hjörtum þeirra. — Sálmur 103:14.

---

\* Jesús gerði einnig sáttmála um ríki við þennan sama hóp. (Lúkas 22:29, 30) Það má komast svo að orði að Jesús hafi samið við þessa ,litlu hjörð‘ um að ríkja með sér á himnum sem *viðbótarsæði* Abrahams. — Lúkas 12:32.

---

20. (a) Hvað var opinberað árið 36 varðandi leyndardóminn? (b) Hverjir hljóta blessunina sem Abraham var heitið?

21, 22. Hvernig ber leyndardómur Jehóva vitni um visku hans?

### Til íhugunar

**Jóhannes 16:7-12** Hvernig líkir Jesús eftir föður sínum sem opinberaði sannleikann smám saman?

**1. Korintubríf 2:6-16** Hvers vegna eru margir ófærir um að skilja leyndardóma Jehóva en hvernig getum við skilið þá?

**Efesusbréfið 3:10** Hvaða verðmætt tækifæri hafa kristnir menn nú á tímum í sambandi við leyndardóm Guðs?

**Hebreabréfið 11:8-10** Hvernig viðhélt leyndardómurinn trú þjóna Guðs til forna, þó að margt væri þeim hulið?

<sup>22</sup> Að Jehóva skyldi velja Jesú sem konung er annað dæmi um óviðjafnanlega visku hans. Sonur Jehóva er traustari en nokkur önnur sköpunarvera í alheiminum. Jesús fékk að reyna margs konar mótlæti sem maður af holdi og blóði svo að hann skilur mannleg vandamál fullkomlega. (Hebreabréfið 5:7-9) Og hvað um meðstjórnendur Jesú? Í aldanna rás hefur Jehóva smurt bæði karla og konur af öllum kynþáttum, tungum og uppruna. Það er ekkert það vandamál til sem einstaklingar í þessum hópi hafa ekki kynnst og sigrast á. (Efesusbréfið 4:22-24) Það verður unaðslegt að búa undir stjórn þessara miskunnsömu konunga og presta.

<sup>23</sup> Páll postuli talar um ‚leyndardóminn sem hefur verið hulin frá upphafi tíða og kynslóða en hefur nú verið opinberaður Guðs heilögu‘. (Kólossubrésið 1:26) Já, hinir heilögu, sem Jehóva hefur smurt, hafa fengið góðan skilning á leyndardómnum og komið þekkingu sinni á framfæri við milljónir manna. Það er mikil blessun fyrir okkur öll. Jehóva hefur ‚kunngert okkur leyndardóm vilja síns‘. (Efesusbréfið 1:9) Við skulum segja öðrum frá þessum stórkostlega leyndardómi og hjálpa þeim að skyggast inn í óendanlega visku Jehóva Guðs!

23. Hvaða blessun hafa kristnir menn fengið í sambandi við leyndardóm Jehóva?



## „Vitur í hjarta“ en lítillátur

FADIR vill kenna ungu barni sínu mikilvægan hlut. Hann vill umfram allt ná til barnsins. Hvernig á hann að bera sig að? Á hann að standa ógnandi yfir barninu og tala hranalega til þess? Eða á hann að setjast á hækjur sér svo að hann sé í sömu hæð og barnið og vera mildur og biðjandi í máli? Vitur og lítillátur faðir velur auðvitað mildu leiðina.

<sup>2</sup> Hvers konar faðir er Jehóva — er hann hrokafullur eða lítillátur, hranalegur eða mildur? Jehóva er alvitur. En þú hefur kannski veitt því eftirtekt að þekking og gáfur stuðla ekki endilega að auðmýkt og lítillæti þegar menn eiga í hlut. „Þekkingin blæs menn upp,“ eins og Biblían segir. (1. Korintubréf 3:19; 8:1) En Jehóva, sem er „vitur í hjarta“, er einnig lítillátur. (Jobsbók 9:4) Ekki svo að skilja að hann sé lágt settur á nokkurn hátt eða að eitthvað vanti á tign hans, heldur er hann einfaldlega hrokalaus. Hvers vegna?

<sup>3</sup> Jehóva er heilagur. Þess vegna getur hann ekki verið hrokafullur af því að hroki saugar. (Markús 7:20-22) Og spámaðurinn Jeremía sagði við Jehóva: „Sál þín [það er, Jehóva] man örugglega og lýtur niður að mér.“\* (Harmljóðin 3:20, NW) Hugsaðu þér. Jehóva, Drottinn alheims, var fús til að „lúta niður“ á sama stig og Jeremía var á til

---

\* Skrifarar fortíðar, nefndir Sóferím, breyttu þessu versí á þann veg að það væri Jeremía en ekki Jehóva sem laut niður. Þeim mun hafa þótt óviðeigandi að eigna Guði slíka auðmýkt. Þar af leiðandi tapast kjarninn í þessu fagra versí í mörgum þýðingum Biblíunnar. *The New English Bible* fer þó rétt með versíð og lætur Jeremía ávarpa Guð: „Mundu, ó mundu og beygðu þig niður til mín.“

1-3. Hvers vegna getum við verið viss um að Jehóva er lítillátur?

að sýna þessum ófullkomna manni vinsemd og athygli. (Sálmur 113:7) Já, Jehóva er lítillátur. En hvernig birtist lítillæti hans? Hvernig tengist það viskunni? Og hvers vegna er það mikilvægt fyrir okkur?

### Þannig sýnir Jehóva lítillæti

<sup>4</sup> Lítillæti er það sama og hógvæð og hrokaleysi. Lítil-læti á sér rætur í hjartanu og birtist út á við í mildi, þol-inmæði og sanngirni. (Galatabréfið 5:22, 23) En það má ekki rugla þessum eiginleikum saman við veikleika eða kjarkleysi. Þeir stangast ekki á við það að Jehóva sýni rétt-láta reiði eða beiti eyðingarmætti sínum. Jehóva sýnir ein-mitt gífurlegan styrk með því að vera lítillátur og mildur. Hann hefur fullkomna sjálfstjórn. (Jesaja 42:14) Hvernig

4, 5. (a) Hvað er lítillæti, hvernig birtist það og hvers vegna má ekki rugla því saman við veikleika eða kjarkleysi? (b) Hvernig sýndi Je-hóva lítillæti í samskiptum við Davíð og hversu mikilvægt er það fyrir okkur að Jehóva skuli vera lítillátur?

*Vitur faðir er lítillátur og mildur í samskiptum við börnin.*



tengjast lítillæti og viska? Biblíuhandbók segir: „Lítillæti er að endingu skilgreint . . . sem óeigingirni og er undirrot allrar visku.“ Sönn viska fyrirfinnst því ekki án lítillætis. Hvernig er lítillæti Jehóva til góðs fyrir okkur?

<sup>5</sup> Davíð konungur ávarpaði Jehóva í sálmi og sagði: „Þú gafst mér skjöld hjálpraðis þíns, og hægri hönd þín studdi mig, og lítillæti þitt gjörði mig mikinn.“ (Sálmur 18:36) Það má orða það svo að Jehóva hafi lotið niður til að hjálpa þessum ófullkomna manni, vernda hann og halda honum uppi dag frá degi. Davíð gerði sér grein fyrir að hann hlyti ekki hjálpraði — né yrði mikill sem konungur — nema vegna þess að Jehóva sýndi þetta lítillæti. Raunar ætti ekkert okkar von um hjálpraði ef Jehóva væri ekki lítillátur og fús til að lúta niður að okkur eins og mildur og ástríkur faðir.

<sup>6</sup> Lítillæti er fagur eiginleiki sem þjónar Guðs ættu að til-einka sér. Lítillæti og viska eru nátengd enda segja Orðskviðirnir 11:2 að ‚hjá lítillátum sé viska‘. En Biblían talar hvergi um að Jehóva sé lítillátur í sama skilningi og mennirnir. Hvers vegna? Það er ekki það að hann sé yfirlætislegur, en þegar Biblían talar um að menn séu lítillátir gefur það hins vegar í skyn að þeir séu sér meðvita um takmörk sín. Hinum alvalda eru engin takmörk sett nema þau sem hann setur sér sjálfur til að halda réttláta staðla sína. (Markús 10:27; Títusarbréfið 1:2) Og þar sem hann er hinn hæsti er enginn yfir hann settur. Hugtakið lítillæti á því ekki við Jehóva að þessu leyti.

<sup>7</sup> Jehóva er engu að síður lítillátur í þeim skilningi að hann er fús til að eiga samskipti við mennina í smæð þeirra. Og hann er mildur. Hann kennir þjónum sínum að mildi og hóglaeti séu nauðsynleg til að sýna sanna

6, 7. (a) Hvaða munur er á lítillæti Guðs og manna? (b) Hver eru tengslin milli mildi og visku og hver er besta fyrirmyndin?

visku. Biblían talar því um „hógláta speki“. \* (Jakobsbréfið 3:13) Jehóva er besta fyrirmyndin. Lítum nánar á málið.

### Jehóva hlustar og felur öðrum verkefni

<sup>8</sup> Það vitnar um lítillæti Jehóva að hann skuli vera fús til að hlusta á aðra og fela þeim ábyrgð. Það er í rauninni undravert að hann skuli gera það yfirleitt því að hann þarf svo sannarlega ekki að leita ráða eða hjálpar annarra. (Jesaja 40:13, 14; Rómverjabréfið 11:34, 35) Engu að síður segir Biblían frá mörgum dæmum þar sem Jehóva sýndi þetta lítillæti.

<sup>9</sup> Við finnum eitt dæmi í samskiptum hans við Abraham. Þrír gestir komu til Abrahams og hann ávarpaði einn þeirra „Jehóva“. Gestirnir voru reyndar englar en einn þeirra kom í nafni Jehóva og starfaði í nafni hans. Það var í raun og veru eins og Jehóva væri að segja og gera það sem engillinn sagði og gerði. Þannig kom Jehóva þeim boðum til Abrahams að hann hefði heyrt „hrópið yfir Sódómu og Gómorru“. Hann sagði: „Ég ætla því að stíga niður þangað til þess að sjá, hvort þeir hafa fullkomlega aðhafst það, sem hrópað er um. En sé eigi svo, þá vil ég vita það.“ (1. Mósebók 18:3, 20, 21) Þetta þýddi auðvitað ekki að hinn alvaldi ætlaði að „stíga niður“ í eigin persónu heldur sendi hann engla aftur sem fulltrúa sína. (1. Mósebók 19:1) Hvers vegna? Þurfti Jehóva, sem sér allt, hjálp til að vita hvað var að gerast á svæðinu? Nei, auðvitað ekki, en hann sýndi það lítillæti að fela englum að kanna ástandið og heimsækja Lot og fjölskyldu hans í Sódómu.

---

\* Aðrar biblíuþýðingar tala um „lítillæti sem sprettur af visku“ og „blíðu sem er aðalsmerki viskunnar“.

8-10. (a) Hvers vegna er sérstakt að Jehóva skuli vera fús til að hlusta á aðra og fela þeim verkefni? (b) Hvernig hefur hinn alvaldi sýnt lítillæti gagnvart englum?

<sup>10</sup> Jehóva hlustar líka á aðra. Einu sinni bað hann engla sína að leggja til hvernig ætti að koma hinum illa Akab konungi frá. Ekki svo að skilja að Jehóva hafi þarfnast hjálpar. Engu að síður samþykkti hann tillögu eins af englunum og fól honum síðan að framkvæma hana. (1. Konungabók 22:19-22) Ber það ekki vott um lítillæti?

<sup>11</sup> Jehóva er meira að segja fús til að hlusta á ófullkomna menn og það sem þeim liggur á hjarta. Tökum dæmi. Abraham var ráðvilltur fyrst í stað þegar Jehóva sagði honum að hann hygðist eyða Sódomu og Gómorru. „Fjarri sé það þér!“ sagði Abraham og spurði: „Mun dómari alls jarðríkis ekki gjöra rétt?“ Hann spurði Jehóva hvort hann myndi þyrma borgunum ef þar fyndust 50 réttlátir menn. Jehóva sagðist myndu gera það. En Abraham spurði þá aftur og lækkaði töluna fyrst í 45, síðan 40 og svo koll af kolli. Jehóva svaraði alltaf játandi en Abraham hætti ekki fyrr en talan var komin niður í tíu. Kannski skildi hann ekki til fulls hve miskunnsamur Jehóva er. En hvað sem því líður var Jehóva þolinmóður og lítillátur og leyfði vini sínum og þjóni að lýsa áhyggjum sínum með þessum hætti. — 1. Mósebók 18:23-33.

<sup>12</sup> Hversu margir lærdóms- og gáfumenn myndu hlusta svona þolinmóðir á mann sem stæði þeim langt að baki? En Guð er svona lítillátur. Í þessu sama samtali komst Abraham að raun um að Jehóva er „þolinmóður“ og seinn til reiði. (2. Mósebók 34:6) Kannski gerði hann sér grein fyrir að hann hafði engan rétt til að véfengja gerðir hins hæsta því að tvívegis sagði hann: „Ég bið þig, [Jehóva], að þú reiðist ekki.“ (1. Mósebók 18:30, 32) Jehóva reiddist auðvitað ekki því að hann sýnir „hógláta speki“.

---

\* Athygli vekur að Biblían nefnir þolinmæði og þótta sem andstæður. (Prédikarinn 7:8) Þolinmæði Jehóva er enn eitt merki um lítillæti hans. — 2. Pétursbréf 3:9.

## Jehóva er sanngjarn

<sup>13</sup> Lítillæti Jehóva birtist einnig í sanngirni hans. Sanngirni er því miður fágæt meðal ófullkominna manna. En Jehóva er bæði fús til að hlusta á menn og engla, og eins að gefa eftir þegar það stangast ekki á við réttlátar meginreglur hans. Orðið, sem þýtt er ‚sanngjarn‘ í Biblíunni, merkir bókstaflega ‚eftirgefanlegur‘. Þessi eiginleiki er enn eitt merki um visku Guðs. „Viskan að ofan er . . . sanngjörn,“ segir Jakobsbréfið 3:17 (NW). Í hvaða skilningi er hinn alvitri Jehóva sanngjarn? Hann lagar sig til dæmis að aðstæðum. Við munum að nafnið Jehóva gefur til kynna að hann verði hvaðeina sem á þarf að halda til að hrinda fyrirætlun sinni í framkvæmd. (2. Mósebók 3:14, NW) Er það ekki merki þess að hann er sanngjarn og lagar sig að aðstæðum?

<sup>14</sup> Í Biblíunni er athyglisverður kafli sem gefur okkur svolitla hugmynd um hve auðveldlega Jehóva lagar sig að aðstæðum. Spámaðurinn Esekíel fékk að sjá himneskt andaveruskipulag Jehóva í sýn. Hann sá firnastóran stríðsvagn sem Jehóva stjórnaði. Það er sérstaklega athyglisvert að taka eftir hvernig vagninn færðist úr stað. Hjólin voru risastór og gátu gengið til allra fjögurra hliða þannig að vagninn gat breytt um stefnu á augabragði án þess að nema staðar eða beygja. Hjólin voru alsett augum svo að þau gátu séð til allra átta. Og þessi mikli stríðsvagn var ekki þunglamalegur eins og sum farartæki mannanna heldur gat hann færst stað úr stað með leifturhraða og jafnvel tekið vinkilbeygjur! (Esekíel 1:1, 14-28) Já, skipulag Jehóva getur lagað sig að aðstæðum á augabragði, rétt

13. Hvað merkir orðið ‚sanngjarn‘, eins og það er notað í Biblíunni, og hvers vegna lýsir það Jehóva vel?

14, 15. Hvað lærum við af sýn Esekíels um himneskt skipulag Jehóva og hvernig er það ólíkt stofnunum heimsins?

eins og alvaldur alheims sem stjórnar því. Það bregst skjótt við síbreytilegum þörfum og aðstæðum.

<sup>15</sup> Mennirnir geta vissulega reynt að líkja eftir þessari fullkomnu aðlögunarhæfni. Hins vegar er býsna algengt að þeir séu stífir og ósanngjarnir frekar en sveigjanlegir og sanngjarnir, og hið sama er að segja um stofnanir þeirra. Lýsum þessu með dæmi: Risaolíuskip eða flutningalest geta verið ógurlega stór og öflug. En geta þau brugðist skyndilega við breyttum aðstæðum? Flutningalestin getur ekki beygt fram hjá hindrun sem verður skyndilega á brautarteinunum. Og það er ekki mikið auðveldara að stöðva hana snögglega. Hemplunarvegalengd þunghlaðinnar flutningalestar getur verið langt á annan kílómetra. Risaolíuskip getur þurft átta kílómetra til að stöðvast eftir að slökkt er á vélunum. Og jafnvel þó að vélarnar séu settar á fullt aftur á bak getur það tekið olíuskipið heila þrjá kílómetra að stöðvast! Það er eins með stofnanir mannanna. Þeim hættir til að vera ósanngjarnar og þungar í vöfum. Stolt og stífni hindrar oft að menn lagi sig að breytilegum þörfum og aðstæðum. Fyrirtæki hafa orðið gjaldþrota og ríkisstjórnir fallið vegna ósveigjanleika. (Orðskviðirnir 16:18) Við megum vera þakklát fyrir að hvorki Jehóva né skipulag hans skuli vera þannig.

### Þannig sýnir Jehóva sanngirni

<sup>16</sup> Snúum okkur aftur að eyðingu Sódómu og Gómorru. Lot og fjölskylda hans fengu skýr fyrirmæli frá engli Jehóva um að ‚forða sér á fjöll upp‘. En Lot leist ekki á það. „Æ nei, [Jehóva]!“ sagði hann í bænarrómi. Hann var sannfærður um að hann myndi deyja ef hann yrði að flýja til fjalla og það um að mega flýja ásamt fjölskyldunni til Sóar sem var borg í grenndinni. Jehóva hafði reyndar

---

16. Hvernig sýndi Jehóva Lot sanngirni áður en Sódómu og Gómorru var eytt?

ætlað sér að eyða Sóar og Lot hafði auk þess enga ástæðu til að óttast. Ekki var það Jehóva nein ofraun að vernda Lot á fjöllum uppi. Engu að síður lét hann undan og þyrmdi Sóar eins og Lot bað hann um. „Sjá, ég hefi einnig veitt þér þessa bæn,“ sagði engillinn við Lot. (1. Mósebók 19:17-22) Vitnar þetta ekki um sanngirni Jehóva?

<sup>17</sup> Jehóva viðurkennir einnig einlæga iðrun og er alltaf miskunnsamur og réttvís. Tökum dæmi. Jónas spámaður var sendur til borgarinnar Níníve sem var full af illsku og ofbeldi. Hann gekk um götur borgarinnar og flutti einfaldan boðskap frá Jehóva: Þessari miklu borg verður eytt eftir 40 daga. En aðstæður breyttust aldeilis því að Níníve-búar iðruðust. — Jónas, 3. kafli.

<sup>18</sup> Það er athyglisvert að bera saman viðbrögð Jehóva og Jónasar við þessum breyttu aðstæðum. Jehóva lagaði sig að þeim og fyrirgaf syndir í stað þess að koma fram sem „stríðshetja“.\* (2. Mósebók 15:3) Jónas var hins vegar ósveigjanlegur og miskunnarlaus, ólíkt Jehóva. Hann var ekki sanngjarn heldur brást við líkt og flutningalest eða risaólúskip. Hann hafði boðað eyðingu og annað kom ekki til greina! En Jehóva var þolinmóður við bráðlátan spámanninn og kenndi honum eftirminnilega lexíu í sanngirni og miskunn. — Jónas, 4. kafli.

<sup>19</sup> Að síðustu nefnum við að Jehóva ætlast ekki til meira af okkur en sanngjarnt er. Davíð konungur sagði: „Hann þekkir eðli vort, minnst þess að vér erum mold.“ (Sálmur 103:14) Jehóva skilur takmörk okkar og ófullkomleika

---

\* Sálmur 86:5 segir að Jehóva sé „góður og fús til að fyrirgefa“. Þegar sálmurinn var þýddur á grísku var orðasambandið „fús til að fyrirgefa“ þýtt *epíeikes'* eða „sanngjarn“.

17, 18. Hvernig sýndi Jehóva Níníve mönnum sanngirni?

19. (a) Hvernig getum við treyst að Jehóva ætlast ekki til meira af okkur en sanngjarnt er? (b) Hvernig sýna Orðskviðirnir 19:17 að Jehóva er „góður og sanngjarn“ húsbóndi og einkar lítillátur?



### Til fhugunar

**2. Mósebók 32:9-14** Hvernig sýndi Jehóva lítillæti þegar hann svaraði beiðni Móse fyrir hönd Ísraelsmanna?

**Dómarabókin 6:36-40** Hvernig sýndi Jehóva þolinmæði og sanngirni þegar hann svaraði beiðni Gídeons?

**Sálmur 113:1-9** Hvernig sýnir Jehóva lítillæti í samskiptum við mannkynið?

**Lúkas 1:46-55** Hvernig áleit María að Jehóva hugsaði um auðmjúka menn í smæð þeirra? Hvaða áhrif ætti afstaða hans að hafa á okkur?

betur en við sjálf. Hann ætlast aldrei til meira af okkur en við getum gert. Biblían talar bæði um ‚góða og sanngjarna‘ húsbændur og ‚ósanngjarna‘. (1. Pétursbréf 2:18) Hvers konar húsbóndi er Jehóva? Orðskviðirnir 19:17 segja: „Sá lánar [Jehóva], er líknar fátækum.“ Það þarf góðan og sanngjarnan húsbónda til að taka eftir því þegar þjónar hans eru hugulsamir við fátæka. Og ritningarstaðurinn gefur einnig í skyn að skapari alheims telji sig standa í þakkarskuld við smáa mennina sem miskunna öðrum í verki. Hvílíkt lítillæti!

<sup>20</sup> Jehóva er ekki síður mildur og sanngjarn við þjóna sína nú á tímum. Hann hlustar þegar við biðjum í trú. Og þó að hann sendi ekki engla til að tala við okkur skulum við ekki halda að hann bænheyri okkur ekki. Páll postuli hvatti trúsystkini sín til að ‚biðja fyrir sér‘ svo að honum yrði sleppt úr haldi. Síðan sagði hann: „Ég bið yður enn rækilegar um að gjöra þetta, til þess að þér fáið mig brátt aftur heimtan.“ (Hebreabréfið 13:18, 19) Með bæn um okkar getum við sem sagt fengið Jehóva til að gera hluti sem hann hefði ekki gert að öðrum kosti. — Jakobsbréfið 5:16.

20. Hvers vegna getum við treyst að Jehóva bænheyri okkur?



***Jehóva er sanngjarn og skilur takmörk okkar.***

<sup>21</sup> En þó að Jehóva sé lítillátur — það er að segja mildur, fús til að hlusta, þolinmóður og sanngjarn — merkir það ekki að hann hviki frá réttlátum meginreglum sínum. Prestar kristna heimsins halda kannski að þeir sýni sanngirni þegar þeir útvatna siðferðisreglur Jehóva til að kitla eyru sóknarbornanna. (2. Tímóteusarbréf 4:3) En sú tilhneiging manna að gefa eftir þegar það virðist þjóna hagsmunum þeirra á ekkert skylt við sanngirni Guðs. Jehóva er heilagur og brýtur aldrei réttlátar meginreglur sínar. (3. Mósebók 11:44) Við skulum því elska sanngirni Jehóva vegna þess að hún er sönnun fyrir því að hann sé lítillátur. Er ekki hrífandi til þess að hugsa að Jehóva Guð, sem er vitrastur allra í alheimi, skuli líka vera lítillátastur allra? Það er unaðslegt að nálægja sig þessum mikla en jafnframt milda, þolinmóða og sanngjarna Guði!

21. Hvernig ættum við aldrei að hugsa um lítillæti Jehóva og hvað ættum við að gera okkur ljóst í sambandi við hann?

## Jesús opinberar ,vísdominn frá Guði‘

ÁHEYRENDUR eru agndofa. Ungur maður stendur frammi fyrir þeim í samkunduhúsinu og kennir. Þeir þekkja hann vel – hann heitir Jesús. Hann er uppallinn í bænum og hefur unnið meðal þeirra um árabil sem smiður. Sumir þeirra búa kannski í húsum sem hann vann við að byggja eða erjuðu landið með plógum og oktrjám sem hann smíðaði.\* En hvernig bregðast þeir við því sem smiðurinn fyrrverandi kennir?

<sup>2</sup> Flestir eru furðu lostnir og spyrja: „Hvaðan kemur honum þessi speki?“ en bæta svo við: „Er þetta ekki smiðurinn, sonur Marfu?“ (Matteus 13:54-58; Markús 6:1-3) Því miður hugsuðu fyrrverandi nágrannar Jesú sem svo: ‚Þessi smiður er bara heimamaður eins og við.‘ Þeir höfnuðu honum þrátt fyrir viskuna í orðum hans. Þeir skildu ekki að víska hans var ekki frá hans eigin brjósti.

<sup>3</sup> Hvaðan fékk Jesús visku sína? „Kenning mín er ekki mín,“ sagði hann, „heldur hans, er sendi mig.“ (Jóhannes 7:16) Páll postuli benti á að Jesús hefði búið yfir ‚vísdomi frá Guði‘. (1. Korintubríf 1:30) Jehóva opinberaði visku sína fyrir milligöngu Jesú, sonar síns, í slíkum mæli að Jesús gat sagt: „Ég og faðirinn erum eitt.“ (Jóhannes 10:30) Við skulum líta á þrjú svið þar sem Jesús sýndi að hann bjó yfir ‚vísdomi frá Guði‘.

---

\* Smiðir á biblíutímanum smíðuðu hús, húsgögn og jarðyrkjuverkfæri. Jústínus píslarvottur, sem var uppi á annarri öld, skrifaði um Jesú: „Hann vann sem trésmiður meðal manna og smíðaði plóga og oktré.“

---

1-3. Hvernig brugðust fyrrverandi nágrannar Jesú við kennslu hans og hverju gerðu þeir sér ekki grein fyrir?



## Boðskapur hans

<sup>4</sup> Við skulum byrja á því að líta á boðskap Jesú. Inntakið í boðun hans var „fagnaðarerindið um Guðs ríki“ (Lúkas 4:43) Þetta var mjög þýðingarmikið vegna þess hve stóru hlutverki ríkið átti að gegna í því að verja drottinvald Jehóva og blessa mannkynið til frambúðar. Jesús gaf fólki líka viturleg ráð varðandi daglega lífið. Hann reyndist vera „Undraráðgjafi“ eins og spáð hafði verið. (Jesaja 9:6) Hvernig gat annað verið? Hann hafði djúpstæða þekkingu á orði Guðs og vilja, næman skilning á mannlegu eðli og sterka ást til mannanna. Þess vegna voru ráð hans alltaf raunhæf og gagnleg fyrir þá sem á hann hlýddu. Jesús hafði „orð eilífs lífs“. Já, ráðleggingar hans vísa veginn til hjálpræðis. — Jóhannes 6:68.

<sup>5</sup> Fjallræðan er afbragðsdæmi um þá óviðjafnanlegu visku sem Jesús miðlaði. Fjallræðan er skráð í Matteusi 5:3–7:27 og það tæki sennilega ekki nema 20 mínútur að flytja hana. En efni hennar er sígilt — það á jafnmikið erindi til fólks núna eins og forðum daga þegar hún var flutt. Jesús kom víða við í ræðunni. Hann ræddi meðal annars um hvernig hægt væri að bæta samskipti manna (5:23-26, 38-42; 7:1-5, 12), vera siðferðilega hreinn (5:27-32) og lifa innihaldsríku lífi (6:19-24; 7:24-27). En auk þess að *segja* áheyrendum hvað væri viturlegt *sýndi* hann þeim fram á það með því að gefa skýringar, koma með rök og benda á sannanir.

4. (a) Hvert var inntakið í boðskap Jesú og hvers vegna var það afar mikilvægt? (b) Af hverju voru ráð Jesú alltaf raunhæf og gagnleg fyrir þá sem á hann hlýddu?

5. Um hvað fjallaði Jesús meðal annars í fjallræðunni?

***„Mannfjöldinn undraðist kenningu hans.“***

<sup>6</sup> Lítum á dæmi: Jesús gaf það viturlega ráð í 6. kaflanum hjá Matteusi að gera sér ekki óþarfaáhyggjur af efnislegum hlutum. „Verið ekki áhyggjufullir um líf yðar, hvað þér eigið að eta eða drekka, né heldur um líkama yðar, hverju þér eigið að klæðast,“ ráðlagði hann. (Vers 25) Fæði og klæði eru lífsnauðsynjar og það er ekki nema eðlilegt að láta sér annt um að útvega hvort tveggja. En Jesús segir okkur að ‚vera ekki áhyggjufull‘ út af því.\* Af hverju?

<sup>7</sup> Hlustaðu á sannfærandi rök Jesú: Jehóva gefur okkur lífið og líkamann. Getur hann þá ekki líka gefið okkur fæðu til að viðhalda lífinu og föt til að klæða líkamann? (Vers 25) Fyrst Guð fóðrar fuglana og klæðir blómin fögrum búningi hlýtur hann ekki síður að annast mennina sem tilbiðja hann! (Vers 26, 28-30) Það er hvort eð er tilgangslaust að vera með óþarfaáhyggjur. Ekki getum við lengt lífið um eina spönn með því.# (Vers 27) En hvernig getum við forðast áhyggjur? Jesús ráðleggur okkur að láta tilbeiðsluna á Guði sitja í fyrirrúmi í lífinu. Þeir sem gera það geta treyst að faðirinn á himnum veiti þeim daglegar nauðsynjar „að auki“. (Vers 33) Að lokum gefur Jesús einstaklega gott ráð — tökum einn dag í einu. Er einhver ástæða til að bæta áhyggjum morgundagsins við áhyggjur dagsins í dag? (Vers 34) Og hvers vegna að gera sér óþarfaáhyggjur af einhverju sem gerist kannski aldrei? Þessi vit-

\* Gríska sögnin, sem þýdd er ‚að vera áhyggjufullur‘, merkir ‚að vera annars hugar‘. Í Matteusi 6:25 er hún notuð um áhyggjublandinn ótta sem rænir manninn lífsgleðinni og á athygli hans alla þannig að honum finnst hann tvískiptur.

# Rannsóknir hafa reyndar sýnt að óhóflegar áhyggjur og streita geta aukið hættuna á hjarta- og æðasjúkdómum og ótal öðrum hættulegum kvillum sem geta stýtt ævina.

6-8. (a) Hvers vegna ættum við ekki að vera áhyggjufull, að sögn Jesú? (b) Hvernig sjáum við að ráð Jesú endurspeglar viskuna að ofan?

urlegu ráð geta hlíft okkur við miklu hugarangri í allri streitu og álagi umheimsins.

<sup>8</sup> Ljóst er að ráðleggingar Jesú eru ekki síður raunhæfar núna en þær voru fyrir næstum 2000 árum. Er það ekki merki um visku af himni ofan? Ráðleggingar manna, þótt góðar séu, úreldast gjarnan eða víkja fyrir nýjum. Kenningar Jesú hafa hins vegar staðist tímans tönn. En það ætti ekki að koma á óvart því að Undraráðgjafinn talaði „Guðs orð“. — Jóhannes 3:34.

### Kennsluaðferðir hans

<sup>9</sup> Kennsluaðferðir Jesú eru annað svið þar sem hann endurspeglar visku Guðs. Einu sinni höfðu hermenn verið sendir til að handtaka hann en sneru tómhentir til baka og sögðu: „Aldrei hefur nokkur maður talað þannig.“ (Jóhannes 7:45, 46) Þetta voru engar ýkjur. Af öllum mönnum, sem lifað hafa, bjó Jesús yfir mestum reynslu- og þekkingarsjóði, enda var hann „ofan að“. (Jóhannes 8:23) Enginn maður gat kennt í líkingu við hann. Sem dæmi skulum við líta á tvær af aðferðum þessa vitra kennara.

<sup>10</sup> *Áhrifaríkar líkingar og dæmisögur.* Okkur er sagt að „Jesús hafi talað í dæmisögum til fólksins. Án dæmisagna talaði hann ekki til þess.“ (Matteus 13:34) Við getum ekki annað en dáðst að því hve snilldarlega hann notaði hversdagslega hluti til að kenna djúpstæð sannindi — bónda að sá, konu að hnoða í brauð, börn að leik á markaðstorgi, fiskimenn að draga net, fjárhirði að leita að týndum sauð. Áheyrendur hans höfðu margséð allt þetta.

9. Hvað sögðu hermenn um kennslu Jesú og hvers vegna voru það engar ýkjur?

10, 11. (a) Hvers vegna getum við ekki annað en dáðst að því hvernig Jesús beitti dæmisögum og líkingum? (b) Hvað er dæmisaga og hvers vegna eru dæmisögur afar áhrifarík kennsluaðferð? Nefndu dæmi.

Þegar mikilvæg sannindi eru tengd við kunnuglega hluti greypast þau hratt og djúpt í hugann og hjartað. — Matteus 11:16-19; 13:3-8, 33, 47-50; 18:12-14.

<sup>11</sup> Oft sagði Jesús dæmisögur, stuttar sögur sem fluttu siðrænan eða trúarlegan boðskap. Það er auðveldara að skilja og muna sögur en óhlutstæðar hugmyndir, þannig að kennsla Jesú varðveittist vel. Í mörgum af dæmisögnum lýsti Jesús föður sínum með sterkum samlíkingum sem menn gátu tæplega gleymt. Allir skilja til dæmis hver er kjarninn í dæmisögunni um glataða soninn — sá að Jehóva finnur til með iðrandi manni sem hefur farið afvega en snýr svo við, og hann tekur blíðlega á móti honum. — Lúkas 15:11-32.

<sup>12</sup> *Snillingur í að beita spurningum.* Jesús spurði spurninga til að hjálpa áheyrendum að draga ályktanir, skoða hvatir sínar eða taka ákvarðanir. (Matteus 12:24-30; 17:24-27; 22:41-46) Þegar trúarleiðtogarnir véfengdu að hann hefði umboð frá Guði spurði hann þá: „Var skírni Jóhannesar frá himni eða frá mönnum?“ Þetta kom þeim í opna skjöldu og þeir tóku að ráðgast hver við annan: „Ef vér svörum: ‚Frá himni,‘ spyr hann: ‚Hví trúðuð þér honum þá ekki?‘ Ef vér segjum: ‚Frá mönnum,‘ megum vér óttast lýðinn, því að allir telja Jóhannes spámann.“ Að síðustu svöruðu þeir: „Vér vitum það ekki.“ (Markús 11:27-33; Matteus 21:23-27) Jesús þaggaði niður í þeim með einfaldri spurningu og afhjúpaði sviksemina sem bjó í hjörtum þeirra.

<sup>13</sup> Stundum beitti Jesús báðum aðferðum samtímis og fléttaði umhugsunarverðum spurningum inn í dæmi-

12. (a) Hvernig beitti Jesús spurningum þegar hann kenndi? (b) Hvernig þaggaði Jesús niður í þeim sem véfengdu að hann hefði umboð frá Guði?

13-15. Hvernig lýsir dæmisagan um miskunnsama Samverjann visku Jesú?



sögur og líkingar. Þegar lögfróður Gyðingur spurði hvað hann þyrfti að gera til að hljóta eilíft líf benti Jesús honum á ákvæði Móselaganna um að elska Guð og náungann. Maðurinn vildi réttlæta sig og spurði: „Hver er þá náungi minn?“ Jesús svaraði honum með sögu. Gyðingur nokkur var einn á ferð þegar ræningjar réðust á hann og skildu hann eftir hálfdaudan. Tveir Gyðingar áttu leið hjá skömmu síðar, fyrst prestur og síðan levíti. Báðir sveigðu fram hjá honum. Loks bar þar að Samverja nokkurn. Hann kenndi í brjósti um manninn, bjó um sár hans og fór með hann á gistihús svo að hann gæti náð sér. Að lokum spurði Jesús: „Hver þessara þriggja sýnist þér hafa reynst náungi þeim manni, sem féll í hendur ræningjum?“ Lögfróði maðurinn neyddist til að svara: „Sá sem miskunnarverkið gjörði á honum.“ — Lúkas 10:25-37.

<sup>14</sup> Hvernig vitnar þessi dæmisaga um visku Jesú? Í hugum Gyðinga á þeim tíma náði hugtakið „náungi“ aðeins yfir þá sem héldu erfikenningar þeirra — alls ekki Samverja. (Jóhannes 4:9) Hefði Jesú tekist að brjóta niður þessa fordóma ef fórnarlambið í sögunni hefði verið Samverji en hinn hjálpfúsi verið Gyðingur? Í visku sinni lét Jesús Samverja annast Gyðing. Og taktu eftir spurningu Jesú í lok sögunnar. Með henni beinir hann athyglinni að því hver sé náungi hvers. Lögfróði maðurinn hafði eiginlega spurt: ‚Hverjum ætti ég að sýna náungakærleika?‘ En Jesús spurði: ‚Hver þessara þriggja sýnist þér hafa reynst náungi manninum?‘ Jesús beindi athyglinni að Samverjanum sem *sýndi* umhyggjuna, en ekki að særða manninum sem *naut* hennar. Sannur náungakærleikur felst í því að sýna öðrum kærleika óháð uppruna þeirra og þjóðerni. Jesús hefði tæplega getað sagt það með áhrifameiri hætti.

<sup>15</sup> Það er engin furða að fólk skuli hafa undrast hvernig Jesús kenndi og laðast að honum. (Matteus 7:28, 29) Einu

sinni var „mikill mannfjöldi“ með honum í heila þrjá daga og var jafnvel orðinn matarlaus! — Markús 8:1, 2.

### Lífarni hans

<sup>16</sup> Að síðustu endurspeglaði Jesús visku Jehóva með lífarni sínu. Viska er raunhæf, hún virkar. „Hver á meðal ykkar er vitur?“ spyr lærisveinninn Jakob og svarar síðan: „Hann sanni það í verki með rétttri breytni sinni.“ (Jakobsbréfið 3:13, *The New English Bible*) Framkoma Jesú sannaði „í verki“ að hann hafði visku Guðs að leiðarljósi. Við skulum líta á dæmi sem sýna fram á góða dómgreind hans, bæði í samskiptum við aðra og eins í því hvernig hann lifði.

<sup>17</sup> Hefurðu veitt því athygli að fólki hættir til að fara út í öfgar á ýmsum sviðum ef það hefur ekki góða dómgreind? Það þarf visku til að viðhalda jafnvægi í lífinu. Jesús hafði visku Guðs að leiðarljósi og varðveitti fullkomnið jafnvægi. Hann lét andlegu málin ganga fyrir öðru og var óþreytandi við að boða fagnaðarerindið. „Til þess er ég kominn,“ sagði hann. (Markús 1:38) Eins og við er að búast skiptu efnislegir hlutir ekki mestu máli fyrir hann og hann virðist hafa haft úr litlu að spila. (Matteus 8:20) En Jesús var enginn meinlætamaður. Hann var glaðlyndur eins og faðir hans, „hinn sæli Guð“, og stuðlaði að gleði annarra. (1. Tímóteusarbréf 1:11; 6:15, *Biblían 1912*) Þegar hann sótti brúðkaupsveislu, þar sem venja var að gleðjast við söng og tónlist, kom hann ekki til að spilla gleði annarra. Þegar vínið gekk til þurrðar breytti hann vatni í eðalvín, enda „gleður vínið hjarta mannsins“. (Sálmur 104:15; Jóhannes 2:1-11) Jesús þáði oft matarboð og notaði tækifærið gjarnan til að kenna. — Lúkas 10:38-42; 14:1-6.

16. Hvernig sannaði Jesús „í verki“ að hann hafði visku Guðs að leiðarljósi?

17. Hvað bendir til þess að Jesús hafi verið fullkomlega öfgalaus?

### Til íhugunar

**Orðskviðirnir 8:22-31** Hvernig kemur lýsingin, þar sem viskan er persónugerð, heim og saman við lýsingu Biblíunnar á frumgetnum syni Jehóva?

**Matteus 13:10-15** Hvernig afhjúpuðu líkingar og dæmisögur Jesú hjartalag þeirra sem hlýddu á hann?

**Jóhannes 1:9-18** Af hverju gat Jesús opinberað visku Guðs?

**Jóhannes 13:2-5, 12-17** Hvernig kenndi Jesús lærisveinunum lexíu í auðmýkt?

<sup>18</sup> Jesús sýndi fullkomna dómgreind í samskiptum við fólk. Hann var glöggur á mannlegt eðli og raunsær í mati sínu á lærisveinunum. Hann vissi mætavel að þeir voru ekki fullkomnir en sá samt kosti þeirra. Hann vissi hvað bjó í þessum mönnum sem Jehóva hafði dregið til hans. (Jóhannes 6:44) Þrátt fyrir galla þeirra hafði Jesús trú á þeim og sýndi það með því að fela þeim mikla ábyrgð. Hann fól þeim að prédika fagnaðarerindið og treysti að þeir gætu gert því góð skil. (Matteus 28:19, 20) Postulasagan ber vitni um að þeir gerðu því dyggilega skil sem hann fól þeim. (Postulasagan 2:41, 42; 4:33; 5:27-32) Það var því greinilega viturlegt af Jesú að treysta þeim.

<sup>19</sup> Biblían setur lítillæti og mildi í samband við visku eins og fram kom í 20. kafla. Jehóva er auðvitað besta fyrirmyndin. En hvað um Jesú? Það er ánægjulegt að sjá hve auðmjúkur og lítillátur hann var í samskiptum við lærisveina sína. Hann var fullkominn og var þeim því fremri á allan hátt. Samt leit hann aldrei niður á þá. Hann reyndi aldrei að vekja með þeim minnimáttarkennd. Hann tók tillit til þess að þeir höfðu sín takmörk og var þolinmóður

18. Hvernig sýndi Jesús fullkomna dómgreind í samskiptum við lærisveinana?

19. Hvernig sýndi Jesús að hann var „hógvær og af hjarta lítillátur“?

við þá þegar þeim varð eitthvað á. (Markús 14:34-38; Jóhannes 16:12) Talar það ekki sínu máli að börnum skyldi meira að segja líða vel í návist hans? Þau löðuðust að honum, eflaust vegna þess að þau skynjuðu að hann var „hógvær og af hjarta lítillátur“. — Matteus 11:29; Markús 10:13-16.

<sup>20</sup> Jesús endurspegladi lítillæti Guðs á annan hátt. Hann var sanngjarn og sveigjanlegur þegar við átti. Manstu til dæmis eftir konu sem sárþændi hann að lækna dóttur sína sem var mjög kvalin af illum anda? Konan var ekki Gyðingur og Jesús gaf til kynna á þrjá vegu að hann ætlaði ekki að liðsinna henni. Fyrst svaraði hann henni ekki, síðan sagði hann henni beint að hann væri ekki sendur til heiðingja heldur Gyðinga, og að síðustu brá hann upp líkingu til að benda henni vinsamlega á hið sama. En konan gaf sig ekki sem vitnaði um einstaka trú hennar. Hvernig brást Jesús við þessum óvenjulegu aðstæðum? Hann gerði einmitt það sem hann var nýbúinn að segja að hann ætlaði ekki að gera og læknaði dóttur konunnar. (Matteus 15:21-28) Var þetta ekki merki um einstakt lítillæti? Og við skulum hafa hugfast að lítillæti er undirrot sannrar visku.

<sup>21</sup> Við getum verið þakklát fyrir að guðspjöllin skuli greina frá orðum og athöfnum vitrasta manns sem lifað hefur. Og höfum hugfast að Jesús var fullkomin eftirmynd föður síns. Með því að líkja eftir persónuleika Jesú, tali hans og breytni erum við að tileinka okkur viskuna að ofan. Í næsta kafla skoðum við hvernig við getum nýtt okkur visku Guðs í lífinu.

20. Hvernig sýndi Jesús sanngirni í samskiptum við móður stúlku sem var haldin illum anda?

21. Af hverju ættum við að leggja okkur fram um að líkja eftir persónuleika Jesú, tali hans og breytni?

## Er ‚spekin að ofan‘ að verki í lífi þínu?

ÞETTA var erfitt mál. Tvær konur deildu um hvor þeirra ætti ákveðið barn. Þær bjuggu í sama húsi og höfðu báðar alið son með nokkurra daga millibili. Svo dó annað barnið og nú þóttust báðar konurnar eiga hitt sem eftir lifði.\* Engin önnur vitni voru að því sem gerst hafði. Sennilega hafði málið verið tekið fyrir á lægra dómstigi án þess að tækist að skera úr því. Loks var það lagt fyrir Salómon, konung Ísraels. Gat hann dregið fram sannleikann í málinu?

<sup>2</sup> Eftir að hafa hlustað á konurnar þrátta um stund lætur Salómon færa sér sverð og fyrirskipar að barnið skuli höggvið í tvennt og konunum fenginn sinn helmingurinn hvorri. Réttu móðirin sárþænir þá konung þegar í stað að gefa hinni konunni barnið, sem er henni svo kært, en hin konan krefst þess að barnið sé höggvið í tvennt. Nú veit Salómon hið sanna í málinu. Hann veit hve sterk móðurástin er og nýtir sér þekkingu sína til að útkljá deiluna. Við getum rétt ímyndað okkur hve móðurinni léttir þegar Salómon segir: „Hún er móðir þess,“ og fyrirskipar að henni skuli fengið barnið. — 1. Konungabók 3:16-27.

\* Fyrri Konungabók 3:16 segir að konurnar tvær hafi verið portkonur, það er að þær hafi verið vændiskonur. Bókin *Insight on the Scriptures* segir: „Óvíst er að þær hafi verið vændiskonur í þeim skilningi að þær hafi selt sig. Hugsanlegt er að þær hafi gerst sekar um skírlífisbrot, og þær hafi verið Gyðingar eða, sem er vel líklegt, af erlendum uppruna.“ — Gefin út af Vottum Jehóva.

1-3. (a) Hvernig sýndi Salómon einstaka visku þegar hann skar úr deilu tveggja kvenna? (b) Hvað lofar Jehóva að gefa okkur og hvaða spurningar vekur það?

<sup>3</sup> Hvílík viska! Fólk fylltist lotningu þegar það frétti hvernig Salómon hafði útkljáð þetta mál því að menn „sáu, að hann var gæddur guðlegri speki“. Já, viska Salómóns var gjöf frá Guði. Jehóva hafði gefið honum „hyggið og skynugt hjarta“. (1. Konungabók 3:12, 28) En hvað um okkur? Getum við líka fengið visku frá Guði? Já, því að Salómon var innblásið að skrifa að „Jehóva veiti speki“. (Orðskviðirnir 2:6) Jehóva lofar að gefa þeim visku sem sækjast eftir henni í einlægni, en viska er hæfileikinn til að nota þekkingu sína, skilning og dómgreind. Hvernig getum við fengið viskuna að ofan og hvernig getum við notfært okkur hana í lífinu?

### „Afla þér visku“ — hvernig?

<sup>4</sup> Þurfum við að vera fluggáfuð eða hámenntuð til að fá viskuna frá Guði? Nei, Jehóva er fús til að gefa okkur hlutdeild í visku sinni óháð uppruna okkar og menntun. (1. Korintubréf 1:26-29) En við verðum að eiga frumkvæðið því að Biblían hvetur okkur til að „afla okkur visku“. (Orðskviðirnir 4:7) Hvernig förum við að því?

<sup>5</sup> Í fyrsta lagi þurfum við að óttast Guð. „Ótti [Jehóva] er upphaf viskunnar [„fyrsta skrefið í áttina til viskunnar“, *The New English Bible*],“ segja Orðskviðirnir 9:10. Guðs-ótti er undirstaða sannrar visku. Hvers vegna? Eins og þú manst er viska fólgin í því að kunna að nota þekkingu. Að óttast Guð er ekki að skelfast frammi fyrir honum heldur að lúta honum í lotningu, virðingu og trausti. Slíkur ótti er heilnæmur og knýr fólk til verka. Hann vekur sterka löngun með manningunni til að laga líf sitt að þekkingunni á vilja Guðs og vegum. Það er viturlegasta lífsstefnan vegna þess að fólki er alltaf fyrir bestu að fylgja mælikvarða Jehóva.

4-7. Hvað fernt þarf að gera til að afla sér visku?

<sup>6</sup> Í öðru lagi verðum við að vera auðmjúk og lítillát. Við getum ekki fengið visku Guðs nema við séum það. (Orðskviðirnir 11:2) Hver er ástæðan? Ef við erum auðmjúk og lítillát erum við tilbúin til að viðurkenna að við vitum ekki allt, að skoðanir okkar séu ekki alltaf réttar og að við þurfum að vita hvernig Jehóva lítur á málin. Jehóva „stendur í gegn dramblátum“ en er meira en fús til að gefa þeim visku sem eru auðmjúkir í hjarta. — Jakobsbréfið 4:6.

<sup>7</sup> Í þriðja lagi þurfum við að kynna okkur ritað orð Guðs og rannsaka það vel. Viska Jehóva er opinberuð í orði hans. Til að afla okkur hennar þurfum við að leggja það á okkur að grafa eftir henni. (Orðskviðirnir 2:1-5) Í fjórða lagi þurfum við að biðja. Guð gefur okkur örlátlega af visku sinni ef við biðjum hann í einlægni. (Jakobsbréfið 1:5) Hann bænheyrir okkur ef við biðjum um hjálp heilags anda. Og andi hans auðveldar okkur að finna fjársjóðina í orði hans sem geta hjálpað okkur að leysa úr vandamálum, forðast hættur og taka viturlegar ákvarðanir. — Lúkas 11:13.

<sup>8</sup> Viska Jehóva er hagnýt eins og fram kom í 17. kafla. Ef við höfum aflað okkur hennar birtist hún í hegðun okkar og framferði. Lærisveinninn Jakob lýsti ávöxtunum af visku Guðs er hann skrifaði: „Sú speki, sem að ofan er, hún er í fyrsta lagi hrein, því næst friðsöm, ljúfleg [„sanngjörn“, NW], sáttgjörn, full miskunnar og góðra ávaxta, óhlutdræg, hræsnislaus.“ (Jakobsbréfið 3:17) Við fjöllum nú nánar um mismunandi hliðar á visku Guðs og skulum þá spyrja okkur hvort spekin að ofan sé að verki í lífi okkar.

### „Hrein, því næst friðsöm“

<sup>9</sup> „Í fyrsta lagi hrein.“ Að vera hreinn merkir að vera tær og

8. Hvernig birtist viska Guðs ef við höfum tileinkað okkur hana?

9. Hvað merkir það að vera hreinn og hvers vegna er viðeigandi að hreinleikinn sé nefndur fyrstur af eiginleikum viskunnar?


laus við óhreinindi, bæði hið ytra og innra. Biblían setur viskuna í samband við hjartað, en viskan að ofan kemst ekki inn í hjarta sem er óhreint af illum hugsunum, löngunum og hvötum. (Orðskviðirnir 2:10; Matteus 15: 19, 20) Sé hjartað hins vegar hreint — að því marki sem mögulegt er hjá ófullkomnum mönnum — „forðumst við illt og gerum gott“. (Sálmur 37:27; Orðskviðirnir 3:7) Er ekki viðeigandi að hreinleikinn skuli nefndur fyrstur af eiginleikum viskunnar? Jú, því að ef við erum ekki siðferðilega og andlega hrein getum við ekki sýnt hina eiginleika viskunnar að ofan.

<sup>10</sup> „*Því næst friðsöm.*“ Viskan að ofan fær okkur til að sækjast eftir friði sem er ávöxtur anda Guðs. (Galatabréfið 5:22) Við reynum að spilla ekki „bandi friðarins“ sem sameinar fólk Jehóva. (Efesusbréfið 4:3) Og við gerum allt sem við getum til að koma á friði á nýjan leik ef honum er raskað. Hvers vegna er það mikilvægt? Biblían segir: „Verið friðsamir. Þá mun Guð kærleikans og friðarins vera með yður.“ (2. Korintubríf 13:11) Guð friðarins verður með okkur svo framarlega sem við erum friðsöm. Framkoma okkar við trússysteminu hefur bein áhrif á samband okkar við Jehóva. Hvernig getum við sýnt að við keppum eftir friði? Lítum á dæmi.

<sup>11</sup> Hvað ættirðu að gera ef þú finnur á þér að þú hefur móðgað einhvern í söfnuðinum? Jesús sagði: „Sértu því að færa fórn þína á altarið og minnst þess þar, að bróðir þinn hefur eitthvað á móti þér, þá skaltu skilja gjöf þína eftir fyrir framan altarið, fara fyrst og sættast við bróður þinn, koma síðan og færa fórn þína.“ (Matteus 5:23, 24) Þú getur farið eftir þessu með því að fara til bróður þíns

10, 11. (a) Hvers vegna er mikilvægt að vera friðsamur? (b) Hvernig geturðu keppt að friði ef þú finnur á þér að þú hefur móðgað einhvern í söfnuðinum? (Sjá einnig neðanmálgrein.)





***Við verðum að leggja það á okkur  
að grafa eftir visku Guðs til að hljóta hana.***

að eigin frumkvæði í þeim tilgangi að „sættast við hann“.\* Þú þarft að viðurkenna særðar tilfinningar hans. Reyndu ekki að gera lítið úr þeim. Ef þú ferð til hans í þeim tilgangi að koma á friði og viðhalda honum, þá er að öllum líkindum hægt að eyða misskilningi, biðjast afsökunar og fyrirgefa. Ef þú leggur lykkju á leið þína til að semja frið sýnirðu að þú hefur visku Guðs að leiðarljósi.

### **„Sanngjörn, hlýðin“**

<sup>12</sup> „Sanngjörn.“ Hvað merkir það að vera sanngjarn? Fræðimenn benda á að gríska orðið í Jakobsbréfinu 3:17

---

\* Gríska sagnorðið, sem er þýtt „sættast“, er myndað af sögn sem merkir „að valda breytingu, að hafa skipti á“ og þar af leiðandi „að sætta“. Markmiðið er því að valda breytingu, að fjarlægja óvild úr hjarta hins móðgaða ef þess er kostur. — Rómverjabréfið 12:18.

---

12, 13. (a) Hvað merkir orðið sem þýtt er „sanngjarn“ í Jakobsbréfinu 3:17? (b) Hvernig getum við sýnt að við séum sanngjörn?

sé vandþýtt. Algengt er að það sé þýtt „blíður“, „umburðarlyndur“ og „nærgætinn“. Orðið merkir bókstaflega „sveigjanlegur, eftirgefanlegur“. Hvernig getum við sýnt þennan þátt viskunnar að ofan í fari okkar?

<sup>13</sup> „Ljúflynndi [„sanngirni“, NW] yðar verði kunnugt öllum mönnum,“ segir í Filippibréfinu 4:5. Í annarri þýðingu segir: „Hafið það orð á ykkur að vera sanngjarnir.“ (J. B. Phillips. *The New Testament in Modern English*) Eins og þú sérð snýst málið ekki aðallega um það hvernig við sjáum okkur sjálf heldur hvernig aðrir sjá okkur, hvaða álit þeir hafa á okkur. Sanngjarn maður heimtar ekki alltaf að lagabókstafnum sé framfylgt eða að hann fái sínu framgengt. Hann er tilbúinn til að hlusta á aðra og fara að óskum þeirra þegar við á. Hann er líka nærgætinn í samskiptum við aðra en hvorki hastur né hvass í viðmóti. Það er mikilvægt fyrir alla kristna menn að gæta að þessu en sérstaklega fyrir öldunga safnaðarins. Mildi er aðlaðandi. Safnaðarmenn eiga auðveldara með að leita til öldunganna ef þeir eru mildir. (1. Þessaloníkubríf 2:7, 8) Við ættum öll að spyrja okkur hvort við höfum það orð á okkur að vera tillitssöm, sveigjanleg og mild.

<sup>14</sup> „*Sáttgjörn.*“ Gríska orðið, sem svo er þýtt, kemur hvergi annars staðar fyrir í kristnu Grísku ritningunum. Að sögn fræðimanns er orðið „oft notað um heraga“. Það gefur til kynna hugmyndina „undirgefinn“ og „auðvelt að sannfæra“. Sá sem fylgir viskunni að ofan fer fúslega eftir því sem Biblían segir. Hann er ekki þekktur fyrir að bíta eitt-hvað í sig og neita að taka mark á staðreyndum sem eru honum í óhag. Hann er fljótur að skipta um skoðun ef honum er bent á skýr, biblíuleg rök fyrir því að ákvörðun hans sé röng eða hann hafi rangt fyrir sér. Er það þessi mynd sem aðrir hafa af þér?

14. Hvernig getum við sýnt að við séum „hlýðin“?

## „Full miskunnar og góðra ávaxta“

<sup>15</sup> „Full miskunnar og góðra ávaxta.“\* Miskunn er mikilvægur þáttur viskunnar sem að ofan er því að viskan er sögð vera „full miskunnar“. Þú tekur eftir að miskunn er nefnd í sömu andráníni og góðir ávextir. Þetta á vel við því að orðið miskunn, eins og það er notað í Biblíunni, lýsir oftast vakandi áhuga á öðrum, umhyggju sem gefur af sér ríkulega uppskeru í mynd góðra verka. Uppsláttarrit skilgreinir miskunn sem „meðaumkun með öðrum vegna báginda þeirra, og viðleitni til að gera eitthvað í málinu“. Viska Guðs er því ekki kuldaleg, harðbrjósta eða fræðileg heldur hlý, næm og hjartanleg. Hvernig getum við sýnt að við séum full miskunnar?

<sup>16</sup> Að segja öðrum frá fagnaðarerindinu um ríkið er ein mikilvæg leið. Af hvaða hvötum gerum við það? Fyrst og fremst af því að við elskum Guð. En við gerum það líka vegna miskunnar og umhyggju fyrir öðrum. (Matteus 22:37-39) Margir eru „hrjáðir og umkomulausir eins og sauðir, er engan hirði hafa“. (Matteus 9:36) „Fjárhirðar“ falstrúarbragðanna hafa vanrækt þá og blindað með þeim afleiðingum að þeir þekkja ekki viturlegar ráðleggingar Biblíunnar og vita ekki af blessuninni sem Guðsríki veitir jarðarbúum innan tíðar. Þegar við veltum fyrir okkur andlegum þörfum fólks í kringum okkur knýr hjartað okkur til að gera allt sem við getum til að segja þeim frá fyrirætlun Jehóva og kærleika hans.

---

\* Í annarri biblíuþýðingu er notað orðalagið „full samúðar og góðra verka“. — Charles B. Williams. *A Translation in the Language of the People*.

---

15. Hvað er miskunn og hvers vegna er viðeigandi að „miskunn“ skuli vera nefnd í sömu andráníni og „góðir ávextir“ í Jakobsbréfinu 3:17?

16, 17. (a) Hvað annað en kærleikurinn til Guðs er okkur hvöt til að boða fagnaðarerindið, og hvers vegna? (b) Hvernig getum við sýnt að við séum full miskunnar?

<sup>17</sup> Á hvaða aðra vegu getum við sýnt að við séum full miskunnar? Þú manst eftir dæmisögu Jesú um Samverjann sem fann ferðamann við veginn, illa leikinn eftir árás ræningja. Samverjinn fann til með manninum og „gerði miskunnarverk á honum“ með því að binda um sár hans og annast hann. (Lúkas 10:29-37) Sýnir þetta ekki að miskunn sé meðal annars fólgin í því að veita þeim hjálp í verki sem þarfnast hennar? Biblían talar um að „gjöra öllum gott og einkum trúbræðrum vorum“. (Galatabréfið 6:10) Veltum nokkrum möguleikum fyrir okkur. Aldraður trúbróðir þarf að fá far á safnaðarsamkomur og heim aftur. Ekkja í söfnuðinum þarf að fá aðstoð við að viðhalda húsinu. (Jakobsbréfið 1:27) Niðurdreginn boðberi þarf að heyra „vingjarnlegt orð“ sér til uppörvunar. (Orðskviðirnir 12:25) Með því að sýna miskunn með þessum hætti sönnum við að viskan að ofan er að verki í okkur.

### „Óhlutdræg, hræsnislaus“

<sup>18</sup> „Óhlutdræg.“ Viska Guðs er hafin yfir kynþáttafordóma og þjóðernishroka. Ef við höfum hana að leiðarljósi kappkostum við að uppræta úr hjarta okkar sérhverja tilhneigingu til að mismuna mönnum. (Jakobsbréfið 2:9) Við hyglum ekki fólki vegna menntunar þess, fjárhags eða stöðu í söfnuðinum, og við lítum ekki niður á eitt einasta trússystem okkar, þó að það sé fátækt eða lágt sett. Fyrst Jehóva hefur sýnt trússysteminum okkar kærleika *sinn* ættum við svo sannarlega að álíta þau verðug kærleika *okkar*.

<sup>19</sup> „Hræsnislaus.“ Gríska orðið, sem þýtt er „hræsnari“, getur merkt „leikari sem leikur hlutverk“. Leikarar hjá

18. Hvað verðum við að reyna að uppræta úr hjörtum okkar ef við höfum viskuna að ofan að leiðarljósi, og hvers vegna?

19, 20. (a) Hver er uppruni gríska orðsins sem þýtt er „hræsnari“? (b) Hvernig sýnum við „hræsnislausa bróðurelsku“ og hvers vegna er það mikilvægt?



***Við endurspeglum ,spekina sem að ofan er'  
með því að vera miskunnsöm og umhyggjusöm.***

Grikkjum og Rómverjum til forna báru stórar grímur á leiksýningum. Gríska orðið fyrir „hræsnara“ fékk því merkinguna að sýna uppgerð eða að villa á sér heimildir. Þessi þáttur í vísku Guðs ætti bæði að hafa áhrif á framkomu okkar við trússystkini og eins á tilfinningar okkar til þeirra.

<sup>20</sup> Pétur postuli bendir á að ‚hræsnislaus bróðurelska‘ sé sprottin af því að ‚hlýða sannleikanum“. (1. Pétursbréf 1:22) Bróðurástin má ekki vera uppgerð. Við setjum ekki upp grímu eða bregðum okkur í hlutverk til að blekkja aðra. Bróðurástin verður að vera innileg og ósvikin. Ef hún er það ávinnum við okkur traust trússystkina okkar af því að þau vita að við erum það sem við sýnumst. Slík einlægni greiðir fyrir opinskáu og heiðarlegu sambandi milli trússystkina og stuðlar að trausti í söfnuðinum.

### Til íhugunar

**5. Mósebók 4:4-6** Hvernig sýnum við að við séum vitur?

**Sálmur 119:97-105** Hvaða gagn höfum við af því að vera dugleg að nema orð Guðs og fara eftir því?

**Orðskviðirnir 4:10-13, 20-27** Hvers vegna þurfum við á vísunni frá Jehóva að halda?

**Jakobsbréfið 3:1-16** Hvernig geta umsjónarmenn safnaðarins sýnt að þeir séu vitrir og skilningsríkir?

### „Varðveit þú visku“

<sup>21</sup> Viskan er gjöf frá Jehóva sem við ættum að gæta vel. „Son minn, varðveit þú visku og gætni,“ sagði Salómon. (Orðskviðirnir 3:21) Því miður tókst Salómon ekki að gera það sjálfur. Hann varðveitti viskuna meðan hann var hlýðinn í hjarta. Um síðir fór hins vegar svo að erlendar konur hans, sem voru margar, sneru hjarta hans frá hreinni tilbeiðslu á Jehóva. (1. Konungabók 11:1-8) Örlög Salómons eru áminning um að þekking er lítils virði sé hún ekki notuð rétt.

<sup>22</sup> Hvernig getum við varðveitt viskuna? Við þurfum að lesa að staðaldri í Biblíunni og biblíutengdum ritum frá hinum ‚trúa og hyggna þjóni‘ og jafnframt að leggja okkur sem best fram við að fara eftir því sem við lærum. (Matteus 24:45) Við höfum ærna ástæðu til að fara eftir visku Guðs. Hún bætir lífið núna og gerir okkur kleift að ‚höndla hið sanna líf‘ í nýjum heimi Guðs. (1. Tímóteusarbréf 6:19) Síðast en ekki síst löðumst við að uppsprettu viskunnar, Jehóva Guði, með því að tileinka okkur viskuna að ofan.

21, 22. (a) Hvers vegna mistókst Salómon að varðveita viskuna? (b) Hvernig getum við varðveitt viskuna og hvernig er það okkur til gagns?

## „GUÐ ER KÆRLEIKUR“

*Af öllum eiginleikum Jehóva er það kærleikurinn sem hæst ber. Hann höfðar líka sterkast til okkar. Þegar við kynnum okkur þennan fagra eiginleika glöggvum við okkur á því hvers vegna Biblían segir að Guð sé kærleikur.*

– 1. Jóhannesarbréf 4:8.





## „Hann elskaði oss að fyrra bragði“

VORDAG einn fyrir tæplega 2000 árum var saklaus maður dreginn fyrir rétt, sakfelldur fyrir glæpi sem hann hafði ekki drýgt og pyndaður til dauða. Þetta var ekki í fyrsta sinn sem saklaus maður var líflátinn með grimmilegum hætti og því miður ekki í það síðasta. En dauði þessa manns var ólíkur öllum öðrum.

<sup>2</sup> Síðustu stundirnar, sem hann kvaldist, sást tákn á himni til marks um þýðingu þessa atburðar. Þótt enn væri miður dagur skall skyndilega á myrkur í landinu. „Sól-in missti birtu sinnar,“ eins og sagnaritari komst að orði. (Lúkas 23:44, 45) Síðan, rétt áður en maðurinn gaf upp andann, sagði hann hin ógleymanlegu orð: „Það er fullkomnað.“ Hann áorkaði feiknamiklu með því að fórna lífi sínu. Það var mesta kærleiksverk sem nokkur maður hefur unnið. — Jóhannes 15:13; 19:30.

<sup>3</sup> Maðurinn var auðvitað Jesús Kristur. Alkunna er hvernig hann þjáðist og dó á þessum myrka degi, 14. nísan árið 33. En mönnum yfirsést oft mikilvægt atriði í tengslum við þennan atburð. Þótt Jesús hafi liðið ólýsanlegar þjáningar var annar sem þjáðist meira. Já, sá var til sem færði enn meiri fórn þennan dag og vann þar með mesta kærleiksverk sem unnið hefur verið í alheiminum. Hvaða verk var það? Svárið er viðeigandi inngangur að mikilvægasta viðfangsefni sem hægt er að fjalla um: Kærleika Jehóva.

1-3. Að hvaða leyti var dauði Jesú einstakur í sögunni?

**„Guð . . . gaf son sinn eingetinn.“**

## Mesta kærleiksverkið

<sup>4</sup> Rómverski hundraðshöfðinginn, sem sá um aftöku Jesú, var steini lostinn yfir myrkrinu sem skall á skömmu áður en Jesús dó og jarðskjálftanum mikla sem fylgdi í kjölfar þess. „Sannarlega var þessi maður sonur Guðs,“ varð honum að orði. (Matteus 27:54) Jesús var greinilega enginn venjulegur maður. Hermaðurinn hafði átt þátt í að taka eingetinn son hins hæsta Guðs af lífi! En hversu sterk var ást föðurins á syni sínum?

<sup>5</sup> Biblían kallar Jesú ‚frumburð allrar sköpunar‘. (Kólossubréfið 1:15) Hugsaðu þér — sonur Jehóva var til á undan alheiminum. Hversu lengi ætli faðir og sonur hafi verið saman? Sumir vísindamenn áætla að aldur alheimsins sé 13 milljarðar ára. Geturðu gert þér í hugarlund hve langur tími það er? Í stjörnuveri nokkru hefur verið sett upp 110 metra löng tímalína til að auðvelda fólki að glöggva sig á áætluðum aldri alheimsins. Hvert skref, sem gengið er eftir tímalínunni, svarar til um það bil 75 milljóna ára í sögu alheimsins. Öll mannkynssagan samsvarar svo einni hársbreidd við enda línunnar! Þó að við göngum út frá því að þetta sé rétt mat er *öll* tímalínan of stutt til að sýna ævi sonar Jehóva! Við hvað fékkst hann allan þennan tíma?

<sup>6</sup> Sonurinn þjónaði fúslega sem verkstjóri hjá föður sínum. (Orðskviðirnir 8:30) Biblían segir: „Án [sonarins] varð ekki neitt, sem til er.“ (Jóhannes 1:3) Jehóva og sonur hans sköpuðu því alla aðra hluti í sameiningu. Þetta hljóta að hafa verið spennandi og skemmtilegir tímar. Eins og margir vita eru kærleiksböndin milli foreldra og barna feikilega sterk. Og kærleikurinn er „band algjörleikans“.

4. Hvernig uppgötvaði rómverskur hermaður að Jesús var enginn venjulegur maður, og að hvaða niðurstöðu komst hann?

5. Hvernig má lýsa þeim óralanga tíma sem Jehóva og sonur hans áttu saman á himni?

6. (a) Við hvað fékkst sonur Jehóva áður en hann kom til jarðar?  
(b) Hvers konar bönd tengja Jehóva og son hans?

(Kólossubrésið 3:14) Við getum varla ímyndað okkur hve sterk bönd mynduðust milli Jehóva og sonar hans á þessum óralanga tíma. Það er ljóst að Jehóva Guð og sonur hans eru bundnir sterkustu kærleiksböndum sem hægt er að ímynda sér.

<sup>7</sup> Engu að síður sendi Jehóva son sinn til jarðar til að fæðast sem mannsbarn. Það hafði í för með sér að hann þurfti að afneita sér um félagsskap sonar síns á himnum um nokkurra áratuga skeið. Ofan af himni fylgdist hann með því af brennandi áhuga hvernig Jesús óx úr grasi og varð fullkominn maður. Jesús lét skírast um þritugt. Það er ekkert leyndarmál hvernig Jehóva leit á hann því að hann talaði persónulega af himni og sagði: „Þessi er minn elskaði sonur, sem ég hef velpóknun á.“ (Matteus 3:17) Það hlýtur að hafa glatt Jehóva ósegjanlega að sjá Jesú gera dyggilega allt sem spáð hafði verið um hann, allt sem hann var beðinn að gera. — Jóhannes 5:36; 17:4.

<sup>8</sup> En hvernig var Jehóva innanbrjósts hinn 14. nísan árið 33? Hvernig leið honum þegar Jesús var svikinn og handtekinn af múgi manna um kvöldið? Þegar vinir hans yfirgáfu hann og réttað var yfir honum með ólöglegum hætti? Þegar hann var hæddur, barinn og hrækt var á hann? Þegar hann var húðstrýktur svo að bakið á honum varð flakandi sár? Þegar hann var negldur á höndum og fótum á tréstaurog látinn hanga þar meðan fólk formælti honum? Hvernig var föðurnum innanbrjósts þegar ástkær sonur hans hrópaði til hans í kvöl sinni? Hvernig leið honum þegar Jesús dró andann í hinsta sinn og var ekki til í fyrsta skipti frá upphafi sköpunarinnar? — Matteus 26:14-16, 46, 47, 56, 59, 67; 27:38-44, 46; Jóhannes 19:1.

7. Hvernig tjáði Jehóva tilfinningar sínar í garð Jesú við skírning hans? 8, 9. (a) Hvað þurfti Jesús að ganga í gegnum hinn 14. nísan árið 33 og hvaða áhrif hafði það á föður hans á himnum? (b) Hvers vegna leyfði Jehóva að sonur sinn þjáðist og dæi?

<sup>9</sup> Okkur verður orðfall. Jehóva er tilfinninganæmur þannig að það hlýtur að hafa kvalið hann meira en orð fá lýst að sjá son sinn deyja. Hins vegar er hægt að lýsa því hvers vegna hann leyfði að þetta gerðist. Hvers vegna lét faðirinn slíka kvöl yfir sig ganga? Hann opinberar það fagurlega í Jóhannesi 3:16 — í biblíuversí sem er svo mikilvægt að það er stundum kallað litla Biblían. Þar segir: „Svo elskaði Guð heiminn, að hann gaf son sinn eingetinn, til þess að hver sem á hann trúir glattist ekki, heldur hafi eilíft líf.“ Það var því kærleikur Jehóva sem bjó að baki. Gjöf Jehóva — að senda son sinn til að þjást og deyja fyrir okkur — var mesta kærleiksverk sögunnar.

### Hvað er fólgið í kærleika Guðs?

<sup>10</sup> Hvað merkir orðið „kærleikur“ eiginlega? Sagt hefur verið að sterkasta þörf mannsins sé sú að vera elskaður. Fólk þráir kærleika frá vöggu til grafar, dafnar í hlýju hans en veslast upp og deyr jafnvel ef hann vantar. Samt er ótrúlega erfitt að skilgreina hvað kærleikurinn er. Það vantar ekki að talað sé um hann. Ástin er sífellt viðfangsefni rithöfunda, dægurlagahöfunda og ljóðskálda. En það hefur ekki alltaf dugað til þess að skýra kærleikshugtakið. Sannleikurinn er sá að orðin kærleikur, ást og elska eru svo ofnotuð að merkingin virðist óljósari en nokkru sinni fyrir.

<sup>11</sup> Biblían segir hins vegar skýrt og greinilega hvað kærleikurinn er. „Kærleikurinn þekktist einungis af verkunum sem hann kemur til leiðar.“ (*Vine's Expository Dictionary of New Testament Words*) Frásaga Biblíunnar af verkum Jehóva kennir okkur býsna margt um kærleika hans — hina

10. Hvaða þörf hafa mennirnir og hvernig hefur farið fyrir merkingu kærleikshugtaksins?

11, 12. (a) Hvar getum við fræðst mikið um kærleikann og hvers vegna þar? (b) Hvaða hugtök voru notuð um ást og kærleika í forngrísku og hvaða orð fyrir „kærleika“ er algengast í kristnu Grísku ritningunum? (Sjá einnig neðanmálsgrein.) (c) Hvað er *aga'pe*?

hlýju ást hans á sköpunarverum sínum. Getur til dæmis nokkuð varpað skýrara ljósi á þennan eiginleika en hið mikla kærleiksverk Jehóva sem lýst var hér á undan? Í köflunum á eftir sjáum við mörg dæmi um kærleika Jehóva að verki. Og við getum fengið svolitla innsýn í eðli kærleikans með því að rýna í frummálsorðin sem notuð eru um hann í Biblíunni. Í forngrísku voru til fjögur orð yfir „kærleika“.\* Af þeim er orðið *agápe* notað oftast í kristnu Grísku ritningunum. Biblíuorðabók kallar það „kröftugasta orð um kærleikann sem hægt er að ímynda sér“. Hvers vegna?

<sup>12</sup> *Agápe* er kærleikur sem stjórnast af meginreglu. Hann er því meira en tilfinningaleg viðbrögð við því sem önnur manneskja segir eða gerir. Hann er víðtækari, hugulsamari og úthugsaðri. Og *agápe* er fullkomlega óeigingjarn. Lítum aftur á Jóhannes 3:16. Hver er ‚heimurinn‘ sem Guð elskaði svo að hann gaf eingetinn son sinn? Það er mannheimurinn sem hægt er að endurleysa. Þar á meðal er fjöldi fólks sem lifir syndugu líferni. Elskar Jehóva hvern og einn sem persónulegan vin eins og hann elskaði hinn trúa Abraham? (Jakobsbréfið 2:23) Nei, en Jehóva sýnir öllum gæsku, jafnvel þó að það sé honum dýrt. Hann vill að allir iðrist og breyti háttalagi sínu. (2. Pétursbréf 3:9) Margir gera það og hann viðurkennir þá fúslega sem vini sína.

<sup>13</sup> Sumir gera sér rangar hugmyndir um *agápe*. Þeir halda að orðið lýsi einhvers konar köldum og fræðilegum kærleika. En *agápe* felur oft í sér hlýja og innilega ást.

---

\* Sagnorðið *file'o* merkir „að bera hlýhug til, þykja vænt um eða geðjast að (eins og nánunum vini eða bróður)“ og er notað oft í kristnu Grísku ritningunum. Mynd orðsins *storge'*, sem er kærleikur eða ást innan fjölskyldunnar, er notuð í 2. Tímóteusarbréfi 3:3 þar sem sagt er að þessi kærleikur myndi verða sjaldgæfur á síðustu dögum. Orðið *eros*, sem er notað um rómantíska ást milli kynjanna, kemur ekki fyrir í kristnu Grísku ritningunum þó að það sé rætt um þess konar ást í Biblíunni. — Orðskviðirni 5:15-20.

Jóhannes skrifaði: „Faðirinn elskar soninn,“ og notaði þá sögn sem samsvarar nafnorðinu *aga'pe*. Er þetta kærleikur án hlýju og ástúðar? Nei, Jesús komst eins að orði annars staðar en notaði sögnina *file'o*. (Jóhannes 3:35; 5:20) Kærleikur Jehóva felur oft í sér blíðlega ástúð en hann stjórnast aldrei af tilfinningasemi einni saman heldur af réttlátum og viturlegum meginreglum hans.

<sup>14</sup> Allir eiginleikar Jehóva eru frábærir, fullkomnir og aðlaðandi eins og við höfum séð. En kærleikurinn höfðar sterkast til okkar. Ekkert laðar okkur til hans af jafnmiklu afli. Sem betur fer er kærleikurinn líka áhrifamesti eiginleiki hans. Hvernig vitum við það?

### „Guð er kærleikur“

<sup>15</sup> Biblían segir svolítið um kærleikann sem hún segir aldrei um hina höfuðeiginleika Jehóva. Hún segir hvergi að Guð sé máttur, réttlæti eða víska. Hann *býr yfir* þessum eiginleikum, er uppspretta þeirra allra og sýnir þá margfalt betur en allir aðrir. En um fjórða eiginleikann er tekið dýpra í árinni og sagt: „Guð er kærleikur.“\* (1. Jóhannesarbréf 4:8) Hvað merkir það?

<sup>16</sup> Að ‚Guð sé kærleikur‘ merkir ekki að Guð sé það sama og kærleikur. Við getum ekki snúið dæminu við og sagt: ‚Kærleikur er Guð.‘ Jehóva er miklu meira en óhlutstæð-

---

\* Mörg dæmi eru um sambærilegt orðalag. Til dæmis er sagt að ‚Guð sé ljós‘ og að ‚Guð sé eyðandi eldur‘. (1. Jóhannesarbréf 1:5; Hebraeabréfið 12:29) En þetta eru myndhvörf því að það er verið að líkja Jehóva við hlutstæð fyrirbæri. Jehóva er *eins* og ljós því að hann er heilagur og heiðvirður. Það er ekkert „myrkur“ og enginn óhreinleiki í honum. Og það má líkja honum við eld af því að hann býr yfir eyðingarmætti.

15. Hvað segir Biblían um kærleika Jehóva og hvað er sérstakt við það? (Sjá einnig neðanmálgrein.)

16-18. (a) Hvers vegna segir Biblían að ‚Guð sé kærleikur‘? (b) Hvers vegna notaði Jehóva manninn, af öllum sköpunarverum jarðar, til að tákna kærleika sinn?

ur eiginleiki. Hann er persóna sem býr yfir margvíslegum tilfinningum og einkennum auk kærleikans. En kærleikur Jehóva er mjög djúpstæður. Heimildarrit segir um þetta vers: „Innsta eðli Guðs er kærleikur.“ Almennt séð mætti líta þannig á málið: Máttur Jehóva *gerir honum kleift að framkvæma*. Réttlæti hans og viska *leiðbeina* honum í verki. En það er kærleikurinn sem veldur því að hann *langar* til að framkvæma. Og kærleikurinn endurspeglast alltaf í því hvernig hann beitir hinum eiginleikum.

<sup>17</sup> Oft er sagt að Jehóva sé persónugervingur kærleikans. Þess vegna þurfum við að fræðast um Jehóva ef við viljum fræðast um kærleika sem stjórnast af meginreglu. Auðvitað sjáum við þennan fagra eiginleika líka í mönnum. En hvers vegna? Vegna þess að þegar Jehóva vann að sköpuninni sagði hann eftirfarandi, og var þá greinilega að tala við son sinn: „Vér viljum gjöra manninn eftir vorri mynd, líkan oss.“ (1. Mósebók 1:26) Af öllum sköpunarverum jarðar eru það aðeins karlar og konur sem geta valið að elska himneskan föður sinn og líkja eftir honum. Eins og þú manst notar Jehóva ýmis dýr til að tákna þrjá af höfuðeiginleikum sínum. En til að tákna fremsta eiginleika sinn, kærleikann, notaði hann manninn, æðstu sköpunarveru jarðar. — Esekíel 1:10.

<sup>18</sup> Við endurspeglum fremsta eiginleika Jehóva þegar við sýnum óeigingjarnan kærleika byggðan á meginreglu. Eins og Jóhannes postuli sagði „elskum [við], því að hann elskaði oss að fyrra bragði“. (1. Jóhannesarbréf 4:19) En hvernig hefur Jehóva elskað okkur að fyrra bragði?

### Jehóva átti frumkvæðið

<sup>19</sup> Kærleikurinn er ekki nýr. Af hvaða hvötum byrjaði Jehóva að skapa? Það var ekki af því að hann væri einmana og

19. Hvers vegna má segja að kærleikurinn hafi verið lykilatriði í sköpunarstarfi Jehóva?

þarfnaðist félagsskapar. Hann er sjálfum sér nógur og öðrum óháður. Hann vantar ekkert sem aðrir gætu látið í té. En það var kærleikurinn sem gerði að verkum að hann langaði til að gefa öðrum vitsmunaverum hlutdeild í gleðinni af því að lifa, vitsmunaverum sem gátu metið slíka gjöf að verðleikum. „Upphaf sköpunar Guðs“ var eingetinn sonur hans. (Opinberunarbókin 3:14) Síðan notaði Jehóva þennan son sem verkstjóra er hann skapaði allt annað. Englarnir voru fyrstir. (Jobsbók 38:4, 7; Kólossubrésið 1:16) Þessum völdugu andaverum var gefið frelsi, vitsmunir og tilfinningar svo að þær gátu sjálfar myndað kærleikstengsl — hver við aðra og að sjálfsögðu við Jehóva Guð. (2. Korintubríf 3:17) Þær elskuðu af því að Guð elskaði þær að fyrri bragði.

<sup>20</sup> Hið sama er að segja um mannkynið. Adam og Eva voru bókstaflega umvafin kærleika allt frá upphafi. Hvert sem litið var í paradísinni Eden, sem var heimili þeirra, sáust merki um kærleika föðurins til þeirra. Taktu eftir hvað Biblían segir: „[Jehóva] Guð plantaði aldingarð í Eden langt austur frá og setti þar manninn, sem hann hafði myndað.“ (1. Mósebók 2:8) Hefurðu einhvern tíma komið í undurfagan garð? Hvað hreif þig mest? Glitrandi sólargeislar í fögrum skógarlundi? Töfrandi litskrúð í fallegu blómabeði? Ljúfur lækjarniður, fuglasöngur og suðið í skordýrunum? Eða var það angan trjáanna, ávaxtanna og blómanna? Enginn lystigarður, sem við þekkjum, jafnast þó á við Eden. Hvers vegna?

<sup>21</sup> Það var Jehóva sjálfur sem gerði þennan garð. Hann hlýtur að hafa verið unaðslega fagur. Þarna voru alls konar tré sem voru bæði falleg að sjá og báru gómsæta ávexti. Garðurinn var vatnsríkur og víðáttumikill og iðaði af alls konar dýralífi. Adam og Eva höfðu allt sem þurfti til að vera hamingjusöm. Þau höfðu bæði gefandi starf og áttu

20, 21. Hvernig blasti það við Adam og Evu að Jehóva elskaði þau en hvað gerðu þau samt?



### Til íhugunar

**Sálmur 63:2-12** Hvernig ættum við að hugsa um kærleika Jehóva og hvaða traust getur kærleikur hans veitt okkur?

**Hósea 11:1-4; 14:5-9** Hvernig sýndi Jehóva Ísrael (eða Efraím) föðurlega ást og þrátt fyrir hvaða sögu?

**Matteus 5:43-48** Hvernig sýnir Jehóva mannkyninu almennt föðurlega ást?

**Jóhannes 17:15-26** Hvernig fullvissar bæn Jesú fyrir fylgjendum sínum okkur um að Jehóva elski okkur?

fullkominn félagi. Jehóva elskaði þau að fyrri bragði og þau höfðu ótal ástæður til að elska himneskan föður sinn á móti. En þau gerðu það ekki heldur voru þau eigingjörn, óhlýðnuðust skapara sínum og risu upp á móti honum. — 1. Mósebók, 2. kafli.

<sup>22</sup> Þetta hlýtur að hafa verið mjög sárt fyrir Jehóva! En fylltist hann beiskju? Nei, „miskunn hans [eða tryggur kærleikur] varir að eilífu“. (Sálmur 136:1) Hann ákvað því strax að gera ráðstafanir til að endurleysa þá afkomendur Adams og Evu sem hefðu rétt hugarfar. Eins og við höfum séð var þetta meðal annars fólgið í lausnarfórn sonarins elskaða sem var föðurnum svo dýr. — 1. Jóhannesarbréf 4:10.

<sup>23</sup> Já, allt frá upphafi hefur Jehóva átt frumkvæðið að því að sýna mannkyninu kærleika. Hann „elskaði oss að fyrri bragði“ á ótal vegu. Kærleikur stuðlar að einhug og gleði þannig að það kemur ekki á óvart að Jehóva skuli vera kallaður ‚hinn sæli Guð‘. (1. Tímóteusarbréf 1:11, *Biblían* 1912) En nú vaknar þýðingarmikil spurning. Elskar Jehóva okkur sem einstaklinga? Við fjöllum um það í næsta kafla.

22. Hvernig sýndu viðbrögð Jehóva við uppreisninni í Eden fram á að kærleikur hans er tryggur?

23. (a) Nefndu eina ástæðu fyrir því að Jehóva er ‚sæll Guð‘. (b) Um hvaða þýðingarmikla spurningu er fjallað í næsta kafla?

## Ekkert getur gert okkur „viðskila við kærleika Guðs“

ELSKAR Jehóva Guð þig persónulega? Sumir samsinna því að Guð elski mannkynið í heild eins og Jóhannes 3:16 segir en hugsa samt með sér: „Guð gæti aldrei elskað manneskju eins og *mig*.“ Sannkristnir menn gætu jafnvel fengið efasemdir af þessu tagi af og til. Niðurdreginn maður sagði: „Ég á mjög erfitt með að trúa að Guð beri nokkra umhyggju fyrir mér.“ Hugsar þú stundum eitthvað svipað?

<sup>2</sup> Satan er mikið í mun að telja okkur trú um að Jehóva Guð hvorki elski okkur né meti nokkurs. Oft notfærir Satan sér hégómagirnd fólks eða stolt til að leiða það af vega. (2. Korintubréf 11:3) En hann nýtur þess líka að ræna fólk sjálfsvirðingunni ef hann getur. (Jóhannes 7:47-49; 8:13, 44) Hann leggur sig sérstaklega í líma við það núna á „síðustu dögum“ sem eru svo erfiðir. Margir alast upp á ‚kærleikslausum‘ heimilum og aðrir þurfa dags daglega að umgangast fólk sem er grimmt, eigingjarnt og framhleypt. (2. Tímóteusarbréf 3:1-5) Áralangar misþyrmingar, kynþáttafordómar eða hatur hafa sannfært margan manninn um að hann sé einskis virði og að enginn geti elskað hann.

<sup>3</sup> En örvæntu ekki þó að slíkar tilfinningar sæki á þig. Mörgum hættir til að dæma sig óþarflega hart. Við skulum muna að orð Guðs hefur það hlutverk að ‚leiðrétta‘ okkur. (2. Tímóteusarbréf 3:16) Biblían segir: „Vér . . . munum geta friðað hjörtu vor frammi fyrir honum, hvað sem hjarta

1. Hvaða neikvæðar hugsanir sækja á marga, þar á meðal suma sannkristna menn?

2, 3. Hver vill telja okkur trú um að við séum einskis virði í augum Jehóva og ekki elskuverð, og hvernig getum við barist gegn þessari hugmynd?

vort kann að dæma oss fyrir. Því að Guð er meiri en hjarta vort og þekkir alla hluti.“ (1. Jóhannesarbréf 3:19, 20) Við skulum líta á fjögur dæmi um það hvernig við getum notað Biblíuna til að ‚friða hjörtu okkar‘ og sannfæra þau um kærleika Jehóva.

### Við erum öll dýrmæt í augum Jehóva

<sup>4</sup> Í fyrsta lagi kennir Biblían skýrt og greinilega að allir þjónar Guðs séu dýrmætir í augum hans. Jesús sagði til dæmis: „Eru ekki tveir spörvar seldir fyrir smápening? Og ekki fellur einn þeirra til jarðar án vitundar föður yðar. Á yður eru jafnvel höfuðhárin öll talin. Verið því óhræddir, þér eruð meira verðir en margir spörvar.“ (Matteus 10:29-31) Veltum aðeins fyrir okkur hvað þessi orð þýddu fyrir áheyrendur Jesú á fyrstu öld.

<sup>5</sup> Okkur er kannski spurn hvernig nokkrum manni gat dottið í hug að kaupa spörva. Á dögum Jesú var þetta ódýrasti matfugl sem fékkst. Fyrir einn smápening fengust tveir spörvar. En Jesús sagði síðar að fyrir tvo smápeninga fengjast *fimm* spörvar en ekki fjórir. Fimmti fuglinn fylgdi með í kaupbæti, rétt eins og hann væri verðlaus. Kannski voru þessir fuglar einskis virði í augum manna, en hvernig leit skaparinn á þá? Jesús sagði: „Þó er ekki einn þeirra [ekki einu sinni sá sem fylgdi með í kaupbæti] gleymdur Guði.“ (Lúkas 12:6, 7) Nú förum við að átta okkur á því hvað Jesús var að fara. Fyrst Jehóva metur einn spörva svona mikils hlýtur maðurinn að vera margfalt verðmætari í augum hans. Jehóva þekkir okkur í smáatriðum eins og Jesús sagði. Hárin á höfði okkar eru jafnvel talin!

<sup>6</sup> Eru hárin á höfði okkar talin? Einhverjum kann nú að

4, 5. Hvernig sýnir samlíking Jesú við spörvana að við erum verðmæt í augum Jehóva?

6. Hvers vegna megum við vera viss um að Jesús hafi ekki verið að ýkja þegar hann sagði að höfuðhárin á okkur væru talin?

þykja þetta vera ýkjur hjá Jesú. En hugsaðu til upprisunnar. Jehóva þarf að þekkja okkur býsna vel til að endurskapa okkur. Hann metur okkur svo mikils að hann man eftir hverju einasta smáatriði, þar á meðal erfðalyklinum og allri þeirri reynslu og þeim minningum sem við höfum safnað á ævinni.\* Að telja höfuðhárin á okkur — sem eru að jafnaði um 100.000 á venjulegu höfði — hlýtur að vera einfalt mál í samanburði við það.

### Hvað sér Jehóva við okkur?

<sup>7</sup> Í öðru lagi segir Biblían hvað það er sem Jehóva sér við þjóna sína. Hann gleðst einfaldlega yfir því að sjá hið góða í fari okkar og það sem við leggjum á okkur. „[Jehóva] rannsakar öll hjörtu og þekkir allar hugrenningar,“ sagði Davíð konungur við Salómon son sinn. (1. Kroníkubók 28:9) Í heimi, þar sem ofbeldi og hatur er í algleymingi, hlýtur það að gleðja Jehóva ósegjanlega að finna eitt og eitt mannhjarta meðal milljarða, sem ann friði, sannleika og réttlæti! Hvað gerist þegar Guð finnur manneskju sem elskar hann af öllu hjarta og leitast við að kynnst honum og segja öðrum frá honum? Jehóva segist gefa gaum að öllum sem segja öðrum frá honum. Hann heldur jafnvel „minnisbók“ um alla sem „óttast hann og virða nafn hans“. (Malakí 3:16) Honum þykir ákaflega vænt um slíkt fólk.

<sup>8</sup> Af þeim góðu verkum, sem Jehóva kann að meta, má nefna viðleitni okkar til að líkja eftir syni hans, Jesú Kristi.

---

\* Biblían setur upprisuvonina margoft í samband við minni Jehóva. Hinn trúfasti Job sagði við Jehóva: „Ó að þú vildir . . . setja mér tímatakmark og síðan *minnst* mín!“ (Jobsbók 14:13) Jesús sagði að „allir þeir, sem í gröfunum eru,“ myndu rísa upp. Gríska orðið *mne-meion*, sem þýtt er gröf, merkir fyrst og fremst minnisvarði eða minnismerki. — Jóhannes 5:28, 29.

7, 8. (a) Hvað hefur Jehóva yndi af að finna þegar hann rannsakar hjörtu manna? (b) Nefndu nokkur verk sem Jehóva kann að meta.



*„Þér eruð meira verðir en margir spörvar.“*

(1. Pétursbréf 2:21) Annað mikilvægt verk, sem hann metur mikils, er boðun fagnaðarerindisins um ríkið. Við lesum í Rómverjabréfinu 10:15: „Hversu fagurt er fótatak þeirra, sem færa fagnaðarboðin góðu.“ Yfirleitt hugsum við ekki um fótatak okkar sem fagurt. En hér táknar fótatakið viðleitni þjóna Jehóva til að boða fagnaðarerindið. Öll slík viðleitni er fögur og dýrmæt í augum hans. — Matteus 24:14; 28:19, 20.

<sup>9</sup> Jehóva kann líka vel að meta þolgæði okkar. (Matteus 24:13) Satan vill að þú snúir baki við Jehóva eins og þú manst. Hver dagur, sem þú sýnir Jehóva hollustu, er ákveðið svar við ögrunum Satans. (Orðskviðirnir 27:11) Það er ekki alltaf auðvelt að vera þolgóður. Heilsubrestur, fjárhagserfiðleikar, tilfinningaálag og aðrar þrautir geta verið þér prófraun hvern einasta dag. Langdregin eftirvænting getur líka verið letjandi. (Orðskviðirnir 13:12) Jehóva

9, 10. (a) Hvers vegna getum við treyst að Jehóva kunnir að meta þolgæði okkar í ýmiss konar prófraunum? (b) Hvernig hugsar Jehóva aldrei um trúá þjóna sína?

metur þolgæði þitt enn meir ef þú átt við slíkar þrautir að glíma. Það var þess vegna sem Davíð konungur sagði að Jehóva hefði safnað tárur hans í „sjóð“ og bætti svo við að þau væru „rituð í bók hans“. (Sálmur 56:9) Já, Jehóva man eftir og kann að meta öll þau tár sem við úthellum og þær þjáningar sem við þolum vegna hollustu okkar við hann.

<sup>10</sup> En hjartað heldur kannski áfram að dæma þig og streitist á móti þegar þú sérð sannanir fyrir því að við erum verðmæt í augum Guðs. Það hvíslar þrákelknislega: „En það eru svo margir miklu betri en ég. Jehóva hlýtur að vera vonsvikinn þegar hann ber mig saman við þá.“ En Jehóva ber okkur ekki saman við aðra og hann er ekki strangur og óvæginn í hugsun. (Galatabréfið 6:4) Hann les hjörtu okkar af mikilli næmni og metur hið góða sem hann finnur – jafnvel hið smæsta.


### Jehóva skilur hið góða frá hinu slæma

<sup>11</sup> Í þriðja lagi leitar Jehóva sérstaklega að hinu góða í fari okkar þegar hann rannsakar okkur. Tökum dæmi: Þegar hann úrskurðaði að allri ætt Jeróbóams konungs skyldi útrýmt fyrirskipaði hann að einn af sonum hans, Abía, skyldi fá sómasamlega greftrun. Hvers vegna? Vegna þess að „eitthvað hefir það verið í fari hans, er [Jehóva], Guði Ísraels, geðjaðist að“. (1. Konungabók 14:1, 10-13) Jehóva grannskoðaði hjarta unga mannsins og fann þar „eitthvað“ sem honum geðjaðist að. Hversu smátt eða ómerkilegt sem þetta var fannst Jehóva það þess virði að geta um það í orði sínu. Og hann umbunaði það með því að sýna vissa miskunn einum manni af þessari fráhrarfsætt.

<sup>12</sup> Jósafat konungur er enn skýrara dæmi um þetta. Hann

---

11. Hvað lærum við um Jehóva af miskunn hans við Abía?  
12, 13. (a) Hvernig er Jósafat konungur dæmi um að Jehóva leitar að hinu góða í fari okkar, jafnvel þó að við syndgum? (b) Hvernig er Jehóva eins og stoltur faðir þegar hann sér góð verk okkar og eiginleika?



var góður konungur en gerði heimskuleg mistök. Spámaður Jehóva sagði honum þá: „Sakir þessa liggur á þér reiði [Jehóva].“ Hvílík tilhugsun! En Jehóva hafði fleira að segja. Spámaðurinn hélt áfram: „Þó er nokkuð gott fundið í fari þínu.“ (2. Kroníkubók 19:1-3) Réttlát reiði Jehóva blindaði hann sem sagt ekki fyrir því góða sem fannst í fari Jósafats. Þetta er harla ólíkt ófullkomnum mönnum. Þegar við reiðumst öðrum hættir okkur til að verða blind á hið góða í fari þeirra. Og þegar við syndgum geta vonbrigðin, skömmin og sektarkenndin blindað okkur fyrir hinu góða í fari sjálfra okkar. En munum að Jehóva fyrirgefur okkur ef við iðrumst synda okkar og leggjum okkur fram um að endurtaka þær ekki.

<sup>13</sup> Þegar Jehóva rannsakar þig má segja að hann kasti burt slíkum syndum, ekki ósvipað og gulleitarmaður kastar verðlausri mól. En hvað um góð verk þín og eiginleika? Það eru gullkornin sem hann varðveitir. Hefurðu tekið eftir hve vænt foreldrum þykir um teikningar eða verkefni barna sinna frá því þau voru í skóla? Oft geyma þeir þau í áratugi eftir að börnin eru

***Jehóva kann að meta þolgæði okkar í prófraunum.***

búin að gleyma þeim. Jehóva er eins og stoltur faðir. Ef við erum honum trúföst gleymir hann *aldrei* góðum verkum okkar og eiginleikum. Hann myndi telja það ranglátt að gleyma þeim og hann er aldrei ranglátur. (Hebreabréfið 6:10) En hann rannsakar okkur einnig á annan hátt.

<sup>14</sup> Jehóva lítur fram hjá ófullkomleikanum og horfir á möguleika okkar. Lýsum þessu með dæmi: Listunnendur leggja mikið á sig til að gera við skemmd málverk eða önnur listaverk. Fyrir allnokkrum árum skemmdi maður vopnaður haglabyssu teikningu eftir Leonardo da Vinci í National Gallery í Lundúnum. Teikningin var metin á næstum 2,3 milljarða íslenskra króna. Engum datt í hug að henda myndinni úr því að hún var skemmd heldur hófust menn þegar í stað handa við að gera við meistara-verkið sem var nærri 500 ára gamalt. Hvers vegna? Vegna þess að það var dýrmætt í augum listunnenda. Ert þú ekki meira virði en krítar- og kolateikning? Þú ert það sannarlega í augum Guðs, hversu skemmdur sem þú ert af völdum hins arfgenga ófullkomleika. (Sálmur 72:12-14) Jehóva Guð, hinn snjalli skapari mannkynsins, mun gera hvaðeina sem nauðsynlegt er til að „gera við“ skemmdirnar og veita öllum fullkomleika sem þiggja kærleika hans. — Postulasagan 3:21; Rómverjabréfið 8:20-22.

<sup>15</sup> Já, Jehóva sér hið góða í okkur þó að við sjáum það kannski ekki sjálf. Og þegar við þjónum honum lætur hann þetta góða vaxa uns við verðum að lokum fullkomin. Það skiptir ekki máli hvernig heimur Satans hefur farið með okkur því að trúir þjónar Jehóva eru gersemar í augum hans. — Haggái 2:7.

---

14, 15. (a) Hvers vegna er Jehóva ekki blindur á hið góða í okkur, þó að við séum ófullkomin? Lýstu með dæmi. (b) Hvað gerir Jehóva úr hinu góða sem hann sér í okkur og hvernig lítur hann á trúá þjóna sína?



## Jehóva sýnir kærleika sinn í verki

<sup>16</sup> Í fjórða lagi gerir Jehóva margt til að sanna að hann elski okkur. Lausnarfórn Jesú er vissulega áhrifamesta svar-ið við þeirri lygi Satans að við séum einskis virði eða ekki sé hægt að elska okkur. Við skulum aldrei gleyma að kvala-fullur dauði Jesú á aftökustaurnum og enn meiri kvöl Jehóva er hann horfði upp á ástkæran son sinn deyjja er sönnun fyrir því að þeir elski okkur. Margir eiga því miður erfitt með að trúa að þessi gjöf geti verið ætluð þeim persónulega. Þeim finnst þeir ekki verðugir hennar. En mun-um að Páll postuli ofsótti einu sinni fylgjendur Krists. Samt sem áður skrifaði hann: „[Sonur Guðs] elskaði *mig* og lagði sjálfan sig í sölurnar fyrir *mig*.“ — Galatabréfið 1:13; 2:20.

<sup>17</sup> Jehóva sannar að hann elski okkur með því að hjálpa okkur persónulega að njóta góðs af fórn Krists. „Enginn getur komið til mín, nema faðirinn, sem sendi mig, dragi hann,“ sagði Jesús. (Jóhannes 6:44) Já, Jehóva dregur okkur persónulega til sonar síns og til vonarinnar um eilífa líf-ið. Hvernig? Með boðunarstarfinu sem nær til okkar persónulega, og með heilögum anda sem hann notar til að hjálpa okkur að skilja og tileinka okkur andleg sannindi, þó að við séum ófullkomin og takmörkuð. Jehóva getur því sagt um okkur eins og hann sagði um Ísrael: „Með ævar-andi elsku hefi ég elskað þig. Fyrir því hefi ég látið náð mína haldast við þig.“ — Jeremía 31:3.

<sup>18</sup> Trúlega er það þó í bæninni sem við finnum sterkast fyrir því að Jehóva elskar okkur. Biblían hvetur okkur til að biðja „án afláts“ til hans. (1. Þessaloníkubréf 5:17)

---

16. Hver er sterkasta sönnunin fyrir því að Jehóva elski okkur og hvernig vitum við að þessi gjöf er ætluð okkur persónulega?

17. Hvernig dregur Jehóva okkur til sín og sonar síns?

18, 19. (a) Hvernig finnum við hvað sterkast fyrir því að Jehóva elskar okkur, og hvað sýnir að hann annast þetta persónulega? (b) Hvernig fullvissar orð Guðs okkur um að hann hlusti með hlut-tekingu?

Hann hlustar. Biblían segir að hann ‚heyri bænir‘. (Sálmur 65:3) Hann hefur ekki falið neinum öðrum þetta verkefni, ekki einu sinni syni sínum. Hugsaðu þér: Skapari alheims hvetur þig til að koma til sín í bæn og tala frjállega við sig. Og hvers konar áheyrandi er hann? Er hann kuldalegur, áhugalaus eða fálátur? Alls ekki.

<sup>19</sup> Jehóva er hluttekningarsamur. Hvað er hluttekning? Aldraður kristinn maður sagði: „Hluttekning er kvöl þín í hjarta mér.“ Hefur kvöl okkar virkilega áhrif á Jehóva? Við lesum um þjáningar Ísraelsmanna: „Ávallt þegar þeir voru í nauðum staddir, kenndi hann nauða.“ (Jesaja 63:9) Jehóva sá ekki bara neyð fólks síns heldur fann til með því. Hann lýsir því sjálfur hve sterkt hann lifir sig inn í líðan þjóna sinna er hann segir: „Hver sá er snertir yður, snertir augastein minn.“\* (Sakaría 2:12) Það hlýtur að vera sárt! Já, Jehóva finnur til með okkur. Hann þjáist þegar við þjáumst.

<sup>20</sup> Allt eru þetta merki um að Jehóva elski þjóna sína og meti þá mikils. En enginn andlega þroskaður kristinn maður myndi nota sér þetta sem afsökun fyrir stolti eða sjálfsþóttu. Páll postuli skrifaði: „Fyrir þá náð, sem mér er gefin, segi ég yður hverjum og einum að hugsa ekki hærra um sig en hugsa ber, heldur í réttu hófi, og halda sér hver og einn við þann mæli trúar, sem Guð hefur úthlutað honum.“ (Rómverjabréfið 12:3) Í annarri biblíuþýðingu segir: „Ég vil segja ykkur hverjum og einum að ofmeta ekki sjálfan sig, heldur meta sig skynsamlega.“ (Charles B. Williams. *A Translation in the Language of the People*) Við njótum þess

---

\* Sumar biblíuþýðingar gefa í skyn að sá sem snertir fólk Guðs sé ekki að snerta auga Guðs heldur Ísraels eða *sitt eigið*. Þessa villu má rekja aftur til ritara sem breyttu versinu þegar þeir reyndu að „lagfæra“ ritningargreinar sem þeir töldu óvirðulegar. Með því drógu þeir úr kraftinum í persónulegri hluttekningu Jehóva.

### Til íhugunar

**Sálmur 139:1-24** Hvernig sýna innblásin orð Davíðs konungs að Jehóva hefur mikinn áhuga á okkur sem einstaklingum?

**Jesaja 43:3, 4, 10-13** Hvað finnst Jehóva um votta sína og hvernig birtist það í verki?

**Rómverjabréfið 5:6-8** Hvers vegna getum við treyst að kærleikur Jehóva náí til okkur og geri okkur gott, þó að við séum syndug?

**Júdasarbréfið 17-25** Hvernig getum við varðveitt okkur í kærleika Guðs og hvaða áhrif vinna gegn því að við gerum það?

að ylja okkur við ást föðurins á himnum en gætum þess að hugsa skynsamlega og hafa hugfast að við verðskuldum ekki kærleika Guðs og getum ekki áunnið okkur hann. — Lúkas 17:10.

<sup>21</sup> Gerum allt sem í okkar valdi stendur til að vísa lygum Satans á bug, þar á meðal þeirri lygi að við séum einskis virði og ekki elskuverð. Ef lífið hefur kennt þér að þú sért óverðugur þess að njóta kærleika Guðs, eða að góð verk þín séu of lítilfjörleg til að alsjáandi augu hans taki eftir þeim, eða þá að syndir þínar séu alvarlegri en svo að dauði hins elskaða sonar hans náí að breiða yfir þær, þá hefur verið logið að þér. Hafnaðu slíkum lygum af öllu hjarta! Höldum áfram að friða hjörtu okkar með þeim sannleika sem Páli var innblásið að skrifa: „Ég er þess fullviss, að hvorki dauði né líf, englar né tignir, hvorki hið yfirstandandi né hið ókomna, hvorki kraftar, hæð né dýpt, né nokkuð annað skapað muni geta gjört oss viðskila við kærleika Guðs, sem birtist í Kristi Jesú Drottni vorum.“ — Rómverjabréfið 8:38, 39.

21. Hvaða lygi Satans verðum við að hafna og hvaða sannindi geta friðað hjörtu okkar?

## „Hjartans miskunn Guðs vors“

BARN grætur um miðja nótt. Móðirin vaknar þegar í stað. Hún sefur ekki eins fast og áður — ekki síðan barnið fæddist. Og hún hefur lært að þekkja mismunandi grát þess. Oft getur hún gert greinarmun á því hvort barnið er svangt, vill láta halda á sér eða þarfnast einhvers annars. En það skiptir ekki máli af hvaða orsökum barnið grætur — móðirin sinnir því. Móðurástin leyfir henni ekki að hunsa þarfir barnsins.

<sup>2</sup> Umhyggja móður fyrir barni, sem hún hefur borið undir belti, er einhver blíðasta tilfinning sem menn þekkja. En það er til óendanlega sterkari tilfinning — hjartans miskunn og umhyggja Jehóva Guðs. Við getum nálægst Jehóva með því að kynna okkur þennan aðlaðandi eiginleika. Við skulum því kanna hvað er fólgið í miskunn og hvernig Guð sýnir hana.

### Hvað er miskunn?

<sup>3</sup> Nokkur hebresk og grísk orð eru notuð í Biblíunni til að lýsa miskunn, til dæmis hebreska orðið *racham'*. Uppflettirit segir að sagnorðið *racham'* „lýsi djúpstæðri og innilegri meðaumkun eins og kviknar þegar við horfum upp á veikleika eða þjáningar þeirra sem okkur þykir vænt um eða þarfnast hjálpar okkar“. Þetta hebreska orð, sem Jehóva notar um sjálfan sig, er skylt orði

1, 2. (a) Hvernig bregst móðir við þegar barnið hennar grætur? (b) Hvaða tilfinning er enn sterkari en umhyggja móður fyrir barni sínu?

3. Hvað merkir hebreska sögnin sem notuð er um miskunn?

sem þýðir „móðurkviður“ og getur merkt „móðurleg umhyggja“.\* – 2. Mósebók 33:19; Jeremía 33:26.

<sup>4</sup> Biblían notar móðurástina til að kenna okkur hvað sé fólgið í miskunn Jehóva. Við lesum í Jesaja 49:15: „Hvort fær kona gleymt brjóstbarni sínu, að hún miskunni [*racham'*] eigi lífsafkvæmi sínu? Og þó að þær gætu gleymt, þá gleymi ég þér samt ekki.“ Þessi hjartnæma lýsing undirstrikar djúpstæða miskunn Jehóva og umhyggju fyrir fólki sínu. Hvernig þá?

<sup>5</sup> Það er erfitt að ímynda sér að móðir gleymi að sinna brjóstbarni sínu. Barnið er algerlega ósjálfbjarga og er háð umhyggju hennar og ást dag og nótt. En því miður er ekki óþekkt að mæður vanræki börn sín, einkum á þeim erfiðu tímum sem við lifum og í „kærleiksleysinu“ sem einkennir þá. (2. Tímóteusarbréf 3:1, 3) Jehóva segir hins vegar: „Ég gleymi þér samt ekki.“ Hjartans miskunn Jehóva og umhyggja hans fyrir þjónum sínum bregst aldrei. Hún er óendanlega sterkari en blíðasta tilfinning sem hægt er að hugsa sér – umhyggja móður fyrir ungbarni sínu. Það er ekkert undarlegt að biblíuskýrandi skuli segja um Jesaja 49:15: „Þetta er ein sterkasta, ef ekki alsterkasta lýsing Gamla testamentisins á kærleika Guðs.“

<sup>6</sup> Eru miskunn og meðaumkun veikleikamerki? Margir ófullkomnir menn hafa haldið því fram. Rómverski heimspekingurinn Seneca kenndi til dæmis að

---

\* Athygli vekur að í Sálmi 103:13 er hebreska sögnin *racham'* notuð um miskunn föður við börn sín.

---

4, 5. Hvernig notar Biblían móðurástina til að fræða okkur um miskunn og umhyggju Jehóva?

6. Hvernig hafa margir ófullkomnir menn litið á miskunn og meðaumkun en um hvað fullvissar Jehóva okkur?



„vorkunnsemi væri veikleiki hugans“ en hann var samtíða Jesú og einn virtasti menntamaður Rómar. Seneca aðhylltist stóuspeki sem leggur áherslu á rósemi án tilfinninga. Vitur maður getur hjálpað nauðstöddum, sagði Seneca, en hann má ekki leyfa sér að vorkenna þeim því að tilfinningin myndi ræna hann rónni. Þessi sjálfhverfa lífsskoðun bauð ekki upp á innilega miskunn eða umhyggju. En Jehóva er alls ekki þannig, enda fullvissar hann okkur um það í orði sínu að hann sé „mjög miskunnsamur og líknsamur“. (Jakobsbréfið 5:11) Miskunn er ekki veikleiki heldur sterkur og mikilvægur eiginleiki eins og við munum sjá. Við skulum kanna hvernig Jehóva sýnir miskunn og umhyggju eins og ástríkt foreldri.

### Þegar Jehóva miskunnaði þjóð

<sup>7</sup> Miskunn Jehóva birtist greinilega í samskiptum hans við Ísraelsmenn. Milljónir Ísraelsmanna voru þrælkaðar og sættu harðneskjulegri kúgun í Egyptalandi undir lok 16. aldar f.o.t. Egyptar „gjörðu þeim lífið leitt með þungri þrælavinnu við leireltu og tígulsteinagjörð“. (2. Mósebók 1:11, 14) Í bágindum sínum hrópuðu Ísraelsmenn til Jehóva og báðu hann hjálpar. Hver voru viðbrögð hins miskunnsama Guðs?

<sup>8</sup> Jehóva var snortinn í hjarta sér. „Ég hefi sannlega séð ánaud þjóðar minnar í Egyptalandi og heyrt hversu hún kveinar undan þeim, sem þrælka hana,“ sagði hann, „ég veit, hversu bágt hún á.“ (2. Mósebók 3:7) Jehóva gat ekki annað en fundið til með þjónum sínum

7, 8. Hvernig þjáðust Ísraelsmenn í Egyptalandi og hvernig brást Jehóva við þjáningum þeirra?

*„Hvort fær kona gleymt brjóstbarni sínu?“*

þegar hann horfði upp á kvöl þeirra og heyrði hróp þeirra. Jehóva er hluttekningarsamur eins og fram kom í 24. kafla þessarar bókar. Og hluttekning — það að geta sett sig tilfinningalega í spor annarra — er náskyld miskunn. En Jehóva fann ekki aðeins til með fólki sínu heldur fann sig líka knúinn til að koma því til bjargar. „Af elsku sinni og vægðarsemi endurleysti hann þá,“ segir Jesaja 63:9. Hann bjargaði Ísraelsmönnum úr Egyptalandi með „sterkri hendi“. (5. Mósebók 4:34) Síðan sá hann þeim fyrir fæði, leiddi þá inn í frjósamt land og gaf þeim það til eignar.

<sup>9</sup> Miskunn Jehóva lét ekki staðar numið þar. Eftir að Ísraelsmenn settust að í fyrirheitna landinu reyndust þeir honum ótrúir hvað eftir annað og liðu fyrir það. En þegar þjóðin kom til sjálfrar sín ákallaði hún Jehóva. Og hann frelsaði hana æ ofan í æ. Af hverju? „Því að hann vildi þyrma lýð sínum.“ — 2. Kroníkubók 36:15; Dómarabókin 2:11-16.

<sup>10</sup> Tökum dæmi: Á dögum Jefta voru Ísraelsmenn farnir að tilbiðja falsguði þannig að Jehóva leyfði Ammonítum að kúga þá í 18 ár. Loks iðruðust Ísraelsmenn og „köstuðu þeir burt frá sér útlendu guðunum og dýrkuðu [Jehóva]. Eirði hann þá illa eynd Ísraels,“ segir Biblían. (Dómarabókin 10:6-16) Jehóva gat ekki horft upp á þjóðina þjást eftir að hún hafði sýnt einlæga iðrun. Í miskunn sinni gaf hann Jefta kraft til að frelsa hana af hendi óvina hennar. — Dómarabókin 11:30-33.

9, 10. (a) Hvers vegna frelsaði Jehóva Ísraelsmenn æ ofan í æ eftir að þeir settust að í fyrirheitna landinu? (b) Undan hverju frelsaði Jehóva Ísraelsmenn á dögum Jefta og af hverju gerði hann það?



<sup>11</sup> Hvað lærum við um hjartans miskunn Jehóva af samskiptum hans við Ísraelsmenn? Meðal annars sjáum við að hún er meira en samúðarfull vitund um bágindi annarra. Þú manst eftir dæminu um miskunn og umhyggju móður sem sinnir grátandi barni þegar í stað. Jehóva heyrir sömuleiðis þegar þjónar hans ákalla hann og í miskunn sinni linar hann þjáningar þeirra. Og samskipti hans við Ísraelsmenn sýna greinilega að miskunn er enginn veikleiki því að það var hjartans miskunn hans sem olli því að hann greip til harðra aðgerða til að hjálpa þeim. En miskunnar Jehóva þjónum sínum aðeins sem hópi?

### Jehóva miskunnar einstaklingum

<sup>12</sup> Lögmálið, sem Guð gaf Ísraelsmönnum, vitnar um miskunn hans í garð einstaklinga. Lítum til dæmis á umhyggju hans fyrir fátækum. Jehóva vissi að ófyrirsjáanlegar aðstæður gætu valdið fátækt hjá fólki. Hvernig átti að koma fram við fátæka? Jehóva gaf Ísraelsmönnum ströng fyrirmæli þar að lútandi: „Skalt þú ekki herða hjarta þitt og eigi afturlykja hendi þinni fyrir fátækum bróður þínum. Miklu fremur skalt þú gefa honum og eigi gjöra það með illu geði, því að fyrir það mun [Jehóva] Guð þinn blessa þig í öllu verki þínu.“ (5. Mósebók 15:7, 10) Hann bannaði Ísraelsmönnum enn fremur að skera akra sína út í hvert horn og tína eftirtíning. Bágstaddir máttu eiga eftirtíninginn. (3. Mósebók 23:22; Rutarbók 2:2-7) Þegar þjóðin virti þessi hugulsömu ákvæði þurftu bágstaddir í Ísrael ekki

11. Hvað sýna samskipti Jehóva við Ísraelsmenn um miskunn hans?

12. Hvernig endurspegluðu lög Jehóva miskunn hans í garð einstaklinga?

að betla til matar. Vitnar þetta ekki um hjartans miskunn og umhyggju Jehóva?

<sup>13</sup> Guði kærleikans er ekkert síður annt um okkur sem einstaklinga nú á tímum. Við getum treyst að hann er mjög næmur fyrir öllum þjáningum sem við megum þola. „Augu [Jehóva] hvíla á réttlátum, og eyru hans gefa gaum að hrópi þeirra. [Jehóva] er nálægur þeim er hafa sundurmarið hjarta, þeim er hafa sundurkraminn anda, hjálpar hann,“ orti sálmaskáldið Davíð. (Sálmur 34:16, 19) Biblíuskýrandi segir um þá sem hér er lýst: „Þeir hafa sundurmarið hjarta og eru iðrunarfullir, það er að segja auðmýktir vegna syndar sinnar og hafa misst sjálfsvirðinguna; þeir hafa lítið álit á sjálfum sér og telja sig einskis virði.“ Viðbúið er að þeim sem líður þannig finnist Jehóva vera fjarlægur og þeir sjálfir of ómerkilegir til að hann sinni þeim. En það er ekki rétt. Orð Davíðs veita okkur vissu fyrir því að Jehóva yfirgefi ekki þá sem „hafa lítið álit á sjálfum sér“. Guð miskunnarinnar veit að við þörfnumst hans mest þegar okkur líður þannig, og hann er nálægur okkur.

<sup>14</sup> Lítum á dæmi. Tveggja ára drengur í Bandaríkjunum var með slæman barkahósta og móðir hans flýtti sér með hann á spítala. Læknar rannsökuðu drenginn og sögðu móðurinni að hann yrði að vera næturlangt á spítalanum. Og hvar eyddi móðirin nóttinni? Á stól inni á sjúkrastofunni við rúm drengsins. Litli drengurinn hennar var veikur og hún gat ekki hugsað sér að vera annars staðar en hjá honum. Við getum auðvit að vænst enn meira af hinum kærleiksríka föður okkar

13, 14. (a) Hvernig veita orð Davíðs okkur vissu fyrir því að Jehóva sé innilega annt um hvert og eitt okkar? (b) Lýstu með dæmi hvernig Jehóva er nálægur þeim sem hafa „sundurmarið hjarta“ eða „sundurkraminn anda“.

á himnum. Við erum nú sköpuð eftir mynd hans. (1. Mósebók 1:26) Hin hjartnæmu orð í Sálmi 34:19 segja okkur að Jehóva sé „nálægur“ eins og ástríkt for-eldri þegar við höfum „sundurmarið hjarta“ eða „sundurkraminn anda“ — hann er ávallt miskunnsamur og reiðubúinn að hjálpa.

<sup>15</sup> Hvernig hjálpar Jehóva okkur hverju og einu? Ekki endilega með því að fjarlægja orsök þjáninganna. Hann hefur hins vegar gert ótalmargt til að hjálpa þeim sem ákalla hann. Orð hans, Biblían, hefur að geyma góð ráð sem við getum haft verulegt gagn af. Í söfnuðinum hefur hann látið í té hæfa umsjónarmenn sem kappkosta að endurspegla miskunn hans og umhyggju með því að liðsinna trússystkinum sínum. (Jakobsbréfið 5:14, 15) Jehóva „heyrir bænir“ og gefur þeim „heilagan anda, sem biðja hann“. (Sálmur 65:3; Lúkas 11:13) Andi hans getur gefið okkur „ofurmagn kraftarins“ svo að við getum haldið út uns ríki hans fjarlægir allt sem þjakar okkur. (2. Korintubríf 4:7) Erum við ekki þakklát fyrir þetta? Gleymum ekki að þetta er merki um hjartans miskunn og umhyggju Jehóva.

<sup>16</sup> Skýrasta dæmið um miskunn Jehóva er auðvitað það að hann skyldi gefa þann sem honum þótti vænst um sem lausnargjald fyrir okkur. Það var kærleiksrík fórn af hálfu Jehóva og opnaði okkur leið til hjálpræðis. Munum að lausnargjaldið, sem hann gaf, nær til okkar persónulega. Það var því vel við hæfi að Sakaríá, faðir Jóhannesar skírara, skyldi segja fyrir að lausnargjaldið miklaði „hjartans miskunn Guðs vors“. — Lúkas 1:78.

15. Hvernig hjálpar Jehóva okkur sem einstaklingum?

16. Hvert er skýrasta dæmið um miskunn Jehóva og hvaða áhrif hefur það á okkur sem einstaklinga?

## Þegar Jehóva heldur aftur af miskunn sinni

<sup>17</sup> Er miskunn Jehóva takmarkalaus? Nei, Biblían sýnir ótvírætt að Jehóva synjar þeim um miskunn sem vilja ekki ganga á réttlátum vegum hans. (Hebreaþréfið 10:28) Við skulum rifja upp dæmi frá dögum Ísraels til að kanna ástæðuna.

<sup>18</sup> Þó að Jehóva frelsaði Ísraelsmenn æ ofan í æ af hendi óvina þeirra þraut miskunn hans að lokum. Þessi þrjóska þjóð stundaði skurðgoðadýrkun og kom jafnvel með viðbjóðsleg skurðgoð sín inn í musteri Jehóva! (Esekíel 5:11; 8:17, 18) Biblían segir enn fremur: „Þeir smánuðu sendiboða Guðs, fyrirlitu orð hans og gjörðu gys að spámönnum hans, uns reiði [Jehóva] við lýð hans var orðin svo mikil, að eigi mátti við gjöra.“ (2. Kroníkubók 36:16) Ísraelsmenn komust á það stig að það var enginn grundvöllur lengur til að sýna þeim miskunn, og þeir kölluðu yfir sig réttláta reiði Jehóva. Hvaða afleiðingar hafði það?

<sup>19</sup> Jehóva gat ekki fundið til með fólki sínu lengur. „Ég tortími þeim hlífðarlaust, án nokkurrar vægðar og miskunnar,“ sagði hann. (Jeremía 13:14) Jerúsalem og musterið voru því jöfnuð við jörðu og Ísraelsmenn fluttir sem herfangar til Babýlonar. Það er dapurlegt að syndugir menn skuli geta orðið svo mótþróafullir að Guð geti ekki miskunnað þeim lengur. — Harmljóðin 2:21.

<sup>20</sup> Hvað um okkar tíma? Jehóva hefur ekki breytt sér. Í miskunn sinni hefur hann falið vottum sínum að boða

17-19. (a) Hvernig sýnir Biblían að miskunn Jehóva er ekki takmarkalaus? (b) Hvað olli því að miskunn Jehóva við fólk hans þraut?

20, 21. (a) Hvað gerist þegar miskunn Guðs er á þrotum? (b) Hvaða miskunnsama ráðstöfun Jehóva skoðum við í næsta kafla?

### Til íhugunar

**Jeremía 31:20** Hvaða blíðar tilfinningar ber Jehóva til þjóna sinna og hvaða tilfinningar vekur það með þér?

**Jóel 2:12-14, 17-19** Hvað þurfti fólk Jehóva að gera til að hljóta miskunn og hvað lærum við af því?

**Jónas 4:1-11** Hvernig sýndi Jehóva Jónasi fram á mikilvægi miskunnar?

**Hebreabréfið 10:26-31** Hvers vegna megum við ekki misnota miskunn Jehóva?

„fagnaðarerindið um ríkið“ út um allan heim. (Matteus 24:14) Þegar réttssinnað fólk bregst vel við boðuninni hjálpar hann því að skilja boðskapinn um ríkið. (Postulasagan 16:14) En þetta starf tekur enda. Það væri varla miskunnsamt af Jehóva að leyfa þessum illa heimi, með allri sinni eynd og þjáningum, að standa til eilíðar. Jehóva fullnægir dómi sínum yfir þessu heimskerfi þegar miskunn hans er á þrotum. En jafnvel þá sýnir hann miskunn — gagnvart „heilögu nafni sínu“ og trúum þjónum sínum. (Esekíel 36:20-23) Jehóva afmáir illskuna og við tekur réttlátur nýr heimur. Hann segir um óguðlega menn: „Ég [skal] ekki líta þá vægðarauga og enga meðaumkun sýna. Ég læt athæfi þeirra þeim sjálfum í koll koma.“ — Esekíel 9:10.

<sup>21</sup> Þangað til sýnir Jehóva fólki miskunn og umhyggju, jafnvel þeim sem stefna í tortímingu. Syndugir menn, sem iðrast í einlægni, geta notfært sér eina miskunnsömustu ráðstöfun hans — fyrirgefninguna. Í næsta kafla skoðum við nokkrar af fegurstu líkingum Biblíunnar sem lýsa því hve alger fyrirgefning Jehóva er.

## Guð sem er „fús til að fyrirgefa“

„MISGJÖRÐIR mínar ganga mér yfir höfuð, sem þung byrði eru þær mér of þungar orðnar. Ég er lé magna og kraminn mjög.“ (Sálmur 38:5, 9) Þannig orti sálmaskáldið Davíð. Hann vissi hve þung og þjakandi slæm samviska getur verið. En hann vissi líka hvað gat linað kvölinu í hjarta hans. Hann gerði sér ljóst að Jehóva hatar að vísu syndina en hann hatar ekki syndara sem iðrast í einlægni og snýr baki við rangri stefnu sinni. Hann treysti því fullkomlega að Jehóva vildi miskunna iðrandi mönnum og sagði: „Þú, [Jehóva], ert . . . fús til að fyrirgefa.“ — Sálmur 86:5.

<sup>2</sup> Þegar við syndgum getur samviskubitið verið sárt og þjakandi. En iðrun og eftirsjá eru heilnæmar tilfinningar því að þær geta verið okkur hvatning til að gera það sem gera þarf til að bæta fyrir mistök okkar. Sektarkenndin getur samt orðið yfirþyrmandi. Hjartað getur dæmt okkur svo hart að okkur finnist Jehóva aldrei munu fyrirgefa okkur, hversu einlæg sem iðrun okkar er. Ef við „sökkvum niður“ í sektarkennd gæti Satan reynt að buga okkur og telja okkur trú um að við séum einskis virði í augum Jehóva og óhæf til að þjóna honum. — 2. Korintubréf 2:5-11.

<sup>3</sup> Hugsar Jehóva þannig? Alls ekki, því að fyrirgefning er sterkur þáttur í kærleika hans. Hann fullvissar okkur um það í orði sínu að hann er fús til að fyrirgefa ef við sýnum sanna og einlæga iðrun. (Orðskviðirnir 28:13) Við skulum kanna hvers vegna og hvernig Jehóva fyrirgefur, til að fullvissa okkur um að fyrirgefning hans sé ekki utan seilingar.

1-3. (a) Hvaða byrði hvíldi á sálmaskáldinu Davíð og hvað gat linað kvölinu í hjarta hans? (b) Hvaða byrði getur hvílt á okkur þegar við syndgum en um hvað fullvissar Jehóva okkur?

## Hvers vegna er Jehóva „fús til að fyrirgefa“?

<sup>4</sup> Jehóva þekkir takmörk okkar mætavel. „Hann þekkir eðli vort, minnst þess að vér erum mold,“ segir í Sálmi 103:14. Hann gleymir ekki að við erum gerð úr mold og erum veikleikum háð vegna ófullkomleikans. Þegar sagt er að hann þekki „eðli vort“ er á það minnt að Biblían líkir Jehóva við leirkerasmið og okkur við kerin sem hann mót-ar.\* (Jeremía 18:2-6) Leirkerasmiðurinn mikli fer mildum höndum um okkur því að við erum syndug og brothætt, og hann tekur tillit til þess hvernig við bregðumst við handleiðslu hans.

<sup>5</sup> Jehóva skilur hve máttug syndin er. Orð hans líkir henni við sterkt afl sem heldur manningnum í heljargreipum. Hversu sterk eru tók syndarinnar eiginlega? Páll postuli lýsir því í Rómverjabréfinu: Við erum „undir synd“ eins og hermenn undir stjórn liðsforingja (Rómverjabréfið 3:9); hún hefur ‚rikt‘ yfir mannkyninu eins og konungur (Rómverjabréfið 5:21); hún „býr“ í okkur (Rómverjabréfið 7:17, 20); „lögmal“ hennar er stöðugt að verki í okkur og reynir að ráða stefnu okkar. (Rómverjabréfið 7:23, 25) Já, syndin hefur heljartak á föllnu holdi okkar. — Rómverjabréfið 7:21, 24.

<sup>6</sup> Jehóva veit þess vegna að við getum ekki hlýtt honum fullkomlega, hversu heitt sem við þráum það. Hann fullvissar okkur hlýlega um að hann fyrirgefi okkur þegar við leitum miskunnar hans með iðrandi hjarta. Sálmur 51:19 segir: „Guði þekkar fórnir eru sundurmarinn andi,

---

\* Hebreska orðið, sem þýtt er „eðli vort“, er einnig notað um smíði leirkerasmiðsins. — Jesaja 29:16.

4. Hvað þekkir Jehóva og hvaða tókum tekur hann okkur þar af leiðandi?

5. Hvernig lýsir Rómverjabréfið sterku taki syndarinnar?

6, 7. (a) Hvernig lítur Jehóva á þá sem leita miskunnar hans með iðrandi hjarta? (b) Af hverju megum við ekki syndga upp á náð Guðs?

sundurmaríð og sundurkramið hjarta munt þú, ó Guð, eigi fyrirlíta.“ Jehóva hafnar aldrei né vísar á bug hjarta sem er „sundurmaríð og sundurkramið“ af sektarkennd.

<sup>7</sup> En merkir þetta að við getum syndgað upp á náðina og afsakað okkur með því að við séum syndug að eðlisfari? Auðvitað ekki. Jehóva lætur ekki stjórnast af tilfinningum einum saman. Miskunn hans á sér takmörk. Hann fyrirgefur alls ekki þeim sem stunda synd af ásetningi og þrjúsku og iðrast einskis. (Hebreabréfið 10:26) Hann er hins vegar fús til að fyrirgefa þegar hann sér iðrandi hjarta. Við skulum nú skoða nokkur dæmi um myndmál Biblíunnar þegar hún lýsir þessum frábæra þætti í kærleika Jehóva.

### Hve alger er fyrirgefning Jehóva?

<sup>8</sup> Davíð sagði iðrunarfullur: „Þá játaði ég synd mína fyrir þér og fól eigi misgjörð mína . . . og þú fyrirgafst syndasekt mína.“ (Sálmur 32:5) Sögnin „fyrirgafst“ er þýðing á hebresku sagnorði sem merkir að ‚lyfta upp‘ eða ‚bera‘. Hér táknar hún að taka burt „sekt, synd [eða] afbrot“. Það má orða það þannig að Jehóva hafi lyft upp syndum Davíðs og borið þær burt. Þetta hefur eflaust dregið úr sektarkenndinni sem hvíldi á Davíð. (Sálmur 32:3) Við getum líka treyst fullkomlega á Guð sem ber burt syndir þeirra er leita fyrirgefningar hans vegna trúar á lausnarfórn Jesú. — Matteus 20:28.

<sup>9</sup> Davíð notar aðra sterka myndlíkingu til að lýsa fyrirgefningu Jehóva: „Svo langt sem austrið er frá vestrinu, svo langt hefir hann fjarlægt afbrot vor frá oss.“ (Sálmur 103:12, leturbreyting okkar) Hve langt er austrið frá vestrinu? Í vissum skilningi er austrið alltaf mesta hugsanlega

8. Hvað gerir Jehóva í reynd þegar hann fyrirgefur syndir okkar og hvaða traust ætti það að veita okkur?

9. Hversu langt burt fer Jehóva með syndir okkar?



fjarlægð frá vestrinu. Austrið og vestrið geta aldrei mæst. Fræðimaður segir þetta orðalag merkja „eins fjarlægt og hægt er, eins langt og hægt er að ímynda sér“. Innblásin orð Davíðs merkja að þegar Jehóva fyrirgefur fjarlægir hann syndir okkar og kemur þeim eins langt í burtu og við getum ímyndað okkur.

<sup>10</sup> Hefurðu einhvern tíma reynt að ná bletti úr ljósri flík? Þú reyndir þitt besta en bletturinn vildi ekki hverfa allveg. Sjáðu hvernig Jehóva lýsir fyrirgefningu sinni: „Þó að syndir yðar séu sem skarlat, skulu þær verða *hvítar sem mjöll*. Þó að þær séu rauðar sem purpuri, skulu þær verða sem ull.“ (Jesaja 1:18) „Skarlat“ lýsir sterkum, rauðum lit og „purpuri“ var rauðfjólublár litur.\* (Nahúm 2:4) Við

---

\* Fræðimaður segir að skarlat hafi verið „*litekta*. Hvorki dökk, regn, þvottur né langvinn notkun vann á litnum.“

---

10. Hvers vegna ætti okkur ekki að finnast við bera bletti af syndum okkar það sem eftir er ævinnar, eftir að Jehóva hefur fyrirgefið þær?

***„Syndir yðar skulu verða hvítar sem mjöll.“***



getum aldrei afmáð blett syndarinnar af eigin rammleik. En Jehóva getur tekið syndir, sem eru eins og purpuri og skarlat, og gert þær hvítar sem snjó og sem ólitaða ull. Þegar Jehóva fyrirgefur syndir okkar þurfum við ekki að hafa á tilfinningunni að við séum blettud af syndinni til æviloka.

<sup>11</sup> Hiskía orti hrífandi þakkarljóð eftir að hann læknaðist af banvænum sjúkdómi. Hann sagði við Jehóva: „Þú *varpaðir að baki þér* öllum syndum mínum.“ (Jesaja 38:17) Hér er Jehóva lýst þannig að hann taki syndir iðrandi manns og kasti þeim aftur fyrir sig þar sem hann hvorki sér þær né gefur gaum að þeim framar. Uppsláttarrit segir að það megi orða hugmyndina þannig: „Þú hefur farið með [syndir mínar] eins og þær hafi aldrei átt sér stað.“ Er það ekki hughreystandi?

<sup>12</sup> Í endurreisnarspádómi lýsir Míka spámaður þeirri sannfæringu sinni að Jehóva fyrirgefi iðrandi fólki sínu. Hann segir: „Hver er slíkur Guð sem þú, sá er fyrirgefur leifum arfleifðar sinnar misgjörð þeirra? . . . Já, þú munt varpa öllum syndum vorum *í djúp hafsins*.“ (Míka 7:18, 19) Hugsaðu þér hvað þessi orð þýddu fyrir fólk á biblíutímanum. Var nokkur leið að endurheimta það sem hent var „í djúp hafsins“? Orð Míka bera þannig með sér að Jehóva afmái syndir okkar fyrir fullt og allt þegar hann fyrirgefur.

<sup>13</sup> Jesús notaði samband skuldara og lánardrottna til að lýsa því hvernig Jehóva fyrirgefur. Hann líkti syndum við skuldir og hvatti okkur til að biðja: „Fyrirgef oss vorar *skuldir*.“ (Matteus 6:12; Lúkas 11:4) Við verðum ‚skuldunautar‘ Jehóva þegar við syndgum. Uppsláttarrit segir að

11. Í hvaða skilningi varpar Jehóva syndum okkar að baki sér?

12. Hvernig gefur Míka spámaður í skyn að Jehóva afmái syndir okkar fyrir fullt og allt þegar hann fyrirgefur?

13. Hvað merkja orð Jesú: „Fyrirgef oss vorar skuldir“?

gríska sögnin, sem þýdd er ‚fyrirgefa‘, merki „að gefa eftir eða gefa upp skuld með því að krefjast ekki greiðslu“. Þegar Jehóva fyrirgefur er hann í vissum skilningi að fella niður skuldina sem annars yrði færð á okkar reikning. Iðrandi syndarar geta því látið huggast. Jehóva krefst aldrei greiðslu skuldar sem hann er búinn að fella niður! — Sálmur 32:1, 2.

<sup>14</sup> Í Postulasögunni 3:19 er notuð önnur líking til að lýsa fyrirgefningu Jehóva: „Gjörið því iðrun og snúið yður, að syndir yðar verði *afmáðar*.“ Sögnin ‚að afmá‘ er þýðing grískrar sagnar sem getur merkt „að þurrka út, . . . ógilda eða eyðileggja“. Að sögn sumra fræðimanna er líkingin dregin af því að stroka út skrift. Hvernig var það gert? Til forna var blek yfirleitt búið til úr blöndu af kol-efni, gúmmíkvoðu og vatni. Hægt var að þurrka út skrift með rökum svampi áður en blekið þornaði. Hér er dregin upp falleg mynd af miskunn Jehóva. Þegar hann fyrirgefur syndir okkar er eins og hann taki svamp og þurrki þær út.

<sup>15</sup> Er ekki ljóst af þessum fjölbreytilegu líkingum að Jehóva vill sýna okkur fram á að hann sé virkilega reiðubúinn að fyrirgefa syndir okkar, svo framarlega sem hann sér að við iðrumst í einlægni? Við þurfum ekki að óttast að hann erfi þessar syndir við okkur í framtíðinni. Það er ljóst af öðru sem Biblían opinberar varðandi hina miklu miskunn Jehóva: Hann gleymir þegar hann fyrirgefur.

### „Ég mun . . . ekki framar minnst syndar þeirra“

<sup>16</sup> Jehóva lofaði eftirfarandi um þá sem ættu aðild að nýja sáttmálanum: „Ég mun fyrirgefa misgjörð þeirra og ekki

14. Af hverju er líkingin dregin þegar talað er um að ‚afmá syndir‘?

15. Hvað vill Jehóva að við vitum um sig?

16, 17. Hvað á Biblían við þegar hún segir að Jehóva minnst ekki synda okkar? Skýrðu svarið.



***Jehóva vill að við vitum að hann er „fús til að fyrirgefa“.***

framar minnst syndar þeirra.“ (Jeremía 31:34) Merkir þetta að Jehóva geti alls ekki munað eftir syndunum eftir að hann fyrirgefur? Það getur tæplega verið rétt. Biblían segir frá syndum margra sem Jehóva fyrirgaf, til dæmis Davíðs. (2. Samúelsbók 11:1-17; 12:13) Augljóst er að Jehóva veit enn af syndunum sem þeir drýgðu. Það er sagt frá syndum þeirra okkur til gagns, og einnig frá iðrun þeirra og fyrirgefningu Guðs. (Rómverjabréfið 15:4) Hvað á Biblían þá við þegar hún segir að Jehóva minnst ekki framfar synda þeirra sem hann fyrirgefur?

<sup>17</sup> Hebreska sagnorðið, sem þýtt er „minnst“, felur ekki aðeins í sér að muna liðna atburði. Samkvæmt orðabók merkir það „einnig að grípa til viðeigandi aðgerða“.

(*Theological Wordbook of the Old Testament*) Að „minnst“ syndar merkir því í þessum skilningi að einnig sé gripið til aðgerða gegn syndurum. (Hósea 9:9) En þegar Guð segist „ekki framar minnst syndar þeirra“ er hann að fullvissa okkur um að hann refsir ekki iðrandi syndurum einhvern tíma síðar fyrir syndir sem hann er búinn að fyrirgefa þeim. (Esekíel 18:21, 22) Jehóva gleymir í þeim skilningi að hann rifjar ekki upp syndir okkar aftur og aftur til að ásaka okkur eða refsa æ ofan í æ. Er ekki hughreystandi til þess að vita að Guð bæði fyrirgefur og gleymir?

### Hvað um afleiðingarnar?

<sup>18</sup> Sleppur syndarinn þá við allar afleiðingar rangrar breytni sinnar fyrst Jehóva er fús til að fyrirgefa? Nei, við getum ekki syndgað okkur að meinalausu. „Það sem maður sáir, það mun hann og uppskera,“ skrifaði Páll. (Galatabréfið 6:7) Verk okkar geta haft vissar afleiðingar. En það merkir ekki að Jehóva kalli einhverja ógæfu yfir okkur eftir að hann hefur fyrirgefið okkur. Þegar kristinn maður lendir í erfiðleikum ætti hann ekki að ímynda sér að nú sé Jehóva kannski að refsa honum fyrir gamlar syndir. (Jakobsbréfið 1:13) Jehóva hlífir okkur hins vegar ekki við öllum afleiðingum rangra verka okkar. Hjónaskilnaður, óvelkomin þungun, samræðissjúkdómur eða missir trausts og virðingar — synd getur haft þessar dapurlegu en óhjákvæmilegu afleiðingar. Jehóva fyrirgaf Davíð syndir hans í tengslum við Batsebu og Úría en hlífði honum samt ekki við átakanlegum afleiðingum þeirra. — 2. Samúelsbók 12:9-12.

<sup>19</sup> Syndir okkar geta haft ýmsar aðrar afleiðingar, ekki síst ef þær hafa komið niður á öðrum. Tökum dæmi úr

18. Hvers vegna hefur fyrirgefning ekki í för með sér að iðrandi syndari sleppi við allar afleiðingar rangrar breytni sinnar?

19-21. (a) Hvernig voru ákvæðin í 3. Mósebók 6:1-7 til góðs bæði fyrir fórnarlambið og syndarann? (b) Hvernig getum við glatt Jehóva eftir að hafa valdið öðrum tjóni eða sárindum með synd okkar?

3. Mósebók 6. kafla. Þar er að finna ákvæði í Mósélögnum um mann sem drýgir alvarlega synd með því að ræna eigum meðbróður síns eða ná þeim af honum með ofriki eða svikum. Syndarinn neitar síðan sekt sinni og er jafnvel svo ósvífinn að sverja rangan eið. Þar stendur orð gegn orði. En síðan slær samviskan hinn seka og hann játar synd sína. Til að hljóta fyrirgefningu Guðs þarf hann að gera þrennt til viðbótar: skila því sem hann tók eða endurgreiða það, greiða fórnarlambinu fimmtung af andvirði þess í sekt og færa hrút að sektarfórn. Síðan segir í lög málinu: „Presturinn skal friðþægja fyrir hann frammi fyrir [Jehóva], og honum mun fyrirgefið verða.“ — 3. Mósebók 6: 1-7.

<sup>20</sup> Þetta ákvæði vitnar vel um miskunn Guðs. Fórnarlambið fékk tjónið bætt og létti eflaust þegar hinn brotlegi játaði loks synd sína. Ákvæðið var einnig til góðs fyrir manninn sem fékk að lokum samviskubít og játaði sekt sína og bætti fyrir brotið. Ef hann hefði ekki gert það hefði Guð ekki fyrirgefið honum.

<sup>21</sup> Þó að við séum ekki sett undir Mósélögin gefa þau okkur verðmæta innsýn í það hvernig Jehóva hugsar, þar á meðal um fyrirgefningu. (Kólossubrésið 2:13, 14) Það gleður Guð ef við gerum það sem við getum til að bæta fyrir hið ranga eftir að hafa syndgað gegn öðrum og valdið þeim tjóni eða sárindum. (Matteus 5:23, 24) Þetta getur falist í því að viðurkenna syndina, játa sekt okkar og biðja jafnvel fórnarlambið fyrirgefningar. Síðan getum við beðið til Jehóva í trú á fórn Jesú og fengið vissu fyrir því að hann hafi fyrirgefið okkur. — Hebreabrésið 10:21, 22.

<sup>22</sup> Jehóva er eins og ástríkur faðir sem veitir stundum einhverja ögun samfara fyrirgefningunni. (Orðskviðirnir 3: 11, 12) Iðrandi kristinn maður getur þurft að afsala sér því

22. Hvað getur fylgt fyrirgefningu Jehóva?

## Til íhugunar

**2. Kroníkubók 33:1-13** Hvers vegna fyrirgaf Jehóva Manasse og hvað segir það okkur um miskunn hans?

**Matteus 6:12, 14, 15** Hvers vegna ættum við að fyrirgefa öðrum þegar fullt tilefni er til?

**Lúkas 15:11-32** Hvað lærum við af þessari dæmisögu um vilja Jehóva til að fyrirgefa og hvaða áhrif hefur það á þig?

**2. Korintubríf 7:8-11** Hvað þurfum við að gera til að hljóta fyrirgefningu Guðs?

að þjóna sem öldungur, safnaðarþjónn eða boðberi í fullu starfi. Það getur verið sárt fyrir hann að missa um tíma þjónustuverkefni sem var honum kært. En slík ögun merkir ekki að Jehóva hafi ekki fyrirgefið. Höfum hugfast að ögun frá Jehóva er sönnun þess að hann elski okkur. Það er okkur fyrir bestu að taka við öguninni og læra af henni. — Hebreabréfið 12:5-11.

<sup>23</sup> Það er einstaklega uppörvandi til þess að vita að Guð er „fús til að fyrirgefa“. Þó að við höfum gert ýmis mistök ættum við aldrei að ímynda okkur að við séum svo langt leidd að miskunn Jehóva nái ekki til okkar. Við getum treyst að Jehóva fyrirgefi okkur ef við iðrumst í einlægni, gerum ráðstafanir til að bæta fyrir hið ranga og biðjum innilega um fyrirgefningu í trú á úthellt blóð Jesú. (1. Jóhannesarbréf 1:9) Við skulum líkja eftir fyrirgefningu hans í samskiptum okkar hvert við annað. Fyrst Jehóva, sem syndgar ekki, fyrirgefur okkur fúslega ættum við, sem erum syndug, að gera okkar besta til að fyrirgefa hvert öðru.

23. Af hverju ættum við aldrei að ímynda okkur að við séum svo langt leidd að miskunn Jehóva nái ekki til okkar og hvers vegna ættum við að líkja eftir fyrirgefningu hans?

## „Hversu mikil er gæska þín“

NOKKRIR glaðværir vinir dást að kvöldsólinni meðan þeir borða saman úti í guðsgrænni náttúrunni. Bóndi horfir yfir akra sína og brosir af ánægju er hann sér regnskýin hrannast upp og fyrstu dropana falla úr lofti yfir þurra moldina. Foreldrar horfa himinlifandi á barnið sitt stíga fyrstu skrefin óstyrkt fótum.

<sup>2</sup> Allt þetta fólk nýtur góðs af gæsku Jehóva Guðs, hvort sem það gerir sér grein fyrir því eða ekki. Trúað fólk segir oft sem svo að „Guð sé góður“ en Biblían tekur dýpra í árinna. Hún segir: „Hversu mikil er gæska þín.“ (Sálmur 31:20) En fáir virðast gera sér grein fyrir hvað þessi orð merkja. Hvað er eiginlega fólgið í gæsku Jehóva Guðs og hvaða áhrif hefur hún á alla menn?

### Sterkur þáttur í kærleika Guðs

<sup>3</sup> Orðið „gæska“ er mjög merkingarríkt eins og það er notað í Biblíunni þó að það sé fremur innihaldslítið í mörgum tungumálum. Það lýsir fyrst og fremst dyggð og siðferðilegu ágæti. Það má því segja í vissum skilningi að Jehóva sé fullur gæsku. Allir eiginleikar hans eru algóðir, þar á meðal máttur hans, réttlæti og viska. En gæskunni er best lýst sem merki um kærleika hans. Hvers vegna?

<sup>4</sup> Gæska er eiginleiki sem birtist í verki. Páll postuli bendir á að manngæska höfði mun sterkar til fólks en réttlæti. (Rómverjabréfið 5:7) Það má treysta réttlátum manni til að fylgja lögum í hvívetna en góður mað-

1, 2. Hversu víðtæk er gæska Guðs og hvernig leggur Biblían áherslu á það?

3, 4. Hvað er gæska og hvers vegna er gæsku Jehóva best lýst sem merki um kærleika hans?



ur gerir meira en það. Hann tekur frumkvæðið og leit-  
ar færís að gera öðrum gott. Jehóva er vissulega góður í  
þeim skilningi eins og við munum sjá. Ljóst er að gæska  
Jehóva á sér rætur í takmarkalausum kærleika hans.

<sup>5</sup> Gæska Jehóva ber líka af. Skömmu áður en Jesús dó  
kom til hans maður sem spurði hann spurningar. Mað-  
urinn ávarpaði hann: „Góði meistari.“ Jesús svaraði:  
„Hví kallar þú mig góðan? Enginn er góður nema Guð  
einn.“ (Markús 10:17, 18) Þetta kann í fyrstu að virðast  
undarlegt svar. Af hverju var Jesús að leiðrétta manninn?  
Var Jesús ekki ‚góður meistari‘?

<sup>6</sup> Ljóst er að maðurinn notaði orðin „góði meistari“  
sem titil til að skjalla Jesú. Jesús sýndi þá hógværð að  
beina slíkum heiðri að föður sínum á himnum því að  
hann er góður í æðsta skilningi. (Orðskviðirnir 11:2) En  
Jesús var einnig að staðfesta mikilvæg sannindi. Jehóva  
einn er mælikvarðinn á hvað sé gott. Hann einn hef-  
ur skilyrðislausan rétt til að ákveða hvað sé gott og hvað  
illt. Adam og Eva reyndu að taka sér þennan rétt þegar  
þau gerðu uppreisn og borðuðu ávöxt af skilningstrénu  
góðs og ills. Jesús sýnir þá auðmýkt, ólíkt þeim, að eftir-  
láta föður sínum að setja staðla og mælikvarða.

<sup>7</sup> Jesús vissi að Jehóva er uppspretta alls sem gott er.  
„Sérhver góð gjöf og sérhver fullkomin gáfa“ er frá  
honum komin. (Jakobsbréfið 1:17) Við skulum kanna  
hvernig gæska Jehóva birtist í örlæti hans.

### Merki um ríkulega gæsku Jehóva

<sup>8</sup> Allir menn hafa notið góðs af gæsku Jehóva allt  
frá öndverðu. Sálmur 145:9 segir að ‚Jehóva sé öllum

5-7. Af hverju vildi Jesús ekki láta kalla sig ‚góðan meistara‘ og hvaða  
mikilvæg sannindi staðfesti hann með því?

8. Hvernig hefur Jehóva sýnt öllu mannkyni gæsku?



***Jehóva gefur okkur  
,regn af himni og  
uppskerutíðir‘.***

góður‘. Postulasagan 14:17 nefnir dæmi um hina miklu gæsku hans: „Þó hefur hann vitnað um sjálfan sig með velgjörðum sínum. Hann hefur gefið yður regn af himni og uppskerutíðir. Hann hefur veitt yður fæðu og fyllt hjörtu yðar gleði.“ Hefurðu tekið eftir hve upplifgandi það getur verið að borða ljúffenga máltíð? Ef Jehóva hefði ekki í gæsku sinni útbúið endalaus hringrás af fersku vatni og ,uppskerutíðum‘ á jörðinni væri engar máltíðir að fá. Gæska hans beinist að *öllum*, ekki aðeins að þeim sem elska hann. Hann „lætur sól sína renna upp yfir vonda sem góða og rigna yfir réttláta sem rangláta“, sagði Jesús. — Matteus 5:45.

<sup>9</sup> Margir taka þetta mikla örlæti sem sjálfsgöðan hlut því að sólin heldur áfram að skína, regnið vökvar jörð-

9. Hvernig er eplið dæmi um gæsku Jehóva?

ina og uppskerutiðirnar koma hver af annarri. Lítum á eplið sem dæmi. Þetta er algengur ávöxtur sem vex víðast hvar í temperaða beltinu. En eplið er fallett, ljúffengt og fullt af frískandi vatni og mikilvægum næringarefnum. Vissirðu að það vaxa um 7500 afbrigði af eplum á jörðinni – rauð, gul, græn og allt þar á milli? Sum eru á stærð við greipaldin en önnur lítið stærri en kirsuber. Það fer ekki mikið fyrir eplafraei milli fingra þér en tréð, sem vex af því, er meðal fegurstu trjáa. (Ljóðaljóðin 2:3) Það skartar íðilfögru blómskrúði að vori og ber ávöxt að

*Af þessu smáa fræi vex tré sem getur glatt fólk og nært með ávexti sínum áratugum saman.*



hausti. Á hverju ári, í allt að 75 ár, getur eitt eplatré borið nægan ávöxt til að fylla 20 kassa með tæplega 20 kílógrömmum!

<sup>10</sup> Í óendanlegri gæsku sinni hefur Jehóva gefið okkur undursamlegan líkama búinn skilningarvitum sem gera okkur kleift að skynja verk hans og njóta þeirra. (Sálmur 139:14) Rifjaðu upp fyrir þér dæmin sem nefnd voru í byrjun kaflans. Hvað gleður *augað* á slíkum stundum? Rjóðar kinnar brosandis barnsins. Regndemban sem vökvar akrana. Roðaglód sólarlagsins. Mannsaugað er gert til að greina meira en 300.000 litbrigði. *Heyrnin* nemur blæbrigði raddar sem er okkur kær, þyt vindsins í laufi trjána og gleðina í hlátri barnsins. Hvers vegna erum við fær um að sjá þetta og heyra? Biblían segir: „Eyrað sem heyrir, og augað sem sér, hvort tveggja hefir [Jehóva] skapað.“ (Orðskviðirnir 20:12) En við höfum fleiri skilningarvit.

<sup>11</sup> *Lyktarskynið* er enn eitt merki um gæsku Jehóva. Með nefinu geturðu numið um 10.000 tilbrigði af lykt, til dæmis ilminn af uppáhaldsmatnum þínum, angan blómanna, lyktina af föllnu haustlaufi eða örlítinn eim af notalegum arineldi. Og með *snertiskyninu* geturðu fundið ljúfa golu leika um vanga þér, traustvekjandi faðmlag ástvínar og mjúka áferð ávaxtar í hendi þér. Þú sekkur tönnunum í ávöxtinn og *bragðskynið* segir til sín. Flókin efnasamsetning ávaxtarins myndar sérstætt samspil bragðtegunda sem kitla bragðlaukana. Já, við höfum ærna ástæðu til að syngja um Jehóva: „Hversu mikil er gæska þín, er þú hefir geymt þeim er óttast þig.“ (Sálmur 31:20) En hvernig hefur Jehóva „geymt“ gæsku sína þeim sem óttast hann?

10, 11. Hvernig vitna skilningarvitin um gæsku Guðs?

## Gæska til eilífs gagns

<sup>12</sup> Jesús sagði: „Ritað er: ‚Eigi lifir maðurinn á einu saman brauði, heldur á hverju því orði, sem fram gengur af Guðs munni.‘“ (Matteus 4:4) Já, andlegar gjafir Jehóva geta gert okkur enn meira gagn en þær efnislegu því að þær leiða til eilífs lífs. Í 8. kafla þessarar bókar var á það bent að Jehóva hafi notað endurnýjunarmátt sinn núna á síðustu dögum til að mynda andlega paradís. Eitt af megineinkennum þessarar paradísar er ríkulegt framboð andlegrar fæðu.

<sup>13</sup> Í einum af hinum miklu endurreisnarspádómum Biblíunnar fékk spámaðurinn Esekíel að sjá endurreist og dýrlegt musteri í sýn. Vatn rann frá musterinu sem jókst svo að úr varð heilt „fljót“. Vatnið var alls staðar til blessunar þar sem það rann. Á bökkunum uxu tré til matar og lækningar. Og fljótið lífgaði meira að segja Dauðahafið sem er lífvana sökum seltu. (Esekíel 47:1-12) En hvað merkti þetta?

<sup>14</sup> Sýnin merkti að Jehóva ætlaði að endurreisa tilhögun sína varðandi hreina tilbeiðslu sem musterið í sýninni táknaði. Fljótið táknaði að gjafir Guðs, sem veita líf, myndu streyma til þjóna hans í vaxandi mæli. Síðan hrein tilbeiðsla var endurreist árið 1919 hefur Jehóva gefið fólki sínu gjafir sem veita þeim líf. Hvernig? Biblíur, biblíufræðslurit, samkomur og mót hafa átt sinn þátt í því að færa milljónum manna mikilvæg sannindi. Jehóva hefur notað þessar leiðir til að fræða fólk um lausnarfórn Krists en hún er það mikilvægasta sem hann

12. Hvaða gjafir Jehóva eru mikilvægastar og hvers vegna?

13, 14. (a) Hvað sá spámaðurinn Esekíel í sýn og hvað þýðir það fyrir okkur sem nú lifum? (b) Hvað gerir Jehóva fyrir trúa þjóna sína til að þeir geti hlotið líf?

hefur gert til að veita líf. Hún gerir þeim sem elska Jehóva og óttast hann kleift að standa hreinir frammi fyrir honum og eiga von um eilíft líf.\* Fólk Jehóva hefur þess vegna setið að andlegu veisluborði núna á síðustu dögum meðan umheimurinn hefur soltið andlega. — Jesaja 65:13.

<sup>15</sup> En fljótið í sýn Esekíels hættir ekki að streyma fram þegar gamla heimskerfið líður undir lok heldur magnast rennslið eftir að þúsundaráriki Krists gengur í garð. Jehóva notar þá messíasarríkið til að miðla gagninu af lausnarfórn Jesú að fullu og lyfta trúu mannkyni smám saman upp til fullkomleika. Þá munum við sannarlega gleðjast yfir gæsku Jehóva!

### Aðrir þættir í gæsku Jehóva

<sup>16</sup> Gæska Jehóva birtist í fleiru en örlæti hans. Hann sagði Móse: „Ég vil láta allan minn ljóma [„alla gæsku mína“, NW] líða fram hjá þér, og ég vil kalla nafnið [Jehóva] frammi fyrir þér.“ Síðar í frásögunni segir: „[Jehóva] gekk fram hjá honum og kallaði: „[Jehóva, Jehóva], miskunnsamur og líknsamur Guð, þolinmóður, gæskuríkur og harla trúfastur.“ (2. Mósebók 33:19; 34:6) Við sjáum að gæska Jehóva birtist á marga vegu.

<sup>17</sup> Þessi vers segja okkur margt um framkomu Jehóva við sköpunarverur sínar. Hann er ekki hranalegur, kulda-

---

\* Lausnargjaldið er skýrasta dæmið um gæsku Jehóva. Af milljónum andavera, sem hann gat valið úr, fól hann eingetnum syni sínum að deyja fyrir okkur.

15. Í hvaða skilningi mun gæska Jehóva streyma til trúfastra manna í þúsundaráriki Krists?

16. Hvernig kemur fram í Biblíunni að gæska Jehóva birtist á marga vegu?

17. Hvernig kemur Jehóva fram við ófullkomna menn?

legur eða ráðríkur eins og margir sem ráða yfir öðrum, heldur er hann mildur og vingjarnlegur. Hann sagði til dæmis við Abram: „Hef þú upp augu þín, og litast um frá þeim stað, sem þú ert á, til norðurs, suðurs, austurs og vesturs.“ (1. Mósebók 13:14) Biblíufræðingar benda á að í hebreska frumtextanum sé smáorð sem breyti setningunni úr skipun í hæversklega beiðni. Fleiri svipuð dæmi er að finna í Biblíunni. (1. Mósebók 31:12; Esékíel 8:5) Hugsaðu þér að Drottinn alheims skuli biðja ófullkomna menn hæversklega um eitthvað! Í heimi, þar sem harka, frekja og ruddaskapur er daglegt brauð, er ákaflega upplífgandi að hugsa til þess hve hlýlegur og mildur Jehóva Guð er.

<sup>18</sup> Í þessum sömu versum kemur fram að Jehóva sé „harla trúfastur“ eða sannorður. Óheiðarleiki er útbreiddur í heimi samtímans. En Biblían minnir á að „Guð sé ekki maður, að hann ljúgi“. (4. Mósebók 23:19) Í Títusarbréfinu 1:2 er hann kallaður „hinn sannorði guð“. (*Biblían 1859*) Gæska hans leyfir ekki að hann ljúgi. Þess vegna eru loforð hans fullkomlega áreiðanleg og orð hans rætast alltaf. Hann er meira að segja kallaður „Guð sannleikans“. (Sálmur 31:5, NW) Bæði er að hann segir ekki ósatt og eins miðlar hann frá sér sannleika í ríkum mæli. Hann er ekki dulur, fálátur eða fjarlægur heldur upplýsir trúa þjóna sína ríkulega af ótæmandi viskubrunni sínum.\* Hann kennir þeim meira að

---

\* Það er ákaflega viðeigandi að Biblían skuli setja sannleika í samband við ljós. „Send ljós þitt og trúfesti þína [„sannleika þinn“, NW],“ söng sálmaskáldið. (Sálmur 43:3) Jehóva sendir andlegt ljós í ríkum mæli til þeirra sem eru fúsir til að þiggja kennslu eða upplýsingu hjá honum. — 2. Korintubréf 4:6; 1. Jóhannesarbréf 1:5.

---

18. Í hvaða skilningi er Jehóva „harla trúfastur“ og hvers vegna er það traustvekjandi?

segja að fara eftir sannleikanum sem hann miðlar þeim, þannig að þeir geti „lifað í sannleika“. (3. Jóhannesarbréf 3) Hvaða áhrif ætti gæska Jehóva að hafa á hvert og eitt okkar?

### **„Þeir ljóma af gleði yfir hinum góðu gjöfum Jehóva“**

<sup>19</sup> Þegar Satan freistaði Evu í aldingarðinum Eden byrjaði hann á því að veikja lævíslega traust hennar á gæsku Jehóva. Jehóva hafði sagt Adam: „Af öllum trjám í aldingarðinum máttu eta eftir vild.“ Trén í garðinum hljóta að hafa skipt þúsundum, og Jehóva bannaði manningum aðeins að borða af einu. En taktu eftir hvernig Satan orðaði spurningu sína þegar hann kom að máli við Evu: „Er það satt, að Guð hafi sagt: „Þið megið ekki eta af neinu tré í aldingarðinum?““ (1. Mósebók 2:9, 16; 3:1) Satan rangsneri orðum Jehóva til að telja Evu trú um að Jehóva væri að synja henni um eitthvað gott. Því miður hreif þetta bragð. Þó að Guð hefði gefið Evu allt sem hún átti fór hún að efast um gæsku hans líkt og margir hafa gert eftir hennar dag.

<sup>20</sup> Við vitum mætavel hvílíkum sorgum og eynd þessar efasemdir hafa valdið. Við skulum því taka til okkar það sem stendur í Jeremía 31:12: „Þeir . . . ljóma af gleði yfir hinum góðu gjöfum [Jehóva].“ (*Biblíurit*, ný þýðing 1997) Við ættum sannarlega að ljóma af gleði yfir gæsku Jehóva. Við þurfum aldrei að efast um að Guði gangi gott eitt til, enda er hann ímynd gæskunnar. Við getum treyst honum í hvívetna því að hann vill þeim sem elska hann ekkert annað en gott.

---

19, 20. (a) Hvernig reyndi Satan að veikja traust Evu á gæsku Jehóva og hvaða afleiðingar hafði það? (b) Hvaða áhrif ætti gæska Jehóva að hafa á okkur og hvers vegna?



### Til íhugunar

**1. Konungabók 8:54-61, 66** Hvernig lýsti Salómon þakklæti sínu fyrir gæsku Jehóva og hvaða áhrif hafði það á Ísraelsmenn?

**Sálmur 119:66, 68** Hvernig gætu bænir okkar vitnað um löngun til að líkja eftir gæsku Jehóva?

**Lúkas 6:32-38** Hvað getur verið okkur hvatning til að líkja eftir örlæti Jehóva?

**Rómverjabréfið 12:2, 9, 17-21** Hvernig getum við sýnt af okkur gæsku í daglega lífinu?

<sup>21</sup> Við njótum þess að fá tækifæri til að segja öðrum frá gæsku Guðs. Sálmur 145:7 segir að fólk hans ‚minni á hans miklu gæsku‘. Hvern dag sem við lifum njótum við góðs af gæsku Jehóva á einhvern hátt. Væri ekki ráð að temja sér að þakka Jehóva daglega fyrir gæsku hans og nefna sérstök atriði eftir því sem hægt er? Við líkjum eftir Jehóva með því að hugsa um gæsku hans, þakka honum daglega fyrir hana og segja öðrum frá henni. Og við nálægjumst hann með því að leitast alltaf við að gera hið góða eins og hann sjálfur. Hinn aldraði Jóhannes postuli skrifaði: „Breyttu ekki eftir því, sem illt er, minn elskaði, heldur eftir því, sem gott er. Sá sem gott gjörir heyrir Guði til.“ – 3. Jóhannesarbréf 11.

<sup>22</sup> Gæska Jehóva er einnig tengd öðrum eiginleikum hans. Hann er til dæmis „ríkur að ástúðlegri umhyggju“ eða tryggum kærleika. (2. Mósebók 34:6, NW) Þessi eiginleiki er sértækari en gæskan því að það eru einkum trúfastir þjónar Jehóva sem njóta hans. Við lítum nánar á málið í næsta kafla.

21, 22. (a) Hvernig getur þú brugðist við gæsku Jehóva? (b) Um hvaða eiginleika er fjallað í næsta kafla og hvernig er hann ólíkur gæskunni?

## „Þú einn ert trúfastur“


DAVÍÐ konungur hafði kynnst ótryggð af eigin raun enda var stjórnartíð hans róstusöm og landar hans sátu jafnvel á svikráðum við hann. Og sumir þeirra sem sviku Davíð hefðu átt að vera nánustu vinir hans. Míkal, fyrsta eiginkona hans, er dæmi um það. Hún „elskaði Davíð“ í fyrstu og studdi hann eflaust við konungleg skyldustörf hans. En síðar „fyrirleit hún hann í hjarta sínu“ og fannst hann vera eins og „einhver af argasta skrílnum“. — 1. Samúelsbók 18:20; 2. Samúelsbók 6:16, 20.

<sup>2</sup> Þá er að nefna Akítófel sem var einkaráðgjafi Davíðs. Ráð hans voru talin svo góð og gild sem kæmu þau beint frá Jehóva. (2. Samúelsbók 16:23) En um síðir gerðist þessi trúnaðarvinur svikari og lagðist á sveif með skipulagðri uppreisn gegn Davíð. Og hvatamaður samsærisins var enginn annar en Absalon, sonur Davíðs! Absalon var slóttugur tækifærissinni sem „stal hjörtum Ísraelsmanna“. Hann skipaði sjálfan sig konung gegn föður sínum og fékk svo marga til liðs við sig í uppreisninni að Davíð var tilneyddur til að leggja á flótta til að bjarga lífi sínu. — 2. Samúelsbók 15:1-6, 12-17.

<sup>3</sup> Var þá enginn sem sýndi Davíð trúfesti? Jú, í öllu andstreyminu vissi Davíð að einn var honum trúr. Hver var það? Enginn annar en Jehóva Guð. Davíð ávarpaði hann og sagði: „Þú ert trúr hinum trúa.“ (2. Samúelsbók 22:26, *Biblúrit*, ný þýðing 1994) Hvað er trúfesti og hvernig er Jehóva háleitasta dæmið um hana?

1, 2. Hvers vegna má segja að Davíð konungur hafi kynnst ótryggð af eigin raun?

3. Hverju treysti Davíð?



*Tunglið er kallað áreiðanlegt vitni  
en það þarf vitibornar, lifandi verur  
til að endurspegla trúfesti Jehóva.*

### Hvað er trúfesti?

<sup>4</sup> Orðið „trúfesti“ er notað í Hebresku ritningunum í merkingunni góðvild sem binst einhverju með ástúð uns markmiðinu með því er náð. Trúfastur maður er kærleiks-ríkur.\* En það er munur á trúfesti og áreiðanleika. Sálma-skáldið talar um að tunglið sé „áreiðanlegt vitni á himnum“ sökum þess hve reglulega það sést á næturhimni. (Sálmur 89:38) Það er hins vegar ekki hægt að segja að tunglið sé trúfast vegna þess að trúfesti er sprottin af kærleika sem lífvana hlutir geta auðvitað ekki sýnt.

<sup>5</sup> Trúfesti, eins og Biblían skilgreinir hana, er hlýleg, og hún vitnar um sterkt samband milli þess sem sýnir hana og þess sem er þiggjandi hennar. Trúfesti er ekki hverf-lynd. Hún er ekki eins og öldur sjávarins sem hrekjast undan síbreytilegum vindum. Trúfesti, eða tryggur kærleikur, er nógu sterk og stöðug til að yfirstíga erfiðustu hindranir.

---

\* Sögnin, sem er þýdd „ert trú“ í 2. Samúelsbók 22:26, er skyld nafnorði sem er annars staðar þýtt „ástúðleg umhyggja“ eða „tryggur kærleikur“.

---

4, 5. (a) Hvað er trúfesti? (b) Hvaða munur er á trúfesti viti borinnar veru og áreiðanleika lífvana hlutar?

<sup>6</sup> Trúfesti er að vísu fágæt nú á dögum. Því miður eru til „vinir sem bregðast“ og það verður æ algengara að fólk yfirgefi maka sinn. (Orðskviðirnir 18:24, *Biblíurit*, ný þýðing 1998; Malakí 2:14-16) Svíksemi er svo algeng að við getum ekki annað en tekið undir með Míka spámanni er hann sagði: „Guðhræddir [„trúfastir“, NW] menn eru horfnir úr landinu.“ (Míka 7:2) En Jehóva er með afbrigðum trúfastur þó að oft vanti á ástúðlega umhyggju manna. Besta leiðin til að glöggva sig á því hvað er trúfesti er reyndar sú að rannsaka hvernig Jehóva sýnir þennan sterka þátt í kærleika sínum.

### Óviðjafnanleg trúfesti Jehóva

<sup>7</sup> „Þú einn ert heilagur [„trúfastur“, NW],“ segir Biblían um Jehóva. (Opinberunarbókin 15:4) Hvernig má það vera? Hafa ekki bæði menn og englar sýnt einstaka trúfesti á stundum? (Jobsbók 1:1; Opinberunarbókin 4:8) Og hvað um Jesú Krist? Er hann ekki öðrum fremur hinn „trúfasti“ þjónn Guðs? (Sálmur 16:10, NW) Hvernig er þá hægt að segja að Jehóva *einn* sé trúfastur?

<sup>8</sup> Í fyrsta lagi skulum við hafa hugfast að trúfesti er ein birtingarmynd kærleikans. Þar sem „Guð er kærleikur“ — sjálfur persónugervingur kærleikans — má ljóst vera að enginn getur sýnt hollustu til jafns við hann. (1. Jóhannesarbréf 4:8) Englar og menn geta vissulega endurspeglað eiginleika hans en hann einn er trúfastur í fyllstu merkingu orðsins. Þar eð hann er „hinn aldraði“ hefur hann sýnt ástúðlega umhyggju lengur en nokkur annar á himni eða jörð. (Daníel 7:9) Jehóva er því ímynd trúfestinnar.

6. (a) Hversu fágæt er trúfesti meðal manna og hvernig kemur það fram í Biblíunni? (b) Hver er besta leiðin til að kynna sér hvað trúfesti er og hvers vegna?

7, 8. Hvers vegna er hægt að segja að Jehóva einn sé trúfastur?

Enginn getur sýnt hana í sama mæli og hann. Lítum á nokkur dæmi.

<sup>9</sup> Jehóva er „miskunnsamur [„trúfastur“, NW] í öllum sínum verkum“. (Sálmur 145:17) Hvernig þá? Sálmur 136 svarar því. Þar eru nefnd mörg dæmi um það hvernig Jehóva bjargaði Ísraelsmönnum, meðal annars þegar hann bjargaði þeim með stórbrotnum hætti gegnum Rauðahafið. Í áhersluskyni lýkur öllum versunum með setningunni: „Því að miskunn hans [eða trúfesti] varir að eilífu.“ Þessi sálmur er nefndur í rammanum með spurningum til íhugunar á blaðsíðu 289. Þegar maður les þessi vers er ekki hægt annað en dást að því hvernig Jehóva sýndi þjóð sinni ástúðlega umhyggju með margvíslegum hætti. Já, Jehóva er trúum þjónum sínum trúur með því að heyra áköll þeirra og láta til sín taka þegar það er tímabært. (Sálmur 34:7) Tryggur kærleikur hans til þjóna sinna bregst ekki, svo framarlega sem þeir eru honum trúir.

<sup>10</sup> Jehóva sýnir þjónum sínum enn fremur trúfesti með því að vera trúur sínum eigin reglum. Jehóva er ekki eins og hvikulir menn sem láta stjórnast af tilfinningum og duttlungum. Hann er aldrei á báðum áttum um hvað sé rétt og hvað sé rangt. Afstaða hans til spíritisma, skurðgoðadýrkunar og morðs hefur verið óbreytt frá ómunatíð, svo dæmi sé tekið. „Allt til elliára er ég hinn sami,“ sagði hann fyrir munn spámannsins Jesaja. (Jesaja 46:4) Við getum því treyst að það sé okkur til góðs að fara eftir hinum skýru siðferðisleiðbeiningum sem er að finna í orði Guðs. — Jesaja 48:17-19.

<sup>11</sup> Jehóva sýnir einnig trúfesti með því að halda alltaf loforði sín. Allt sem hann segir fyrir rætist. Því sagði hann:

9. Hvernig er Jehóva ‚trúfastur í öllum verkum sínum‘?

10. Hvernig er Jehóva trúur reglum sínum?

11. Nefndu dæmi til að sýna fram á að Jehóva stendur við orði sín.

„Mitt orð, það er útgengur af mínum munnni . . . hverfur ekki aftur til mín við svo búið, eigi fyrr en það hefir framkvæmt það, sem mér vel líkar, og komið því til vegar, er ég fól því að framkvæma.“ (Jesaja 55:11) Jehóva er þjónum sínum trúr með því að standa við orð sín. Hann lætur þá ekki bíða í ofvæni eftir einhverju sem hann ætlar sér ekki að gera. Hann er svo óaðfinnanlegur í þessu efni að Jósúa, þjónn hans, gat sagt: „Ekkert brást af öllum fyrirheitum þeim, er [Jehóva] hafði gefið húsi Ísraels. Þau rættust öll.“ (Jósúabók 21:45) Við getum því treyst að Jehóva veldur okkur aldrei vonbrigðum með því að uppfylla ekki það sem hann lofar. — Jesaja 49:23; Rómverjabréfið 5:5.

<sup>12</sup> Miskunn Jehóva eða ástúðleg umhyggja „varir að eilífu“ eins og áður er nefnt. (Sálmur 136:1) Hvernig þá? Meðal annars þannig að syndafyrirgefning hans er varanleg. Eins og um var rætt í 26. kafla dregur Jehóva ekki fram gamlar ávirðingar sem hann var búinn að fyrirgefa. Þar eð „allir hafa syndgað og skortir Guðs dýrð“ ættum við öll að vera þakklát fyrir að ástúðleg umhyggja hans skuli vara að eilífu. — Rómverjabréfið 3:23.

<sup>13</sup> En ástúðleg umhyggja Jehóva varir líka að eilífu í öðrum skilningi. Orð hans segir að réttlátur maður verði eins og „tré, gróðursett hjá rennandi lækjum, er ber ávöxt sinn á réttum tíma, og blöð þess visna ekki. Allt er hann gjörir lánast honum.“ (Sálmur 1:3) Hugsaðu þér gróskumikið tré með laufskrúði sem visnar aldrei. Ef við höfum yndi af orði Guðs verðum við sömuleiðis langlíf og njótum friðar og farsældar. Blessunin, sem Jehóva gefur trúföstum þjónum sínum, er eilíf. Hlýðið mannkyn fær að njóta ástúðlegrar umhyggju Jehóva að eilífu í réttlátum nýjum heimi hans. — Opinberunarbókin 21:3, 4.

12, 13. Hvernig varir ástúðleg umhyggja Jehóva „að eilífu“?

## Jehóva „yfirgefur enga sem honum eru trúir“

<sup>14</sup> Jehóva hefur margsannað trúfesti sína. Hann er sjálfum sér samkvæmur þannig að trúfesti hans við dygga þjóna sína dvínar aldrei. Sálmaritarinn orti: „Ungur var ég og gamall er ég orðinn en aldrei sá ég réttlátan mann yfirgefinn, né niðja hans biðja sér matar. Því að [Jehóva] hefur mætur á réttlæti og yfirgefur enga sem honum eru trúir.“ (Sálmur 37:25, 28, *Bíblíurit*, ný þýðing 2003) Vissulega verðskuldar Jehóva tilbeiðslu okkar því að hann er skapari allra hluta. (Opinberunarbókin 4:11) Engu að síður þykir honum mjög vænt um trúföst verk okkar vegna þess að hann er trúfastur. — Malakí 3:16, 17.

<sup>15</sup> Í ástríkri umhyggju sinni hjálpar Jehóva fólki sínu æ ofan í æ þegar það lendir í nauðum. „Hann verndar sálir dýrkenda sinna [„sinna trúföstu“, NW], frelsar þá af hendi óguðlegra,“ segir sálmaskáldið. (Sálmur 97:10) Lítum á samskipti hans við Ísraelsmenn sem dæmi. Eftir að hann vann það kraftaverk að bjarga þjóðinni gegnum Rauðahafið ávarpaði þjóðin hann í söng: „Þú hefir leitt fólkíð, sem þú frelsaðir, með miskunn þinni [eða „trygguðum kærleika“, NW, neðanmáls].“ (2. Mósebók 15:13) Frelsunin við Rauðahafið var vissulega verk sem vitnaði um tryggan kærleika Jehóva. Þess vegna sagði Móse Ísraelsmönnum: „Ekki var það fyrir þá sök, að þér væruð fjölmennari en allar aðrar þjóðir, að [Jehóva] lagði ást á yður og kjöri yður, því að þér eruð allra þjóða minnstir. En sökum þess að [Jehóva] elskar yður og af því að hann vildi halda eiðinn, sem hann sór feðrum yðar, þá leiddi hann yður burt með sterkri hendi og leysti þig úr þælahúsinu, undan valdi Faraós, Egyptalandskonungs.“ — 5. Mósebók 7:7, 8.

14. Hvernig sýnir Jehóva að hann kann að meta trúfesti þjóna sinna?

15. Hvernig vitna samskipti Jehóva við Ísrael um hollustu hans?

<sup>16</sup> Sem þjóð kunnu Ísraelsmenn reyndar ekki að meta ástúðlega umhyggju Jehóva því að eftir frelsunina „héldu þeir áfram að syndga í gegn honum, að rísa í gegn Hinum hæsta í eyðimörkinni“. (Sálmur 78:17) Er aldir liðu gerðu þeir hvað eftir annað uppreisn gegn honum, yfirgáfu hann og tóku upp falsguðadýrkun og heiðna siði sem gerðu ekkert annað en að auvirða þá. En Jehóva sleit ekki sáttmála sínum heldur sárþændi þjóðina fyrir munn Jeremía spámanns: „Hverf aftur, þú hin fráhverfa Ísrael . . . ég vil ekki lengur líta reiðulega til þín, því að ég er miskunnsamur [„trúfastur“, NW].“ (Jeremía 3:12) Upp til hópa létu Ísraelsmenn sér fátt um finnast eins og fram kom í 25. kafla. „Þeir smánuðu sendiboða Guðs, fyrirlitu orð hans og gjörðu gys að spámönnum hans“ með þeim afleiðingum að „reiði [Jehóva] við lýð hans var orðin svo mikil, að eigi mátti við gjöra“. — 2. Kroníkubók 36:15, 16.

<sup>17</sup> Við getum dregið þann lærdóm af þessu að trúfesti Jehóva sé hvorki blind né auðtrúa. Jehóva er vissulega mjög „gæskuríkur“ og hefur yndi af því að sýna miskunn þegar forsendur eru fyrir því. En hvað gerist þegar syndari reynist forhertur? Í því tilviki fylgir Jehóva réttlátum mælikvarða sínum og sakfellir hann. Hann „lýsir hinn seka ekki saklausan“, svo vitnað sé í orð hans við Móse. — 2. Mósebók 34:6, 7, *Bíblíurit*, ný þýðing 2002.

<sup>18</sup> Það er reyndar líka merki um trúfesti af hálfu Guðs að refsa hinum óguðlegu. Hvernig þá? Við finnum vísbendingu um það í Opinberunarbókinni þar sem Jehóva

---

16, 17. (a) Hvers konar vanþakklæti sýndu Ísraelsmenn en hvernig sýndi Jehóva þeim umhyggju? (b) Hvernig sýndu flestir Ísraelsmenn að þeir voru óforbetranlegir og hvaða viðvörun fyrir okkur er fólgin í því?

18, 19. (a) Hvernig vitnar það um trúfesti Jehóva að hann skuli refsa hinum illu? (b) Hvernig er Jehóva trúfastur þeim þjónum sínum sem hafa týnt lífi í ofsóknum?





**Nasistar tóku Bernard Luimes (að ofan) og Wolfgang Kusserow (fyrir miðju) af lífi.**

**Jehóva sýnir þá trúfesti  
að minnst þeirra sem hafa verið  
trúir allt til dauða og reisa þá upp.**



**Pólítískur hópur drap  
Moses Nyamussua  
með spjóti.**

skipar englunum sjö: „Farið og hellið úr þeim sjö skálum Guðs reiði yfir jörðina.“ Þegar sá þriðji hellir úr skál sinni „í fljótin og uppsprettur vatnanna“ verða þau að blóði. Engillinn segir þá við Jehóva: „Réttlátur ert þú, að þú hefur dæmt þannig, þú sem ert og þú sem varst, þú hinn heilagi [„trúfasti“, NW]. Þeir hafa úthellt blóði heilagra og spámana, og því hefur þú gefið þeim blóð að drekka. Maklegir eru þeir þess.“ — Opinberunarbókin 16:1-6.

<sup>19</sup> Þú tekur eftir að engillinn kallar Jehóva ‚hinn trúfasta‘ í sömu andrá og hann flytur dómsboðskap hans. Hvers vegna? Vegna þess að Jehóva er að sýna þjónum sínum trúfesti með því að eyða hinum illu, enda hafa margir þjónar hans látið lífið í ofsóknum. Jehóva sýnir þá trúfesti að halda þessum þjónum sínum ljóslifandi í minni sér. Hann þráir að sjá þessa trúföstu menn á nýjan leik, og Biblían staðfestir að hann ætli að umbuna þeim með því að reisa þá upp frá dauðum. (Jobsbók 14:14, 15) Jehóva gleymir ekki trúföstum þjónum sínum þó að þeir séu ekki lengur lífs, heldur eru þeir allir eins og lifandi

fyrir honum. (Lúkas 20:37, 38) Að Jehóva skuli ætla að endurlífga þá sem hann geymir í minni sér er sterk sönnun fyrir því að hann sé trúfastur.

### Tryggur kærleikur Jehóva opnar leiðina til hjálpræðis

<sup>20</sup> Jehóva hefur verið trúföstum mönnum trúur um allar aldir. Reyndar hefur hann „með miklu langlyndi umborið ker reiðinnar“ um þúsundir ára. Til hvers? Til að „auglýsa ríkdóm dýrðar sinnar á kerum miskunnarinnar, sem hann hafði fyrirfram búið til dýrðar“. (Rómverjabréfið 9:22, 23) Þessi ‚ker miskunnarinnar‘ eru réttssinnaðir menn sem eru smurðir með heilögum anda til að erfa ríkið með Kristi. (Matteus 19:28) Með því að opna þessum

20. Hver eru ‚ker miskunnarinnar‘ og hvernig sýnir Jehóva þeim trúfesti?

*Trúfesti Jehóva gerir að verkum að allir trúir þjónar hans eiga sér örugga framtíðarvon.*



### Til fhugunar

**1. Samúelsbók 24:2-23** Hvernig sýndi Davíð trúfesti, sem er Jehóva að skapi, í samskiptum við Sál konung?

**Esterarbók 3:7-9; 4:6-14** Hvernig sýndi Ester þjóð sinni trúfesti – og stofnaði sér jafnvel í lífshættu með því?

**Sálmur 136:1-26** Hvað kennir þessi sálmur okkur um miskunn eða tryggan kærleika Jehóva?

**Óbadía 1-4, 10-16** Hvernig kom trúfesti Jehóva við þjóð sína honum til að refsa Edómítum fyrir ótryggð þeirra?

kerum miskunnarinnar leiðina til hjálpræðis var Jehóva trúfastur Abraham sem hann hafði heitið eftirfarandi: „Þínu afkvæmi skulu allar þjóðir á jörðinni blessun hljóta, vegna þess að þú hlýddir minni röddu.“ – 1. Mósebók 22:18.

<sup>21</sup> Jehóva er sömuleiðis trúfastur ‚múginum mikla‘ sem á það fyrir sér að komast gegnum ‚þrenginguna miklu‘ og lifa að eilífu í paradís á jörð. (Opinberunarbókin 7:9, 10, 14) Þó að þjónar Jehóva séu ófullkomnir sýnir hann þeim þá trúfesti að gefa þeim tækifæri til að hljóta eilíft líf í paradís á jörð. Hvernig gerir hann það? Með lausnar-gjaldinu – sterkasta merkinu sem hann hefur gefið um trúfesti sína. (Jóhannes 3:16; Rómverjabréfið 5:8) Trúfesti Jehóva laðar að þá sem hungrar í hjarta sér eftir réttlæti. Finnst þér þú standa nær Jehóva þegar þú hugsar um hina djúpstæðu trúfesti sem hann hefur sýnt og á eftir að sýna? Þar sem við þráum að nálægja okkur Guði skulum við svara kærleika hans með því að vera staðráðin í að þjóna honum í trúfesti.

21. (a) Hvernig sýnir Jehóva trúfesti ‚miklum múgi‘ sem á í vendum að komast gegnum ‚þrenginguna miklu‘? (b) Hvaða áhrif hefur trúfesti Jehóva á þig?

## „Að skilja kærleika Krists“

HEFURÐU séð lítinn dreng reyna að líkja eftir pabba sínum? Ef til vill reyndi sá stutti að herma eftir göngulagi hans, tala eins og hann eða bera sig eins að. Með tímanum drekkur drengurinn kannski í sig siðferðisgildi og andleg sjónarmið pabba síns. Já, ást og aðdáun sonarins er slík að hann langar til að líkjast pabba.

<sup>2</sup> Hvað um samband Jesú og föður hans á himnum? „Ég elska föðurinn,“ sagði Jesús einu sinni. (Jóhannes 14:31) Enginn getur elskað Jehóva heitar en sonurinn sem var með honum löngu áður en nokkur önnur vera varð til. Svo sterk var ást sonarins að hann langaði til að líkjast föður sínum. — Jóhannes 14:9.

<sup>3</sup> Fyrir í þessari bók var rætt um það hve fullkomlega Jesús endurspegladi mátt Jehóva, réttlæti og visku. En hvernig endurspegladi hann kærleika föður síns? Við skulum virða fyrir okkur hvernig kærleikur Jesú birtist með þrennum hætti — í fórnfýsi hans, hjartans samúð og umhyggju, og svo í löngun hans til að fyrirgefa.

### „Enginn á meiri kærleik en þann“

<sup>4</sup> Jesús er afbragðsdæmi um fórnfúsán kærleika. Fórnfýsi er það að taka þarfir og hag annarra fram yfir sinn eigin. Hvernig sýndi Jesús slíkan kærleika? Hann sagði sjálfur: „Enginn á meiri kærleik en þann að leggja líf sitt í sölurnar fyrir vini sína.“ (Jóhannes 15:13) Jesús gaf fullkomið líf sitt fúslega fyrir okkur. Það var mesta kærleiksverk sem

1-3. (a) Hvers vegna langaði Jesú til að líkjast föður sínum?  
(b) Hvaða þætti í kærleika Jesú ætlum við að skoða?

4. Með hverju vann Jesús mesta og fórnfúsasta kærleiksverk sem maður hefur unnið?

nokkur maður hefur unnið. En Jesús sýndi líka fórnfúsan kærleika með ýmsum öðrum hætti.

<sup>5</sup> Eíngetinn sonur Guðs var í óviðjafnanlegri og hárrí stöðu á himnum. Hann átti afar náið samband við Jehóva og fjölda annarra andavera. En þrátt fyrir þessa sérstöðu ,svipti hann sig öllu, tók á sig þjóns mynd og varð mönnum líkur'. (Filippíbréfið 2:7) Hann kom fúslega til jarðar til að búa meðal syndugra manna í heimi sem var „á valdi hins vonða“. (1. Jóhannesarbréf 5:19) Var það ekki kærleiksrík fórn af hálfu sonar Guðs?

<sup>6</sup> Jesús sýndi fórnfúsan kærleika á ýmsa vegu meðan hann þjónaði hér á jörð. Hann var fullkomlega óeíngjarn. Svo upptekinn var hann af þjónustu sinni að hann fórnaði eðlilegum þægindum sem menn eru vanir að veita sér. „Refar eiga greni og fuglar himins hreiður,“ sagði hann, „en Mannssonurinn á hvergi höfði sínu að að halla.“ (Matteus 8:20) Hann var góður smiður og hefði getað gefið sér tíma til að byggja sér þægilegt hús eða til að smíða vönduð húsgögn sem hann hefði getað selt til að eiga handbæra peninga. En Jesús notaði ekki hæfileika sína til að afla sér efnislegra hluta.

<sup>7</sup> Í Jóhannesi 19:25-27 er sagt frá hjartnæmu dæmi um fórnfúsan kærleika Jesú. Þú getur rétt ímyndað þér hve margt hlýtur að hafa hvílt á huga hans og hjarta síðustu klukkustundirnar áður en hann dó. Meðan hann kvaldist á staurnum var hann að hugsa um lærisveina sína, boðunarstarfið og ráðvendni sína. Honum var sérstaklega hugleikið hvaða ljósi ráðvendni hans myndi varpa á nafn föðurins. Í rauninni hvíldi gervöll framtíð mannkyns

---

5. Hvers vegna var það kærleiksrík fórn fyrir eingetinn son Guðs að yfirgefa himnana?

6, 7. (a) Hvernig sýndi Jesús óeíngjarnan kærleika meðan hann þjónaði á jörðinni? (b) Frá hvaða hjartnæmu dæmi um óeíngjarnan kærleika er sagt í Jóhannesi 19:25-27?

á herðum hans! En fáeinum andartökum áður en hann dó sýndi hann einnig umhyggju sína fyrir Maríu móður sinni sem var þá orðin ekkja, að því er best verður séð. Hann bað Jóhannes postula að annast hana sem væri hún móðir hans sjálfs, og Jóhannes tók hana inn á heimili sitt eftir það. Þannig sá Jesús móður sinni borgið bæði líkamlega og andlega. Þetta er fagurt dæmi um óeigingjarnan kærleika.

### „Hann kenndi í brjósti um þá“

<sup>8</sup> Jesús var samúðarfullur og brjóstgóður líkt og faðir hans. Biblían dregur upp þá mynd af Jesú að hann hafi lagt sig sérstaklega fram um að hjálpa þeim sem áttu bágt. Biblían lýsir samúð Jesú með grísku orði sem þýtt er „að kenna í brjósti um“. Fræðimaður segir: „Það lýsir . . . kennd sem snertir innstu tilfinningar mannsins. Þetta er sterkasta gríska orðið sem notað er um samúð.“ Lítum á nokkur dæmi þar sem Jesús fann til sterkrar samúðar sem knúði hann til verka.

<sup>9</sup> *Hann vildi sinna andlegum þörfum annarra.* Frásagan í Markúsi 6:30-34 sýnir fram á hvað það var, öðru fremur, sem vakti samúð Jesú. Sjáðu aðstæðurnar fyrir þér. Postularnir voru nýkomnir úr langri boðunarferð. Þeir komu til Jesú og sögðu honum fullir eldmóðs og ákafa frá því sem þeir höfðu séð og heyrt. En mikill mannfjöldi safnaðist kringum Jesú og postulana svo að þeir höfðu ekki einu sinni næði til að matast. Jesús var athugull eins og venjulega og sá að postularnir voru þreyttir. „Komið þér nú á óbyggðan stað, svo að vér séum einir saman, og hvílist um stund,“ sagði hann við þá. Þeir stigu á bát og sigldu

8. Hvað merkir gríska orðið sem Biblían notar til að lýsa samúð Jesú?  
9, 10. (a) Af hverju vildu Jesús og postularnir fara á óbyggðan stað?  
(b) Hvernig brást Jesús við þegar mannfjöldinn kom í veg fyrir að þeir gætu verið einir og hvers vegna?

Þvert yfir norðurenda Galíleuvatns í átt að friðsælum stað. En mannfjöldinn sá þá fara og það spurðist út hvert þeir hefðu farið. Allur hópurinn hraðaði sér með fram norður-enda vatnsins og var kominn á staðinn á undan bátnum!

<sup>10</sup> Var Jesús gramur yfir því að fá ekki að vera í friði? Alls ekki. Hann var snortinn í hjarta sér af því að sjá þessar þúsundir manna sem biðu hans. Markús skrifar: „Þegar Jesús steig á land, sá hann þar mikinn mannfjölda, og hann kenndi í brjósti um þá, því að þeir voru sem sauðir, er engan hirði hafa. Og hann kenndi þeim margt.“ Í augum Jesú voru þetta einstaklingar sem höfðu andlegar þarfir. Þeir voru eins og ráðvilltir sauðir sem höfðu engan hirði til að leiða sig eða vernda. Jesús vissi að trúarleiðtogarnir, sem áttu að vera umhyggjusamir hirðar, voru kaldlyndir og vanræktu almenning. (Jóhannes 7:47-49) Hann kenndi í brjósti um fólkið og tók því til við að fræða það „um Guðs ríki“. (Lúkas 9:11) Þú tekur eftir að Jesús fann til með fólki áður en hann sá viðbrögð þess við því sem hann kenndi. Samúð hans og umhyggja kviknaði ekki *eftir* að hann hafði kennt fólkinu heldur var hún *ástæðan* fyrir því að hann kenndi.

<sup>11</sup> *Hann vildi lina þjáningar annarra.* Fólk, haldið alls konar sjúkdómum, skynjaði samúð Jesú og laðaðist að honum. Þetta sýndi sig mjög greinilega þegar maður „altekinn líkþrá“ kom til hans einhverju sinni þegar mikill mannfjöldi var í fylgd með honum. (Lúkas 5:12) Á biblútímanum voru líkþráir eða holdsveikir settir í sóttkví til að þeir smituðu ekki aðra. (4. Mósebók 5:1-4) Þegar tímar liðu ýttu rabbínaleiðtogar undir miskunnarleysi gagnvart

11, 12. (a) Hvernig var litið á holdsveika á biblútímanum en hvernig brást Jesús við þegar maður „altekinn líkþrá“ kom til hans? (b) Hvaða áhrif kann snerting Jesú að hafa haft á holdsveika manninn og hvernig má sjá það af frásögu læknis nokkurs?





holdsveikum og settu þeim íþyngjandi reglur.\* En taktu eftir hvernig Jesús brást við þegar „maður nokkur líkþrár kom til hans, féll á kné og bað hann: „Ef þú vilt, getur þú hreinsað mig.““ Jesús „kenndi í brjósti um manninn, rétti út höndina, snart hann og mælti: „Ég vil, verð þú hreinn!“ Jafn skjótt hvarf af honum líkþráin, og hann varð hreinn.“ (Markús 1:40-42) Jesús vissi að lögum samkvæmt mátti holdsveikur maður alls ekki vera í fjölmenni. En í stað þess að senda hann burt kenndi Jesús svo í brjósti um hann að hann gerði það sem menn hefðu talið óhugsandi. Hann snerti manninn!

<sup>12</sup> Geturðu ímyndað þér hvað þessi snerting þýddi fyrir holdsveika manninn? Lýsum því með dæmi. Paul Brand, læknir og sérfræðingur í holdsveiki, segir frá holdsveikum manni á Indlandi sem hann annaðist. Eftir að hafa skoðað manninn lagði hann hönd sína á öxl hans og útskýrði fyrir honum með aðstoð túlks hvernig lækni meðferð hann myndi fá. Skyndilega brast hinn holdsveiki í grát. „Sagði ég eitthvað rangt?“ spurði læknirinn. Túlkurinn spurði unga manninn á móðurmáli hans og svaraði svo: „Nei, læknir. Hann segist gráta vegna þess að þú tókst um öxl hans. Þetta er í fyrsta sinn í mörg ár sem nokkur maður hefur snert hann.“ Snerting Jesú hafði enn meiri þýðingu fyrir holdsveika manninn sem kom til hans, því að eftir þessa einu snertingu hvarf sjúkdómurinn sem olli því að honum hafði verið útskúfað úr mannlegu samfélagi!

---

\* Samkvæmt reglum rabbína var skylt að halda sig í minnst fjögurra álna (um 1,8 metra) fjarlægð frá holdsveikum manni. Í vindi varð hinn holdsveiki hins vegar að halda sig í að minnsta kosti 100 álna (45 metra) fjarlægð. *Midrás rabba* segir frá rabbína sem faldi sig fyrir holdsveikum, og frá öðrum sem kastaði grjóti að holdsveikum til að halda þeim frá sér. Holdsveikir þekktu því sársaukann sem fylgdi því að vera hafnað, vera fyririlitnir og óvelkomnir.

***,Hann rétti út höndina og snart hann.'***

<sup>13</sup> *Hann vildi sefa sorg annarra.* Jesús var djúpt snortinn þegar aðrir syrgðu. Lítum á frásöguna í Lúkasi 7:11-15 sem dæmi. Þjónusta Jesú var um það bil hálfnuð þegar þetta gerðist, og hann var staddur í útjaðri borgarinnar Nain í Galíleu. Hann var að nálgast borgarhlíðið þegar hann mætti líkfyld. Þarna hafði mikill harmleikur átt sér stað. Ungur maður var dáinn, einkasonur ekkju nokkurrar. Hún hafði staðið í svipuðum sporum einu sinni áður, þegar hún missti manninn sinn. En nú var það sonur hennar sem var borinn til grafar. Kannski átti hún engan annan að sem gat séð fyrir henni. Vera má að í líkfyldinni hafi verið syrgjendur sem fóru með kveinstafi og hljóðfæraleikarar sem léku sorgarlög. (Jeremía 9:17, 18; Matteus 9:23) En Jesús festi augun á hinni harmþrungnu móður sem gekk eflaust næst börunum sem lík sonarins lá á.

<sup>14</sup> Jesús, kenndi í brjósti um' hina sorgmæddu móður og sagði í hughreystandi tón: „Grát þú eigi!“ Óboðinn gekk hann að líkbörunum og snerti þær. Þeir sem báru námu staðar og kannski líkfyldin öll. Þá sagði Jesús hárrí rödd: „Ungi maður, ég segi þér, rís þú upp!“ Hvað gerðist svo? „Hinn látni settist þá upp og tók að mæla,“ rétt eins og hann hefði verið vakinn af djúpum svefni. Síðan kemur hjartnæmasta setningin: „Og Jesús gaf hann móður hans.“

<sup>15</sup> Hvað lærum við af þessum frásögum? Í öllum tilfellum birtist samúðin í verki. Jesús gat ekki horft upp á neyð annarra án þess að kenna í brjósti um þá, og hann gat ekki kennt í brjósti um aðra án þess að aðhafast eitthvað.

---

13, 14. (a) Hverju mætti Jesús í útjaðri Nain og af hverju voru aðstæður einstaklega sorglegar? (b) Hvað gerði Jesús fyrir ekkjuna í Nain?

15. (a) Hvernig lýsa frásögurnar af Jesú sambandinu milli samúðar og verka? (b) Hvernig getum við líkt eftir þessum þætti í fari Jesú?

Hvernig getum við líkt eftir honum? Þar sem við erum kristin er okkur skylt að prédika fagnaðarerindið og gera menn að lærisveinum. Hvötin að baki því er fyrst og fremst kærleikur til Guðs. En höfum samt hugfast að boðunarstarfið byggist einnig á samúð. Þegar við kennum í brjósti um fólk eins og Jesús gerði, þá knýr hjartað okkur til að gera allt sem við getum til að segja því frá fagnaðarerindinu. (Matteus 22:37-39) Og hvað um samúð í garð trússystkina sem eru þjád eða sorgmædd? Við getum ekki unnið kraftaverk og læknað sjúkdóma eða reist upp látna. Við getum hins vegar látið samúðina birtast í verki með því að tjá þeim umhyggju okkar eða veita þeim viðeigandi aðstoð af einhverju tagi. — Efesusbréfið 4:32.

### „Faðir, fyrirgef þeim“

<sup>16</sup> Jesús endurspegladi kærleika föður síns fullkomlega með öðrum mikilvægum hætti. Hann var „fús til að fyrirgefa“. (Sálmur 86:5) Þetta kom jafnvel skýrt fram þegar hann varð að deyja smánarlegum dauða. Um hvað talaði Jesús, negldur á höndum og fótum á aftökustaur? Ákallaði hann Jehóva og bað hann að refsa þeim sem voru að taka hann af lífi? Nei, einhver síðustu orð hans voru: „Faðir, fyrirgef þeim, því að þeir vita ekki, hvað þeir gjöra.“ — Lúkas 23:34.\*

---

\* Fyrri hluta Lúkasar 23:34 vantar í sum forn handrit. En orðin er að finna í mörgum áreiðanlegum handritum og standa því í mörgum þýðingum Biblíunnar, þar á meðal *Nýheimsþýðingu Heilagrar ritningar*. Jesús var greinilega að tala um rómversku hermennina sem staurfestu hann. Þeir höfðu enga hugmynd um hver Jesús var og vissu þar af leiðandi ekki hvað þeir voru að gera. Trúarleiðtogarnir, sem hvöttu til aftökunnar, voru miklu sekari því að þeir gerðu það vitandi vits og af hreinni illmennsku. Mörgum þeirra var engrar fyrirgefningar auðið. — Jóhannes 11:45-53.

---

16. Hvernig sýndi Jesús, jafnvel á kvalastaurnum, að hann var fús til að fyrirgefa?

<sup>17</sup> Líklega þykir okkur þó enn hjartnæmara að sjá hvernig Jesús fyrirgaf Pétri postula. Það leikur enginn vafi á því að Pétri þótti ákaflega vænt um Jesú. Hinn 14. nísan, síðasta kvöldið sem Jesús var á lífi, sagði Pétur við hann: „Herra, reiðubúinn er ég að fylgja þér bæði í fangelsi og dauða.“ En aðeins fáeinum klukkustundum síðar þvertók Pétur þrívægis fyrir að hann þekkti Jesú! Biblían segir hvað gerðist þegar Pétur afneitaði honum í þriðja skiptið: „Drottinn vék sér við og leit til Péturs.“ Pétur var miður sín yfir þessari alvarlegu synd, „gekk út og grét beisklega“. Þegar Jesús dó, síðar sama dag, er ekki ólíklegt að postulinn hafi spurt sig að því hvort Drottinn hefði fyrirgefið sér. — Lúkas 22:33, 61, 62.

<sup>18</sup> Hann þurfti ekki að bíða svarsins lengi. Jesús var reistur upp að morgni 16. nísan og heimsótti Pétur sama dag, að því er best verður séð. (Lúkas 24:34; 1. Korintubréf 15:4-8) Hvers vegna sýndi Jesús postulanum, sem hafði afneitað honum svo kröftuglega, þessa athygli? Kannski vildi hann fullvissa hinn iðrandi postula um að Drottinn hans elskaði hann enn og mæti hann mikils. En Jesús gerði meira en það til að uppörva Pétur.

<sup>19</sup> Nokkru síðar birtist Jesús lærisveinunum við Galíleuvatn. Þessu sinni spurði hann Pétur (sem hafði þrisvar afneitað Drottni sínum) þrisvar hvort hann elskaði hann. Í þriðja skiptið svaraði Pétur: „Drottinn, þú veist allt. Þú veist, að ég elska þig.“ Jesús gat lesið hjörtu mannanna og vissi mætavel að Pétur elskaði hann. Engu að síður gaf hann honum tækifæri til að játa kærleika sinn. Hann fól Pétri meira að segja að ‚gæta lamba sinna‘ og vera „hirðir“ þeirra. (Jóhannes 21:15-17) Pétur hafði fengið það verkefni að prédika. (Lúkas 5:10) En núna sýndi Jesús honum það einstaka traust að fela honum enn meiri ábyrgð — þá að annast væntanlega fylgjendur sína. Skömmu seinna fékk hann Pétri áber-

---

17-19. Hvernig sýndi Jesús að hann fyrirgaf Pétri postula að hafa afneitað honum þrisvar?

### Til íhugunar

**Matteus 9:35-38** Á hvaða sérstakan hátt kenndi Jesús í brjósti um fólk og hvaða áhrif ætti það að hafa á okkur?

**Jóhannes 13:34, 35** Hvers vegna er mikilvægt fyrir okkur að endurspegla kærleika Krists?

**Rómverjabréfið 15:1-6** Hvernig getum við líkt eftir óeigingjörnu hugarfari Krists?

**2. Korintubríf 5:14, 15** Hvaða áhrif ætti rétt mat á lausnargjaldinu að hafa á viðhorf okkar, markmið og lífferni?

andi hlutverk meðal lærisveinanna. (Postulasagan 2:1-41) Það hlýtur að hafa verið mikill léttir fyrir Pétur að vita að Jesús hefði fyrirgefið honum og treysti honum enn.

### Skilur þú ,kærleika Krists'?

<sup>20</sup> Orð Jehóva lýsir kærleika Krists mjög svo fagurlega. En hvernig eigum við að bregðast við kærleika hans? Biblían hvetur okkur til að ,fá skilið kærleika Krists' sem „gnæfir yfir alla þekkingu“. (Efesusbréfið 3:18, 19) Eins og við höfum séð segja guðspjöllin okkur margt um kærleika Jesú. En til að ,fá skilið kærleika Krists' til fullnustu þarf meira en að læra hvað Biblían segir um ævi hans og þjónustu.

<sup>21</sup> Gríska orðið, sem hér er þýtt ,fá skilið', merkir að þekkja „í reynd, af eigin raun“. Þegar við sýnum kærleika á sama hátt og Jesús — gefum öðrum fúslega af sjálfum okkur, sýnum þeim samúð og reynum að uppfylla þarfir þeirra, og fyrirgefum þeim af heilu hjarta — þá skiljum við tilfinningar hans í alvöru. Það er þannig sem við ,fáum skilið kærleika Krists' sem „gnæfir yfir alla þekkingu“. Og gleymum aldrei að því meir sem við líkjumst Kristi, þeim mun nálagari verðum við Jehóva, Guði kærleikans, sem Jesús líkti svo fullkomlega eftir.

20, 21. Hvernig getum við ,skilið kærleika Krists' til fullnustu?

## „Lifið í kærleika“

„SÆLLA er að gefa en þiggja.“ (Postulasagan 20:35) Þessi orð Jesú undirstrika þann mikilvæga sannleika að það er mjög gefandi að sýna óeigingjarnan kærleika. Það er vissulega unaðslegt að *njóta* kærleika annarra en það er enn unaðslegra að *gefa*, að *sýna* öðrum kærleika.

<sup>2</sup> Enginn þekkir þetta betur en faðir okkar á himnum. Eins og við höfum séð í köflunum á undan er Jehóva hið fullkomna dæmi um kærleika. Enginn hefur sýnt kærleika á stórkostlegri hátt né lengur en hann. Það er því ekki að undra að Jehóva skuli vera kallaður ‚hinn sæli Guð‘. – 1. Tímóteusarbréf 1:11, *Biblían 1912*.

<sup>3</sup> Guð kærleikans vill að við reynum að líkjast sér, ekki síst í því að sýna kærleika. Efesusbréfið 5:1, 2 segir okkur: „Verðið því eftirbreytendur Guðs, svo sem elskuð börn hans. Lifið í kærleika.“ Þegar við líkjum eftir fordæmi Jehóva og sýnum kærleika njótum við gleðinnar og hamingjunnar sem fylgir því að gefa. Og við njótum þess að vita að við þóknumst Jehóva því að orð hans hvetur okkur til að ‚elska hvert annað‘. (Rómverjabréfið 13:8) En það eru fleiri ástæður fyrir því að við ættum að ‚lifa í kærleika‘.

### Hvers vegna er kærleikur nauðsynlegur?

<sup>4</sup> Hvers vegna er mikilvægt að elska trúbræður sína? Einfaldlega vegna þess að kærleikurinn er kjarni sannrar kristni. Án hans getum við ekki átt náin tengsl við trússystkini okkar, og það sem mikilvægara er, án hans erum við ekkert í augum Jehóva. Lítum á hvernig þessi sannindi koma skýrt fram í orði Guðs.

1-3. Hvaða áhrif hefur það að líkja eftir Jehóva og sýna kærleika?

4, 5. Hvers vegna er mikilvægt að sýna trússystkinum sínum förnúsán kærleika?

<sup>5</sup> Jesús sagði fylgjendum sínum kvöldið áður en hann var tekinn af lífi: „Nýtt boðorð gef ég yður, að þér elskið hver annan. Eins og ég hef elskað yður, skuluð þér einnig elska hver annan. Á því munu allir þekkja, að þér eruð mínir lærisveinar, ef þér berið elsku hver til annars.“ (Jóhannes 13:34, 35) „Eins og ég hef elskað yður“ — já, við eigum að sýna sams konar kærleika og Jesús. Í síðasta kafla var bent á hve frábært dæmi Jesús hefði verið um fórnfúsán kærleika því að hann tók þarfir og hag annarra fram yfir sinn eigin. Við eigum líka að sýna óeigingjarnan kærleika, og við eigum að gera það svo greinilega að það blasi við fólki utan kristna safnaðarins. Já, fórnfús bróðurkærleikur er einkennismerki sannra fylgjenda Krists.

<sup>6</sup> En hvað þá ef kærleikann vantar hjá okkur? „[Ef ég] hefði ekki kærleika, væri ég hljómandi málmur eða hvellandi bjalla,“ sagði Páll postuli. (1. Korintubrэф 13:1) Hvellandi bjalla lætur óþægilega í eyrum. Og hvað um hljómandi málm? Aðrar biblíuþýðingar tala um „hávert gong“ eða „gjallandi gong“. Þetta eru viðeigandi samlíkingar. Maður án kærleika er eins og hljóðfæri sem gefur frá sér fráhrindandi og sargandi hávaða. Hvernig getur slíkur maður átt náíð samband við aðra? Páll hélt áfram: „Þótt ég hefði svo takmarkalaus trú, að færa mætti fjöll úr stað, en hefði ekki kærleika, væri ég ekki neitt.“ (1. Korintubrэф 13:2) Hugsaðu þér, maður án kærleika er „ekki neitt“ þó að hann vinni ýmis stórvirki! Er ekki ljóst að orð Jehóva leggur mikla áherslu á kærleika?

<sup>7</sup> En hvernig getum við sýnt kærleika í samskiptum við aðra? Til að svara því skulum við fara yfir orð Páls í 1. Korintubrэф 13:4-8. Páll er ekki að tala um kærleika Guðs til okkar eða okkar til hans heldur einbeitir sér að því hvernig

---

6, 7. (a) Hvernig vitum við að orð Jehóva leggur mikla áherslu á að sýna kærleika? (b) Hvaða þættir kærleikans eru til umræðu í 1. Korintubrэф 13:4-8?



*Kærleikurinn hvetur okkur til að  
sýna bræðrum okkar að við treystum þeim.*

við eigum að sýna hvert öðru kærleika. Hann lýsir því bæði hvernig kærleikurinn er og hvernig hann er ekki.

### **Hvernig er kærleikurinn?**

<sup>8</sup> „Kærleikurinn er langlyndur.“ Að vera langlyndur merkir að vera þolinmóður og umburðarlyndur við aðra. (Kólossubréfið 3:13) Þurfum við ekki á því að halda? Þar sem við þjónum hlið við hlið og erum ófullkomin er við því að búast að trússystkini okkar fari stundum í taugarnar á okkur og við í taugarnar á þeim. En þolinmæði og langlundargeð geta hjálpað okkur að þola svolitlar skrámur og þústra sem við fáum í samskiptum við aðra — án þess að spilla friði safnaðarins.

---

8. Hvernig getur langlyndi auðveldað samskipti okkar við aðra?



<sup>9</sup> „*Kærleikurinn er . . . góðviljaður.*“ Góðvild birtist í hjálpssemi og vingjarnlegum orðum. Kærleikurinn hvetur okkur til að leita færís að sýna góðvild, einkum þeim sem þarfnast hennar mest. Roskinn trúbróðir eða trúsystir eru kannski einmana og gætu þegið uppörvandi heimsókn. Einstæð móðir þarfnast hjálpar, eða þá systir sem á vantrúaðan eiginmann. Einhver er veikur eða hefur orðið fyrir andstreymi í lífinu og þráir að heyra vingjarnlegt orð frá góðum vini. (Orðskviðirnir 12:25; 17:17) Þegar við eigum frumkvæðið og sýnum góðvild á þennan hátt erum við að sýna að kærleikur okkar sé einlægur. — 2. Korintubréf 8:8.

<sup>10</sup> „*Kærleikurinn . . . samgleðst sannleikanum.*“ Önnur þýðing segir: „Kærleikurinn . . . tekur fagnandi afstöðu með sannleikanum.“ Kærleikurinn fær okkur til að verja sannleikann og tala sannleika hvert við annað. (Sakaríá 8:16) Segjum til dæmis að ástvinur hafi framið alvarlega synd. Þá mun kærleikurinn til Jehóva — og syndarans — hjálpa okkur að fylgja reglum Guðs í stað þess að reyna að leyna hinu ranga, afsaka það eða jafnvel að segja ósatt til að hylma yfir. Vissulega getur verið erfitt að horfast í augu við staðreyndirnar. En ef okkur er virkilega annþ um ástvin okkar viljum við að hann fái kærleiksríkan aga frá Guði og fari eftir honum. (Orðskviðirnir 3:11, 12) Og þar sem við erum kærleiksrík viljum við sjálf „breyta vel í öllum greinum“. — Hebreabréfið 13:18.

<sup>11</sup> „*Kærleikurinn . . . breiðir yfir allt.*“ Fyrri Pétursbréf 4:8 segir: „Kærleikur hylur fjölda synða.“ Kristinn maður, sem lætur kærleikann ráða gerðum sínum, hefur engan sérstakan áhuga á að draga ófullkomleika og bresti trúsystkina sinna fram í dagsljósið. Oft eru mistök þeirra og gallar

9. Hvernig getum við sýnt öðrum góðvild?

10. Hvernig hjálpar kærleikurinn okkur að verja sannleikann og tala sannleika, jafnvel þegar það er erfitt?

11. Hvað eigum við að reyna að gera í sambandi við galla trúsystkina okkar fyrst kærleikurinn „breiðir yfir allt“?

svo smávægileg að kærleikurinn getur breitt yfir þau. — Orðskviðirnir 10:12; 17:9.

<sup>12</sup> „Kærleikurinn . . . trúir öllu.“ Önnur þýðing orðar það þannig að kærleikurinn sé „alltaf óðfús að trúá því besta“. Við vantreystum ekki trússystemum okkar að óþörfu. Við vefengjum ekki hvatir þeirra sí og æ. Kærleikurinn hjálpar okkur að „trúa því besta“ um bræður okkar og treysta þeim.\* Taktu eftir hvernig Páll talar í Fílemonsbréfinu. Þar hvetur hann Fílemon til að taka vel á móti Onesímusi, strouþræl sínum, sem nú er orðinn kristinn. En Páll reynir ekki að þvinga Fílemon til þess heldur höfðar til hans í anda kærleikans. Hann kveðst treysta því að Fílemon geri hið rétta og segir: „Í fullu trausti til hlýðni þinnar rita ég til þín og veit, að þú munt gjöra jafnvel fram yfir það, sem ég mælist til.“ (21. vers) Við löðum fram hið besta í fari bræðra okkar þegar kærleikurinn kveikir slíkt traust til þeirra.

<sup>13</sup> „Kærleikurinn . . . vonar allt.“ Kærleikurinn bæði treystir og vonar. Við vonum að bræðrum okkar farnist vel af því að við elskum þá. Ef bróður verður eitthvað á, svo dæmi sé tekið, vonum við að hann þiggi þá leiðréttingu sem hann fær í anda kærleikans. (Galatabréfið 6:1) Við vonum líka að þeir sem eru veikir í trúnni ná sér. Við erum þolinmóð við þá og gerum það sem við getum til að hjálpa þeim að verða sterkir í trúnni. (Rómverjabréfið 15:1; 1. Þessaloníkubréf 5:14) Og jafnvel þó að ástvinur fari af rétttri braut vonum við að hann komi einhvern tíma til

---

\* Kristinn kærleikur er vitanlega ekki auðtrúa. Biblían hvetur okkur til að „hafa gát á þeim er vekja sundurþykkju og sneiða hjá þeim.“ — Rómverjabréfið 16:17.

---

12. Hvernig sýndi Páll postuli að hann trúði því besta um Fílemon og hvað getum við lært af dæmi hans?

13. Hvernig getum við sýnt að við vonum að bræðrum okkar farnist vel?

sjálfis sín og snúi aftur til Jehóva, líkt og glataði sonurinn í dæmisögu Jesú. — Lúkas 15:17, 18.

<sup>14</sup> „*Kærleikurinn . . . umber allt.*“ Við getum umborið alls konar vonbrigði og erfiðleika ef við erum þolgóð. Það er ekki aðeins utan safnaðarins sem reynir á þolgæði okkar. Stundum reynir líka á það innan hans. Bræður valda okkur stöku sinnum vonbrigðum af því að þeir eru ófullkomnir. Hugsunarlaus orð geta sært tilfinningar okkar. (Orðskviðirnir 12:18) Ef til vill finnst okkur að það ætti að taka eitthvert mál innan safnaðarins öðrum tókum en gert er. Virtur bróðir gerir kannski eitthvað sem kemur okkur í uppnám og við spyrjum okkur hvernig kristinn maður geti hegðað sér þannig. Hvað gerum við ef eitthvað slíkt kemur upp á? Fjarlægjumst við söfnuðinn og hættem að þjóna Jehóva? Ekki ef við höfum kærleika. Já, kærleikurinn hindrar að við blindumst svo af göllum eða veikleikum einhvers bróður að við hættem að sjá hið góða í fari hans eða hið góða í söfnuðinum. Kærleikurinn gerir okkur kleift að vera Guði trú og styðja söfnuðinn, hvað sem önnur ófullkomin manneskja segir eða gerir. — Sálmur 119:165.

### Hvernig er kærleikurinn ekki?

<sup>15</sup> „*Kærleikurinn öfundar ekki.*“ Við ættum ekki að öfunda aðra, hvorki af eigum þeirra, blessunum, getu né færni. Öfund er eigingjörn og skaðleg og getur spillt friði safnaðarins ef hún fær lausan tauminn. Hvernig getum við spornað gegn öfundartilhneigingunni? Með kærleikanum. Þessi verðmæti eiginleiki auðveldar okkur að gleðjast með þeim sem virðast að einhverju leyti betur settir í lífinu en við. (Rómverjabréfið 12:15) Kærleikurinn hjálpar okkur að líta

14. Hvernig getur reynt á þolgæði okkar innan safnaðarins og hvernig hjálpar kærleikurinn okkur?

15. Hvers vegna er öfund skaðleg og hvernig hjálpar kærleikurinn okkur að forðast hana?

ekki á það sem persónulega móðgun ef einhverjum öðrum er hrósað fyrir einstaka hæfileika eða frábæran árangur.

<sup>16</sup> „*Kærleikurinn er ekki raupsamur, hreykir sér ekki upp.*“ Kærleikurinn kemur í veg fyrir að við flíkum hæfileikum okkar eða afrekum. Ef við elskum bræðurna er óhugsandi að við séum sí og æ að monta okkur af árangri í boðunarstarfinu eða þjónustuverkefnum í söfnuðinum. Ef við gerðum það gæti öðrum fundist þeir standa okkur að baki og þeir gætu orðið niðurdregnir. Kærleikurinn leyfir okkur ekki að gorta af því sem við fáum að gera í þjónustu Guðs. (1. Korintubríf 3:5-9) Kærleikurinn „hreykir sér ekki upp“ eða „ofmetur ekki mikilvægi sitt“ eins og það er orðað í annarri þýðingu. Kærleikurinn kemur í veg fyrir að við lítum stórt á sjálf okkur. — Rómverjabréfið 12:3.

<sup>17</sup> „*Kærleikurinn . . . hegðar sér ekki ósæmilega.*“ Sá sem hegðar sér ósæmilega er móðgandi eða dónalegur í framkomu. Það ber ekki vitni um kærleika heldur algera lítilsvirðingu fyrir tilfinningum og velferð annarra. Kærleikurinn er aftur á móti viðfelldinn og tillitssamur. Hann stuðlar að góðum manna síðum, hegðun sem Guð hefur velþóknun á og einnig virðingu fyrir trússystemum okkar. Kærleikurinn leyfir okkur ekki að vera ‚svívirðileg‘ í framkomu eða hegða okkur á nokkurn þann hátt sem gæti hneykslað eða móðgað trússystemum okkar. — Efesusbréfið 5:3, 4.

<sup>18</sup> „*Kærleikurinn . . . leitar ekki síns eigin.*“ Önnur biblíuþýðing talar um að kærleikurinn ‚heimti ekki að fá vilja sínum framgengt‘. Kærleiksríkur maður krefst þess ekki að allt sé gert eftir hans höfði, rétt eins og skoðanir hans séu alltaf þær einu réttu. Hann ráðskast ekki með aðra né reyn-

16. Hvers vegna gortum við ekki af því sem við gerum í þjónustu Jehóva ef við elskum bræður okkar í raun og veru?

17. Hvernig sýnum við öðrum tillitssemi ef við erum kærleiksrík og hvers konar framkomu forðumst við?

18. Hvers vegna heimtar kærleiksríkur maður ekki að allt sé gert eftir hans höfði?

ir með fortölum að lýja þá sem eru á öðru máli en hann. Slík þrjóska bæri vott um visst dramb og „drambsemi er undanfari tortímingar“ eins og Biblían segir. (Orðskviðirinnir 16:18) Ef við elskum trússystemi okkar í alvöru virðum við skoðanir þeirra og erum eftirgefanleg þegar það er hægt. Það er í samræmi við orð Páls að „enginn hyggi að eigin hag, heldur hag annarra“. — 1. Korintubréf 10:24.

<sup>19</sup> „*Kærleikurinn . . . reiðist ekki, er ekki langrækinn.*“ Kærleikurinn er ekki gjarn á að reiðast orðum eða gerðum annarra. Það er að vísu eðlilegt að reiðast þegar aðrir móðga okkur. En jafnvel þó að við reiðumst með réttu látum við ekki reiðina *sitja í* okkur. (Efesusbréfið 4:26, 27) Við erum ekki langmínnug á meiðandi orð eða gerðir, rétt eins og við höldum bókhald yfir þau til að þau gleymist ekki, heldur fær kærleikurinn okkur til að líkja eftir Jehóva Guði. Hann fyrirgefur þegar það er skynsamleg ástæða til þess, eins og fram kom í 26. kafla. Hann gleymir þegar hann fyrirgefur, það er að segja að hann notar ekki þessar syndir gegn okkur einhvern tíma síðar. Erum við ekki þakklát fyrir að Jehóva skuli ekki vera langrækinn?

<sup>20</sup> „*Kærleikurinn . . . gleðst ekki yfir óréttvísinni.*“ Önnur biblíuþýðing segir: „Kærleikurinn . . . hlakkar ekki yfir syndum annarra manna.“ Og sú þriðja kemst svo að orði: „Kærleikurinn gleðst aldrei þegar aðrir gera rangt.“ Kærleikurinn hefur enga ánægju af ranglætinu þannig að við gerum aldrei lítið úr siðleysi af neinu tagi. Hver eru viðbrögð okkar ef trússystemi festir sig í snöru syndarinnar og líður fyrir það? Kærleikurinn leyfir okkur ekki að fagna og segja: Gott á hann! Hann átti þetta skilið! (Orðskviðirinnir 17:5) Við fögnum hins vegar þegar bróðir bætir ráð sitt eftir að hafa orðið eitthvað á.

19. Hvernig hjálpar kærleikurinn okkur þegar aðrir móðga okkur?

20. Hvernig ættum við að bregðast við ef trússystemi festir sig í snöru syndar og líður fyrir það?



***Þjónar Jehóva þekkjast á því að þeir elska hver annan.***

### **„Miklu ágætari leið“**

<sup>21</sup> „*Kærleikurinn fellur aldrei úr gildi.*“ Hvað átti Páll við þegar hann sagði þetta? Eins og samhengið ber með sér var hann að ræða um náðargáfur andans meðal frumkristinna manna. Náðargáfunar voru merki þess að Guð hefði velpóknun á hinum nýmyndaða söfnuði. En það gátu ekki allir kristnir menn læknað, spáð eða talað tungum. Það skipti hins vegar ekki máli því að náðargáfunar áttu hvort eð er að líða undir lok þegar fram liðu stundir. En það var annað sem átti að standa óhaggað og það gátu allir kristnir menn ræktað með sér. Það var betra og varanlegra en

21-23. (a) Hvað átti Páll við þegar hann sagði að „kærleikurinn félli aldrei úr gildi“? (b) Um hvað er fjallað í síðasta kafla bókarinnar?

### Til íhugunar

**2. Korintubréf 6:11-13** Hvað merkir það að ‚láta verða rúmgott hjá sér‘ og hvernig getum við gert það?

**1. Pétursbréf 1:22** Hvernig sýnir þetta vers að við verðum að elska trússystemi okkar af einlægni og hlýju?

**1. Jóhannesarbréf 3:16-18** Hvernig getum við sýnt að „kærleikur til Guðs“ sé í okkur?

**1. Jóhannesarbréf 4:7-11** Hver er sterkasta hvötin til að sýna trússysteminum okkar kærleika?

nokkur náðargáfa. Páll kallaði það meira að segja „enn þá miklu ágætari leið“. (1. Korintubréf 12:31) Þessi „ágætari leið“ var kærleikurinn.

<sup>22</sup> Hinn kristni kærleikur, sem Páll lýsir, „fellur aldrei úr gildi“. Hann líður aldrei undir lok. Fórnfús bróðurkærleikur er enn þann dag í dag aðalsmerki þeirra sem fylgja Jesú í raun og veru. Sjáum við ekki slíkan kærleika að verki í söfnuðum þjóna Jehóva um alla jörðina? Þessi kærleikur varir að eilífu því að Jehóva lofar trúföstum þjónum sínum eilífu lífi. (Sálmur 37:9-11, 29) Gerum okkar besta til að halda áfram að ‚lifa í kærleika‘. Þá njótum við hamingjunnar sem fylgir því að gefa. Og síðast en ekki síst getum við haldið áfram að lifa — já, og elska — um alla eilífd að fyrirmynd Jehóva, Guðs kærleikans.

<sup>23</sup> Með þessum kafla lýkur umfjöllun okkar um kærleikann. Við höfum fjallað um það hvernig við getum sýnt að við elskum hvert annað. En þegar til þess er litið á hve marga vegu við njótum góðs af kærleika Jehóva — og mætti hans, réttlæti og visku — þá er ekki úr vegi að spyrja hvernig við getum sýnt Jehóva að við elskum hann í raun og sannleika. Þessari spurningu er svarað í síðasta kaflanum.

## „Nálægðu þig Guði og þá mun hann nálgast þig“

FORELDRUM finnst yndislegt að sjá ungbarnið sitt brosa. Þau lúta niður að barninu, hjala við það og brosa breitt. Og viðbrögð barnsins láta ekki á sér standa – varirnar viprast, spékoppar myndast í kinnunum og svo breiðist brosið yfir andlitið. Á sinn hátt virðist þetta bros lýsa ástinni sem er að kvikna í hjarta barnsins – viðbrögðum þess við ást foreldranna.

<sup>2</sup> Bros barnsins minnir okkur á mikilvægan þátt í mannlegu eðli. Það er í eðli okkar að endurgjalda ást með ást. Við erum einfaldlega þannig úr garði gerð. (Sálmur 22:10) Eftir því sem við stækkum þroskast hæfnin til að endurgjalda ást annarra. Þú manst kannski hvernig foreldrar þínir, ættingjar eða vinir sýndu þér ást sína meðan þú varst barn. Hlý tilfinning festi rætur í hjarta þér, kennd sem dafnaði og blómgaðist og birtist svo í verki. Þú svaraðir ástinni með því að elska á móti. Er samband þitt við Jehóva Guð að þroskast á svipaðan hátt?

<sup>3</sup> „Vér elskum, því að hann elskaði oss að fyrra bragði,“ segir Biblían. (1. Jóhannesarbréf 4:19) Í fyrsta til þriðja hluta þessarar bókar var minnt á það að Jehóva Guð hefur sýnt mátt sinn, réttlæti og visku á kærleiksríkan hátt þér til góðs. Og í fjórða hluta kom fram að hann hefur sýnt mannkyninu – og þér persónulega – kærleika sinn á einstakan hátt. En nú vaknar spurning. Að vissu leyti er þetta mikilvægasta spurningin sem þú getur spurt þig. Hún er þessi: Hvernig ætla ég að bregðast við kærleika Jehóva?

1-3. (a) Hvað getum við lært um mannlegt eðli af samspili foreldra og barns? (b) Hvað gerist eðlilega þegar okkur er sýnd ást og hvaða mikilvægrar spurningar getum við spurt okkur?



## Hvað merkir það að elska Guð?

<sup>4</sup> Jehóva, höfundur kærleikans, veit mætavel að kærleikurinn býr yfir óhemjusterku afli til að laða fram hið besta í fari annarra. Þrátt fyrir þrálátan uppreisnarhug ótrúrra manna hefur hann alltaf treyst því að kærleikur hans nái að snerta suma. Og hann hefur snortið milljónir manna. En því miður hafa trúarbrögð þessa spillta heims ruglað fólk svo að margir vita ekki hvað það er að elska Guð. Þeir eru óteljandi sem segjast elska Guð en virðast halda að það sé nóg að tjá þessa ást með orðum. Og það er kannski þannig sem kærleikurinn til Guðs birtist í byrjun, rétt eins og ást barnsins á foreldrunum byrjar með brosinu. En hjá fullorðnu fólki er ástin meira en þetta.

<sup>5</sup> Jehóva skýrir fyrir okkur hvað það merkir að elska hann. Orð hans segir: „Í þessu birtist elskan til Guðs, að vér höldum hans boðorð.“ Kærleikurinn til Guðs þarf því að birtast í verki. Mörgum geðjast reyndar miður að tilhugsuninni um að hlýða. En versió bætir við: „Og boðorð [Guðs] eru ekki þung.“ (1. Jóhannesarbréf 5:3) Lög Jehóva og meginreglur eru gerð okkur til góðs en ekki til þyngsla. (Jesaja 48:17, 18) Orð hans er sneisafullt af meginreglum sem hjálpa okkur að nálægjast hann. Lítum á þrjár hliðar á sambandi okkar við Guð. Þetta eru samskipti, tilbeiðsla og það að líkja eftir honum.

## Samskipti við Jehóva

<sup>6</sup> Fyrsti kafliinn hófst með spurningunni: „Geturðu ímyndað þér hvernig það væri að eiga samtál við Guð?“ Bent var á að þetta væri ekki fráleit hugmynd. Segja má

4. Hvaða rangan skilning virðast margir hafa á því hvað það sé að elska Guð?

5. Hvernig skýrir Biblían hvað það merkir að elska Guð og af hverju ætti það að höfða til okkar?

6-8. (a) Hvernig getum við hlustað á Jehóva? (b) Hvernig getum við gert Biblíuna lifandi þegar við lesum í henni?

að Móse hafi átt samtál við Guð. Hvað um okkur? Jehóva sendir ekki engla sína nú á tímum til að ræða við mennina. Hins vegar hefur hann afbragðsleiðir til að eiga samskipti við okkur. Hvernig getum við hlustað á hann?

<sup>7</sup> „Sérhver ritning er innblásin af Guði“ þannig að við hlustum á Guð með því að lesa orð hans, Biblíuna. (2. Tímóteusarbréf 3:16) Sálmaritarinn hvatti því þjóna Jehóva til að lesa „dag og nótt“ í orði hans. (Sálmur 1:1, 2) Þetta kostar töluverða vinnu en það er þess virði. Eins og bent var á í 18. kafla er Biblían eins og kærkomið bréf frá föður okkar á hinnum. Við ættum því ekki að líta á það sem hversdagslegt vanaverk að lesa í Biblíunni heldur þurfum við að *gæða hana lífi* þegar við lesum. Hvernig er það hægt?

<sup>8</sup> Sjáðu fyrir þér atburðina sem þú lest um. Reyndu að gera þér mynd í huganum af persónum Biblíunnar. Glöggvaðu þig á uppruna þeirra, aðstæðum og hvötum. Hugsaðu síðan vel um það sem þú lest og spyrðu spurninga eins og: Hvað læri ég um Jehóva af þessari frásögu? Hvaða eiginleika hans sé ég að verki? Hvaða meginreglu vill hann að ég læri og hvernig get ég nýtt mér hana? Lestu, hugleiddu og heimfærðu. Þá verður orð Guðs lifandi fyrir þér. — Sálmur 77:13; Jakobsbréfið 1:23-25.

<sup>9</sup> Jehóva talar líka til okkar fyrir milligöngu „hins trúa og hyggna þjóns“. Eins og Jesús sagði fyrir hefur fámennum hópi andasmurðra karlmanna verið falið það verkefni að útbýta andlegum „mat á réttum tíma“ núna á síðustu dögum. (Matteus 24:45-47) Við erum að þiggja andlega næringu hjá þessum þjóni þegar við sækjum safnaðarsamkomur og mót og þegar við lesum rit sem eru samin til að miðla nákvæmri biblíuþekkingu. Þar sem þessi hópur er þjónn Krists ættum við að taka til okkar orð Jesú: „Gætið . . . að, *hvernig þér heyrið.*“ (Lúkas 8:18) Við hlustum með athygli

---

9. Hver er hinn „trúi og hyggni þjónn“ og hvers vegna er mikilvægt að hlusta með athygli á hann?

af því að við gerum okkur grein fyrir því að trúi þjónninn er ein af leiðum Jehóva til að eiga samskipti við okkur.

<sup>10</sup> En hvaða möguleika eigum við á því að segja Jehóva hvað okkur liggur á hjarta? Getum við talað við hann? Tilhugsunin vekur hálfpartinn óttablandna lotningu með okkur. Hvaða möguleika heldurðu að þú ættir á því að fá áheyrn hjá voldugasta ráðamanni þjóðarinnar til að viðra einhver persónuleg hugðarefni? Í sumum löndum væri hreinlega hættulegt að reyna það! Á dögum Esterar og Mordekais var hægt að lífláta fólk sem reyndi að ná tali af persneska einvaldinum óboðið. (Esterarbók 4:10, 11) Hugsaðu þér þá að ganga fram fyrir Drottin alheims sem er svo hár og mikill að voldugustu menn eru „sem engisprettur“ í samanburði við hann. (Jesaja 40:22) Ættum við að vera hrædd við að nálgast hann? Nei, alls ekki.

<sup>11</sup> Jehóva hefur gefið okkur greiða og einfalda leið til að koma að máli við sig. Þetta er bænin. Lítið barn getur meira að segja beðið til hans í trú í nafni Jesú. (Jóhannes 14:6; Hebreabréfið 11:6) En bænin gefur okkur líka tækifæri til að segja honum frá innstu hugsunum okkar og kenndum — jafnvel þeim sem eru sársaukafullar og okkur finnst erfitt að koma orðum að. (Rómverjabréfið 8:26) Það er til einskis að reyna að heilla Jehóva með mælsku og málskrúði eða með löngum orðaflaumi. (Matteus 6:7, 8) Því eru hins vegar engin takmörk sett hve lengi við fáum að tala við hann eða hve oft. Biblían hvetur okkur jafnvel til að ,biðja án afláts‘. — 1. Þessaloníkubréf 5:17.

<sup>12</sup> Við skulum hafa hugfast að enginn nema Jehóva er kallaður „þú sem heyrir bænir“, og hann hlustar með ósvikinni samúð. (Sálmur 65:3) Það er ekki svo að hann einungis umberi bænir trúrra þjóna sinna heldur hefur

10-12. (a) Hvers vegna er bænin óviðjafnanleg gjöf frá Jehóva? (b) Hvernig getum við beðið þannig að Jehóva geðjist bænir okkar og hvers vegna megum við treysta að hann kunni að meta þær?

hann hreinlega yndi af þeim. Orð hans líkir bænum þeirra við reykelsi sem sendir sætan og róandi ilm upp til himins þegar það er brennt. (Sálmur 141:2; Opinberunarbókin 5:8; 8:4) Er ekki hughreystandi til að vita að einlæggar bænir okkar skuli stíga upp til alheimsdrottins, honum til þægðar? Ef þú vilt nálægja þig Jehóva skaltu biðja til hans í auðmýkt oft á dag. Úthelltu hjarta þínu fyrir honum, hikaðu ekki við að segja honum allt. (Sálmur 62:9) Segðu himnaskum föður þínum frá gleði þinni, tjáðu honum áhyggjur þínar, færðu honum þakkir og lofaðu hann. Það styrkir böndin milli þín og hans.

### Tilbeiðslan á Jehóva

<sup>13</sup> Þegar við eigum tjáskipti við Jehóva Guð er það ekki eins og við séum einfaldlega að hlusta á og tala við vin eða ættingja. Við erum í rauninni að tilbiðja Jehóva, að sýna honum þá djúpu lotningu sem hann verðskuldar svo mjög. Sönn tilbeiðsla stjórnar öllu lífi okkar. Hún er leiðin til að tjá Jehóva að við elskum hann og dáum af allri sálu, og hún sameinar alla trúa þjóna Jehóva á himni og jörð. Jóhannes postuli sá sýn þar sem hann heyrði engil segja hárrí rödd: „Tilbiðjið þann, sem gjört hefur himininn og jörðina og hafið og uppsprettur vatnanna.“ – Opinberunarbókin 14:7.

<sup>14</sup> Af hverju eigum við að tilbiðja Jehóva? Hugsaðu um eiginleika hans sem við höfum fjallað um í þessari bók, um heilagleika hans, mátt, sjálfstjórn, réttlæti, hugrekki, miskunn, visku, líftillæti, kærleika, samúð, trúfesti og gæsku. Við höfum séð að allir göfugustu eiginleikar ná háttindi hjá honum. Þegar við reynum að skilja heild allra eiginleika hans skynjum við að hann er margfalt meira en háleit og aðdáunarverð tignarpersóna. Hann er óendanlega

---

13, 14. Hvað merkir það að tilbiðja Jehóva og hvers vegna er viðeigandi að gera það?



***Safnaðarsamkomur eru ánægjuleg tækifæri  
til að tilbiðja Jehóva.***

hærri en við, dýrð hans er takmarkalaus. (Jesaja 55:9) Jehóva er tvímælaust réttmætur Drottinn okkar og verðskuldar tilbeiðslu okkar. En hvernig eigum við að tilbiðja hann?

<sup>15</sup> „Guð er andi, og þeir, sem tilbiðja hann, eiga að tilbiðja í anda og sannleika,“ sagði Jesús. (Jóhannes 4:24) Þetta merkir að tilbiðja Jehóva af öllu hjarta og í trú og kærleika, undir leiðsögn anda hans. Það merkir að tilbiðja hann í samræmi við sannleikann, hina nákvæmu þekkingu sem er að finna í orði hans. Við höfum verðmætt tækifæri til að tilbiðja Jehóva „í anda og sannleika“ þegar við söfnumst saman ásamt trússystemum okkar. (Hebreabréfið 10:24, 25) Við tjáum honum ást okkar í hreinni tilbeiðslu þegar við

---

15. Hvernig getum við tilbeiðt Jehóva „í anda og sannleika“ og hvernig bjóða safnaðarsamkomur upp á tækifæri til þess?

syngjum honum lof, sameinum hugi okkar í bæn og hlýðum á umræður um orð hans og tókum þátt í þeim.

<sup>16</sup> Við tilbiðjum líka Jehóva þegar við segjum öðrum frá honum, þegar við lofum hann meðal almennings. (Hebræabréfið 13:15) Að prédika fagnaðarerindið um ríkið er eitt mikilvægasta boðorðið sem sannkristnum mönnum ber að fara eftir. (Matteus 24:14) Við hlýðum fúslega vegna þess að við elskum Jehóva. Þegar við hugsum til þess hvernig „guð þessarar aldar“, Satan djöfullinn, hefur „blindað huga hinna vantrúuðu“ og útbreitt svívirðilegar lygar um Jehóva, þráum við þá ekki að vera vottar Guðs og andmæla róginum? (2. Korintubríf 4:4; Jesaja 43:10-12) Og langar okkur ekki til að segja öðrum frá Jehóva þegar við ígrundum stórfenglega eiginleika hans? Það er varla hægt að hugsa sér meiri heiður en þann að hjálpa öðrum að kynnast föðurnum á himnum og elska hann eins og við gerum.

<sup>17</sup> Og tilbeiðslan á Jehóva er meira en þetta því að hún kemur inn á hvert einasta svið lífsins. (Kólossubréfið 3:23) Ef við viðurkennum Jehóva sem alvaldan Drottin, þá leggjum við okkur fram um að gera vilja hans í einu og öllu — í fjölskyldulífinu, vinnunni, samskiptum við aðra og í frístundum. Þá reynum við okkar besta til að þjóna Jehóva „af öllu hjarta“ og í ráðvendni. (1. Kroníkubók 28:9) Slík tilbeiðsla gefur ekkert svigrúm til þess að vera með tvískipt hjarta eða lifa tvöföldu lífi — að þjóna Jehóva á yfirborðinu en stunda alvarlegar syndir í laumi. Ráðvendni útilokar slíka hræsni og kærleikurinn vekur viðbjóð á henni. Guðhræðslan er okkur líka til hjálpar því að Biblían setur slíka lotningu í samhengi við langvarandi trúnaðarsamband við Jehóva. — Sálmur 25:14.

16. Hvert er eitt mesta boðorðið sem sannkristnum mönnum ber að fara eftir, og hvers vegna viljum við hlýða því?

17. Hvað er fólgið í því að tilbiðja Jehóva og hvers vegna verðum við að tilbiðja hann í ráðvendni?

## Líktu eftir Jehóva

<sup>18</sup> Hverjum hluta þessarar bókar lýkur með kafla þar sem rætt er um hvernig við getum orðið „eftirbreytendur Guðs, svo sem elskuð börn hans“. (Efesusbréfið 5:1) Það er mikilvægt að hafa hugfast að við getum, þótt ófullkomin séum, líkt eftir Jehóva sem fer fullkomlega rétt með mátt sinn, réttlæti, visku og kærleika. Hvernig vitum við að við getum í raun og veru líkt eftir hinum alvalda? Eins og við munum felur nafn Jehóva það í sér að hann getur orðið hvaðeina sem hann vill til að hrinda áformum sínum í framkvæmd. Þessi hæfileiki hans vekur vissulega lotningu okkar, en er það okkur um megn að líkja eftir honum að þessu leyti? Nei.

<sup>19</sup> Við erum gerð í mynd Guðs. (1. Mósebók 1:26) Við mennirnir erum því ólíkir öllum öðrum sköpunarverum jarðar. Við látum ekki stjórnast aðeins af eðlishvöt, erfðum eða umhverfisáhrifum. Jehóva hefur gefið okkur frjálstan vilja sem er dýrmæt gjöf. Þrátt fyrir að við séum ófullkomin og höfum okkar takmörk er okkur frjálst að *velja* hvað við viljum verða. Langar þig til að vera kærleiksrík, vitur og réttlát manneskja sem kann að fara rétt með vald sitt? Svo er anda Guðs fyrir að þakka að þú getur það. Og hugsaðu þér allt hið góða sem þú getur komið til leiðar með því.

<sup>20</sup> Þú þóknast himneskum föður þínum og gleður hjarta hans. (Orðskviðirnir 27:11) Þú getur verið honum þóknanlegur vegna þess að hann skilur takmörk þín. (Kólossubrésið 1:9, 10) Og þegar þú heldur áfram að líkja eftir góðum eiginleikum föður þíns á himnum hlotnast þér einstakt tækifæri. Þú verður ljósberi í myrkum heimi sem er fjarlægur Guði. (Matteus 5:1, 2, 14) Þú stuðlar að því

---

18, 19. Af hverju er það raunhæft að ófullkomnir menn geti líkt eftir Jehóva Guði?

20. Hverju áorkum við með því að líkja eftir Jehóva?

að endurkasta ljómanum af dýrlegum persónuleika Jehóva um alla jörðina. Hvílíkur heiður!

### **„Nálægðu þig Guði og þá mun hann nálgast þig“**

<sup>21</sup> Hin látlausa hvatning í Jakobsbréfinu 4:8 er ekki aðeins markmið. Hún er óendanlegt ferðalag, svo framarlega sem við erum trúföst. Við hættum aldrei að nálægja okkur Jehóva því að við eigum alltaf eitthvað ólært um hann. Við skulum ekki ímynda okkur að þessi bók hafi kennt okkur allt sem hægt er að vita um Jehóva. Við erum ekki nema rétt byrjuð að rannsaka það sem Biblían segir um hann! Og Biblían segir okkur hvergi nærri *allt* sem hægt er að vita um Jehóva. Jóhannes postuli mat það svo að væri allt fært í letur sem Jesús gerði meðan hann þjónaði á jörðinni myndi „öll veröldin . . . ekki rúma þær bækur, sem þá yrðu

21, 22. Hvaða endalaust ferðalag er fram undan hjá öllum sem elska Jehóva?

***Haltu áfram að nálægja þig  
Jehóva um alla framtíð.***





### Til íhugunar

**Sálmur 25:2-22** Hvernig getum við nálægt okkur Jehóva og hverju megum við treysta?

**Hósea 6:3** Hvernig sýnir þetta vers að það kostar viðleitni að kynnast Jehóva en hefur líka blessun í för með sér?

**Matteus 16:21-27** Fordæmi hvers verðum við að fylgja til að líkja eftir Jehóva og hvaða hugarfar verðum við að sýna?

**Opinberunarbókin 21:3, 4** Hvað langar þig til að gera í ljósi þeirrar framtíðar sem Jehóva lofar mannkyni?

ritaðar“. (Jóhannes 21:25) Fyrst hægt var að segja þetta um soninn, hvað þá um föðurinn!

<sup>22</sup> Eilífa lífið nægir ekki einu sinni til að vita allt sem hægt er að vita um Jehóva. (Prédikarinn 3:11) Hugsaðu þér hvað við eigum í vændum. Eftir að hafa lifað í hundruð, þúsundir, milljónir og jafnvel milljarða ára verðum við búin að læra margfalt meira um Jehóva Guð en við vitum núna. Samt verður ótalmargt sem við eigum ólært. Og okkur mun langa til að læra meira því að okkur verður alltaf inn-anbrjósts eins og sálmaskáldinu sem söng: „Mín gæði eru það að vera nálægt Guði.“ (Sálmur 73:28) Eilíft líf verður innihaldsríkara og fjölbreyttara en okkur órar fyrir, og ekkert verður eins gefandi og að nálægja sig Jehóva.

<sup>23</sup> Sýndu að þú kunnir að meta kærleika Jehóva núna með því að elska hann af öllu hjarta, sálu, huga og mætti. (Markús 12:29, 30) Vertu stöðugur og tryggur í kærleikanum. Láttu daglegar ákvarðanir þínar, jafnt smáar sem stórar, endurspeгла sömu meginregluna — að þú veljir alltaf þá leið sem stuðlar að sterkara sambandi við föður þinn á himnum. Umfram allt skaltu nálægja þig Jehóva jafnt og þétt, og megi hann nálgest þig — um alla eilífð!

23. Hvað ert þú hvattur til að gera?

## Óskarðu nánari upplýsinga?

Hafðu þá samband við Votta Jehóva á vefsíðunni **[www.jw.org](http://www.jw.org)**.